

# Skýrsla stjórnar BSRB

Frá 44. þingi BSRB 28.-30. október 2015 til  
45. þings bandalagsins 17.-19. október 2018



Ábyrgðarmaður Elín Björg Jónsdóttir

Ritstjóri Brjánn Jónasson

Skrifstofa BSRB er á 2. hæð á Grettisgötu 89, 105 Reykjavík

Sími 525 8300

Netfang [bsrb@bsrb.is](mailto:bsrb@bsrb.is)

Vefsíða [bsrb.is](http://bsrb.is)

ISSN númer 1670-4137

## Efnisyfirlit

|  |    |
|--|----|
| 44. þing BSRB.....                                 | 6  |
| Setningarræða formanns .....                       | 6  |
| Ávarp fjármálaráðherra .....                       | 10 |
| Ávarp formanns Bandalags háskólamanna.....         | 12 |
| Störf þingsins.....                                | 14 |
| Nefndir 44. þings.....                             | 14 |
| Málstofur 44. þings BSRB.....                      | 15 |
| Áframhald þingfundar.....                          | 16 |
| Kosningar í embætti.....                           | 17 |
| Lokaræða formanns.....                             | 17 |
| Stefna BSRB .....                                  | 19 |
| Almannatryggingar.....                             | 19 |
| Almannaþjónusta .....                              | 19 |
| Atvinnumál.....                                    | 20 |
| Efnahags- og skattamál .....                       | 21 |
| Heilbrigðismál .....                               | 21 |
| Húsnæðismál.....                                   | 22 |
| Jafnréttismál .....                                | 22 |
| Kjaramál .....                                     | 24 |
| Lífeyrismál .....                                  | 24 |
| Menntamál.....                                     | 25 |
| Starfsumhverfi starfsfólks í almannaðjónustu ..... | 25 |
| Umhverfismál.....                                  | 26 |
| Velferðarmál .....                                 | 26 |
| Ályktanir 44. þings BSRB .....                     | 27 |
| Lög BSRB eftir 44. þing.....                       | 31 |
| I. kafli – Nafn og hlutverk .....                  | 31 |
| II. kafli – Aðild að bandalaginu .....             | 31 |
| III. kafli – Réttindi og skyldur .....             | 33 |
| IV. kafli – Þing BSRB .....                        | 34 |
| V. kafli – Stjórnsýsla BSRB.....                   | 35 |
| VI. kafli – Fjármál.....                           | 37 |
| VII. kafli – Önnur ákvæði.....                     | 38 |
| Þingsköp BSRB.....                                 | 40 |
| I. Þingsetning o.fl. ....                          | 40 |
| II. Verksvið forseta og umræður.....               | 40 |
| III. Tillögur og atkvæðagreiðsla .....             | 41 |
| IV. Kosningar .....                                | 42 |

|  |     |
|--|-----|
| V. Breyting þingskapa.....   | 43  |
| Starfsemi BSRB .....   | 44  |
| Formannaráð BSRB.....  | 44  |
| Stjórn BSRB .....  | 47  |
| Skrifstofa BSRB .....  | 48  |
| Aðalfundir BSRB.....   | 49  |
| Framkvæmdaáætlun BSRB .....  | 52  |
| Starfsnefndir BSRB .....   | 53  |
| Nefnd um fjölskylduvænna samfélag og jafnréttismál.....                      | 53  |
| Nefnd um mennta- og fræðslumál.....  | 53  |
| Nefnd um velferðarmál.....   | 53  |
| Nefnd um vinnumarkað, kjaramál og lífeyrismál.....                           | 54  |
| Réttindanefnd .....  | 54  |
| Ályktanir BSRB 2015 til 2018.....  | 55  |
| Ályktanir aðalfunda .....  | 55  |
| Ályktanir formannaráðs .....   | 57  |
| Ályktanir stjórnar .....   | 60  |
| Umsagnir BSRB 2015 til 2018 .....  | 61  |
| Umsagnir 2016 .....  | 61  |
| Umsagnir 2017 .....  | 77  |
| Umsagnir 2018 .....  | 84  |
| Verkefni BSRB .....  | 89  |
| Átaksverkefni .....  | 89  |
| Félagslegur stöðugleiki .....  | 91  |
| Fræðslu- og menntamál.....   | 92  |
| Húsnæðismál.....   | 96  |
| Jafnréttismál og fjölskylduvænna samfélag.....                               | 97  |
| Kjaramál .....   | 100 |
| Kynningarmál.....  | 101 |
| Lífeyrismál .....  | 103 |
| Réttindamál .....  | 105 |
| Salek-samkomulagið.....  | 106 |
| Stytting vinnuvikunnar.....  | 107 |
| Velferðarmál .....   | 109 |
| Viðburðir, opnir fundir og málþing.....                                      | 111 |
| Baráttudagur verkalýðsins 1. maí.....  | 111 |
| Morgunverðarfundur um TiSA-viðræðurnar.....                                  | 121 |
| Málþing um kynbundna og kynferðislega áreitni og ofbeldi á vinnustöðum ..... | 122 |
| Málþing um einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu.....                            | 122 |

|  |     |
|--|-----|
| Málþing um tilraunaverkefni um styttingu vinnuvikunnar ..... | 123 |
| Fundur með þjóðfundarsniði vegna Salek .....                 | 124 |
| Kvennafrí 2016 .....   | 125 |
| Morgunverðarfundur um alþjóðasamninga .....                  | 127 |
| Hádegisverðarfundur á alþjóðlegum baráttudegi kvenna .....   | 127 |
| Kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna .....                         | 128 |
| Starfsdagar réttindanefndar .....                            | 129 |
| Hádegisfundur um heilbrigðismál .....                        | 129 |
| Morgunverðarfundur um Bjarg íbúðafélag .....                 | 130 |
| Hádegisfundur um einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu .....     | 131 |
| Ráðstefna um hlutverk karla í jafnréttisbaráttu .....        | 131 |
| Verkalýðshreyfingin og #metoo .....                          | 132 |
| Menntadagur BSRB .....                                       | 132 |
| Vinnuhópar og nefndir á vegum stjórnvalda .....              | 133 |
| Aðgerðahópur um launajafnrétti .....                         | 133 |
| Endurskoðun almannatrygginga .....                           | 133 |
| Endurskoðun fæðingarorlofs .....                             | 134 |
| Jöfnun launa milli markaða .....                             | 134 |
| Launapróunartryggingin .....                                 | 135 |
| Nýtt vinnumarkaðslíkan .....                                 | 135 |
| Ráðgjafarnefnd Landspítalans .....                           | 135 |
| Samráðshópur um aukna hagsæld .....                          | 136 |
| Samráðshópur um endurskoðun búvörusamninga .....             | 136 |
| Samtalið við stjórnvöld og Þjóðhagsráð .....                 | 136 |
| Stytting vinnuvikunnar .....                                 | 137 |
| Viðræður um jöfnun lífeyrisréttinda .....                    | 137 |
| Kynjabókhald BSRB .....                                      | 138 |
| Samstarf heildarsamtaka á vinnumarkaði .....                 | 140 |
| Erlent samstarf .....  | 140 |
| Fulltrúar BSRB í nefndum og ráðum .....                      | 141 |
| Innlendar nefndir og ráð .....                               | 141 |
| Fulltrúar BSRB í erlendu samstarfi .....                     | 147 |
| Félagatal BSRB í janúar 2018 .....                           | 148 |

**Í skýrslu stjórnar er farið yfir verkefni og starfsemi bandalagsins, kynjabókhald BSRB, nefndarstarf á vegum BSRB og sem bandalagið tekur þátt í. Skýrslur stjórnar eru lagðar fram á þingum bandalagsins sem og aðalfundum. Í þessari skýrslu er því að finna samantekt helstu verkefna frá 44. þingi BSRB 28.-30. október 2015 til 45. þings bandalagsins 17.-19. október 2018.**

## 44. þing BSRB

BSRB stóð fyrir 44. þingi bandalagsins dagana 28. til 30. október 2015 á Hilton Hótel Nordica í Reykjavík. Fulltrúar á þinginu koma frá aðildarfélögum bandalagsins í hlutfalli við fjölda félagsmanna í hverju félagi. Alls voru 239 fulltrúar á þinginu sem að þessu sinni fór fram undir yfirskriftinni „Öflug almannaþjónusta – betra samfélag“.

Þingið hófst á setningarræðu Elínar Bjargar Jónsdóttur, formanns BSRB. Þar fjallaði hún meðal annars um mikilvægi almannaþjónustunnar, hörð átök um kjarasamninga aðildarfélaga BSRB og breytingar á kjarasamningumhverfinu að norrænni fyrirmynd.

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra ávarpaði þingið einnig við setningu þess þar sem hann afhenti jafnframt formanni BSRB viljayfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um tilraunaverkefni um styttingu vinnutíma.

Að loknu ávarpi fjármálaráðherra ávarpaði Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður Bandalags háskólamanna, þingið áður en hefðbundin þingstörf hófust.

### Setningarræða formanns

Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, setti 44. þing bandalagsins. Ávarp hennar fer hér á eftir.

„Kæru félagar.

Yfirskrift þingsins okkar að þessu sinni er „Öflug almannaþjónusta – betra samfélag“ og það eru orð að sönnu. Undirstaða okkar samfélags, er að hér eiga allir að hafa jafnan rétt – óháð kyni, aldri, búsetu, uppruna, trúar eða efnahag. Sameiginlegan rétt til menntunar, umönnunar og heilbrigðisþjónustu án þess að greiða sérstaklega fyrir það.

Og það er þetta sem almannaþjónustan veitir.

Almannaþjónustan er undirstaða jafnaðar, félagslegs réttlætis og velferðar okkar allra. Hvar svo sem við stöndum og hvernig svo sem við erum gerð, eigum við að geta treyst á, að ef eitthvað bjátar á, þá verði okkur hjálpað eftir fremsta megni til að komast aftur á réttan kjöl.

Við setjum traust okkar á félagslega samheldni, þar sem hagur heildarinnar og velferð fjöldans er í fyrirrúmi. Samfélag sem hefur þá hugsun að leiðarljósi er samfélag sem gott er að lifa í. Samfélag þar sem skattkerfið er nýtt til lífsskjarajöfnunar og skattar standa undir samneyslunni. Samfélag sem hafnar þeirri hugmynd að hver sé sjálfum sér næstur - en byggir þess í stað á hugmyndum um samhjálp og félagshyggju. Slíkt samfélag fær ekki þrifist án öflugrar almannaþjónustu.

Öflug almannaþjónusta byggir betra samfélag. Þegar við horfum til framtíðar hljótum við að vera sammála um að við viljum gera þessum gildum okkar hærra undir höfði en nú er. Og þó hér sé margt vel gert, hljótum við að vilja sjá öflugri heilbrigðisþjónustu, sterkara menntakerfi, betri almannatryggingar, aukinn kaupmátt og betri lífsskilyrði. Við viljum skila komandi kynslóðum betra búi en við tókum við.



Mynd 1 - Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, setti 44. þing bandalagsins.

Við viljum lifa í vissu um, að við og okkar nánustu - búi í samfélagi sem grípur þá sem hrasa og hjálpa þeim aftur á fætur – það eru hin sönnu verðmæti. En til að svo megi verða þurfum við að gera betur í dag en í gær. Þess vegna verðum við að efla almannþjónustuna, því þannig eflum við samfélagið og lífsskilyrði okkar allra. Þannig aukum við hin sönnu verðmæti.

Því miður bendir margt til þess að við séum á leið af þessari braut. Allt of margir eiga erfitt með að láta enda ná saman. Ungt fólk og barnafjölskyldur eiga litla möguleika á að koma sér upp heimili. Sjúklingar greiða allt of mikið í lyfjakostnað og heilbrigðisþjónustu. Lífeyrisþegar hafa allt of lítið á milli handanna.

Á tímum uppgangs og endurreisnar er öfugsnúið að fátækt sé útbreidd á Íslandi og bilið sé aftur að aukast á milli þeirra efnamestu og þeirra sem minnst hafa. Allt of mikið af ungu fólki hefur kosið að freista gæfunnar í öðrum löndum og enn fleiri hugsa sér til hreyfings. Í fyrstu var atvinnuleysi kennt um, en jafnvel þótt atvinnuástandið sé nú með besta móti hefur þessi þróun haldið áfram.

Við verðum að horfast í augu við, að þótt fólki sé tryggð atvinna, hagtölur sýni aukin kaupmátt og hagvöxt, kýs fjöldi fólks samt sem áður að kveðja föðurlandið. Margt ungt fólk sér fyrir sér mun bjartari framtíð í löndunum hér í kring – þar sem húnsæði er viðráðanlegt, vaxtakjör sanngjarnari, leiguverð lægra, matvöruverð sömuleiðis, kaupmátturinn meiri, vinnutíminn styttri og áherslur atvinnurekenda og stjórnvalda eru mun fjölskylduvænni.

Ef ekkert breytist í áherslum stjórnvalda á Íslandi er alls óvíst hvort þetta fólk muni nokkru sinni snúa aftur. En þetta þarf ekki að vera svona. Kunnuglegar raddir verða háværar. Raddir sem boða einfalt regluverk, einkaframtak og lága skatta sem lausn allra okkar vandamála, á meðan allt sem rekið er á samfélagslegum grunni af hinu opinbera, er sagt óþarfa eyðsla almannaþjárf. En þegar við lítum í kringum okkur, sjáum við einmitt hið gagnstæða.

Efnuðustu og samkeppnishæfustu þjóðir heims, eru vinir okkar – Norðurlandþjóðirnar. Þar er jöfnuðurinn hvað mestur og samhjálpin innbyggð í þjóðarvitundina. Þessar sömu þjóðir eru þær sem verja mest af fjármunum í opinbera þjónustu, velferð og samfélagsleg verkefni. Hagtölur þessara landa sýna svart á hvítu að þótt útgjöld til velferðarmála séu þar há skila þeir fjármunir sér margfalt til baka.

Velferð nágranna okkar byggir á traustum opinberum fjármálum, og virðingu samfélagsins alls, fyrir mikilvægi opinberra starfa. Þar ríkir víðtæk sátt – þvert á stjórnmalaflokka, samtök launafólks og atvinnulífs – að útgjöld til almannþjónustu séu ekki óþarfa eyðsla fjármuna, heldur skynsöm fjárfesting til framtíðar.

Og sagan sýnir okkur að svo er. Hagtölur Norðurlandanna tala sínu máli. Þau búa ekki við viðvarandi fjárlagahalla eða óhóflega skuldasöfnun – heldur skipa þau sér í efstu sætin í öllum mælingum lífsgæða.

Við þurfum að komast enn nær þeim lífsgæðum – Og við getum vel komist þangað. Við erum vel menntuð þjóð og landið ríkt af auðlindum. Orkan og iðnaðurinn – ferðamennirnir og fiskurinn. Allt eru þetta tekjulindir sem ættu að nýtast þjóðarbúinu betur og skila meiru til samfélagsins.

Það þarf ekkert nema viljann, samstöðuna og samhuginn og þá getum við komist nær auknum jöfnuði og aukið lífsgæði okkar allra. En til þess þarf breyttar áherslur hjá réttum aðilum. Arður auðlindanna á að nýtast þjóðinni allri, til að styrkja innviðina. Þannig tekst okkur að byggja réttlátari, jafnari og farsælli framtíð – okkur öllum til hagsbóta.

Við erum nýkomin úr hörðum kjaradeilum við viðsejendur okkar þar sem reynt hefur á samstöðu okkar og samhug. Ég vil hrósa þeim sem leitt hafa samninganefndir okkar féлага, starfsfólki og öðrum sem lagt hafa hönd á plóg fyrir staðfestuna sem sýnd hefur verið í þessum kjaraviðræðum.

Jafnframt ber að hrósa yfirveguninni, sem að mestu hefur einkennt málflutning okkar fólks, enda hafa kröfurnar verið mjög skýrar og líka mjög sanngjarnar; sömu kjarabætur og aðrir ríkisstarfsmenn hafa þegar fengið.

Þótt ýmsir hafi haft uppi gífurðir, sakað okkur um svik og heimtufrekju, á milli þess sem kröfur okkar voru sagðar ógna stöðugleika, hleypa vöxtum og verðbólgu í hæstu hæðir, hefur krafa okkar aldrei verið önnur en að fá það sama og hinir.

Þeir sem hæst hrópuðu völdu líka að gleyma því að í upphafi síðasta árs gekkst BSRB undir samkomulag sem færði okkur 2,8% launahækkun og var liður í því að ná fram auknum kaupmætti launa, halda niðri verðbólgu og vöxtum og til þess að hér mætti nást meiri stöðugleiki. Mikill meirihluti íslenska vinnumarkaðarins tók þátt í þessu með Samtökum atvinnulífsins, ríki og sveitarfélögum enda áttu allir að færa fórnir og ávinningurinn átti jafnframt að vera allra.

En aðgerðir sumra aðila samkomulagsins, þegar gengið hafði verið frá samningum, sýndu í verki þann hugsunargang sem víða viðgengst – að launafólkið eitt eigi að axla ábyrgð á verðbólgu og stöðugleika á Íslandi.

Þetta sást best á gríðarlegu launaskriði stjórnenda fyrirtækja þetta sama ár, milljarða hagnaði banka og fyrirtækja og arðgreiðslur í samræmi við það. Aðeins nokkrum mánuðum áður, hafði harmakvein úr röðum atvinnurekenda hljómað hátt og það síendurtekið, að allt færi á hliðina ef kjarabætur færu upp fyrir 3%.

Undir þá skoðun tóku stjórnvöld sem á sama tíma vörðu 80 milljörðum – 80 þúsund milljónum – í skuldaleiðréttingu sem hafnaði að stórum hluta hjá fólki sem þurfti ekki á henni að halda. Leigjendur og aðrir sem hafa lægstu tekjurnar sátu eftir „óleiðréttir“. Skattur var lækkaður á stóriðjuna, veiðigjöld höfðu verið lækkuð og auðlegðarskatturinn afnuminn á sama tíma og skattar á matvæli voru hækkaðir.

Greiðslupátttaka í velferðarkerfinu jókst og ástandið í heilbrigðismálum hefur sjaldan verið alvarlegra. Húsnæðisverð hefur haldið áfram að hækka, leiguverð sömuleiðis og lítið sem ekkert gerist til að bæta úr brýnni þörf fyrir aðgerðir í húsnæðismálum. Og svo var samið við tilteknar stéttir um tugprósenta hækkanir launa. Það er ekki nema von að fólk upplifi sig svikið.

Það er ekki hægt að leggja allar byrðarnar á almennt launafólk og ætlast til að það eitt beri ábyrgð á verðbólgunni. Að svo viðamiklu verkefni verða allir að koma. Launafólkið veitti á síðasta ári stjórnvöldum og atvinnurekendum kjörið tækifæri til að byggja upp trú og traust á að hér væri hægt að vinna eftir nýrri aðferðafræði við gerð kjarasamninga, þar sem allir aðilar stefndu að sama markmiðinu, þar sem allir leggðu hönd á plóg, sem á endanum myndu koma öllum málsaðilum til góða í formi, aukins kaupmáttar og aukins stöðugleika.

Því miður var það tækifæri ekki gripið og þess vegna höfum við upplifað eitthvað stormasamasta ár síðari tíma á íslenskum vinnumarkaði. Vandræðaganginn við að ná saman um kjarasamninga síðasta vor þekkja allir. Verkföllum á almenna markaðnum lauk með undirritun samninga – þar sem hið sjálfsagða markmið, um 300 þúsund króna lágmarks laun, að þremur árum liðnum náði loks fram að ganga.

Verkföllum BHM og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga lauk með lagasetningu og þar voru kjarabæturnar ákvarðaðar af gerðardómi. Kröfur hópanna voru ólíkar og rökstuddar á ólíkan hátt – en báðar voru að lokum viðurkenndar sem réttmætar kröfur, annars vegar með samningum og hins vegar með úrskurði.

En þegar röðin var komin að BSRB að setjast að samningaborðinu til þess eins að sækja sömu kjarabætur og aðrir starfsmenn ríkisins höfðu þá þegar fengið, þá kom það ekki til greina af hálfu ríkis né sveitarfélaga. Því var nauðsynlegt að fara í hart og þess vegna hafa félagsmenn okkar staðið í verkfallsaðgerðum síðustu vikur, verkföllum sem auðveldlega hefði mátt afstýra.

Samningsviljinn var hins vegar ekki mikill hjá viðsejendum okkar þótt þeim hefði mátt vera löngu ljóst að BSRB félagar myndu aldrei sætta sig við lakari kjarabætur en aðrir ríkisstarfsmenn höfðu þegar fengið.

Síðustu tvö ár hefur verið unnið að því markvisst að bæta umgjörð við gerð kjarasamninga. Það var að frumkvæði BSRB sem sú vinna fór af stað. Markmið BSRB í tillögum bandalagsins, að bættri umgjörð kjarasamninga var fyrst og síðast að tryggja að nýr samningur tæki við þegar



sá eldri væri úr gildi og að koma á launapróunartryggingu á milli almenna og opinbera markaðarins.

Á þessu ári hafa BSRB félagar verið án samnings í meira en hálf tveimur árum og vona ég sannarlega að þetta hafi verið í síðasta skipti sem slíkt hendir. Loks sjáum við til lands í kjaramálum okkar og samhliða því höfum við undirritað samkomulag um, að vinna að því, að koma á, nýjum og bættum vinnubrögðum við gerð kjarasamninga á Íslandi. Um er að ræða rammisamkomulag um sameiginleg vegferð við gerð kjarasamninga.

Í því felst að aðildarfélag BSRB semji um sambærilegar launahækkningar og byggt var á í niðurstöðu gerðardóms í sumar og að það náist samkomulag um jöfnun lífeyrisréttinda. Heildarsamtök opinberra starfsmanna BSRB, BHM og KÍ munu ásamt fjármálaráðuneyti kappkosta að klára vinnu vegna málefna opinberu lífeyrissjóðanna, vinnu sem staðið hefur yfir í fjölda ára.

Hið nýja samkomulag mun jafnframt þýða að þegar þessari vinnu er lokið mun svokölluð „launaskriðstrygging“ komast í gagnið sem mun tryggja opinberum starfsmönnum launahækkningar til jafns við það launaskrið sem gjarnan vill verða á almenna markaðnum umfram kjarasamningsbundnar hækkningar.

Það er mikið réttlætismál - að launaskriðstryggingin skuli nú vera í sjónmáli, enda hefur slíkt launaskriðsákvæði verið baráttumál bandalagsins til fjölda ára. Við sjáum því fram á að vera að taka fyrstu skrefin inn í nýtt framtíðarskipulag kjarasamningsviðræðna á Íslandi, sem ég tel að muni að lokum gagnast öllum aðilum á vinnumarkaði.

Rétt er þó að taka fram, að allt er þetta háð því að farsæl lausn náist um málefni opinberu lífeyrissjóðanna og sátt náist um framtíðarskipan lífeyrismála á milli heildarsamtaka opinberra starfsmanna og viðsemjenda þeirra.

Undanfarin þrjú ár hefur stjórn BSRB, framkvæmdastjórn og starfsfólk skrifstofu bandalagsins unnið ötullega að því að hrinda stefnumálum BSRB sem samþykkt voru á síðasta þingi í framkvæmd. Og aftur erum við saman komin til að móta áherslur okkar til næstu þriggja ára.

Að við skulum koma hér saman til þings í þrjú daga til þess að eiga samtál okkar á milli er okkur afar mikilvægt. Að skiptast á skoðunum, hlusta og læra af hvert öðru, getur aðeins orðið til þess að skerpa hugsanir okkar og hugsjónir.

Þau ykkar sem eru að koma til þings í fyrsta skipti bið ég sérstaklega velkomin og vona að þessi reynsla muni vera ykkur ánægjuleg og til þess að hvetja ykkur enn frekar til að taka þátt í starfi BSRB og aðildarféлага þess.

Ég vona líka að þið sem reyndari eruð taki nýliðunum sérstaklega vel og hlustið á það sem þeir hafa að segja, því þótt reynslan vegi þungt geta nýjar raddir gefið okkur nýja sýn. Á þessu þingi vonast ég til, að sem flestar raddir fái að heyrast. Við skipuleggjum þingið með þetta í huga og því hefur málstofum þingsins verið gefið aukið vægi. Það er von okkar, að það muni virkja sem flesta til þátttöku og þannig getum við öll haft áhrif.

Það er margt sem þarf að ræða. Um margt erum við eflaust sammála en um annað ekki. Munum að það er heilbriggt að takast á um málin og heyra ólíkar skoðanir. En höfum jafnframt hugfast að gera það af yfirvegun og virðingu hvert fyrir öðru. Þótt við komum frá ólíkum stöðum þá erum við að vinna að sameiginlegu markmiði – markmiðinu um bætt lífsgæði launafólks. Við megum aldrei missa sjónar af því markmiði.

Samstaða er það mikilvægasta sem við eigum. Með samtakamættinum höfum við í árána rás breytt mörgu til hins betra og saman höfum við reist samfélag sem við getum, þrátt fyrir allt verið nokkuð stolt af. Og saman verðum við að standa vörð um það sem mestu skiptir og gerir okkar samfélag eftirsóknarvert.

Við verðum að auka jöfnuðinn, réttlætið og jafnréttið – sýna samhjálp og auka félagslegt réttlæti. Við verðum að hafa trú á mátt okkar til að gera gott samfélag enn betra. Og þegar ég

lít upp og horfi yfir hópinn sem hér er saman komin get ég ekki verið annað en bjartsýn á að okkur takist það.

Kæru félagar. Ég segi 44. þing BSRB sett.“

## Ávarp fjármálaráðherra

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra ávarpaði 44. þing BSRB að loknu setningarávarpi formanns bandalagsins. Ávarp hans er hér á eftir.

„Það er heiður að fá að vera með ykkur hér í dag. Ég fagna tækifæri til þess og vonast til að þingið takist sem allra best hjá ykkur á næstu dögum. Mig langar líka til að óska ykkur til hamingju með nýgerða kjarasamninga. Þeir skipta miklu máli, ekki bara fyrir félagsmenn í BSRB og aðildarfélögin, þó sum þeirra eigi enn eftir að ljúka samningum, heldur fyrir frið og stöðugleika á vinnumarkaði.

Ég var fyrir nokkrum dögum síðan á ráðstefnu hjá OECD og sat þar í pallborði að ræða um þróun lífskjara í heiminum. OECD gefur út skýrslu sem ber titilinn How's Life? eða Hvernig hefur þú það? þar sem teknir eru ýmsir mælikvarðar á lífsgæði sem rúmast kannski ekki innan þessara hefðbundnu hagvísu um landsframleiðslu á mann og sambærilegum þáttum, og bera þá saman milli landa.

Það er engum blöðum um það að fletta að við Íslendingar skipum okkur í hóp með þeim löndum, tíu eða fimmtán, þar sem lífskjörin á þennan mælikvarða eru best. Hvernig hefur þú það út frá því hvernig þér líður? Hefur þú áhyggjur af framtíðinni? Hvernig gengur að ná endum saman? Hefur þú áhyggjur af öryggi þínu? Hvernig er að sækja heilbrigðisþjónustu? Aðgengi að menntun? Heilbrigði barna? Ýmsir slíkir mælikvarðar sem menn eru smám saman á síðustu áratugum að verða sammála um að skipta, þegar öllu er á botninn hvolft, kannski meiru heldur en landsframleiðsla á mann. Eða segja að minnsta kosti meiri sögu um hvernig fólki líður í viðkomandi landi eða á viðkomandi svæði.

Menn eru að verða sammála um að þeir skipta í sívaxandi mæli meiru. Það er eins og ég segi, það þarf ekki að velta því mikið fyrir sér að við Íslendingar erum í hópi þeirra ríkja, ásamt Norðurlöndunum og ýmsum Evrópuríkjum reyndar, þar sem þetta gengur einna best. Það breytir því ekki að við getum haldið áfram að gera betur. Það er okkar sameiginlega verkefni að byggja á þeim grunni sem við höfum, mótuðum á undanförunum áratugum, og sækja áfram fram. Læra af því sem vel er gert annarsstaðar, eins og vel var komið inn á hér í upphafserindinu hjá Elínu Björgu. Við þurfum að byggja á þeim grunni inn í framtíðina.

Það hafa orðið gríðarmikil umskipti á Íslandi á undanförunum árum. Ykkar félagsmenn og starfsmenn á almennum vinnumarkaði hafa þurft að ganga í gegnum gríðarlega erfið ár eftir hrun fjármálafyrirtækjanna á árunum 2008 og 2009. Ríkissjóður hefur einnig þurft að glíma við mikla erfiðleika. En við erum að rétta úr kútnum. Kannski er það ástæðan fyrir þeim nokkuð harkalegu átökum sem hafa verið á vinnumarkaði undanfarin tvö ár.

Ég verð að segja fyrir mitt leyti að það sem ég hef kannski helst saknað á þessu tímabili, af því Elín Björg kom inn á samningana sem voru gerðir í fyrra og hvernig menn gengu fram með ólíkum hætti hver fyrir sig inn í þá samningalotu, þá hef ég saknað þess helst að það væri betri samhljómur þegar komið var að samningaborðinu.



Mynd 2 - Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra ávarpaði 44. þing BSRB.

Ég tel að við hljótum öll að hafa séð það svona smám saman að það gekk ekki vel að fara í gegnum heila lotu þar sem sumir lögðu áherslu á að svigrúmið sem er að myndast eftir að við sækjum svona frekar í okkur veðrið verði allt notað til að hækka laun þeirra sem minnst hafa milli handanna, á meðan aðrir segja nei, það sem við þurfum að gera núna er að sjálfsgöðu að fara að meta menntun til launa. Enn aðrir hópar segja svo að það sem þurfi að gera sé að okkar færasta og besta heilbrigðisstarfsfólk flytjist ekki til Norðurlandanna. En það eru einmitt þeir sem eru kannski að fá hæstu launin, og telja sig svo sem eiga rétt á þeim eins og annarsstaðar.

Ef við ætlum að fara í gegnum heila kjarasamningslotu þar sem við ætlum að ná sátt við alla þessa hópa, þá sem eru neðst, þá sem eru í miðjunni og þá sem eru efst, og allir hóparnir ætla að koma að segja að það sé komið að því núna að fá uppsafnaða leiðréttingarþörf sléttaða út, þá fer ég að hafa áhyggjur af því að við séum heilt yfir að taka út launahækkanir langt umfram það sem framleiðnin í landinu er að vaxa.

Við þurfum svo sem ekki að lesa lengi um sögu kjaramála á Íslandi til að átta okkur á því að við höfum oft verið sammála um það að það hefur gest í sögunni. Og það hefur leitt til verðbólgu og það hefur leitt til hærra vaxtastigs en við viljum búa við. Það er af þeirri ástæðu sem við, í þessari samningalotu sem nú hefur staðið yfir, höfum lagt áherslu á það að hlusta eftir kröfum um bætt kjör, en á sama tíma höfum við viljað taka samtalið um það að við þyrftum að gera betur en svo að allir fengju sínar ítrustu kröfur og við tækjum enn eina byltuna.

Þess vegna vil ég fagna því alveg sérstaklega að í gær skuli hafa tekist samkomulag, sem ég sé hér í lítilli fréttatilkynningu fyrir framan mig að hefur yfirskriftina „betri vinnubrögð, aukinn ávinningur“. Ég vil taka það fram að ég tel að hún Elín Björg Jónsdóttir hafi átt drjúgan þátt í að koma þessu saman og ég vil þakka fyrir það. Vegna þess að þetta hér, þetta samkomulag sem var gert í gær, er að mínu mati ekki síður mikilvægt en kjarasamningarnir sem kláruðust snemma í morgun, eða seint í nótt. Þeir horfa til þriggja ára, eða rúmlega það reyndar, en hitt horfir til langrar framtíðar og er innlegg inn í umræðuna um það hvað við getum gert saman til að tryggja traust á vinnumarkaði, færa stéttarfélagum og atvinnurekendum, vinnuveitendum eins og hinu opinbera, sveitarfélögum og ríkinu, betra umhverfi til að semja um raunverulegar kjarabætur á sama tíma og stöðugleiki er tryggður.

Þetta tel ég fyrir mitt leyti að sé tímamótasamkomulag sem ég bind miklar vonir við að geti náð þessum fjölþættu markmiðum til langs tíma. Auðvitað á eftir að slípa það til nánar á næstu árum áður en við erum að fullu komin inn í það nýja fyrirkomulag, en það skiptir gríðarlega miklu máli. Þannig verð ég að hluta til að lýsa mig ósammála þeirri lýsingu sem kom fram hér áðan að við höfum ekki haft samningsvilja þegar við komum að borðinu. Auðvitað höfðum við samningsvilja, en við settum ákveðin skilyrði.

Við vildum ná meiri árangri en bara að ná kjarasamningi til nokkurra ára. Við vildum ná samkomulagi við heildarsamtökin um að við ætlum að stíga enn frekari skref. Ég hef hvergi verið feiminn við að viðurkenna það að gerðardómsniðurstaðan í sumar hún fól í sér ívið meiri hækkanir en ég hafði gert ráð fyrir fyrirfram. Þannig að það var ekkert auðvelt að sjá það fyrir sér hvernig við gætum, með þær hækkanir til grundvallar, gengið frá kjarasamningum við allan markaðinn til margra ára, án þess að vera á sama tíma að kalla yfir okkur aukna eftirspurn, þörf fyrir frekari hækkun vaxta. Ég vísa bara til þess að Seðlabankinn hefur á þessu ár í tvígang hækkað vexti. Ekki er það eitthvað sem mun gagnast sérstaklega heimilunum eða launamönnum þegar þeir þurfa að taka á sig aukinn kostnað vegna þessa. Það er þess vegna sérstakt fagnaðarefni, og ég færi á þessum fundi Elínu Björgu sérstakar þakkir fyrir hennar framlag fyrir það hvað hún lagði af mörkum til þess samkomulags.

Svo er ég hér með undirritaða yfirlýsingu þar sem ég hef sett nafn mitt og Eygló Harðardóttir sömuleiðis, sem er viljayfirlýsing um tilraunaverkefni um styttingu vinnutíma. Þar segir í innganginum: „Í tengslum við viðræður um gerð kjarasamninga ríkisins við aðildarfélag BSRB í október 2015 hafa verið ræddar mögulegar leiðir til að stuðla að styttingu vinnutíma án launaskerðingar. Í framhaldi af þessum viðræðum lýsir ríkisstjórn Íslands sig reiðubúna til að

beita sér fyrir því að koma á tilraunaverkefni þar sem vinutíminn verði stytur án launaskerðingar.“ Ég ætla nú að afhenda þér þetta, Elín Björg.

Við vonumst að sjálfsgöðu til þess að þetta skili niðurstöðu sem við getum unnið með og við náð þeim markmiðum sem að er stefnt. Við heyrum mjög skýrt og því var haldið vel á lofti í þessari lotu hversu miklu það skipti að láta á þessa hluti reyna. Það á við á ýmsum stofnunum og tekur einnig til vaktavinnukerfis. Það er krafa sem við förum ekki varhluta af að gera almannajónustuna að eftirsóknarverðum vinnustað til framtíðar. Að við náum að búa til fjölskylduvænna vinnuumhverfi á Íslandi, sem rifjar það reyndar upp að Pétur heitinn Blöndal vitnaði einu sinni til þess í ræðu á þinginu að forseti Alþingis hefði talað um það að við þyrftum að gera Alþingi að fjölskylduvænni vinnustað. En þá var hann staddur um miðja nótt í ræðupúlti og fannst þetta svo grátbroslegt að það braust fram hlátur í ræðupúltinu hjá Pétri, og svo bara kafnaði hann úr hlátri og þurfti að yfirgefa ræðupúltið. Komst ekki lengra í þeirri ræðunni því honum fannst svo ótrúlega kómískt að standa þarna um miðja nótt undir þessum markmiðum.

En við getum gert betur og á þessu þingi veit ég að munu fæðast góðar hugmyndir sem við munum taka eftir og hlusta eftir. Ég óska ykkur velfarnaðar í ykkar störfum á næstunni og um alla framtíð.“

## Ávarp formanns Bandalags háskólamanna

Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður Bandalags háskólamanna, ávarpaði þing BSRB að loknu ávarpi fjármálaráðherra. Ávarp hennar er hér á eftir.



Mynd 3 - Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM, ávarpaði þing BSRB.

„Ágætu þinggestir. Ég færi ykkur árnaðaróskir Bandalags háskólamanna í tilefni 44. þings BSRB. Ég vona að það verði ykkur bæði ánægjulegt og gagnlegt og að á því fæðist góðar hugmyndir, ekki bara fyrir BSRB heldur fyrir samfélags- umræðuna og umræðuna um stöðu vinnumarkaðar á Íslandi. Mig langar líka að færa ykkur innilegar þakkir fyrir hönd BHM fyrir félagslegan og fjárhagslegan stuðning í verkfallsaðgerðum okkar fyrr á þessu ári. Ég veit að aðildarfélag BHM meta hann mjög mikils og hann ber að þakka innilega.

Það eru erfiðir tímar. Það hefur verið þref á vinnumarkaði þetta árið eins og formaður BSRB, Elín Björg Jónsdóttir, og fjármálaráðherra, Bjarni Benediktsson, hafa komið inn á. Við erum dugleg að baka okkur heimatilbúin vandræði við Íslendingar, en við erum ekki alltaf jafn dugleg að horfast í augu við að það þarf að leysa þau í sameiningu og svona verkefni leysast ekki nema allir fái í stöðu jafnræðis að koma að borðinu með sínar hugmyndir, fordómalaust, leggja þær í púkk og við komumst að sameiginlegri niðurstöðu.

Við í BHM höfum verið í Salek-hópnum frá upphafi. Það er kannski þarft að minna á að Salek er samstarfsnefnd um launaupplýsingar og efnahagslegar forsendur kjarasamninga. Hann var stofnaður af frumkvæði ykkar í BSRB fyrir nokkrum árum og þar hefur verið unnið nokkuð starf, þó með hléum. Það fór aftur af stað í haust, eins og við vitum

öll og nú var hugmyndin að hefja brúarsmíð í þrjú ár og gefa okkur tíma til að smíða íslenska samningalíkanið. Við höfum verið í þeirri vinnu af heilum hug og fullri einurð og lagt okkar af mörkum til að koma þar að hugmyndum sem þarf að ræða betur að mati aðildarfélaga BHM.

Það er löngu tímabært og auðvitað ekkert annað en skynsamlegt, að bæta vinnubrögð á íslenskum vinnumarkaði. Vökurnar löngu eru ekkert endilega rosalega sniðugar. Við sem höfum starfað annarsstaðar í samfélaginu og þurft að vaka á næturnar við aðra smíð vitum að

það getur leitt okkur í ógöngur. Það er alltaf gott að taka ákvarðanir vel út sofinn. Við þurfum að fara úr þessum gamaldags karllægu vinnubrögðum og setja okkur markmið sem eru edlileg, fjölskylduvæn og eru líka fagleg. Á endanum snýst þetta um fagleg vinnubrögð, bæði stéttarfélag og vinnuveitenda, ekki síst ríkis og sveitarfélaga. Það er markmið Salek-hópsins.

Við tölum mikið um norræna líkanið, en eins og við vitum eru þau mörg og eru ekki öll eins þó þau byggja á sömu meginstoðunum. Við þurfum að útfæra íslenskt samingalíkan sem byggir á meginstoðum sem við erum öll sammála um, en tekur líka mið af sér íslenskum einkennum og ólíkri samsetningu hópa hér á landi. Það má kannski orða það þannig að leiðin að því sé eins og að ganga Leggjabrjót. En samt ekki. Vegna þess að Leggjabrjótur er gömul þjóðleið og við þekkjum hana, það er búið að troða hana. Hún hefur verið gengin svo lengi sem byggð hefur verið á Íslandi.

En við erum að fara ótroðnar slóðir. Við þurfum að troða nýja slóð og það er slóðin sem þarf að troða í gegnum þessa öld ef við ætlum að breyta og horfast í augu við að við búum núna í upplýsingar- og þekkingarsamfélagi sem er vissulega ríkt af auðlindum sem við viljum nýta með sjálfbætum hætti. Það verður ekki þannig eftir hundrað ár að aðal atvinnuvegirnir verði auðlindanýting. Það verður mannauðsauðlindanýting.

Svona samkomulag byggir á því að um það náist samstaða. Það verður að ríkja traust. Eitt af því sem grundvellingurinn var kippt undan í hruninu var traust á milli aðila í íslensku samfélagi. Við erum byrjuð að byggja það upp aftur en það er enn nokkur vegur eftir. Traust er aðeins byggt upp með því að fólk sanni sig með verkum sínum, að það standi við orð sín og maður viti að maður gangi að því sem vísu að það sé heiðarlegt í samskiptum og meini það sem það segi.

Þetta á við allt í kringum borðið. Ég verð að segja það eins og er að innan BHM ríkir tortryggni og vantraust í garð stjórnvalda. Það hefur verið okkur erfitt að standa í deilunum sem við höfum staðið í fyrr á þessu ári og staðan er einfaldlega sú að það þarf meiri tíma til þess að byggja upp traust. Ég er viss um að það tekst og ég er viss um að okkur mun takast að ná inn á þessa braut aftur og vinna að sameiginlegum markmiðum Salek-hópsins, en við erum bara ekki tilbúin, eins og einhver orðaði það í mínum góða hópi fyrr í þessari viku.

Við tölum mikið um norrænar fyrirmyndir. Norræna fyrirmyndin er að ná samstöðu um leiðirnar. Samstaðan snýst um að semja um allt við alla. Það er enginn einn sem fær öllu sínu framgengt, það er enginn einn sem ræður ferðinni. Það er samið um allt við alla á grundvelli stefnu um ríkisfjármál og peningastefnu sem er mótuð þannig að það á í raun ekki að skipta máli hver situr í ríkisstjórn, samkomulagið stendur. Þannig virkar það á Norðurlöndunum.

Ég verð að viðurkenna að ég held við eigum enn eftir svolítinn spöl að því að vera komin þangað á Íslandi. En það er hægt. Það er allt hægt ef viljinn er fyrir hendi. Gönguferðinni er svo sannarlega ekki lokið. Við ætlum að troða þennan slóða til enda. Svo ætlum við að stíka hann, við ætlum að merkja hann og setja hann inn á kort. Við ætlum að sjá til þess að á þessari öld verði hann genginn aftur og aftur, hann verði vel þekktur og hann komi okkur öllum á sama áfangastaðinn.

Ég vona að þið eigið mjög gott þing og þakka ykkur aftur fyrir allan stuðninginn sem þið hafið sýnt okkur í BHM á þessu ári.“

## Störf þingsins

Að ávörpum loknum flutti Rúnar Vilhjálmsson prófessor erindi þar sem hann kynnti helstu niðurstöður nýrrar rannsóknar sinnar á heilsu og lífsháttum Íslendinga. Erindi Rúnars bar heitið „Íslenska heilbrigðiskerfið – Aðgengi, kostnaður og viðhorf til hlutverks hins opinbera“.

Rúnar sagði heilbrigðisþjónustuna mikilvægan þátt lýðheilsu sem ekki lúti markaðslögmálum og því eigi ekki við nema að takmörkuðu leyti að fá einkaaðila til að sinna þjónustunni. Hann sagði ekki hægt að líkja því saman að sækja sér heilbrigðisþjónustu eins og að kaupa skó eða fisk. Til dæmis sé misvægi í þekkingu þeirra sem sækja þjónustuna og veiti hana, einkaaðilar hafi ekki sama hag af því að stunda forvarnir og fleira.

Hann kynnti niðurstöður úr könnun sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði fyrir hann á viðhorfum Íslendinga til heilbrigðiskerfisins, en BSRB styrkti rannsóknina. Könnunin leiddi í ljós að yfirgnæfandi meirihluti landsmanna vill að einstakir þættir heilbrigðisþjónustunnar séu reknir fyrst og fremst af hinu opinbera. Fjórir af hverjum fimm vilja að hið opinbera reki sjúkrahús, sagði Rúnar.

„Almennt getum við sagt að það sé mikill meirihluti landsmanna fylgjandi því að stóru rekstrareiningarnar eins og spítalar, lýðheilsustarfsemi, heimahjúkrun og jafnvel hjúkrunarheimili séu rekin af opinberum aðilum,“ sagði Rúnar. Samanburður við eldri kannanir sýna að stuðningur við opinberan rekstur í heilbrigðiskerfinu er heldur að aukast.

Rúnar sýndi einnig hvernig hlutfall ráðstöfunartekna almennings sem fer í kostnað við heilbrigðisþjónustu hefur aukist. Það sagði hann vera í samræmi við þá þróun að velta sífellt meiri kostnaði á þá sem nota þjónustuna. Eftir því sem hlutfall ráðstöfunartekna til heilbrigðismála eykst því meiri líkur eru á því að þeir sem þurfa á heilbrigðisþjónustu að halda sleppi því að sækja þjónustuna eða fresti því, sagði Rúnar.

Í samantekt sinni sagði Rúnar að rannsóknir sínar sýni að mikilvægt sé að byggja upp opinbera heilbrigðiskerfið á Íslandi.

Að loknu nafnakalli þingfulltrúa ásamt samþykkt kjörbréfa og kosningu um embættismenn þingsins fór Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, yfir helstu atriði úr skýrslu stjórnar. Skýrslan var lögð fram útprentuð fyrir þingið. Eftir kynningu Elínar Bjargar var orðið gefið laust en enginn kvað sér hljóðs um skýrslu stjórnar.

Helga Jónsdóttir, framkvæmdastjóri BSRB, fór þessu næst yfir þingmál sem lögð voru fyrir nefndir þingsins. Þingið samþykkti án umræðu að vísa málunum til nefnda og hófst í kjölfarið nefndarstarfið.

## Nefndir 44. þings

Lög BSRB kveða á um að starfskjaranefnd, kjörnefnd og allsherjarnefnd séu starfandi á þingum BSRB. Auk þess lagði stjórn BSRB til að eftirfarandi nefndir yrðu starfandi á 44. þingi BSRB: Málefnaþópur um velferðarmál, málefnaþópur um fjölskylduvænna samfélag, málefnaþópur um stöðu verkalyðshreyfingarinnar, BSRB og aðildarfélaganna og laganefnd.



Mynd 4 - Rúnar Vilhjálmsson, prófessor við Háskóla Íslands, kynnti niðurstöður nýrrar rannsóknar á heilbrigðiskerfinu á 44. þingi BSRB.

## Málstofur 44. þings BSRB

Á þingum bandalagsins fer fram málefnavinna sem birtist meðal annars í ályktunum þingsins og nýrri stefnu BSRB. Vinnan fer fram í sérstökum málefnaþópum sem voru fimm talsins að þessu sinni og var um 50 manns í hverjum hóp. Eftirtaldir hópar störfuðu á þinginu:

### 1. Málefnaþópur um starfsumhverfi starfsmanna í almannáþjónustunni (allsherjarnefnd).

Í þessum hópi var fjallað um starfsumhverfi starfsfólks í almannáþjónustu, menntamál og umhverfismál. Formaður hópsins var Þórveig Þormóðsdóttir. Fyrirlesarar voru Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir stjórnsýslufræðingur og Bára Hildur Jóhannsdóttir frá mannauðssviði Landspítalans.

### 2. Málefnaþópur um atvinnumál (starfskjaranefnd)

Í hópnum var fjallað um atvinnumál, kjaramál, lífeyrismál og skattamál. Formaður hópsins var Arna Jakobína Björnsdóttir. Upphafsinlegg flutti Indriði Þorláksson, fyrrverandi ríkisskattstjóri.

### 3. Málefnaþópur um velferðarmál

Hér var umfjöllunarefnið heilbrigðismál og almannáþjónustan, almannatryggingar og húsnæðismál. Formaður hópsins var Kristín Á. Guðmundsdóttir. Sigríður Lillý Baldursdóttir, forstjóri Tryggingarstofnunar Íslands, og Ólafur Ólafsson, fyrrverandi landlæknir fluttu erindi.

### 4. Málefnaþópur um fjölskylduvænna samfélag

Fjallaði var um fjölskylduvænna samfélag, fæðingarorlofskerfið, dagvistarmál, jafnréttismál og styttingu vinnuvikunnar í þessum hópi. Formaður hópsins var Karl Rúnar Þórsson. Starfið hófst á uppleggi Katrínar Ólafsdóttur, vinnumarkaðshagfræðings og lektors við Háskólann í Reykjavík.

### 5. Málefnaþópur um stöðu verkalýðshreyfingarinnar, BSRB og aðildarfélaganna

Staða verkalýðshreyfingarinnar, framtíðin og norræna velferðarlíkanið voru umfjöllunarefni þessarar nefndar. Formaður hópsins var Árni Stefán Jónsson. Magnús Pétursson, fyrrverandi ríkissáttasemjari, flutti inngangserindi.

Umgjörð allra málstofanna var með svipuðu móti og hófst á því að sérfræðingar í viðkomandi málaflokki héldu erindi þar um og þá tóku við borðumræður þar sem unnið var að stefnu og ályktunum þingsins. Málefnastarfið tókst afar vel og voru þingfulltrúar almennt mjög ánægðir með fyrirkomulagið.

Afrakstur hópanna voru ályktanir og endurskoðuð stefna bandalagsins. Stefnan í heild sinni er birt í skýrslunni, en hún hefur einnig verið gefin út í formi bæklinga sem má finna á skrifstofu BSRB og á vef bandalagsins. Fjallað verður nánar um ályktanir 44. þings BSRB sem unnar voru í starfshópnum síðar í skýrslunni.



Mynd 5 - Þingið samþykkti viðamiklar breytingar á skipulagi BSRB.

## Áframhald þingfundar

Þing BSRB samþykkti ýmsar breytingar á lögum bandalagsins. Breytingarnar taka meðal annars til nafns bandalagsins og hlutverk þess, ákvæði voru felld brott og breytingar gerðar á kafla laganna um réttindi og skyldur aðildarféлага, breytingar á ákvæði um þingsköp á þinginu, úrsögn úr BSRB, útvíkkun á aðild að BSRB, breytt ákvæði um dagskrá aðalfundar BSRB, ákvæðis um aðildargjöld til BSRB og loks skipulagsbreytingar.

Stærstu breytingarnar eru án efa breytingar á skipulagi BSRB og nafni þess. Nafn bandalagsins er nú BSRB en ekki Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. Skipulagsbreytingar fela í sér að frá og með síðasta þingi er stjórnskipulag bandalagsins eftirfarandi:

- Ákvæði um þing BSRB er óbreytt, það fer með æðsta vald í málefnum BSRB er haldið þriðja hvert ár líkt og áður. Þingfulltrúum hefur hins vegar verið fækkað og verða nú um 187 þingfulltrúar.
- Ákvæði um aðalfund BSRB er að mestu óbreytt en breytingar urðu á dagskrá fundarins. Eftir sem áður skal aðalfundur haldinn fyrir júní, fjöldi fulltrúa aðildarféлага fer eftir félagafjölda (almennt um 50 manns), fundurinn staðfestir fjárhagsáætlun og ársreikningar bandalagsins eru bornir upp.
- Nýtt ákvæði um formannaráð BSRB kom inn í lög bandalagsins á þinginu. Formannaráðið skipa formenn allra aðildarféлага, auk formanns BSRB. Ráðið fundar að lágmarki þrisvar á ári og mótar stefnu og megináherslur BSRB í málum sem koma upp milli þinga. Þá er ráðið vettvangur fyrir samráð aðildarfélaganna. Formannaráðið hefur einnig það hlutverk að fylgja eftir samþykktum þings BSRB, auk þess sem stjórn getur lagt ákvörðun um stefnumótun fyrir bandalagið í hendur ráðsins.
- Breytt ákvæði um stjórn BSRB sem nú er skipuð níu stjórnarmönnum. Formaður BSRB, 1. varaformaður og 2. varaformaður eru sjálfkjörin í stjórn. Þá kaus þing BSRB sex stjórnarmenn til viðbótar, en aðeins einn stjórnarmaður má vera úr hverju aðildarfélagi. Stjórnin kemur saman hálfsmánaðarlega og fer með stjórn bandalagsins milli þings og aðalfunda.



- Ákvæði um stöðu formanns var breytt. Formaður BSRB hefur nú yfirumsjón með starfsemi bandalagsins og leiðir það. Þá var sett inn nýtt ákvæði um framkvæmdastjóra sem fer með daglega stjórnun.

Þingið ákvað einnig að gera breytingar á ákvæði um aðildargjöld til BSRB. Samkvæmt ákvæðinu greiðir hvert aðildarfélag ákveðinn hundraðshluta af heildarlaunum félagsmanna sinna og fast gjald fyrir hvern félagsmann sem á aðild að bandalaginu. Aðildargjaldið er eftir sem áður ákveðið á aðalfundi bandalagsins en breyting varð á stofni þess. Ákvæði um aðildargjaldið tók gildi á aðalfundi BSRB þann 26. maí 2016 og kom til framkvæmda 1. janúar 2017.

## Kosningar í embætti

Á þinginu var Elín Björg endurkjörin formaður bandalagsins. Þá var Árni Stefán Jónsson, formaður SFR, endurkjörinn 1. varaformaður BSRB og Garðar Hilmarsson, formaður Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, endurkjörinn 2. varaformaður. Öll voru þau sjálfkjörin í embætti þar sem engin mótframboð bárust.

Kosið var í stjórn BSRB samkvæmt nýju fyrirkomulagi sem samþykkt var á þinginu. Meðstjórnendur voru kosin Arna Jakobína Björnsdóttir Kili, Halla Reynisdóttir Póstmannafélagi Íslands, Helga Hafsteinsdóttir Starfsmannafélagi Dala- og Snæfellsnessýslu, Karl Rúnar Þórsson Starfsmannafélagi Hafnarfjarðar, Kristín Á. Guðmundsdóttir Sjúkraliðafélagi Íslands og Snorri Magnússon Landssambandi lögreglumanna.

Til vara voru kosin Þórveig Þormóðsdóttir Félagi starfsmanna stjórnarráðsins, Arna Ómarsdóttir Félagi flugstarfsmanna ríkisins, Ásbjörn Sigurðsson FOSS – stéttarfélagi í almannajónustu og Sverrir Björn Björnsson Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna. Engin mótframboð bárust.

## Lokaræða formanns

Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, sleit 44. þingi bandalagsins. Ávarp hennar fer hér á eftir. „Góðir félagar.

Þá er komið að lokum 44. þings BSRB. Að mínu mati hefur okkur tekist alveg sérstaklega vel upp að þessu sinni. Við höfum skipst á skoðunum, leyft okkur að vera bæði sammála og ósammála, en virðing og yfirvegun einkennt öll störfin á þinginu og fyrir það ber okkur að hrósa hvort öðru.

Við komum héðan með mikið fóður inn í baráttu næstu ára og höfum lagt grunn að stefnu BSRB til næstu þriggja ára. Það sem varðar okkur helst er að við ætlum að verja hér og efla almannajónustuna.

Við byggjum upp fjölskylduvænna samfélag því tilraunaverkefni um styttingu vinnuvikunnar er bara nýjasti áfanginn í þeirri baráttu. Við þurfum að efla kjör þeirra sem minnst hafa. Við þurfum að sjá til þess að mennta-, heilbrigðis- og almannatryggingakerfið styrkist. Við þurfum að efla velferðina alla og velferðin á að vera gjaldfrjáls. Við þurfum líka að leggja okkar af mörkum til að byggja upp betra samfélag.

Eins og ég hef sagt áður er almannajónustan undirstaða jöfnuðar og félagslegs réttlætis. Almennajónustan, störfin sem við sinnum, er grunnstoð samfélagsins. Kæru félagar. Ég vil þakka öllum þingfulltrúum kærlega fyrir þeirra framlag á þessu þingi. Það er okkur mjög mikilvægt að sem flestar raddir heyrist svo stefna BSRB endurspegli sannarlega skoðun, vilja og væntingar félagsmanna okkar. Málefnavinnan hefur verið alveg sérstaklega gefandi á þessu þingi og það hefur verið einstaklega gaman að taka þátt í þeirri vinnu.

Ég vil fyrir hönd okkar allra þakka þingforsetunum fyrir röggsama og góða stjórnun og riturunum vil ég jafnframt þakka kærlega fyrir þeirra störf af því ég er ekki viss um að við áttum okkur á því hversu mikið álag var á riturunum okkar á þessu þingi. Þetta er í fyrsta skiptið sem við vinnum með þeim hætti sem við höfum gert hér, það er ekki rituð fundargerð heldur er fundurinn tekinn upp svo allt er til sem er gert og sagt hér í þessum sal. Þingritararnir okkar eru búnir að stýra umræðunni með þessum hætti og séð til þess að við værum öll tengd og að vinna í samræmi við dagskrána. Mig langar að biðja ritarana, Jófríði Hönnu og Jón Gísla að koma hér upp. Ég ætla að færa þeim smá þakklætisvott frá þingfulltrúum og við gefum þeim gott klapp.

Þar til viðbótar langar mig að fá forsetana okkar hingað líka og gefa þeim þakklætisvott frá BSRB. Það eru Birna, Ína Halldóra og Snorri. Kærar þakkir og takk fyrir að halda svona vel utan um þingið.

Kæru félagar. Það er með þakklæti og gleði í huga sem ég slít 44. þingi BSRB. Þakklæti fyrir fyrirmyndarvinnubrögð, góða og málefnalega vinnu. Hún mun nýtast okkur vel fyrir störfinn inn í framtíðina. Takk fyrir að gefa ykkur tíma og takk fyrir að vera með okkur. Takk fyrir að leyfa okkur að heyra skoðanir ykkar og fyrir að gefa okkur það mikla starf sem þið hafið unnið.

Nýkjörinni stjórn BSRB óska ég til hamingju um leið og ég þakka fráfarandi stjórn fyrir störf sín. Ég óska ykkur öllum góðrar heimferðar og slít 44. þingi BSRB.“



Mynd 6 - Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, sleit 44. þingi BSRB.

# Stefna BSRB

Stefna BSRB var endurskoðuð með heildstæðum hætti á 44. þingi bandalagsins. Stefnunni er skipt niður eftir málaflokkum, sem eru almannatryggingar, almannapjónusta, atvinnumál, efnahags- og skattamál, heilbrigðismál, húsnæðismál, jafnréttismál, kjaramál, lífeyrismál, menntamál, starfsumhverfi starfsfólks í almannapjónustu, umhverfismál og velferðarmál. Stefnan var gefin út í bæklingi eftir þingið.

## Almannatryggingar

Aukin gjaldtaka fyrir þjónustu hins opinbera er þróun sem verður að snúa við. Fyrir þarf að liggja skýr stefna stjórnvalda varðandi fyrir hvaða þætti velferðarþjónustunnar sé réttlætjanlegt að innheimt sérstakt gjald fyrir.

Gera þarf grundvallarbreytingar á almannatryggingakerfinu þar sem litið er til starfsgetu einstaklinga en ekki örorku þeirra. BSRB telur rétt að einfalda lífeyriskerfið, hverfa frá tekjutengingu bóta og lífeyrisgreiðslna og að lífeyrisþegar fái aukinn sveigjanleika til lífeyristöku. Það eru grundvallaratriði að lífeyrir tryggi elli- og örorkulífeyrisþegum mann-sæmandi líf skjör.

Einfalda þarf almannatryggingakerfið og hafa það skilvirkara og notendavænna.

Þeir sem hafa tök á og treysta sér til að vinna hlutastarf á að vera gert kleift að gera það án skerðingar lífeyris. Aukinn sveigjanleiki í þá veru getur aðeins orðið til að bæta líf skjör og líðan fólks.

Mikilvægt er að fólki sé gert kleift að snúa aftur á vinnumarkaðinn eftir veikindi eða slys. Árangur VIRK-starfsendurhæfingarsjóðs hefur skilað umtalsverðum árangri í þeim efnum og ber að efla það góða starf enn frekar. VIRK hefur hjálpað miklum fjölda fólks að snúa aftur á vinnumarkaðinn og þannig aukið lýðheilsu fólks, stuðlað að aukinni atvinnuþátttöku og sparað umtalsverða fjármuni.

Fjármunum sem varið er í starfsendurhæfingu skila sér margfalt til baka þegar árangurinn er sá að gera fólki kleift að taka þátt á vinnumarkaði. Hluti af þessu er að gera fólki kleift að stunda vinnu þrátt fyrir skerta starfsorku og þá er mikilvægt að bæta aðstöðu og aðgengi vinnustaða í samræmi við sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

## Almannapjónusta

Almannapjónustuna ber að reka á samfélagslegum grunni af opinberum aðilum þar sem allir eiga jafnan rétt, óháð efnahag. Það er grundvallaratriði að svo verði áfram. Reynslan sýnir að velferðarþjóðfélag verður ekki reist nema á gildum samvinnu og jafnaðar, gildum sem verkalýðshreyfingin hefur haldið á lofti frá öndverðu.

BSRB telur að opinber almannapjónusta eigi að gegna lykilhlutverki í uppbyggingu samfélagsins. Almannapjónusta sem tryggir landsmönnum aðgang að m.a. fyrsta flokks



Mynd 7 - Forsíðan á bæklingi með stefnu BSRB.

heilbrigðisþjónustu, félagsþjónustu, menntun og réttarvörslukerfi, þ.m.t. löggæslu og annarri öryggisþjónustu.

Slíkt er ekki hægt að tryggja nema að almannþjónustan sé í höndum hins opinbera sem skipuleggur, stýrir og fjármagnar hana á grundvelli jafnréttis. Þjónustuna þarf með öðrum orðum að skipuleggja þannig að þarfir allra landsmanna séu hafðar í huga en ekki miðað við greiðslugetu. Tryggja verður að lagarammi almannþjónustunnar sé nægilega traustur til að veita henni vernd gegn markaðsvæðingu. Almennþjónustuna á aldrei að reka á hagnaðargrundvelli heldur eiga almannahagsmunir og samfélagsmarkmið að vera í forgrunni.

Öflug almannþjónusta byggir á faglegu og hæfu starfsfólki. Tryggja þarf að mönnun á vinnustað sé með þeim hætti að öryggi notenda og starfsmanna sé ekki hætta búin. Því er nauðsynlegt að hlúa að og veita starfsfólki almannþjónustunnar tækifæri til að sækja sér aukna menntun og þjálfun. Með öflugri kjara- og mannauðsstefnu verður almannþjónustan að eftirsóknarverðum vinnustað.

## Atvinnumál

Hátt atvinnustig er lykilforsenda þess að hægt sé að halda uppi velferðarkerfi og því er brýnasta viðfangsefni stjórnvalda hvers tíma að búa svo um að sem flestir hafi tök á því að stunda vinnu.

Stjórnvöld verða að leggja sitt af mörkum ásamt verkalýðshreyfingunni og fulltrúum atvinnurekenda að hlúa sem best að þeim sem af einhverjum ástæðum falla út af vinnumarkaði. Sérstaklega þarf að huga að langtímaatvinnulausu fólki svo það einangrist ekki félagslega og efnahagslega. Sporna þarf við því að fólk dvelji lengi í atvinnuleysisbótakerfinu.

Tryggja verður framtíðarþjálfun VIRK starfsendurhæfingarsjóðs. VIRK hefur á starfstíma sínum unnið mikilvægt starf við að undirbúa fólk sem fallið hefur af vinnumarkaði til að snúa aftur til starfa. Þjóðhagslegur ávinningur af starfi sjóðsins er gríðarlegur. VIRK hefur með starfi sínu stuðlað að aukinni lýðheilsu þjóðarinnar og á sama tíma sparað samfélaginu mikla fjármuni.

Opinber vinnumarkaður er grunnstoð norræna velferðarkerfisins þar sem jafnrétti fólks er haft að leiðarljósi. Sterk almannþjónusta er árangursríkasta jöfnunartæki sem til er og jafnframt einn mikilvægasti hlekkur í atvinnulífsins sem skilar þjóðfélaginu miklum arði. Innan almannþjónustunnar starfa þúsundir í skólum, félags- og heilbrigðisþjónustu og víða eru konur í miklum meirihluta þessara starfa. Þess vegna er mikilvægt að efla grunnþjónustu samfélagsins og byggja upp enn sterkari opinberan vinnumarkað sem er samkeppnisfær við hinn almenna vinnumarkað.

Stjórnvöld geta aukið fjölbreytni á vinnumarkaði með því að huga betur að menntun sem miðast við þarfir atvinnulífsins. Traustur grundvöllur hefur verið lagður að fjölbreyttri atvinnustarfsemi með aukinni menntun. Þess vegna er mikilvægt að stuðla að frekari nýsköpun og hlúa að vaxtarsprotum. Vaxandi atvinnugreinar á borð við ferðaþjónustu, upplýsingatækni og líftækni skapa mörg störf og eru nær undantekningarlaust gjaldeyrisskapandi. Með fjölbreyttu atvinnulífi og raunverulegri gjaldeyrissköpun fyrirtækja má draga úr líkum á stórfelldum örðugleikum í atvinnulífinu.

Styrkja verður stöðu landshlutanna svo þeir hafi aðdráttarafl fyrir fólk til búsetu og starfa. Styrkja verður uppbyggingu atvinnulífs og opinberrar þjónustu á landinu öllu. Leitast verður við að skapa ný opinber störf í öllum landshlutum í stað þess að flytja störf landshluta á milli. Reynslan sýnir að tilfærsla starfa á milli landshluta hefur bæði neikvæð áhrif á starfsfólk, starfsemi viðkomandi stofnunar og þjónustuna sem á að veita.

Markmiðið verkalýðshreyfingarinnar á alltaf að vera að auka lífkjör og lífsgæði launafólks. Til að ná markmiðum um aukin lífsgæði vinnandi fólks og arðsemiskröfur atvinnurekenda má þó aldrei gleyma siðferðislegum og félagslegum grunnviðmiðunum um jöfnuð, réttlæti og samfélagslega ábyrgð.

## Efnahags- og skattamál

BSRB leggur áherslu á að skattkerfið sé nýtt sem jöfnunartæki. Reka á skattkerfið og um leið velferðarkerfið með því hugarfari að fólk greiði inn eftir efnum en taki út eftir þörfum. Þeir sem betur eru stæðir ættu að bera meiri byrðar en hinir sem verr eru staddir. Samstaða þarf að nást um þessa hugsun í rekstri hins opinbera og hafa samstöðu og jöfnuð fólks að leiðarljósi.

Mikilvægt er að álögur á þá sem minnstar hafa tekjurnar verði ekki of miklar. Skattbyrði fólks verður að taka mið af framfærslubyrði og vera réttlát. Draga þarf verulega úr gjaldtöku í velferðarkerfinu en vaxandi greiðsluþátttaka launafólks í t.d. rekstri heilbrigðiskerfisins er óásættanleg.

Koma verður til móts við fjölskyldufólk með endurskoðun á fyrirkomulagi barnabóta og hækka greiðslur til barnafólks.

BSRB er fylgjandi þrepaskiptingu í skattkerfinu en slíkt verður að taka mið af skerðingum bótamegin. Einnig leggst BSRB gegn tekjutengingu bóta og lífeyrisgreiðslna og leggur einnig til að dregið verði sem mest úr tekjutengingum í skattakerfinu. Ekki er hægt að tekjutengja bæði skatta og bætur.

Ýmiskonar jaðarskattar geta verið íþyngjandi og leggjast mjög misjafnlega á fólk eftir efnum og aðstæðum.

BSRB er hlynnt auðlindaskatti og telur að greiða eigi fyrir nýtingu auðlinda, hverjar sem þær eru. Bandalagið leggur þó áherslu á að auðlindir verði í almannaeigu en ekki í eigu einkaaðila.

BSRB leggst alfarið gegn hækkunum á virðisaukaskatti, vörugjöldum og tollum. Brýnt er að fækka undanþágum frá virðisaukaskattkerfinu og lækka virðisaukaskatt á nauðsynjavörur.

BSRB varar við því að aðgerðir sem settar eru fram í nafni einföldunar á skattkerfi leiði í reynd til hærra álaga á launafólk. Mikilvægt er að kjör heimilanna séu lögð til grundvallar öllum breytingum á skattkerfinu en ekki óljósar hugmyndir um einföldun skattkerfisins.

BSRB hafnar alfarið öllum hugmyndum um skattlagningu inngreiðslna séreignarsparnaðar.

## Heilbrigðismál

Jafnt aðgengi allra að heilbrigðisþjónustu, óháð efnahag, stuðlar öðru fremur að auknum jöfnuði fólks og við því fyrirkomulagi ber ekki að hrófla. BSRB leggst alfarið gegn markaðsvæðingu heilbrigðisþjónustu og gjaldtöku sem byggir á hagnaðarsjónarmiðum.

Endurskoða verður gjaldtöku fyrir ýmsa þætti heilbrigðisþjónustu til að stuðla frekar að jöfnu aðgengi fólks að heilbrigðisþjónustu. BSRB vill sporna við gjaldtöku innan heilbrigðiskerfisins. Heilbrigðiskerfi Íslendinga á að veita hverjum sem þarf á aðstoð að halda alla þá þjónustu sem völ er án tilkostnaðar fyrir viðkomandi.

Endurskoða þarf aukna þátttöku almennings í greiðslu fyrir nauðsynleg lyf. Það liggur í hlutarins eðli að lyfjakostnaður lendir mest á þeim sem eiga við veikindi að stríða. Veikindi valda tekjumissi ofan á aðra erfiðleika og því ætti það að vera grunnréttur þeirra sem veikir eru að fá lyf við hæfi án mikils kostnaðar fyrir viðkomandi. BSRB krefst þess að sú mismunun sem viðgengst milli einstaklinga vegna eðlis og uppruna sjúkdóma þeirra, raskana og kvilla verði leiðrétt. Sem dæmi má nefna augn-, heyrnar-, munnhols- og tannsjúkdóma. BSRB leggur til að tannheilsa barna og það sem henni fylgir falli undir almenna heilbrigðisþjónustu.

Huga verður að jafnræði til heilbrigðisþjónustu eftir búsetu. Hið opinbera verður sem dæmi að taka ríkari þátt í ferðakostnaði fólks sem búsetu sinnar vegna hefur ekki sama aðgengi að heilbrigðisþjónustu og aðrir. Afar brýnt er að stórefla utanspítalþjónustu, sjúkraflutninga og sjúkraflug og tryggja þar með að slík þjónusta sé ætíð til staðar í hinum dreifðu byggðum.

Útgjöld til heilbrigðismála eru grundvallarforsenda hagvaxtar því ef heilsa fólks er góð gerir það því kleift að vinna og skila betur til samfélagsins. Umönnun aldraðra og barna skiptir líka

sköpum í þessu samhengi og veitir fleirum möguleika á að vinna og leggja þannig til samfélagsins.

Hið opinbera á að reka heilbrigðiskerfið á réttlátan hátt fyrir skattfé landsmanna. Kerfið á að vera skilvirkt og tryggja öllum jafnan aðgang að fyrsta flokks þjónustu. Þetta er mikilvægur þáttur þess að viðhalda öryggi og lífsgæðum fólksins í landinu.

## Húsnæðismál

Öruggt húsaskjól, hvort sem um er að ræða leiguhúsnæði eða séreign, er einn af hornsteinum almennrar velferðar og því verður að bregðast við breyttum þörfum á húsnæðismarkaðnum sem allra fyrst til að tryggja öllum viðunandi húsnæði á viðunandi kjörum til framtíðar.

Stefna stjórnvalda í húsnæðismálum verður að taka mið af nýjum aðstæðum sem skapast hafa á Íslandi. Koma verður til móts við hina miklu eftirspurn eftir leiguhúsnæði.

BSRB vill að almennu leigukerfi að norrænni fyrirmynd verði komið á hér á landi til að tryggja öllum húsnæði á viðunandi kjörum. Þannig mætti líka tryggja búsetuöryggi leigjenda til lengri tíma. Húsnæðiskostnaður verði ekki meiri en 30% af ráðstöfunartekjum. Auka verður lánveitingar til bygginga á leiguhúsnæði til muna svo að þetta geti orðið að veruleika.

Reisa verður húsnæði sem miða sérstaklega að þörfum leigjenda. Sérstaklega vantar smærra húsnæði af ódýrari gerðinni víða um land. Hentugt leiguhúsnæði myndi leggja sitt af mörkum við að gera leigumarkaðinn ódýrari valkost en áður hefur verið og þannig stuðla að því að gera leiguformið að raunverulegum valkosti í búsetumálum á Íslandi.

Stuðning hins opinbera við ólík búsetuform verður að jafna. Samræmdar húsnæðisbætur í stað vaxta- og leigubóta og afnám verðtryggingar munu jafna húsnæðisstuðning milli þeirra sem eiga húsnæði og þeirra sem leigja. Slíkt kerfi verður að koma til framkvæmda enda myndi slíkt húsnæðisbótakerfi stuðla að frekari jöfnuði fólks.

Íbúðalánasjóður hefur um langt árabíl verið mikilvæg stoð við einstaklinga við íbúðakaup. Með lánveitingum stuðlar sjóðurinn að því að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum, óháð búsetu. Mikilvægt er að tryggja grundvöll sjóðsins og að hann verði áfram í eigu ríkisins.

## Jafnréttismál

BSRB skal standa vörð um að allir atvinnurekendur fylgi eftir markmiðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Það felur m.a. í sér að komið verði á jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla á öllum sviðum þjóðfélagsins. Bandalagið á að tryggja að allir félagsmenn þess búi við jafnrétti á vinnumarkaði. Það er ekki eingöngu jafnréttismál heldur þjóðhagslega hagkvæmt að jafnrétti sé tryggt á vinnumarkaði. Þá er það grundvallaratriði að mati BSRB að við stefnumótun og áætlanagerð stjórnvalda sé jafnrétti haft að leiðarljósi.

Eitt af hlutverkum BSRB er að gæta þess og fylgja því eftir að gætt sé að mannréttindum. Hugtakið felur í sér að allir eiga rétt á að njóta mannréttinda án mismununar, eins og til að mynda vegna kynferðis, kynhneigðar, kynþáttar, litarháttar, aldurs, trúar, tungumáls, búsetu, stjórnmalaskoðana, þjóðernis, félagslegrar stöðu, fötlunar eða efnahags.

Starfsemi aðildarféлага BSRB og skrifstofa bandalagsins skal endurspeglar að unnið sé í samræmi við jafnréttislög.

## Kynbundinn launamunur

Að mati BSRB er það forgangsverkefni stjórnvalda, atvinnurekenda og verkalýðshreyfingarinnar að uppræta kynbundinn launamun. Kjarakannanir, m.a. aðildarféлага BSRB, sýna fram á að kynbundinn launamunur er enn til staðar.

Kynbundinn launamunur hefur verið til umræðu hjá aðilum vinnumarkaðarins og stjórnvöldum um mjög langt skeið. Skipaðir hafa verið margir starfshópar og fjöldinn allur af sérfræðingum verið fengnir til að greina vandann sem löngu er orðinn ljós. Launaleynd heyrir söguninni til lögum samkvæmt en viðgengst engu að síður enn á vinnumarkaði. BSRB krefst þess stjórnvöld grípi til aðgerða gegn kynbundnum launamun. Lyfta þarf hulunni að launasetningu inn á vinnustöðum og gera stjórnendur ábyrga fyrir launajafnrétti í reynd. Jafnlaunastaðallinn er dæmi um tæki sem stjórnendur þurfa að nýta sér í ríkara mælti til að ná betri árangri í baráttunni gegn kynbundnum launamun.

Nauðsynlegt er að brjóta upp hinn kynskipta vinnumarkað með markvissum aðgerðum samtaka launafólks og stjórnvalda og jafna laun kynjanna og hafa verðmæti starfa þar að leiðarljósi.

## Fjölskylduvænt samfélag

BSRB telur nauðsynlegt að byggja upp fjölskylduvænt samfélag sem gerir fólki kleift að samræma fjölskyldulíf og atvinnu. Fjölskylduvænt samfélag sem byggir á jöfnum tækifærum og jafnri stöðu foreldra. Samhliða vinnu við að eyða launamun kynjanna verður að jafna stöðu foreldra við uppeldi barna og auka möguleika þeirra til að verja tíma með fjölskyldunni.

Nýlegar tölur sýna að feður taka síður fæðingarorlof nú eftir efnahagshrun en áður. Tilgangur fæðingarorlofslaganna er að tryggja samvistir beggja foreldra við barn sitt á fyrstu mánuðum ævi þess en vegna mikilla skerðinga á greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði hafa færri nýtt rétt sinn til töku fæðingarorlofs. Ljóst er að fæðingarorlofslögin ná ekki að þjóna tilgangi sínum eins og nauðsynlegt er. Brýnt er að lengja fæðingarorlofsrétt foreldra á vinnumarkaði samhliða því sem greiðsluþak fæðingarorlofssjóðs verði hækkað og lágmarksframfærsla tryggð. Jafnframt þarf að tryggja börnum örugga dagvistun strax að loknu fæðingarorlofi foreldra, þar sem þarfir þeirra og fjölskyldna þeirra eru lagðar til grundvallar.

Stytting vinnuvikunnar úr 40 stundum í 36 og stytting vinnutíma vaktavinnufólks eru grundvallarkröfur BSRB og mikilvægur liður í því að búa til fjölskylduvænna samfélag sem grundvallast á samþættingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Styttri vinnuvika leiðir til betri starfsánægju og aukinna afkasta, bættrar heilsu og meiri vellíðunar og stuðlar að auknu jafnrétti kynjanna inn á heimilum. BSRB telur mikilvægt að skoða fjölbreyttar lausnir varðandi sveigjanlegan vinnutíma. Sveigjanlegur og fyrirsjáanlegur vinnutími leikur að mati BSRB lykilhlutverk við að byggja upp fjölskylduvænt samfélag.

Nauðsynlegt er að taka til skoðunar samspil atvinnulífs, skóla og heimilis með það að leiðarljósi að draga úr árekstrum og álagi á fjölskyldufólk. Fjölskyldufólk þarf að hafa meiri sveigjanleika í starfi til þess að samþætta atvinnu og fjölskyldulíf, t.d. með töku sérstakra frídaga til að koma til móts við vetrarfrí, starfsdaga og lokanir skóla. Mikilvægt er að atvinnurekendur axli ábyrgð og stjórnvöld, fulltrúar atvinnulífs og skóla klári það samtal sem þarf að eiga sér stað til að koma í veg fyrir síendurtekna árekstra vegna vetrarfría, sumarlokana og starfsdaga í skólum.

Miklu máli skiptir að launafólk geti brugðist við hinum ýmsu aðstæðum sem geta komið upp í einkalífi og hafi rétt til fjarvista frá vinnu vegna alvarlegra langvarandi veikindi barna án skerðingar á launum. Hið sama er að segja um lengingu lágmarksréttar foreldra til fjarvista vegna veikinda barna sem og vegna maka eða annarra náinna aðstandenda. Slík samþætting leiðir til aukinnar starfsánægju, bættrar frammistöðu, aukinna afkasta og minni starfsmannaveltu.

Tryggja verður að fólki standi sveigjanleg starfslok til boða þegar eftirlaunaaldur nálgast. Gera verður fólki kleift að minnka starfshlutfall og hefja töku lífeyris að hluta, hvort sem það kys að gera það fyrr eða síðar á ævinni en nú er gert ráð fyrir.

Til að byggja upp fjölskylduvænt samfélag telur BSRB mikilvægt að í allri opinberri stefnumörkun og fjárhagsáætlanagerð séu jafnréttissjónarmið höfð að leiðarljósi.

## Kynbundin og kynferðisleg áreitni

Kynbundin og kynferðisleg áreitni er viðvarandi vandamál í atvinnulífinu sem verður að uppræta. Samkvæmt jafnréttis- og vinnuverndarlögum hvílir sú skylda á atvinnurekendum að gera sérstakar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að starfsfólk eða skjólstaðingar verði fyrir kynferðislegri eða kynbundinni áreitni á vinnustað. Mál af þessu tagi eru enn algeng og þörf er á vitundarvakningu gegn þessu alvarlega samfélagsmeini. BSRB lýstir sig reiðubúið til að vinna með stjórnvöldum að sérstakri aðgerðaáætlun til að stemma stigu við kynbundinni og kynferðislegri áreitni á vinnustöðum.

Við þurfum að breyta viðhorfum og tryggja að allir njóti virðingar. Það hvernig þjóðfélag við viljum búa við er á ábyrgð okkar allra.

## Kjaramál

Allt launafólk á rétt á mannsæmandi launum fyrir vinnu sína. BSRB telur grundvallaratriði að launamunur milli hins opinbera og hins almenna vinnumarkaðar verði jafnaður. Þá verður áfram að vinna að því markmiði að hækka lægstu laun (umfram þau hærrí.)

Grundvallaratriði er að launafólk geti lifað af dagvinnulaunum. Draga þarf úr yfirvinnu en minna vinnuálag leiðir til þess að afköst starfsfólks aukast hlutfallslega.

BSRB vill að lögfest verði að vinnuvikan sé ekki lengri en 36 stundir.

BSRB telur það forgangsmál að bæta stöðu tekjulægri fjölskyldna. Tryggja þarf að öll börn búi við örugga fjárhagslega afkomu, búi við búsetuöryggi og hafi tækifæri til íþróttar- og tómstundaiðkunar. Samfélag jafnaðar verður ekki byggt nema allar fjölskyldur geti boðið börnunum sínum upp á sambærileg tækifæri.

BSRB krefst þess að sérstök launaþróunartrygging verði lögfest/sett í kjarasamninga opinberra starfsmanna en megintilgangur hennar er að tryggja samræmi í launaþróun á milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins. Þannig telur BSRB að opinberir starfsmenn muni njóta launahækkana sem eru umfram umsamdar launahækkarnir í kjarasamningum auk þess sem upptaka launaþróunartryggingar ætti að leiða til aukins stöðugleika á vinnumarkaði.

Gera þarf heildarúttekt á starfsháttum vinnustaða og aðbúnaði launafólks. Sérstaklega þarf að skoða vinnutilhögun og vinnuaðstöðu vaktavinnufólks, lög um lögbundinn hvíldartíma og sjá til þess að álag starfsmanna sé ekki óhóflegt.

## Lífeyrismál

Ríkissjóður verður að standa við skuldbindingar sínar við lífeyrissjóði opinberra starfsmanna. Ekki má hrófla við þegar áunnum réttindum opinberra starfsmanna og allar breytingar á lífeyrismálum verða að vera unnar í fullu samráði við samtök þeirra. Núverandi vandi A- og B-deilda LSR verður að vera leystur á þann veg að inngreiðslur vegna skuldbindinga ríkisins í B-deild verði að veruleika og iðgjald í A-deild verði hækkað eins og lög mæla fyrir um.

BSRB hafnar því að núverandi vandi A-deildar verði leystur með réttindaskerðingum af einhverjum toga eða með því að möguleg ný deild með breyttum forsendum verði nýtt til að rétta af hallann.

Nýskipan í lífeyrismálum kallar á heildarendurskoðun launa opinberra starfsmanna. Launakannanir hafa sýnt fram á að munurinn á launum starfsmanna á almenna og opinbera vinnumarkaðnum er um 17%. Komi til samræmingar á lífeyrissjóðum milli hins almenna og opinbera vinnumarkaðar verður að bæta opinberum starfsmönnum það upp með leiðréttingu launa.

Lífeyriskerfi Íslendinga stendur á sterkum grunni byggðum á þremur stöðum: Opinberu almannatryggingakerfi, atvinnutengdum lífeyrissjóðum með skylduaðild og frjálsum lífeyrisparnaði. Styrkur íslenska kerfisins felst að stórum hluta í sjóðsöfnun en með því er átt við að



eignir eru lagðar fyrir jafnóðum og réttinda er aflað til greiðslu lífeyris síðar. BSRB leggur ríka áherslu á að þessu fyrirkomulagi verði ekki hróflað.

Draga verður úr tekjutengingu lífeyrisgreiðslna og almannatrygginga. Mikilvægt er að þeir sem greitt hafa í lífeyrissjóði alla starfsævina sjái þess stað í afkomu sinni þegar kemur að starfslokum.

## Menntamáli

Menntun leiðir til jafnari tækifæra, framfara og hærra atvinnustigs landsmanna. Menntun skilar sér í auknum tekjum og leggur grunn að virkni og lengri veru fólks á vinnumarkaði. Menntun stuðlar þannig að sjálfbærum hagvexti og auknum sameiginlegum tekjum fyrir hið opinbera og landsmenn alla. Jöfn tækifæri til menntunar og fræðslu við hæfi að skyldunámi loknu er hornsteinn hvers samfélags.

BSRB leggur áherslu á að félagsmenn aðildarfélaganna hafi tækifæri til að þróa sig og mennta þannig að þeir verði eftirsóknarverðir á vinnumarkaði alla starfsævina. Mikilvægt er að boðið sé upp á „annað tækifæri til náms“ og stuðlað sé að því að menntun og starfsreynsla sé metin að verðleikum. BSRB leggur áherslu á að bandalagið og aðildarfélög þess séu virkir þátttakendur í umræðu og ákvörðunartöku um þróun og framvindu menntunar og fræðslu í landinu.

Menntastefna BSRB styrkir aðildarfélögin í því mikilvæga verkefni að hækka menntunarstig félagsmanna í samstarfi við atvinnurekendur. Stefnan stuðlar að því að aðildarfélögin hafi skýra sýn, markmið og leiðir þegar fjallað er um menntun og fræðslu, hvort sem er innan raða BSRB eða í viðræðum við atvinnurekendur. BSRB og forysta aðildarfélaganna leggur áherslu á gildi og mikilvægi menntunar og beitir sér fyrir því að stjórnir, starfsmenn og þeir sem gefa kost á sér til félagsstarfa fái þá fræðslu og menntun sem nauðsynleg er.

Tryggja þarf jafnrétti til náms óháð aldri eða öðrum aðstæðum. BSRB leggst jafnframt gegn því að skólagjöld séu lögð á í opinberum menntastofnunum. Kostnaður við skyldunám, þ.m.t. námsgagnakostnaður, á að greiðast alfarið úr sameiginlegum sjóðum.

## Starfsumhverfi starfsfólks í almannabjónustu

Hlutverk starfsfólks í almannabjónustu er að veita mikilvæga og lögbundna þjónustu þar sem hagsmunir almennings eru hafðir að leiðarljósi. Tryggja þarf samhæfingu í þjónustunni og að vinnustaðir og störfín þróist í samhengi við samfélagið.

Til að tryggja öflugna og góða almannabjónustu er mikilvægt að starfsmenn búi alltaf við besta mögulega starfsumhverfi, þar sem þekking, fagmennska og starfsánægja er höfð að leiðarljósi. Skapa þarf svigrúm og tækifæri fyrir starfsmenn til að þróa hæfni sína og þekkingu með öflugri símenntun og búa þeim vinnuaðstæður sem gera þeim kleift að sinna starfi sínu á faglegan og vandaðan hátt.

Mikilvægt er að marka skýra mannauðsstefnu þar sem saman fara hagsmunir starfsmanna og stofnunar eða fyrirtækis. Styrkja þarf gott samband milli stjórnenda og starfsmanna m.a. með reglulegum starfsmannasamtölum og mikilvægt er að tryggja aðkomu starfsmanna að skipulagi og þróun vinnustaðarins.

Sveigjanleiki og samhæfing vinnu og einkalífs ætti ávallt að vera í fyrirrúmi til að stuðla að fjölskylduvænna samfélagi og til að koma í veg fyrir álag og streitu.

Allar breytingar sem varða stöðu starfsfólks í almannabjónustu, svo sem breytingar á stofnanaumhverfi, verður að vinna með faglegum hætti og í samráði við starfsmenn og stéttarfélag. Þannig er hægt að tryggja nauðsynlega sátt sem og að þekking, reynsla og hæfni starfsfólks glatist ekki.

## Umhverfismál

Umhverfisvernd og sjálfbær nýting auðlinda þarf að njóta öflugs stuðnings stjórnvalda, verkalyðshreyfingar og atvinnulífs.

Tryggja þarf að auðlindir landsins verði í almannaeigu og aðgangur allra að hreinu drykkjarvatni sé tryggður.

Tryggja þarf að nýting náttúruauðlinda verði sjálfbær og að sem víðtækust sátt ríki um nýtingu þeirra.

Standa þarf vörð um almannarétt fólks til að ferðast frjálst um landið. Tryggja þarf fjármagn til uppbyggingar ferðamannastaða sem geti að einhverju leyti orðið á kostnað ferðamanna.

BSRB leggur áherslu á að atvinnurekendur hvetji starfsfólk til að nota vistvæna samgöngumáta á leið í og úr vinnu, t.d. með því að bjóða starfsfólki samgöngustyrki.

## Velferðarmál

Öflugt velferðarkerfi tryggir samfélag jafnaðar og sanngirni. Eitt af meginhlutverkum hins opinbera er að halda uppi öflugu velferðarkerfi þar sem landsmönnum óháð búsetu er tryggð örugg framfærsla, heilbrigðis- og félagsþjónusta, menntun og réttarvarsla.

Velferðarkerfi þar sem öllum er tryggður aðgangur að framúrskarandi þjónustu án tillits til greiðslugetu.

Velferðarkerfið á að fjármagna úr sameiginlegum sjóðum landsmanna.

# Ályktanir 44. þings BSRB

Á 44. þingi BSRB voru samþykktar ellefu ályktanir og eru þær eftirfarandi.

## Ályktun 44. þings BSRB um fjölskylduvænna samfélag

44. þing BSRB krefst þess að unnið verði markvisst að því að vinnuvika verði stytta í 36 stundir og vinnutími vaktavinnufólks verði jafnframt stytta sérstaklega. BSRB fagnar framtaki Reykjavíkurborgar og ríkisstjórnar Íslands um samstarf við bandalagið með tilraunaverkefnum um styttingu vinnuvikunnar. Aðrir atvinnurekendur eru jafnframt hvattir til að taka framtakið sér til fyrirmyndar.

44. þing BSRB krefst þess að fæðingarorlof verði lengt í 12 mánuði og hámarksgreiðslur til foreldra í fæðingarorlofi verði hækkaðar verulega og fæðingarstyrkur verði aldrei undir lágmarkslaunum. Þannig megi endurvekja nauðsynlega þátttöku feðra í fæðingarorlofi með börnum sínum sem hefur minnkað um 20% frá 2008. Mikilvægt er að tryggja að röskun á tekjum heimilis verði sem minnst vegna fæðingarorlofs svo markmið fæðingarorlofslaga um að barn njóti samvista við báða foreldra sína nái fram að ganga og báðum foreldrum verði gert kleift að samræma fjölskyldulíf sitt og atvinnuþátttöku. Þá þarf að tryggja veikindarétt í fæðingarorlofi líkt og er í sumarorlofi.

44. þing BSRB lítur á það sem algert forgangsmál stjórnvalda að brúa umönnunarbilið milli fæðingarorlofs og dagvistunarúrræða þannig að öllum börnum verði tryggt leikskólapláss sem henti þörfum fjölskyldna að loknu lengdu fæðingarorlofi.

44. þing BSRB krefst þess að starfsfólki á vinnumarkaði verði gert auðveldara að samþætta fjölskyldulíf og atvinnu með því að auka sveigjanleika í starfi m.a. til að sinna umönnun barna og aldraðra foreldra. Þá þarf einnig að tryggja rétt fólks til tóku vetrarorlofs til að koma til móts við vetrarorlof í skólum. Mikilvægt er að atvinnurekendur axli ábyrgð og stjórnvöld, fulltrúar atvinnulífs og skóla komi í veg fyrir síendurtekna árekstra vegna vetrarfría, sumarlokana og starfsdaga í skólum.

44. þing BSRB krefst þess að viðsemjendur aðildarfélaganna bandalagsins leiðrétti hið fyrsta kynbundinn launamun sem staðfestur hefur verið í ótal könnunum. Lyfta þarf hulunni af launasetningu inn á vinnustöðum og gera stjórnendur ábyrga fyrir launajafnrétti í reynd.

Bandalagið leggur áherslu á að viðsemjendur þess innleiði jafnlaunastaðal til að tryggja að launasetning sé unnin með jafnréttissjónarmið í forgrunni. Þetta eru brýn kjara- og réttlætismál, enda löngu sannað að launajafnrétti er bæði félagslegur og efnahagslegur ávinningur fyrir samfélagið í heild.

## Ályktun 44. þings BSRB um heilbrigðisþjónustu í kjölfar rannsóknar prófessors Rúnars Vilhjálmssonar á heilsu og lífsháttum Íslendinga

44. þing BSRB krefst þess að stjórnvöld sjái til þess að dregið verði verulega úr allri gjaldtöku fyrir heilbrigðisþjónustu í landinu og að tryggt sé að heilbrigðisþjónustan verði áfram fjármögnuð með opinberu fé.

Ný rannsókn prófessors Rúnars Vilhjálmssonar á heilsu og lífsháttum Íslendinga gefur sterkar vísbendingar um að gjaldtaka í heilbrigðiskerfinu hefti aðgengi tiltekinnna hópa að þjónustunni. Niðurstöður könnunarinnar sýna að of stór hópur Íslendinga frestar því að leita sér lækniástoðar jafnvel þótt hann telji sig þurfa á slíkri þjónustu að halda. Stöðugt fleiri nefna kostnað sem ástæðu þess að þeir leita sér ekki lækniástoðar og við slíkt ástand verður ekki unað. 44. þing BSRB ítrekar að heilbrigðisþjónustu á að veita öllum sem á þurfa að halda, óháð efnahag.

Einnig sýnir könnunin fram á mikinn og víðtækan stuðning Íslendinga við að opinberir aðilar eigi og reki heilbrigðisþjónustuna hér á landi og hefur sá stuðningur aukist frá síðustu könnun. Einungis telja 0,5% landsmanna að einkaaðilar eigi að sjá um sjúkrahúsrekstur. Augljóst er af

könnunum prófessors Rúnars Vilhjálmssonar að mikill og vaxandi stuðningur er við aukna félagsvæðingu heilbrigðisþjónustunnar.

44. þing BSRB tekur heilshugar undir með landsmönnum og leggur mikla áherslu á að sjúkrahúsin verði áfram í opinberri eigu og rekin af opinberum aðilum. BSRB hvetur stjórnvöld jafnframt til að tryggja opinbera fjármögnun heilbrigðisþjónustunnar, að opinberir aðilar eigi og reki heilbrigðisþjónustuna og að dregið verði úr allri gjaldtöku einstaklinga fyrir afmarkaða þætti hennar. Jafnt aðgengi allra að grunnþjónustu líkt og heilbrigðisþjónustu verður að vera tryggt til að hér ríki jöfnuður.

#### Ályktun 44. þings BSRB um starfsumhverfi starfsmanna í almannaðjónustu

Allir vinnustaðir byggjast fyrst og fremst á því starfsfólki sem þar starfar á hverjum tíma. Því betur sem haldið er utan um starfsfólkið og hlúð að þekkingu þeirra því meiri líkur eru til þess að farsælega takist að leysa úr mikilvægum og oft flóknum verkefnum sem þar er sinnt. Svo að ríki, sveitarfélög og stofnanir ásamt fyrirtækjum sem rekin eru fyrir almannafé séu samkeppnishæf um starfsfólk verða þau að bjóða starfsmönnum sömu möguleika í starfi og kjörum og annars staðar á vinnumarkaði.

44. þing BSRB krefst þess að starfsumhverfi starfsmanna í almannaðjónustunni verði tekið til endurskoðunar. BSRB er reiðubúið að koma að hvers kyns samstarfi við viðsemjendur aðildarfélaganna um eflingu mannauðsmála. Góð stjórnun mannauðsmála er nauðsynleg forsenda þess að traust skapist milli atvinnurekanda og starfsmanna, sem miðar að því að öll ákvörðunartaka starfseminnar taki mið af hvoru tveggja, hag rekstursins og starfsmanna.

44. þing BSRB krefst þess að lögð sé áhersla á að byggður sé upp hvati fyrir starfsfólk til að bæta við sig þekkingu. Styrkja þarf þjálfun starfsmanna og aðlaga verklag vinnustaða að auknum og nýjum kröfum.

44. þing BSRB krefst þess að stjórnvöld og aðrir atvinnurekendur bregðist við þeim brýna heilsuspillandi vanda sem leiðir af starfstengdri streitu. Helstu streituvaldar eru álag í starfi og samspil fjölskyldu- og atvinnulífs. Það er brýnt forgangsmál að atvinnurekendur taki til endurskoðunar skipulag vinnudagsins þar sem haft verði að leiðarljósi hvernig megi draga úr vinnuálagi ásamt því að stórauka sveigjanleika til starfa í tengslum við samspil fjölskyldu og atvinnulífs.

#### Ályktun 44. þings BSRB um almannaðjónustu

Eitt mikilvægasta verkefni stjórnvalda er að tryggja jafnan aðgang allra að almannaðjónustu. Við byggjum ekki upp velferðarsamfélag án þess að áhersla verði lögð á bætt starfsumhverfi starfsmanna í almannaðjónustunni. Þar er grundvallarverkefnum sinnt á borð við löggæslu, heilsu, menntun og almannatryggingar.

Almannaðjónustan er undirstaða þeirrar samfélagsgerðar sem við viljum búa við þar sem jafn aðgangur allra er tryggður, óháð efnahag eða búsetu. Útgjöld hins opinbera til almannaðjónustunnar er fjárfesting til framtíðar sem skilar sér margfalt til baka.

Snúa þarf við þeim niðurskurði á stöðugildum sem hefur verið undanfarin ár. Ótækt er að viðvarandi undirmönnun skapi hættu fyrir þjónustupega og starfsfólk hennar.

44. þing BSRB krefst þess að almannaðjónustan verði eflid og rekin á samfélagslegum grunni. Velferð samfélags okkar, jöfnuður og félagslegt réttlæti byggir á traustri opinberri almannaðjónustu sem fjármögnuð er alfarið úr sameiginlegum sjóðum og virðingu.

#### Ályktun 44. þings BSRB um efnahags- og skattamál

44. þing BSRB leggur áherslu á að skattkerfið verði áfram nýtt til lífskjarajöfnunar. Reka á skattkerfið og um leið velferðarkerfi landsins með því hugarfari að fólk greiði inn eftir eignum og taki út eftir þörfum.

BSRB leggst gegn því að horfið verði frá þrepaskiptu skattkerfi. Mikilvægt er að álögur á þá sem minnstar tekjur hafa verði lækkaðar. Skattbyrði verður að taka mið af framfærslubyrði og hverfa verður frá gjaldtöku í velferðarkerfinu.

BSRB leggst gegn tekjutengingu bóta og lífeyrisgreiðslna hjá tekjulágum.

Jafna verður stuðning eftir búsetuformi fólks með því að taka upp samræmdar húsnæðisbætur í stað vaxta- og húsaleigubóta.

BSRB krefst þess jafnframt að barnabætur verði hækkaðar verulega og dregið verði markvisst úr tekjutengingu þeirra. Mikilvægt er að lækka skatta og tolla á matvæli og aðrar nauðsynjavörur enda lægra matvöruverð einhver mesta kjarabót sem íslensku launafólki stendur til boða.

BSRB leggur áherslu á að auðlindir landsins séu í eigu almennings og að þeir sem nýti auðlindirnar greiði fyrir það sérstakt auðlindagjald. Ávinningi slíkrar gjaldtöku á að nýta í þágu þjóðarinnar til að efla innviði landsins.

Áfram þarf að vinna að frekara afnámi tolla og hverfa sem mest frá óljósum undanþágum í virðisaukaskattkerfinu. Allar undanþágur á virðisaukaskattalöggjöfinni ættu að vera í þágu almennings, tekjulágra og barnafólks, s.s. varðandi virðisauka á matvæli og fatnað.

BSRB fer fram á að heilsueflandi styrkir verði undanþegnir skatti.

Yfirvöldum ber að efla skattaeftirlit og tryggja að nægum fjármunum sé veitt til skattaeftirlits. Þannig má stórlega draga úr skattaundanskotum og efla tekjur ríkisins.

#### Ályktun 44. þings BSRB um kjarasamningsmódelið

44. þing BSRB fagnar þeim áfanga sem felst í nýgerðu samkomulagi aðila vinnumarkaðarins um bætt vinnubrögð og nýtt samningslíkan á íslenskum vinnumarkaði. Sá áfangi byggir á frumkvæði sem BSRB tók árið 2011 sem hefur skilað þessum árangri.

44. þing bandalagsins telur mikilvægt að sú stefnumörkun og vinna sem framundan er við mótun íslensks samningslíkans fari fram á breiðum grundvelli með virkri þátttöku stéttarfélaga, atvinnurekenda og stjórnvalda og að einnig verði passað upp á að umræðan eigi sér jafnframt stað meðal almennings. Slíkt tryggir nauðsynlega sátt og samstöðu sem þarf að ríkja um nýtt samningsfyrirkomulag.

44. þing BSRB fagnar því að launaþróunartrygging opinberra starfsmanna er einn hluti af samkomulagi svokallaðs SALEK-hóps. Nauðsynlegt er að launaþróunartrygging verði fest í sessi til framtíðar því að það er lykillinn að því að sátt ríki um nýtt samningslíkan. Markmiðið með samningslíkaninu verður einnig að vera að tryggja aukna velferð, sanngjarna tekju-skiptingu, aukinn kaupmátt, efnahags- og félagslegan stöðugleika. Einn helsti ávinningurinn verður ennfremur bætt verklag þannig að nýr kjarasamningur taki alltaf við af eldri kjarasamningi um leið og hann fellur úr gildi.

44. þing BSRB telur óhjákvæmilegt að vinna við undirbúning og framfylgd nýs samningslíkans muni jafnframt kalla á breytt vinnubrögð og breytta forgangsröðun í starfi bandalagsins.

#### Ályktun 44. þings BSRB um lífeyrismál

Mikilvægt er að víðtæk sátt náist um framtíðarskipan lífeyrismála í landinu. Undanfarin ár hefur mikil vinna farið fram sem miðar að því að eitt samræmt lífeyriskerfi muni gilda fyrir allt launafólk í landinu. Nauðsynlegt er að tryggja heildarsamtökum opinberra starfsmanna og viðsemjendum þeirra frið til að klára þá vinnu svo að sem víðtækust sátt skapist um niðurstöðurnar.

Þing BSRB leggur áherslu á að við samræmingu lífeyrisréttinda á milli hins almenna og opinbera vinnumarkaðar verði tryggt að enginn verði fyrir réttindamissi við tilfærslu yfir í nýtt lífeyriskerfi.

Tryggja verður að ríkissjóður og sveitarfélög hefji þegar að greiða inn á skuldbindingar sínar við lífeyrissjóði opinberra starfsmanna svo að sjóðirnir verði að fullu fjármagnaðir áður en til samræmingar lífeyrisréttinda kemur.

Komi til þess að lífeyrisréttindi á milli markaða verði samræmd verður jafnframt að fara fram vinna við að greina launamun á milli markaða og jafna þann mun í launum.

44. þing BSRB krefst þess að endurskoðun á samspili lífeyris og almannatrygginga fari fram til þess að draga megí úr því óréttlæti sem tekjutenging bóta og lífeyrisgreiðslna er.

#### **Ályktun 44. þings BSRB um lífeyrismál opinberra starfsmanna**

44. þing BSRB krefst þess að bakábyrgð launagreiðanda af lífeyrisskuldbindingum falli ekki niður af A-deild LSR og LSS.

44. þing BSRB felur bandalaginu að leggja áherslu á sérstöðu einstakra starfsstétta vegna álags í starfi í samningsviðræðum um lífeyrismál við fjármála- og efnahagsráðuneytið og sveitarfélögin. Leggja verður áherslu á að þó aldri lífeyristöku verði breytt þá muni þessir sérstöku hópar geta hætt við 65 ára aldur en njóta samt lífeyrisréttinda líkt og þeir hafi starfað til 70 ára, enda verði því mætt með auknu mótframlagi.

#### **Ályktun 44. þings BSRB um trúnaðarmannakerfið**

44. þing BSRB telur störf trúnaðarmanna einn af hornsteinum réttindagæslu félagsmanna BSRB. 44. þing bandalagsins beinir því til stjórnar BSRB að taka til skoðunar og umræðu uppbyggingu og virkni trúnaðarmannakerfis aðildarfélaga bandalagsins á næsta ári. Í því augnamiði skal skipaður starfshópur sem hefði það hlutverk að setja fram stefnumótun varðandi starf, verkefni og fræðslu trúnaðarmanna og standa fyrir ráðstefnu aðildarfélaganna sem lið í að móta ofangreinda stefnu.

#### **Ályktun 44. þings BSRB um styttingu vinnuvikunnar**

44. þing BSRB krefst þess að vinnuskylda verði lækkuð í 32 vinnuskyldustundir við 60 ára aldur án skerðingar á launum.

#### **Ályktun 44. þings BSRB um TISA-viðræður**

44. þing BSRB mótmælir harðlega þátttöku Íslands í þeim viðræðum sem nú standa yfir vegna TISA samningsins. Samningurinn er bein árás á lýðræðið og styrkir stöðu auðhringa á kostnað almennings. Þetta veikir almannaþjónustuna og dregur úr réttindum launafólks með því að opna á víðtæka einkavæðingu innan velferðarþjónustunnar. Fríverslunarsamningar af þessu tagi fjalla að litlu leyti um verslun, frekar um að takmarka möguleika stjórnvalda til að fara með völd og binda hendur stjórnvalda til framtíðar. Allt framsal á sjálfstæði þjóðar er landráð. Samningaviðræðurnar eru leynilegar, en nóg hefur lekið út til að ljóst sé að Ísland ætti að draga sig alfarið út úr þessum viðræðum nú þegar.

# Lög BSRB eftir 44. þing

44. þing BSRB samþykkti talsverðar breytingar á lögum bandalagsins. Breytingarnar tóku meðal annars til nafns bandalagsins og hlutverks þess, ákvæði voru felld brott og breytingar gerðar á kafla laganna um réttindi og skyldur aðildarfélaga, breytingar á ákvæði um þingsköp á þinginu, úrsögn úr BSRB, útvíkkun á aðild að BSRB, breytt ákvæði um dagskrá aðalfundar BSRB, ákvæðis um aðildargjöld til BSRB og loks skipulagsbreytingar.

Lög bandalagsins eins og þau eru eftir breytingar 44. þings eru eftirfarandi.

## I. kafli – Nafn og hlutverk

### 1. gr.

#### Nafn

BSRB er bandalag stéttarfélagar starfsmanna í almannþjónustu hjá ríki, sveitarfélögum og á almennum vinnumarkaði auk annarra aðila sem rétt eiga til aðildar að bandalaginu samkvæmt lögum þessum.

Heimili og varnarþing er í Reykjavík.

### 2. gr.

#### Hlutverk

Hlutverk BSRB er að fara með forystu í hagsmuna- og réttindabaráttu starfsmanna í almannþjónustu hjá ríki, sveitarfélögum og á almennum vinnumarkaði gagnvart atvinnurekendum og stjórnvöldum og stuðla að bættu velferðarsamfélagi. Bandalagið fer með samningsrétt í sameiginlegum málum félaganna og þeim sem því er falið hverju sinni.

BSRB styður og eflir aðildarfélögin við gerð kjarasamninga og hagmunagæslu félagsmanna. Þá vinnur bandalagið að samstöðu meðal aðildarfélaga og stuðlar að jafnræði þeirra í framkvæmd þjónustu til félagsmanna. Bandalagið vinnur jafnframt að fræðslu- upplýsinga- og menningarstarfsemi og jafnri meðferð einstaklinga á vinnumarkaði.

Þá vinnur BSRB að aukinni samstöðu, samstarfi og tengslum í stéttarfélagsmálefnum innanlands og erlendis.

## II. kafli – Aðild að bandalaginu

### 3. gr.

#### Aðild

Aðild að BSRB geta átt:

- a. Öll sambönd og/eða félög starfsmanna sem rétt hafa eða hafa haft til að gera kjarasamning skv. lögum nr. 94/1986.
- b. Sambönd eða félög starfsmanna fyrirtækja eða stofnana sem starfa í almannáþágu.
- c. Stéttarfélag sem skipulögð eru í samræmi við lög, reglur og samþykktir BSRB.

#### 4. gr.

##### Skilyrði aðildar

Félög þau eða sambönd félaga sem óska aðildar að bandalaginu skulu skipulögð á lýðræðisgrundvelli og lög þeirra mega ekki brjóta í bága við lög þessi eða grundvallaratriði í samþykktum bandalagsins. Félög eða sambönd sem óska inntöku á grundvelli 1. tölul. 3. gr. skulu á sannanlegan hátt uppfylla þá tölu um fullgilda félagsmenn sem kveðið er á um í 5. gr. laga nr. 94/1986. Jafnframt uppfylla félögin ákveðin skilyrði um þjónustu til félagsmanna samkvæmt reglugerð sem aðalfundur setur. Í reglugerðinni skulu sett viðmið um þjónustu félaga varðandi skrifstofuhald, sjálfstæði þeirra við kjarasamningsgerð og aðra þjónustupætti sem við á.

Umsókn um aðild skulu fylgja eftirtalin gögn:

- a. Eintak af lögum félagsins.
- b. Félagsmannatal þar sem tilgreint er fullt nafn, kennitala, heimilisfang og vinnustaður hvers félagsmanns.
- c. Nöfn stjórnar- og varastjórnarmanna, svo og þær upplýsingar aðrar sem stjórn BSRB óskar eftir.

Stjórn BSRB tekur ákvörðun um inntöku stéttarfélaga. Leita skal staðfestingar aðalfundar sem skal studd með 2/3 greiddra atkvæða fundarins.

#### 5. gr.

##### Brottvikning úr BSRB

Þyki sannað að aðildarfélag hafi framið alvarlegt brot á lögum þessum eða vísvitandi valdið bandalaginu tjóni á annan hátt getur aðalfundur vikið viðkomandi félagi úr bandalaginu en til þess þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða.

Ákvörðun um brottvikningu skal leggja fyrir næsta þing BSRB til fullnaðarákvörðunar. Til að staðfesta brottvikningu þarf 2/3 greiddra atkvæða.

#### 6. gr.

##### Úrsögn úr BSRB

Tillaga um úrsögn úr BSRB skal rædd á lögmætum aðalfundi félags eða fulltrúáþingi landssambands og hennar getið í fundarboði.

Gera skal stjórn BSRB viðvart um tillöguna með minnst 4 vikna fyrirvara og skal fulltrúi stjórnar BSRB ávallt sitja fundi eða fulltrúáþingi aðildarfélaga þegar fjallað er um úrsögn úr bandalaginu.

Úrsagnartillaga skal afgreidd með allsherjaratkvæðagreiðslu, þó ekki fyrr en 4 vikum eftir aðalfund eða fulltrúafund. Samþykki a.m.k. 2/3 hluta fundarmanna á aðalfundi eða fulltrúáþingi þarf til þess að tillagan gangi áfram til allsherjar-atkvæðagreiðslu.

Úrsögn telst samþykkt ef a.m.k. helmingur félagsmanna er henni fylgjandi eða 2/3 hlutar þeirra sem þátt taka í allsherjaratkvæðagreiðslunni. Félagi telst hafa tekið þátt í allsherjaratkvæðagreiðslum er hann skilar kjörseðli.

Yfirkjörstjórn BSRB sér um atkvæðagreiðslu um úrsögn, sbr. 33. grein.

Úrsögn tekur gildi frá lokum þess árs er hún hlýtur samþykki og er viðkomandi félag skattskyldt fyrir það ár. Félag sem segir sig úr BSRB á ekki tilkall til sjóða eða annarra eigna bandalagsins.



### III. kafli – Réttindi og skyldur

#### 7. gr.

##### Starfsemi aðildarfélaga

Hvert aðildarfélag hefur fullt frelsi um mál sín, þó svo að eigi fari í bága við lög þessi eða samþykktir þings BSRB.

Aðildarfélög BSRB skulu hafa lýðræðislegan grundvöll við ákvörðunartöku og vinna í þágu samstöðu og lýðræðis, fylgja samþykktum BSRB og reglugerð um þjónustu félaga varðandi skrifstofuhald, sjálfstæði þeirra við kjarasamningsgerð og aðra þjónustupætti sem við á. Þá skulu félögin afhenda BSRB þær upplýsingar sem bandalagið þarfnast vegna hlutverks síns. BSRB skal halda skrá yfir félagsmenn aðildarfélaga sinna og stjórnir þeirra í samráði við félögin og með aðstoð þeirra.

#### 8. gr.

##### Sérdeild lífeyrispega

Aðildarfélög geta stofnað sérdeildir lífeyrispega og/eða eftirlifandi maka þeirra. Heimilt er að stofna félög þeirra lífeyrispega og/eða eftirlifandi maka sem verið hafa innan BSRB en eru ekki sérdeild aðildarfélags.

Deildir lífeyrispega samkvæmt 1. mgr. myndi með sér samband lífeyrispega sem njóti réttinda skv. þessari grein. Formaður Sambands lífeyrispega eða staðgengill hans sitji í formannaráði BSRB með málfrelsi og tillögurétti.

#### 9. gr.

##### Trúnaðarstörf fyrir BSRB

Enginn getur átt atkvæðisrétt eða kjörgengi til trúnaðarstarfa samkv. lögum þessum nema í einu aðildarfélagi BSRB.

Starfi maður samkvæmt kjarasamningum fleiri en eins stéttarfélags sem á aðild að BSRB skal hann gagnvart BSRB einungis teljast félagsmaður þess stéttarfélags sem samið hefur um stærstan hluta starfs hans.

Ef mörkin eru óljós eða starfið skiptist að jöfnu milli tveggja kjarasamninga ákveður starfsmaður sjálfur í hvoru stéttarfélaginu hann teljist félagsmaður gagnvart BSRB.

#### 10. gr.

##### Ágreiningsmál

Ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma í félagi og varða bandalagið, má skjóta til stjórnar þess. Úrskurður hennar skuldbindur aðila en áfrýja má honum til aðalfundar.

Sama gildir um ágreiningsmál er rísa kunna milli bandalagsfélaga og þeim tekst ekki að jafna.

#### 11. gr.

##### Allsherjaratkvæðagreiðsla í aðildarfélögum

Ef stjórn BSRB eða þing telja nauðsyn bera til að leita allsherjaratkvæðagreiðslu í aðildarfélögum, skal hún snúa sér til hlutaðeigandi félagsstjórnar sem þá er skylt að láta slíka atkvæðagreiðslu fara fram.

Kjörskrá við allsherjaratkvæðagreiðslu skal vera skrá BSRB yfir félaga í aðildarfélögum þess.

## **IV. kafli – Þing BSRB**

### **12. gr.**

#### **Hlutverk þings**

Þing BSRB fer með æðsta vald í öllum málum bandalagsins. Það skal taka til umfjöllunar þýðingarmikil málefni og móta stefnu BSRB.

Þing BSRB er lögmætt ef það er löglega boðað. Þingfundur er lögmætur þegar fullur helmingur þingfulltrúa er á fundi. Stjórn BSRB og starfsmenn bandalagsins eiga rétt til þingsetu með málfrelsi og tillögurétti en atkvæðisrétt hafa þeir ekki nema þeir séu kjörnir fulltrúar.

### **13. gr.**

#### **Þinghald**

Þing BSRB skal halda þriðja hvert ár og eigi síðar en í októbermánuði.

Stjórn bandalagsins skal kalla saman aukabing þegar henni þykir nauðsyn, eða ef meirihluti aðildarféлага eða félög sem telja meirihluta félagsmanna í bandalaginu krefjast þess skriflega.

### **14. gr.**

#### **Boðun þings**

Þing BSRB skal boða með tveggja mánaða fyrirvara bréflega. Aukabing má boða með styttri fyrirvara þó aldrei skemmri en þrjár vikur.

### **15. gr.**

#### **Afhending gagna fyrir þing**

Skýrslu stjórnar BSRB, sjálfstæðar tillögur eða mál, sem formannaráð, stjórn eða aðildarfélög óska að leggja fyrir þing, svo og dagskrá, skal senda félögum eigi síðar en þrem vikum fyrir þing. Tillögur einstakra þingfulltrúa eða breytingartillögur við fyrrgreind mál skulu lagðar fram á þinginu og fjalla skal um þær í þeirri þingnefnd sem málið tilheyrir.

### **16. gr.**

#### **Þingfulltrúar**

Aðildarfélögin hafa rétt og skyldur til að kjósa fulltrúa úr hópi fullgildra féлага sinna til setu á þingi BSRB eftir þessum reglum.

Á þingi BSRB skal hvert aðildarfélag eiga tvo fulltrúa fyrir félagafjölda upp að 120 og þá einn fulltrúa fyrir hverja 120 félagsmenn eða brot úr þeirri tölu. Kjósa skal jafnmarga til vara. Tala fulltrúa miðast við félagatölu eins og hún reynist 1. janúar það ár sem halda skal þing BSRB. Heimilt er þó að víkja frá þessari dagsetningu við sérstakar aðstæður. Kjörtímabil fulltrúa er þrjú ár, þ.e. milli aðalþinga nema annað sé ákveðið í lögum viðkomandi aðildarfélags. Aðildarfélög skulu gæta að jöfnu kynjahlutfalli við tilnefningu þingfulltrúa eins og kostur er og skal vera 40% af öðru kyni miðað við þann fjölda sem félagið tilnefnir.

Þrjár fulltrúar frá Sambandi lífeyrisþega ríkis og bæja (SLRB) eiga rétt til setu á þinginu með fullum réttindum.

Kjörbréf staðfest með undirskrift formanns og ritara aðildarfélags skal afhent í skrifstofu BSRB a.m.k. sex vikum áður en þing á að hefjast.

## 17. gr.

### Kjörbréfanefnd og nefndanefnd

Mánuði fyrir þingbyrjun skal stjórn bandalagsins skipa:

Þrjú menn í kjörbréfanefnd til að rannsaka kjörbréf og skal hún skila álitum á fyrsta þingfundi, sjö menn úr hópi kjörinna þingfulltrúa utan stjórnar bandalagsins í nefndanefnd er geri tillögu um fulltrúa í þingnefndir sem verði lagðar fram til afgreiðslu á fyrsta þingfundi.

## 18. gr.

### Dagskrá þings

Dagskrá reglulegs bandalagsþings skal vera:

1. Þingsetning
2. Kjörbréf lögð fram til úrskurðar
3. Kosning starfsmanna þingsins: a) forseta og tveggja varaforseta, b) tveggja þingritara og tveggja til vara, c) kosning þingnefnda skv. 17. gr. b-lið.
4. Lögð fram skýrsla stjórnar
5. Lagabreytingar
6. Tillögur, sem borist hafa, teknar til umræðu og vísað til nefnda
7. Umræður og afgreiðsla nefndarálita
8. Önnur mál
9. Kjör formanns BSRB, varaformanna og sex meðstjórnanda sem mynda stjórn BSRB ásamt varamönnum
10. Þingið ákveður dagskrá að öðru leyti

## 19. gr.

### Fundarsköp

Þingfundum skal stjórnað samkvæmt þingsköpum BSRB. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum í öllum málum, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

## V. kafli – Stjórnsýsla BSRB

### 20. gr.

#### Formannaráð BSRB

Formannaráð BSRB er skipað formönnum aðildarfélaganna bandalagsins hverju sinni. Formaður BSRB er formaður ráðsins og boðar hann fundi að lágmarki þrisvar sinnum á ári.

Boðað skal til funda með minnst þriggja vikna fyrirvara en heimilt er að stytta þann tíma við sérstakar aðstæður. Þá skal boðað til fundar ef 1/3 hluta ráðsins óskar þess. Fundur er lögmætur þegar meirihluti formannaráðsins er á fundi.

## 21. gr.

### Hlutverk formannaráðs BSRB

Formannaráð BSRB mótar stefnu og megináherslur BSRB í málum sem kunna koma upp milli þinga ásamt því að vera vettvangur samráðs aðildarfélaga bandalagsins. Það fylgir jafnframt eftir framkvæmd samþykktu þingsins og annarra mála sem vísað er til þess af þingi BSRB. Stjórn BSRB getur lagt ákvörðun um stefnumótun bandalagsins fyrir formannaráð.

## 22. gr.

### Stjórn BSRB

Stjórn BSRB skal skipuð níu einstaklingum, þ.e. formanni, 1. og 2. varaformanni og sex meðstjórnendum ásamt 4. varamönnum. Varamenn taka sæti í stjórn í forföllum stjórnarmanna. Kjósa skal formann, 1. og 2. varaformann hvern fyrir sig en meðstjórnendur sameiginlega á þingi BSRB. Varamenn skulu kosnir í þeirri röð er þeir taka sæti aðalmanns. Við skipun í stjórn skulu ekki vera fleiri en einn frá hverju aðildarfélagi bandalagsins.

Enginn er löglega kosinn nema hann fái helming greiddra atkvæða. Kjörgengir eru allir fullgildir félagar í BSRB.

Ef formaður eða varaformaður lætur af störfum á kjörtímabilinu kýs stjórn 2. varaformann úr sínum hópi.

## 23. gr.

### Hlutverk stjórnar BSRB

Stjórn BSRB stýrir starfsemi bandalagsins í samræmi við samþykktir BSRB ásamt stefnumörkun formannaráðs, þings og aðalfundar BSRB. Stjórnin hefur æðsta vald í málefnum BSRB milli þinga og aðalfunda og ber hverju aðildarfélagi að hlíta fyrir mælum hennar. Hvert félag hefur rétt til að skjóta ágreiningsmálum sínum við stjórn bandalagsins til þings BSRB, sem þá fellir fullnaðarúrskurð í málinu.

Stjórninni er heimilt að skipa nefndir til að sinna ákveðnum verkefnum.

## 24. gr.

### Formaður BSRB

Formaður BSRB boðar stjórnarfundi eigi sjaldnar en hálfsmánaðarlega. Stjórnarfund skal boða ef tveir stjórnarmenn óska og skal hann haldinn innan fimm daga frá því að ósk þess efnis er sett fram. Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund og ræður einfaldur meirihluti úrslitum mála á stjórnarfundum. Ef atkvæði eru jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum.

## 25. gr.

### Hlutverk formanns BSRB

Formaður hefur yfirumsjón með og leiðir starfsemi bandalagsins ásamt formannaráði og stjórn og gegnir öðrum venjulegum formannsstörfum. Formaður stýrir og boðar formannaráðs- og stjórnarfundi og ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana þings, formannaráðs og stjórnar bandalagsins.

Heimilt er formanni með samþykki stjórnar að fela varaformönnum að fara með einhvern hluta af störfum sínum. Fyrsti varaformaður gegnir störfum formanns í forföllum hans.

## 26. gr.

### Framkvæmdastjóri BSRB

Stjórn BSRB ræður framkvæmdastjóra bandalagsins. Hlutverk hans er að hafa á hendi alla daglega stjórnun bandalagsins, ráða starfsfólk skrifstofu BSRB og semja um kjör þeirra.

## 27. gr.

### Aðalfundur BSRB

Aðalfundur BSRB skal haldinn fyrir 1. júní ár hvert. Heimilt er að boða til aukafundar ef þörf krefur. Aðalfundur skal boða með þriggja vikna fyrirvara. Aukafundur má boða með skemmri fyrirvara. Sitji formenn hann sem fulltrúar fyrir fyrstu 400 félagsmenn aðildarfélags en félögin kjósi viðbótarfulltrúa fyrir hverja 400 félagsmenn aðildarfélags þar fram yfir eða brot úr þeirri tölu.

Starfsmenn BSRB hafa málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt nema þeir séu kjörnir fulltrúar á aðalfundinn.

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og ritara
2. Skýrsla stjórnar og reikningar BSRB
3. Framkvæmdaáætlun til næsta aðalfundar
4. Aðildarumsóknir
5. Ákvörðun aðildargjalds (félagsgjalds), þ.e. hlutfall heildarlauna og fast gjald fyrir hvern félagsmann sem tekur gildi frá og með næstu áramótum
6. Fjárhagsáætlun lögð fram til staðfestingar
7. Reglugerð um gæðaviðmið skv. 4. gr. laga BSRB
8. Kjör skoðunarmanna reikninga
9. Önnur mál

Bera skal einstaka dagskrárliði undir atkvæði fundarmanna til samþykkis eða synjunar.

## VI. kafli – Fjármál

### 28. gr.

#### Fjárhagsáætlun BSRB

Á aðalfundi BSRB sem halda skal fyrir 1. júní ár hvert, leggur stjórn bandalagsins fram fjárhagsáætlun aðalsjóðs fyrir komandi starfsár.

### 29. gr.

#### Aðildargjöld til BSRB

Hvert aðildarfélag greiði gjald til bandalagsins ákveðinn hundraðshluta af heildarlaunum félagsmanna sinna og fast gjald fyrir hvern félagsmann sem aðild á að bandalaginu. Aðildargjaldið skal ákveðið á aðalfundi BSRB, sbr. 5. tölul. 3. mgr. 27. gr. laga þessara. Heimilt er bandalagsstjórn í umboði félags að innheimta gjald þetta hjá launagreiðendum.

### **30. gr.**

#### **Innheimta aðildargjalda**

Innheimta félagsgjalda fari fram með rafrænum hætti í gegnum bókunar- og innheimtumiðstöð BSRB (BIBS).

### **31. gr.**

#### **Kostnaður vegna fulltrúastarfa fyrir BSRB**

Kostnaður við þinghald, aðalfundi, fundi stjórnar og aðra fundi sem boðað er til af stjórn BSRB greiðist af bandalaginu, þar með talinn ferðakostnaður fulltrúa búsettra utan þingstaðar og nágrennis. Stjórn BSRB hefur ákvörðunarvald um hvað telst til kostnaðar.

### **32. gr.**

#### **Endurskoðun ársreikninga**

Aðalfundur BSRB kýs tvo skoðunarmenn og tvo til vara. Skoðunarmenn hafa eftirlit með fjárreiðum bandalagsins milli aðalfunda og gera þær kannanir á bókhaldi sem þeir telja ástæðu til. Skýrslu um störf sín skulu þeir skila formanni stjórnar.

Endurskoðun ársreikninga skal lokið fyrir aðalfund ár hvert. Ef endurskoðun leiðir í ljós að verulegir gallar eru á bókhaldi eða eignavörslu skal tafarlaust gefa bandalagsstjórn skýrslu þar um og ber henni þá þegar að gera viðeigandi ráðstafanir.

## **VII. kafli – Önnur ákvæði**

### **33. gr.**

#### **Yfirkjörstjórn**

Þriggja manna yfirkjörstjórn og jafnmargir til vara skal skipuð af stjórn eftir hvert aðalþing. Skal hún hafa yfirumsjón með undirbúningi og framkvæmd atkvæðagreiðslu sem fram fer á vegum bandalagsins og ákveða fyrirkomulag hennar.

Yfirkjörstjórn staðfestir kjörskrá sem gerð er eftir félagatali bandalagsins með breytingum samkvæmt upplýsingum stjórnar bandalagsfélaganna.

Yfirkjörstjórn ákveður hverju sinni meðferð kjörgagna og fyrirkomulag á talningu atkvæða.

### **34. gr.**

#### **Lagabreytingar**

Lögum bandalagsins má aðeins breyta á aðalþingi. Skulu hafðar tvær umræður um lagabreytingar og telst breyting ekki samþykkt nema 2/3 atkvæða á þingfundi samþykki hana.

Tillögur til lagabreytinga skal senda félögum eigi síðar en þremur vikum fyrir þing, sbr. 15. gr.

### **35. gr.**

#### **Gildistaka og bráðabirgðaákvæði**

Þetta eru lög BSRB eftir breytingar á 44. þingi 28. – 30. október 2015. Samþykkt 29. október 2015 og öðlast þegar gildi. Ákvæði varðandi aðildargjald í 29. gr. laga þessara tekur gildi á

næsta aðalfundi BSRB sem haldinn verður fyrir 1. júní 2016 og kemur til framkvæmda 1. janúar 2017.

Þeir sem átt hafa einstaklingsaðild að BSRB við gildistöku laga BSRB sem tóku gildi 1. janúar 2013 geta haldið henni kjósi þeir svo, þar til þeir láta af störfum.

# Þingsköp BSRB

Þingsköp á þingum BSRB eru hluti af lögum bandalagsins. Í þeim er útlistað hvernig þing skulu fara fram, hlutverk forseta, hvernig atkvæðagreiðslur fara fram og fleira. Þingsköp bandalagsins eru hér á eftir.

## I. Þingsetning o.fl.

### 1. gr.

Formaður bandalagsins setur þing og stjórnar fundi þar til kosning þingforseta hefur farið fram.

### 2. gr.

Þegar að þingsetningu lokinni skilar kjörbréfanefnd (sbr. a lið 17.gr. laga BSRB) álit sínu. Formaður leitar atkvæða um kjörbréf. Þegar að lokinni samþykkt kjörbréfa fer fram kosning þingforseta.

Tekur hann þegar við störfum og lætur fram fara kosningu 1. og 2. varaforseta, tveggja ritara og tveggja vararitara. Dagskrárnefnd er skipuð þingforsetum.

## II. Verksvið forseta og umræður

### 3. gr.

Forseti stjórnar fundum. Vilji hann taka þátt í umræðum skal hann láta varaforseta taka við fundarstjórn á meðan. Rísi ágreiningur um þingsköp úrskurðar forseti.

### 4. gr.

Forseti skal gefa mönnum orðið í sömu röð og þeir hafa kvatt sér hljóðs. Ef fleiri en einn kveðja sér hljóðs samtímis úrskurðar forseti í hvaða röð þeir skulu taka til máls. Ræður skal flytja úr ræðustóli.

### 5. gr.

Engir aðrir en framsögumenn meiri- og minnihluta mega taka oftari en tvisvar til máls við sömu umræðu. Forseta er leyfilegt að takmarka ræðutíma með samþykki þingfundar.

### 6. gr.

Forseti gætir góðrar reglu á fundum.

Ef ræðumaður heldur sér ekki við umræðuefnið eða viðhefur ótilhlýðileg orð varðar það áminningu frá forseta sem þá hefur vald til að taka orðið af ræðumanninum.

### 7. gr.

Eigi má, nema með leyfi forseta, lesa upp prentað né skrifað mál annað en nefndarálit og tillögur.



### III. Tillögur og atkvæðagreiðsla

#### 8. gr.

Allar tillögur skal gera skriflega og afhenda forseta. Bera skal þær undir atkvæði í sömu röð og þær hafa verið lagðar fram, sbr. þó 12. gr. Séu fleiri en ein tillaga í sama máli skal þó fyrst bera upp þá tillöguna sem lengst gengur.

#### 9. gr.

Breytingartillögur skal bera upp á undan aðaltillögu. Breytingartillögu sem kollvarpar eða breytir aðaltilgangi annarrar tillögu má ekki taka til greina.

#### 10. gr.

Breytingartillögur um að fella úr, bæta í eða auka við tillögu skal bera upp þannig að lesa fyrst upp aðaltillögu óbreytta, því næst breytingarnar og loks aðaltillöguna eins og hún yrði með breytingunum.

#### 11. gr.

Forseti hefur heimild til að bera tillögu upp í tveimur eða fleiri liðum en þó því aðeins að hver liður sé sjálfstæður og að skiptingin geri tillöguna ekki óljósa.

#### 12. gr.

Forgangstillögur eru í þessari röð:

1. Tillaga um að ganga til atkvæða
2. Tillaga um að vísa máli frá
3. Tillaga um að taka fyrir næsta mál á dagskrá
4. Tillaga um að fresta máli
5. Tillaga um að vísa máli til annars valds
6. Tillögur undir 1. tölul. má ekki ræða

#### 13. gr.

Tillögu sem hefur verið felld má ekki bera upp aftur á sama þingfundi. Með samþykki minnst 2/3 hluta atkvæða má þó taka málið upp á ný síðar á þinginu.

#### 14. gr.

Heimilt er tillögumanni að taka aftur tillögu á hvaða stigi máls sem er en öðrum fulltrúum er heimilt að taka hana upp á ný.

#### 15. gr.

Atkvæðagreiðsla fer fram með handauppréttingu. Skrifleg atkvæðagreiðsla eða nafna-kall fer fram ef 1/10 fundarmanna samþykkir það.

## IV. Kosningar

### 16. gr.

Á hverju aðalþingi er skylt að kjósa eftirtaldar nefndir:

1. Starfskjaranefnd.
2. Allsherjarnefnd.
3. Kjörnefnd.
4. Aðrar nefndir samkvæmt ákvörðun þingsins. Stjórn BSRB gerir tillögu að fjölda fulltrúa í nefndum þingsins.

Tillögur nefndanefndar og kjörnefndar svipta ekki einstaka fundarmenn tillögurétti um menn í nefndir eða stjórn.

Kosning nefnda er bundin við tilnefningu og fer fram skriflega nema eigi séu fleiri tilnefndir en kjósa á en þá eru nefndarmenn sjálfkjörnir.

Auk kjörinna nefndarmanna hafa allir þingfulltrúar rétt til að koma á fundi nefndanna með málfrelsi og tillögurétti. Einstakar nefndir geta þó ákveðið lokaða fundi.

### 17. gr.

Sá sem fær flest atkvæði í nefnd eða er fyrst tilnefndur, ef nefnd er sjálfkjörin, kveður nefndina saman til fyrsta fundar og stjórnar þar kosningu formanns. Síðan fer fram kosning ritara og framsögumanns.

### 18. gr.

Þegar kosning er bundin má ekki kjósa aðra en þá sem tilnefndir hafa verið.

Ef meirihluta greiddra atkvæða þarf til að ná kosningu og það atkvæðamagn næst ekki í fyrstu umferð skal kosið að nýju um þá sem ekki náðu kosningu. Verði kosningu þá ekki heldur lokið skal kjósa um þá sem flest atkvæði fengu en ekki náðu kosningu í annarri umferð þannig að tveir séu í kjöri um hvert sæti.

Ef tveir eða fleiri fá jafnmörg atkvæði ræður hlutkesti úrslitum.

### 19. gr.

Atkvæðaseðill er ógildur ef á honum eru nöfn manna sem ekki eru í kjöri, eða ef ekki eru greidd atkvæði jafnmörgum mönnum og kjósa á.

Auður seðill telst til greiddra atkvæða.

### 20. gr.

Kosning formanns, 1. og 2. varaformanns, meðstjórnenda og varamanna fer fram samkv. 22. gr. laga BSRB.

Kjörnefnd annast undirbúning og framkvæmd kosningar í stjórn BSRB.

## V. Breyting þingskapa

### 21. gr.

Þingsköpum þessum má breyta á reglulegu þingi BSRB með 2/3 greiddra atkvæða.

Þannig eftir breytingar á 44. þingi BSRB 28. –30. október 2012. Samþykkt 29. október 2015.

## Starfsemi BSRB

Skipulagi BSRB var breytt nokkuð með lagabreytingum sem samþykktar voru á 44. þingi bandalagsins í október 2018.

Ákvæði um þing BSRB er óbreytt, það fer með æðsta vald í málefnum BSRB er haldið þriðja hvert ár líkt og áður. Þingfulltrúum hefur hins vegar verið fækkað og verða nú um 200 þingfulltrúar.

Ákvæði um aðalfund BSRB er að mestu óbreytt en breytingar urðu á dagskrá fundarins. Eftir sem áður skal aðalfundur haldinn fyrir júní, fjöldi fulltrúa aðildarfélaganna fer eftir félagafjölda (almennt um 50 manns), fundurinn staðfestir fjárhagsáætlun og ársreikningar bandalagsins eru bornir upp.

Nýtt ákvæði um formannaráð BSRB kom inn í lög bandalagsins á þinginu. Formannaráðið skipa formenn allra aðildarfélaganna, auk formanns BSRB. Ráðið fundar að lágmarki þrisvar á ári og mótar stefnu og megináherslur BSRB í málum sem koma upp milli þinga. Þá er ráðið vettvangur fyrir samráð aðildarfélaganna. Formannaráðið hefur einnig það hlutverk að fylgja eftir samþykktum þings BSRB, auk þess sem stjórn getur lagt ákvörðun um stefnumótun fyrir bandalagið í hendur ráðsins.

Breytt ákvæði um stjórn BSRB sem nú er skipuð níu stjórnarmönnum. Formaður BSRB, 1. varaformaður og 2. varaformaður eru sjálfkjörin í stjórn. Þá kaus þing BSRB sex stjórnarmenn til viðbótar, en aðeins einn stjórnarmaður má vera úr hverju aðildarfélagi. Stjórnin kemur saman hálfsmánaðarlega og fer með stjórn bandalagsins milli þinga og aðalfunda.

Ákvæði um stöðu formanns var breytt. Formaður BSRB hefur nú yfirumsjón með starfsemi bandalagsins og leiðir það. Þá var sett inn nýtt ákvæði um framkvæmdastjóra sem fer með daglega stjórnun.

## Formannaráð BSRB

Formannaráð BSRB er skipað formönnum aðildarfélaganna bandalagsins hverju sinni og er formaður BSRB jafnframt formaður ráðsins. Formannaráðið varð til með lagabreytingu á 44. þingi BSRB haustið 2015. Ráðið fundar að meðaltali þrisvar á ári en hægt er að boða til aukafundar ef þurfa þykir. Frá 44. þingi bandalagsins hefur ráðið fundað alls níu sinnum.

Fyrsti fundur formannaráðs BSRB fór fram þann 24. febrúar 2016. Á fundinum var farið yfir starf BSRB á 44. þingi bandalagsins, ný lög BSRB og hlutverk Formannaráðsins. Einnig var fjallað um undirbúning að nýju íslensku kjarasamningalíkani, stöðu húsnæðismála og frumvörp félags- og húsnæðismálaráðherra sem þá voru til umfjöllunar á Alþingi.

Boðað var til aukafundar í formannaráðinu 19. ágúst 2016 til að ræða stöðuna í viðræðum bandalaga opinberra starfsmanna við ríki og sveitarfélög um breytingar á lífeyrismálum opinberra starfsmanna. Á fundinum var farið yfir það sem gerst hafði frá síðasta fundi ráðsins, 24. febrúar 2016 og tekin afstaða til þess hvort halda ætti vinnunni áfram. Mikil umræða varð um tillögu að samkomulagi sem var til umræðu, einkum um breytta ávinnslu réttinda, fjármögnun skuldbindinga vegna núverandi sjóðfélaga, bakábyrgð og jöfnun launa milli almenna og opinberra markaðarins.

Dagana 7. og 8. september 2016 fór fram vinnufundur formannaráðs í Reykjanesbæ. Á fundinum var umræðum um viðræður við ríki og sveitarfélög um samkomulag vegna lífeyrismála opinberra starfsmanna haldið áfram. Fyrir fundinum lágu lokadrög að samkomulagi sem rædd voru í þaula. Umræðurnar stóðu allan fundartímamann fyrri fundardaginn og fram á þann síðari. Drögin voru yfirfarin lið fyrir lið með aðstoð sérfræðinga bandalagsins. Ekki tókst að ná samhljóða niðurstöðu og þurft því að grípa til atkvæðagreiðslu. Alls greiddu formenn 22 félaga atkvæði með því að fela formanni BSRB að undirrita samkomulagið, en formenn fjögurra félaga greiddu atkvæði gegn því. Formenn félaganna fjögurra skýrðu afstöðu sína í bókunum.



Mynd 8 - Formannaráð BSRB fundaði í Reykjanesbæ í september 2016.

Að lokinni umfjöllun um lífeyrismálin var fjallað um stöðuna í vinnu vegna nýs kjarasamningslíkans að norrænni fyrirmynd, Salek. Á fundinum var farið yfir starf fjögurra af starfsnefndum bandalagsins; réttindanefndar, nefndar um velferðarmál, nefndar um fjölskylduvænna samfélag og jafnréttismál og nefndar um mennta- og fræðslumál. Þá var fjallað um kynningaráætlun bandalagsins, innra starf aðildarféлага og fleira.

Formannaráð BSRB fundaði næst 24. nóvember 2016. Eins og á fyrri fundum ráðsins var fjallað talsvert um lífeyrismál. Formaður BSRB sagði frá því hvernig samkomulag sem gert var við ríki og sveitarfélög var svikið að hluta. Þá var farið yfir lögfræðiálit þar sem fjallað var um heimild formanns bandalagsins til að undirrita samkomulagið. Niðurstaða álitsins var sú að formanni bandalagsins hafi verið skylt að fara að niðurstöðu formannaráðsins og undirrita samkomulagið fyrir hönd BSRB. Bryndís Hlökkversdóttir ríkissáttasemjari kom á fundinn og kynnti skýrslu Dr. Steinar Holden um nýtt kjarasamningslíkan. Þá fóru formenn starfsnefnda BSRB yfir starfsemi sinna nefnda og kynningarfulltrúi fór yfir nýja kynningaráætlun fyrir árið 2017.

Næsti fundur formannaráðsins var haldinn 17. mars 2017. Enn voru lífeyrismálin til umfjöllunar og var farið yfir vinnu við breytingar á samþykktum lífeyrissjóðanna vegna breytinga á lögum sem tóku gildi 1. júní 2017. Formenn voru einnig upplýstir um þá ákvörðun stjórnar bandalagsins að láta vinna lögfræðiálit um lögmati lagasetningarinnar í lífeyrismálunum ásamt Bandalagi háskólamanna og Kennarasambandi Íslands. Að lokinni umræðu um lífeyrismál var fjallað um vinnu við útreikninga á launaskriðstryggingu í samræmi við rammisamkomulagið frá 27. október 2015. Þá var fjallað um endurskoðunarákvæði kjarasamninga í kjölfar ákvörðunar Alþýðusambands Íslands að nýta ekki endurskoðunarákvæði í kjarasamningum á almenna vinnumarkaðinum. Vigdís Jónsdóttir framkvæmdastjóri Virk starfsendurhæfingarsjóðs kom á fundinn og fjallaði um verkefni sjóðsins, þróun örorku í alþjóðlegu samhengi og fleira.

Rúnar Vilhjálmsson, prófessor í félagsfræði við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands, hélt erindi á fundi formannaráðs BSRB þann 15. september 2017. Þar fjallaði hann um niðurstöður rannsókna á ólíkum rekstrarformum í heilbrigðisþjónustunni. Rúnar sagði meðal annars frá því

hvernig íslenska heilbrigðiskerfið hefur fjarlægst kjörmynd félagslegs heilbrigðiskerfis á undanförunum árum einkum vegna aukins einkarekstrar og einkafjármögnunar. Í erindi sínu fjallaði Rúnar einnig um rannsóknir sínar á afstöðu Íslendinga til einkavæðingar í heilbrigðiskerfinu, sem BSRB hefur stutt. Niðurstöður endurtekinna rannsókna hans sýna að almenningur styður í vaxandi mæli við félagslegt heilbrigðiskerfi sem er fjármagnað af ríkinu og fyrst og fremst rekið af hinu opinbera. Þá sagði hann að greina mætti vaxandi bil milli viðhorfa almennings og þróunar heilbrigðiskerfisins.

Fjallað var um nýja persónuverndarlöggjöf á fundi formannaráðsins þann 24. nóvember 2017. Vigdís Eva Líndal, skrifstofustjóri upplýsingaöryggis hjá Persónuvernd, kynnti helstu breytingar sem verða á lögum um persónuvernd með nýrri reglugerð Evrópusambandsins. Þegar þær breytingar sem þar er að finna verða komnar inn í íslensk lög þurfa fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök að aðlaga starfsemi sína að þeim. Björn Traustason, framkvæmdastjóri Bjargs íbúðafélags, kom einnig til fundarins og kynnti fyrir formannaráðinu stöðu félagsins og framtíðaráform. Félagið er rekið án hagnaðarsjónarmiða og áformar umfangsmikla uppbyggingu á leiguhúsnæði fyrir tekjulága félagi í aðildarfélögum ASÍ og BSRB. Björn ræddi fjármögnun uppbyggingarinnar og hönnunarferlið og fór yfir stöðu verkefna.

Fundur ráðsins í mars 2018 var sá síðasti fyrir aðalfund bandalagsins. Einar Gylfi Jónsson sálfræðingur var gestur fundarins og fjallaði um #metoo byltinguna. Hann brýndi fyrir formönnum aðildarfélaga að meðtaka þá umræðu sem konur hafi komið af stað og bregðast við henni. Fundurinn ályktaði í kjölfarið um næstu skref í tengslum við #metoo. Á fundinum var einnig fjallað um álit lögmanna vegna breytinga á lögum um lífeyrismál opinberra starfsmanna, samtal forystu BSRB við ríkisstjórnina auk þess sem farið var yfir undirbúning skrifstofu fyrir þing bandalagsins sem fara mun fram dagana 17. til 19. október 2018.

Síðasti fundur formannaráðs BSRB fyrir 45. þing bandalagsins fór fram 20. september, eftir að þessi skýrsla fór í prentun.

## Formannaráðið skipa eftirtaldir fulltrúar

- **Arna Jakobína Björnsdóttir** – Kjölur, stéttarfélag starfsmanna í almannáþjónustu
- **Árni Stefán Jónsson** – SFR – stéttarfélag í almannáþjónustu
- **Ásbjörn Sigurðsson** – FOSS – stéttarfélag í almannáþjónustu
- **Birna Friðfinnsdóttir** – Tollvarðafélags Íslands
- **Björgúlfur Halldórsson** – Starfsmannafélag Fjarðabyggðar
- **Edda Davíðsdóttir** – Starfsmannafélag Mosfellsbæjar
- **Elín Björg Jónsdóttir** – formaður BSRB
- **Elín Bríndís Einarsdóttir** – SLRB -Samband lífeyrisþega ríkis og bæja
- **Garðar Hilmarsson** – Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar
- **Guðbjörn Arngrímsson** – Starfsmannafélag Fjallabyggðar
- **Gunnar Magnússon** – Starfsmannafélag Ríkisútvarpsins
- **Hálfván Bjarki Hálfvánsson** – Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum
- **Helga Hafsteinsdóttir** – Starfsmannafélag Dala- og Snæfellsnessýslu
- **Helga Þuríður Árnadóttir** – Starfsmannafélag Húsavíkur
- **Jón Ingi Cæsarsson** – Póstmannafélag Íslands
- **Karl Rúnar Þórsson** – Starfsmannafélag Hafnarfjarðar
- **Kristján Hilmarsson** – Starfsmannafélag Garðabæjar
- **Kári Örn Óskarsson** – Félag íslenskra flugumferðarstjóra
- **Magnús Smári Smáráson** – Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna
- **Ragnar Sigurðsson** – Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi
- **Rita Arnfjörð Sigurgarðsdóttir** – Starfsmannafélag Kópavogs
- **Sandra Bryndísardóttir Franks** – Sjúkrliðafélag Íslands
- **Snorri Magnússon** – Landssamband lögreglumanna
- **Stefán B. Ólafsson** – Starfsmannafélag Suðurnesja
- **Unnar Örn Ólafsson** – Félag flugmálastarfsmanna ríkisins
- **Unnur Sigmarisdóttir** – Starfsmannafélag Vestmannaeyjabæjar

Talsverð endurnýjun hefur verið í hópi formanna aðildarfélaganna BSRB frá 44. þingi bandalagsins. Alls hafa tíu formenn látið af störfum fyrir félög sín og nýtt fólk tekið við í þeirra stað.

- Helga Þuríður Árnadóttir tók við af **Stefáni Stefánssyni** sem formaður Starfsmannafélags Húsavíkur á aðalfundi félagsins snemma í desember 2015.
- Á aðalfundi Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna sem fram fór í lok apríl 2016 var nýr formaður félagsins kosinn. Stefán Pétursson náði kjöri eftir að hafa boðið sig fram gegn sitjandi formanni félagsins, **Sverri Birni Björnssyni**.
- **Halla Reynisdóttir** gaf ekki kost á sér til endurkjörs fyrir aðalfund Póstmannafélags Íslands þann 24. apríl 2017. Jón Ingi Cæsarsson er nýr formaður félagsins.
- **Gylfi Guðmundsson** hætti sem formaður Félags opinberra starfsmanna á Vestfjörðum á aðalfundi félagsins vorið 2018. Nýr formaður félagsins er Hálfván Bjarki Hálfvánsson.
- **Helgi Birkir Þórisson** lét af störfum sem formaður Félags flugmálastarfsmanna ríkisins í apríl 2018. Í hans stað kusu félagsmenn Unnar Örn Ólafsson.
- **Jófríður Hanna Sigfúsdóttir** lét af embætti formanns Starfsmannafélags Kópavogs í apríl 2018. Rita Arnfjörð Sigurgarðsdóttir var kjörin formaður í hennar stað.
- **Kristín Á. Guðmundsdóttir** hætti sem formaður Sjúkraliðafélags Íslands í apríl 2018 og var Sandra Bryndísardóttir Franks kjörin formaður félagsins.
- **Sigurjón Jónasson** hætti sem formaður Félags íslenskra flugumferðarstjóra í apríl 2018. Nýr formaður er Kári Örn Óskarsson.
- **Ársæll Ársælsson** hætti sem formaður Tollvarðafélags Íslands 1. júní 2018 eftir að hann tók við nýju starfi sem ekki samræmdest stöðu hans sem formaður félagsins. Birna Friðfinnsdóttir, sem var varaformaður félagsins, tók við stöðu formanns.
- **Stefán Pétursson** sagði af sér formennsku í Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna á opnum félagsfundum landssambandsins. Magnús Smári Smáráson varaformaður mun gegna embætti formanns fram að næsta þingi.

## Stjórn BSRB

Stjórn BSRB var kosin á 44. þingi bandalagsins en hún er skipuð formanni BSRB, 1. varformanni, 2. varaformanni auk sex meðstjórnenda ásamt fjórum varamönnum. Stjórn fundar að jafnaði aðra hverja viku nema yfir há sumarið. Engar breytingar hafa orðið á stjórn BSRB frá því hún var kjörin á 44. þingi bandalagsins.

Stjórn BSRB stýrir starfsemi bandalagsins í samræmi við samþykktir BSRB ásamt stefnumörkun formannaráðs, þings og aðalfundar BSRB. Frá 44. þingi bandalagsins hefur stjórnin komið saman á alls 53 fundum.

Á fundum stjórnar BSRB er farið yfir öll stærri mál sem koma inn á borð bandalagsins. Frá 44. þingi BSRB hefur stjórnin til að mynda fjallað um fjárhags- og framkvæmdaáætlanir



Mynd 9 - Stjórn BSRB fundar að jafnaði 20 sinnum á ári.

bandalagsins, undirbúið aðalfundi og þing, rætt kjaraviðræður og stöðuna á vinnumarkaði ásamt lífeyrismálum. Þá hefur stjórnin unnið að stofnun Bjargs íbúðafélags, breytingum á kjarasamningslíkani, svo eitthvað sé nefnt.

Fundargerðir stjórnar BSRB eru sendar aðildarfélögum bandalagsins. Þar er hægt að kynna sér nákvæmlega umfjöllun og afgreiðslu stjórnarinnar á einstökum málum frá 44. þingi bandalagsins.

## Stjórn BSRB árin 2015-2018 skipa eftirtaldir einstaklingar

- Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB
- Árni Stefán Jónsson, 1. varaformaður BSRB
- Garðar Hilmarsson, 2. varaformaður BSRB
- Arna Jakobína Björnsdóttir
- Halla Reynisdóttir
- Helga Hafsteinsdóttir
- Karl Rúnar Þórisson
- Kristín Á. Guðmundsdóttir
- Snorri Magnússon

### Varamenn eru eftirtaldir

- Þórveig Þormóðsdóttir
- Ásbjörn Sigurðsson
- Arna Ómarsdóttir
- Sverrir Björn Björnsson

## Skrifstofa BSRB

Starfsmenn á skrifstofu BSRB hafa það hlutverk að fylgja eftir þeirri stefnu sem bandalaginu hefur verið mótuð. Bandalagið heldur utan um réttindi starfsmanna á opinberum vinnumarkaði og þeirra sem starfa hjá opinberum fyrirtækjum sem rekin eru í almannatjónu og stendur vörð um réttindi og skyldur félagsmanna aðildarfélaganna bandalagsins.

Starfsmenn BSRB undirbúa mál fyrir stjórnarfundum og aðra fundi sem haldnir eru, halda námskeið og kenna á trúnaðarmannanámskeiðum. Þá koma þeir með erindi og kynningar um einstök mál á fundum sem haldnir eru af aðildarfélögum.

BSRB veitir aðildarfélögum sínum þjónustu á fjölmörgum sviðum, til dæmis varðandi lög- og hagfræðileg efni. Þá sinnir bandalagið fræðslu og upplýsingagjöf og sér um samskipti við stjórnvöld, heildarsamtök og erlenda aðila.

Frá síðasta þingi bandalagsins hafa starfsmenn BSRB unnið úr, veitt ráðgjöf og svarað miklum fjölda lögfræðilegra fyrirspurna auk þess að aðstoða aðildarfélögin við að tryggja að réttindi félagsmanna þeirra séu virt. Þegar upp koma álitamál varða þau flest breytingar á störfum, áminningar, uppsagnir og veikindarétt starfsmanna.



Mynd 10- Hlutverk skrifstofu BSRB er að fylgja eftir stefnu bandalagsins og leiða hagsmuna- og réttindabaráttu starfsmanna í almannatjónu.



Bandalagið sendir ársfjórðungslega upplýsingar um launaþróun til aðildarfélaganna. Þá sér skrifstofa BSRB einnig um skil iðgjalda til aðildarféлага bandalagsins í gegnum BIBS og hefur verið unnið að því að gera þau skil rafræn að öllu leyti.

BSRB hefur gert þjónustusamning við Rekstrarfélag um starfsendurhæfingu og þjónustar rekstrarfélagið varðandi bókhald, greiðslu launa og fleira sem við kemur daglegum rekstri. Þá er BSRB einnig með þjónustusamning við Félagamiðstöðina að Grettisgötu 89 sem sér um öll mál sem varða húsnæðið. Framkvæmdastjóri BSRB er jafnframt formaður stjórnar Félagamiðstöðvarinnar og sér um öll starfsmannamál hennar.

Útleiga á Birkihlíð, eina sumarhúsi bandalagsins, fer fram í gegnum skrifstofuna. Félagsmönnum aðildarféлага bandalagsins stendur til boða að leigja húsið og er það gjarnan nýtt þegar önnur hús félaganna eru fullbókuð.

## Starfsfólk BSRB

Starfsmenn á skrifstofu BSRB eru tíu talsins og sinna þeir fjölbreyttum verkefnum hver á sínu verksviði.

- Ásthildur Torfadóttir afgreiðslufulltrúi
- Björg Geirsdóttir fulltrúi
- Brjánn Jónasson kynningarfulltrúi
- Elín Björg Jónsdóttir formaður
- Helga Jónsdóttir framkvæmdastjóri
- Hrannar Már Gunnarsson lögfræðingur
- Jóhanna Þorgilsdóttir fulltrúi
- Kristinn Bjarnason hagfræðingur
- Sonja Ýr Þorbergsdóttir lögfræðingur
- Sólveig Jónasdóttir fjármálastjóri

Frá 44. þingi BSRB hafa orðið tvær breytingar á starfsmannamálum. Ágúst Bogason lét af störfum sem upplýsingafulltrúi í byrjun árs 2016 og var Brjánn Jónasson ráðinn í hans stað. Dalla Ólafsdóttir lét af störfum lögfræðings í júní 2018 og var Hrannar Már Gunnarsson ráðinn til starfa haustið 2018.

## Aðalfundir BSRB

Aðalfundir BSRB eru haldnir árlega og skal halda þá fyrir lok maí. Á aðalfundum er farið yfir skýrslu stjórnar fyrir árið, ársreikningar ræddir og samþykktir og fjallað um stór mál sem bandalagið hefur sinnt síðasta árið.

### Aðalfundur 2016

Aðalfundur BSRB fór fram þann 26. maí 2016. Þar var farið yfir starfsemi bandalagsins frá þingi þess í lok október 2015 fram að aðalfundinum.

Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, bauð fundargesti velkomna og fór í stuttu máli yfir starfsemina á 44. þingi bandalagsins. Hún minntist sérstaklega á góða vinnu í málefnaþópum þingsins sem fjölluðu um starfsumhverfi starfsmanna í almannaðjónustunni, atvinnumál, velferðarmál, fjölskylduvænna samfélag og stöðu verkalýðshreyfingarinnar, BSRB og aðildarfélaganna 2030. Á þinginu var jafnframt fjallað um nokkur af þeim málum sem bandalagið vinnur að, svo sem lífeyrismálin, Salek og rammisamkomulagið.

Á þinginu var samþykkt ný stefna bandalagsins sem starfað hefur verið eftir síðan. Elín kom inn á hversu gagnlegt væri að hafa skýra stefnu til að starfa eftir og nefndi dæmi um hvernig stefnunni hafi verið fylgt eftir. Hún nefndi annars vegar heilbrigðismálin, þar sem BSRB hafi barist gegn einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu, mótmælt gjaldskrárhækkunum og beitt sér gegn aukinni kostnaðarþátttöku sjúklinga. Hins vegar minntist hún stuttlega á tilraunaverkefni BSRB



Mynd 11 - Á aðalfundi BSRB árið 2016 var farið yfir stöðuna í lífeyrismálinu og Salek-samkomulagið.

og Reykjavíkurborgar um styttingu vinnuvikunnar og áformað tilraunaverkefni BSRB og ríkisins.

Að loknu ávarpi formanns bandalagsins fór Árni Stefán Jónsson, 1. varaformaður BSRB, yfir stöðuna í viðræðum við ríki og sveitarfélög um framtíðarskipan lífeyrismála sem hófust fyrir alvöru árið 2010. Hann sagði það skýra kröfu að samhliða slíkri breytingu verði viðsemjendur opinberra starfsmanna að hækka laun þeirra svo þau verði sambærileg launum á almenna markaðinum. Talsverð umræða skapaðist um lífeyrismálin á fundinum þar sem fundargestir skiptust á skoðunum um hvernig best væri að halda málinu áfram.

Eftir að umræðum um lífeyrismálin var lokið fór Elín Björg yfir stöðu mála í Salek-samkomulaginu og rammisamkomulagi. Hún fjallaði um helstu stoðir rammisamkomulagsins, framtíðarsýnina og áframhaldandi vinnu við íslenska samningalíkanið. Þá greindi hún frá vinnu Dr. Steinar Holden, sem fenginn var til að taka út íslenska vinnumarkaðslíkanið. Að lokinni kynningu svaraði hún spurningum fundarmanna.

Að umræðum loknum tóku við hefðbundin aðalfundarstörf. Elín Björg fór yfir skýrslu stjórnar frá 44. þingi bandalagsins, breytingar á skipulagi bandalagsins og starfi skrifstofunnar í stórum dráttum. Sólveig Jónasdóttir, fjármálastjóri BSRB, fór yfir reikninga Aðalsjóðs BSRB, reikninga Eignasjóðs orlofsheimila BSRB og reikninga Átaks- og vinnudeilusjóðs. Engar athugasemdir voru gerðar við skýrslu stjórnar og reikninga og hvorutveggja samþykkt samhljóða. Sólveig fór einnig yfir fjárhagsáætlanir Aðalsjóðs BSRB og Eignasjóðs orlofsheimila fyrir árið 2016 og voru báðar áætlanirnar samþykktar samhljóða.

Helga Jónsdóttir, framkvæmdastjóri BSRB, kynnti því næst hvernig unnið hafði verið úr framkvæmdaáætlun bandalagsins frá þinginu og megináherslur á næsta starfsári. Framkvæmdaáætlun fyrir næsta ár var lesin upp og samþykkt.

## Aðalfundur 2017

Aðalfundur BSRB fór fram þann 17. maí 2017. Á fundinum var farið yfir starfsemi bandalagsins frá aðalfundi þann 26. maí 2016.

Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, setti fundinn og bauð fundargesti velkomna. Í ávarpi sínu fór hún yfir ýmis mál sem bandalagið hefur tekist á við frá síðasta fundi. Hún fjallaði meðal annars um samræmingu lífeyriskerfa, Salek, stofnun Bjargs íbúðafélags, átak í fæðingarorlofsmálum, styttingu vinnuvikunnar og fleira.

Í ávarpinu fór Elín Björg vel yfir þær breytingar sem gerðar voru á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna. Það reyndist erfitt að ná lendingu í því máli og tókst ekki að ná samstöðu milli aðildarfélaga BSRB um hvort gera ætti samkomulag við ríki og sveitarfélög um jöfnun lífeyrisréttinda. Ljóst var að ekki væri hægt að halda óbreyttu kerfi enda stóðu opinberu lífeyrissjóðirnir ekki undir framtíðarskuldbindingum sínum. BSRB tók þátt í samráði sem lauk með undirritun samkomulags til að geta komið að vinnu við jöfnun lífeyrisréttinda og gætt þar hagsmuna allra félagsmanna aðildarfélaga bandalagsins.

Elín Björg ræddi einnig um framtíð íslenska heilbrigðiskerfisins og baráttu bandalagsins gegn aukinni einkavæðingu. BSRB hefur átt gott samstarf við Rúnar Vilhjálmsson, prófessor í félagsfræði við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands og hefur stutt við rannsóknir hans á afstöðu fólks til ólíkra rekstrarforma í heilbrigðisþjónustunni.

Að lokum minntist Elín Björg á mikilvægi tilraunaverkefna um styttingu vinnuvikunnar hjá bæði Reykjavíkurborg og ríki. Tilraunaverkefni borgarinnar fór mun fyrr af stað og sagði Elín fyrstu niðurstöður lofa afar góðu um þetta mikilvæga verkefni.

Eftir ávarp formanns hófust hefðbundin aðalfundarstörf. Elín Björg fór yfir skýrslu stjórnar frá síðasta aðalfundi. Sólveig Jónasdóttir, fjármálastjóri BSRB, fór yfir reikninga Aðalsjóðs BSRB, reikninga Eignasjóðs orlofsheimila BSRB og reikninga Átaks- og vinnudeilusjóðs BSRB. Fundarmenn gerðu engar athugasemdir við skýrslu stjórnar eða reikninga og var hvorutveggja samþykkt samhljóða. Þá fór Sólveig yfir fjárhagsáætlanir Aðalsjóðs og Eignasjóðs orlofsheimila fyrir árið 2017 og voru báðar áætlanirnar samþykktar samhljóða.

Eftir yfirferð yfir reikninga og fjárhagsáætlanir kynnti Helga Jónsdóttir, framkvæmdastjóri BSRB, hvernig unnið hefur verið að framkvæmdaáætlun bandalagsins. Áætlunin var unnin í starfsnefndum bandalagsins og samþykkt í stjórn. Þar eru verkefni skilgreind og tímasett ásamt því sem hugað hefur verið að áherslum fyrir næsta þing bandalagsins.

## Aðalfundur 2018

Aðalfundur BSRB fór fram 24. maí 2018 og var farið yfir starfsemi bandalagsins frá aðalfundinum 2017.

Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, setti fundinn og bauð gesti velkomna. Hún minntist á breytingar í hópi formanna aðildarfélaga bandalagsins og bauð fimm nýja formenn aðildarfélaga velkomna, og þakkaði forverum þeirra fyrir gott starf.

Í ávarpi sínu ræddi Elín Björg breytingarnar innan verkalyðshreyfingarinnar og um mikilvægi samstöðu launafólks. Hún benti á tengsl samstöðunnar og þess að ná fram félagslegum stöðugleika, sem sé grunnforsenda þess að stöðugleiki ríki á vinnumarkaði.

Elín Björg ræddi einnig um viðræður BSRB og annarra fulltrúa heildarsamtaka launafólks við stjórnvöld frá því ný ríkisstjórn tók við völdum í lok árs 2017. Hún sagði samtalið gefa möguleika á að eiga góð samskipti við stjórnvöld til að koma sjónarmiðum á framfæri og hafa áhrif á þróunina.

Eftir ávarp formanns var fundurinn settur og fundarstjóri og ritari kjörnir. Að því loknu fór Elín Björg yfir skýrslu stjórnar frá síðasta aðalfundi. Þá fór Sólveig Jónasdóttir, fjármálastjóri BSRB, yfir reikninga Aðalsjóðs BSRB, reikninga Eignasjóðs orlofsheimila BSRB og reikninga Átaks- og vinnudeilusjóðs BSRB. Engar athugasemdir voru gerðar við skýrslu stjórnar eða reikninga og samþykkti fundurinn bæði samhljóða.

Katrín Ólafsdóttir, lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík, var fengin til að flytja erindi á aðalfundinum um stöðu og horfur efnahagsmála, launaþróun og kynjamun. Katrín sagði hagvöxt á Íslandi heilbrigðan og að styrking krónu hafi skilað sér í lægri verðbólgu. Hún sló á

áhyggjur fundargesta af þróun efnahagsmála og sagði að þó eflaust muni koma niðursveifla séu aðstæður í hagkerfinu allt aðrar en þær hafi verið haustið 2008 og því ekki von á viðlíka hruni hér á landi aftur.

Helga Jónsdóttir, framkvæmdastjóri BSRB, leiddi umræðu um ákvörðun aðildargjalds og var tillaga stjórnar samþykkt samhljóða. Helga fór að því loknu yfir framkvæmdaáætlun bandalagsins. Fundurinn samþykkti að láta áætlun frá síðasta aðalfundi gilda fram til þings bandalagsins, sem haldið verður 17. til 19. október. Að því loknu gerðu formenn starfsnefnda BSRB grein fyrir starfi nefndanna.

## **Framkvæmdaáætlun BSRB**

Á hverju ári er unnin framkvæmdaáætlun fyrir starf bandalagsins. Áætlunin er lögð fyrir aðalfund og borin upp til samþykktar í samræmi við lög BSRB og gildir til næsta aðalfundar bandalagsins að ári liðnu.

Í framkvæmdaáætlun er verkefnum sem verða á oddinum næsta árið lýst og er markmiðið að tryggja að þeirri stefnu sem mótuð er á þingum bandalagsins sé fylgt eftir með skipulegum hætti. Áætlunin er stjórnþæki stjórnar bandalagsins og fastanefndanna fimm sem starfa á milli þinga.

Vægi framkvæmdaáætlunarinnar var aukið í febrúar 2017 þegar byrjað var að raða málum sem unnið er að í starfsnefndum og stjórn bandalagsins niður eftir forgangsröð. Þá var einnig sett niður nákvæmar en áður hafði verið gert hvenær vinna við ákveðin verkefni ætti að hefjast og hvenær væri stefnt að því að henni myndi ljúka.

Hver nefnd skilgreinir sjálf sín forgangsverkefni og stillir upp verkáætlun sem svo verður hluti af framkvæmdaáætluninni. Stjórn bandalagsins skilgreinir önnur forgangsverkefni og setur í verkáætlunina. Þá fer stjórnin einnig yfir áætlanir nefndanna og samræmir eftir þörfum. Það er einnig hlutverk stjórnarinnar að fylgja með framvindu þeirra mála sem fjallað er um í framkvæmdaáætluninni.

# Starfsnefndir BSRB

Ákveðið var á 44. þingi BSRB að fimm fastanefndir skyldu starfa fram að 45. þingi bandalagsins. Nefndirnar vinna út frá þeirri stefnu sem mótuð er á þingum BSRB og móta út frá stefnunni framkvæmdaáætlun hvers árs.

## Nefnd um fjölskylduvænna samfélag og jafnréttismál

Hlutverk nefndar um fjölskylduvænna samfélag og jafnréttismál er að fylgja eftir stefnu BSRB í jafnréttismálum sem var samþykkt á 44. þingi BSRB. Hlutverk nefndarinnar er einnig að vera leiðbeinandi fyrir stjórn BSRB um jafnréttismál. Nefndin leggur í störfum sínum áherslu á fjölskylduvænna samfélag, jafnréttismál almennt, kynbundinn launamun, styttingu vinnu- vikunnar, kynbundna og kynferðislega áreitni ásamt innleiðingu mismunatilskipana. Leiðarljós nefndarinnar er stefna bandalagsins ásamt ályktun 44. þings BSRB um fjölskylduvænna samfélag. Nánar er fjallað um starfsemi nefndarinnar í kafla um verkefni BSRB frá 44. þingi.

**Nefndarmenn:** Elín Björg Jónsdóttir BSRB formaður, Birna Kjartansdóttir FOSS, Helga Hafsteinsdóttir SDS, Kristín Ólafsdóttir SLFÍ, Sólveig Jónasdóttir SFR, Berglind Eyjólfsdóttir LL, Þorsteinn V. Einarsson St.Rv., Halla Reynisdóttir PFÍ, Sigurjón Jónasson FÍF, Hlöðver Sigurðsson STH, Þuríður Jóna Sveinsdóttir Kjölur og Ársæll Ársælsson TFÍ. Tengiliður nefndarinnar er Rita Arnfjörð St.Kóp. Sonja Ýr Þorbergsdóttir er starfsmaður nefndarinnar.

## Nefnd um mennta- og fræðslumál

Hlutverk mennta- og fræðslunefndar er að fylgja eftir stefnu BSRB í mennta- og fræðslumálum sem var samþykkt á 44. þingi BSRB. Hlutverk nefndarinnar er einnig að vera leiðbeinandi fyrir stjórn BSRB í mennta- og fræðslumálum svo sem vegna þróunar og skipulags framhaldsfræðslunnar, eflingu vinnustaðanáms og námstækifæra. Leiðarljós nefndarinnar er stefna BSRB í mennta- og fræðslumálum. Nánar er fjallað um starfsemi nefndarinnar í kafla um verkefni BSRB frá 44. þingi.

**Nefndarmenn:** Karl Rúnar Þórsson STH formaður, Kristín Erna Leifsdóttir FOSS, Birna Ólafsdóttir SLFÍ, Þórveig Þormóðsdóttir FSS, Ingibjörg Fjeldsted, St.Rv., Þórarinn Eyfjörð SFR og Rita Arnfjörð St.Kóp. Hrannar Már Gunnarsson er starfsmaður nefndarinnar.

## Nefnd um velferðarmál

Hlutverk velferðarnefndarinnar er að fylgja eftir stefnu BSRB í velferðarmálum, almannajónustu, heilbrigðismálum, almannatryggingum og húsnæðismálum sem var samþykkt á 44. þingi BSRB. Hlutverk nefndarinnar er einnig að vera leiðbeinandi fyrir stjórn BSRB um framangreinda málaflokka. Nefndin leggur í störfum sínum áherslu á rekstrarform í heilbrigðisþjónustu þar með talið einkavæðingu heilbrigðisþjónustunnar og rannsókn Rúnars Vilhjálmssonar fyrir BSRB. Leiðarljós nefndarinnar er stefnan ásamt ályktunum 44. þings BSRB um almannajónustuna og heilbrigðisþjónustu í kjölfar rannsóknar prófessors Rúnars Vilhjálmssonar á heilsu og lífsháttum Íslendinga. Nánar er fjallað um starfsemi nefndarinnar í kafla um verkefni BSRB frá 44. þingi.

**Nefndarmenn:** Kristín Á. Guðmundsdóttir SLFÍ formaður, Guðmunda Wíum SDS, Herdís Jóhannesdóttir St.Rv., Vésteinn Valgarðsson SFR, Marianna Dam Vang PFÍ, Kristín Sigurðardóttir Kjölur og Hafsteinn Ingibergsson STFS. Tengiliður nefndarinnar er Þórhildur Una Stefánsdóttir SLFÍ. Sonja Ýr Þorbergsdóttir er starfsmaður nefndarinnar.

## Nefnd um vinnumarkað, kjaramál og lífeyrismál

Hlutverk nefndar um vinnumarkað, kjaramál og lífeyrismál er að fylgja eftir stefnu BSRB í atvinnumálum, efnahags- og skattamálum, kjaramálum, lífeyrismálum og starfsumhverfi starfsfólks í almannajónustu sem var samþykkt á 44. þingi BSRB, 28 til 30. október 2015. Nánar er fjallað um starfsemi nefndarinnar í kafla um verkefni BSRB frá 44. þingi.

**Nefndarmenn:** Árni Stefán Jónsson SFR formaður, Guðbrandur Jónsson FSS, Kristjana Árnadóttir SDS, Árni Egilsson Kjölur, Jófríður Hanna Sigfúsdóttir St.Kóp., Ásbjörn Sigurðsson FOSS, Sverrir Björn Björnsson LSS, Jóna Jóhanna Sveinsdóttir SLFÍ, Guðmundur Freyr Sveinsson St.Rv., Ingvar Reynisson STH, Atli Bachmann PFÍ og Unnur Sigmarsdóttir STAVEY. Tengiliðir nefndarinnar eru Helga Hafsteinsdóttir SDS, Arna Jakobína Björnsdóttir Kjölur, Árný Erla Bjarnadóttir Foss og Torfi Friðfinnsson FOSS. Kristinn Bjarnason er starfsmaður nefndarinnar.

## Réttindanefnd

Réttindanefnd starfar samkvæmt stjórnarsamþykkt bandalagsins og er hlutverk nefndarinnar að taka til skoðunar erindi sem stjórn eða einstök aðildarfélög vísa til hennar og eru niðurstöður nefndarinnar ráðgefandi. Fulltrúar BSRB sem skipaðir eru í nefndir og ráð um réttindamál á vegum bandalagsins geta leitað liðsinnis réttindanefndar við vinnslu gagna og skal nefndin vera þeim til ráðgjafar sé eftir því leitað.

Nánar er fjallað um starfsemi nefndarinnar í kafla um réttindamál.

**Nefndarmenn:** Arna Jakobína Björnsdóttir Kjölur formaður, Stefanía Geirsdóttir FOSS, Jófríður Hanna Sigfúsdóttir St.Kóp., Halldór Gunnarsson St.Rv., Gunnar Örn Gunnarsson SLFÍ og Snorri Magnússon LL. Tengiliðir nefndarinnar eru Árni Stefán Jónsson SFR, Helga Hafsteinsdóttir SDS, Þórir Gunnarsson SFR, Halla Reynisdóttir PFÍ og Karl Rúnar Þórsson STH. Hrannar Már Gunnarsson er starfsmaður nefndarinnar.

# Ályktanir BSRB 2015 til 2018

## Ályktanir aðalfunda

Þrjú aðalfundir BSRB sem haldnir hafa verið frá 44. þingi BSRB hafa sent frá sér alls 10 ályktanir.

### Ályktun aðalfundar BSRB um stofnun íbúðafélags – 26. maí 2016

Aðalfundur BSRB fagnar því að stjórn bandalagsins skuli hafa ákveðið að BSRB verði stofnaðili að nýju íbúðafélagi ásamt Alþýðusambandi Íslands. Félaginu er ætlað að bjóða tekjulágum hópum íbúðir til leigu á viðráðanlegu verði. Öruggt húsnæði, hvort um er að ræða leiguhúsnæði eða séreign, er einn hornsteina almennrar velferðar. Það er því mikilvægt að tryggj sé að allir fái aðgengi að viðunandi húsnæði á viðráðanlegum kjörum til framtíðar.

Þá skorar aðalfundurinn á stjórnvöld að ljúka við þær lagabreytingar sem nauðsynlegar eru til að hægt sé að stofna íbúðafélag af þessu tagi. Þegar hefur orðið mikill dráttur á afgreiðslu húsnæðisfrumvarpa félags- og húsnæðismálaráðherra og brýnt að Alþingi samþykki frumvörpin strax.

### Ályktun aðalfundar BSRB um fimm ára fjármálaáætlun stjórnvalda – 26. maí 2016

Aðalfundur BSRB telur það mikil vonbrigði að stjórnvöld ætli sér ekki að forgangsraða fjármunum út frá velferðarsjónarmiðum í ríkisfjármálaáætlun til næstu fimm ára. Engin merki sjást um það í áætluninni að stjórnvöld ætli sér að tryggja bæði félagslegan og efnahagslegan stöðugleika á því tímabili sem áætlunin nær til.

Fundurinn skorar á stjórnvöld að endurskoða áherslur sínar og leggja fram aukið fjármagn í uppbyggingu velferðarkerfisins, sem hefur verið laskað með ótæpilegum niðurskurði síðustu ára. Í áætluninni er til dæmis ekki gert ráð fyrir því að álögur á sjúklinga verði lækkaðar með auknum framlögum úr sameiginlegum sjóðum.

### Ályktun aðalfundar BSRB um menntamál – 17. maí 2017

Aðalfundur BSRB varar eindregið við einkavæðingu náms á framhaldsskólastigi með sameiningu Fjölbautarskólans við Ármúla við Tækniskólann. Í Fjölbautarskólanum við Ármúla fer fram kennsla í greinum mikilvægra heilbrigðisstétta á borð við sjúkraliða, lækningaritara, heilbrigðisritara, lyfjatækna, heilsunuddara, tanntækna og fleiri sem starfa nær eingöngu hjá stofnunum ríkisins. Engin rök hníga að því að kennslu í þessum greinum sé best fyrir komið í skóla sem rekinn er af einkaaðilum.

Fundurinn kallar eftir því að unnið verði að stefnumótun vegna starfsnáms í víðara samhengi með samráði við hagsmunaaðila í stað þess að gera ómarkvissar breytingar sem virðast ekki byggja á skýrri sýn um eflingu öflugs starfsnáms. Aðalfundurinn varar við því að starfsnámi verði komið fyrir hjá einkaaðilum og að þeim verði látið eftir að móta stefnu í þessum mikilvægu námsgreinum.

### Ályktun aðalfundar BSRB um lífeyrismál – 17. maí 2017

Aðalfundur BSRB krefst þess að stjórnvöld standi að fullu við samkomulag um breytta skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna sem undirritað var þann 19. september 2016. Lög sem Alþingi setti fyrir áramót voru ekki í samræmi við skýrt orðalag samkomulagsins um að réttindi sjóðfélaga í A-deildum LSR og Brúar yrðu jafn verðmæt fyrir og eftir breytingarnar.

Í lögnum er hin óbeina bakábyrgð launagreiðenda á skuldbindingum sjóðfélaga undir 60 ára aldri afnumin án bóta. Það er skýr krafa aðalfundarins að staðið verði við samkomulagið og lögum breytt til að viðhalda óbeinu bakábyrgðinni fyrir þennan hóp eða bæta honum ella afnám hennar.

## Ályktun aðalfundar BSRB um heilbrigðismál – 17. maí 2017

Aðalfundur BSRB skorar á stjórnvöld að breyta forgangsröðun sinni og endurreisa þegar í stað heilbrigðiskerfið. Fara verður að þjóðarvilja með því að halda heilbrigðisþjónustunni í opinberum rekstri. Það er algerlega óásættanlegt að fjármunir sem ríkið ætlar til þjónustu við sjúklinga renni í vasa einkaaðila með arðgreiðslum úr einkareknum heilbrigðisfyrirtækjum. Markmiðið á að vera að heilbrigðiskerfið sé rekið að fullu fyrir skattfé þannig að sjúklingar fái nauðsynlega þjónustu án þess að greiða sérstaklega fyrir.

Áhugi þeirra sem vilja einkavæða heilbrigðisþjónustu snýst ekki um að sjúklingar hafi val. Ekki er hægt að ætlast til þess að sjúklingar hafi aðstöðu eða þekkingu til að bera saman þjónustu ólíkra aðila áður en þeir leita sér lækningar. Stytta verður biðlista með skilvirkum hætti innan opinbera heilbrigðiskerfisins. Ekki með því að framkvæma flóknar aðgerðir á einkareknum stofum sem ekki eru með bráðamóttöku eða greitt aðgengi að sérfræðingum ef vandamál koma upp.

Þá skorar fundurinn á stjórnvöld að styrkja þegar stöðu heilsugæslunnar svo hún geti sinnt því hlutverki sem henni er ætlað sem fyrsti viðkomustaður sjúklinga í heilbrigðiskerfinu. Heilsugæslan verður að vera í stakk búin til að taka við auknum fjölda, bæði vegna fjölgunar íbúa og þess mikla fjölda ferðamanna sem sækir landið heim.

## Ályktun aðalfundar BSRB um félagslegan stöðugleika – 17. maí 2017

Aðalfundur BSRB hvetur stjórnvöld til þess að horfa til félagslegs stöðugleika ekki síður en þess efnahagslega til að stuðla að stöðugleika í íslensku samfélagi. Nauðsynlegt er að forgangsraða í þágu uppbyggingar í velferðarkerfinu. Markmiðið verður að vera að auka jöfnuð í samfélaginu og færa það nær norrænu velferðarsamfélagi.

Hluti af því er að stjórnvöld falli frá áformum um frekari skattalækkanir nú þegar uppsveifla er í efnahagslífinu. Frekar ætti að auka tekjur ríkisins svo hægt verði að standa undir nauðsynlegum útgjöldum í velferðarkerfið, sem hefur verið skaðað verulega með niðurskurði undanfarinna ára.

## Ályktun aðalfundar BSRB um styttingu vinnuvikunnar – 24. maí 2018

Aðalfundur BSRB fagnar þeim tilraunaverkefnum um styttingu vinnuvikunnar sem ríkið og Reykjavíkurborg hafa staðið fyrir ásamt BSRB. Niðurstöður úr verkefnum sýna gagnkvæman ávinning launafólks og atvinnurekenda af því að stytta vinnutíma starfsmanna. Fleiri vinnustaðir hafa stytta vinnuvikuna utan við tilraunaverkefnið og eru framkomnar niðurstöður einnig jákvæðar. Aðrir atvinnurekendur eru hvattir til að gera tilraunir þar um í þeim tilgangi að auka sveigjanleika milli atvinnu- og einkalífs og auka starfsánægju starfsfólks. Fundurinn krefst þess að vaktavinnuhópar séu hluti af tilraunaverkefnum sem þessum enda þörfin fyrir styttingu vinnutíma afar brýn hjá vaktavinnufólki vegna neikvæðra afleiðinga þess vinnutímafyrirkomulags.

## Ályktun aðalfundar BSRB um húsnæðismál – 24. maí 2018

Aðalfundur BSRB fagnar uppbyggingu Bjargs íbúðafélags sem mun gefa tekjulágum félagsmönnum aðildarféлага bandalagsins kost á öruggu leiguhúsnæði á sanngjörnu verði. Fundurinn kallar eftir því að stjórnvöld stígi næsta skref í uppbyggingu á öruggu leiguhúsnæði á viðráðanlegu verði. Í ljósi núverandi stöðu er brýnt að öll sveitarfélög ljúki greiningu á framboði og eftirspurn húsnæðis hvort heldur sem er til eigu eða leigu. Það er forsenda þess að beina megi húsnæðisstuðningi til þeirra sem þurfa mest á honum að halda og tryggja stöðugleika í framboði húsnæðis og stuðla að lægri húsnæðiskostnaði. Þá þarf að styðja við uppbyggingu leigufélaga sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni og geta boðið fólki sem er með tekjur yfir viðmiðum Bjargs upp á langtímaleigu á sanngjörnu leiguverði.



## Ályktun aðalfundar BSRB um heilbrigðismál – 24. maí 2018

Aðalfundur BSRB krefst þess að ríkið standi við margítrekuð loforð um að hlúa að heilbrigðiskerfinu, heilbrigðisstarfsfólki og þeim sem eiga að njóta heilbrigðisþjónustunnar, þannig að þjóðin geti verið stolt af öfluglu, réttlátu og gjaldfríu heilbrigðiskerfi til framtíðar. Móta verður heildarstefnu um heilbrigðiskerfið og líta þar sérstaklega til þeirrar þróunar sem fyrirsjáanleg er með fjölgun aldraðra á næstu árum.

## Ályktun aðalfundar BSRB um félagslegan stöðugleika – 24. maí 2018

Aðalfundur BSRB fagnar uppbyggilegu samtali aðila vinnumarkaðarins við stjórnvöld undanfarna mánuði og minnir á mikilvægi þess að samtalið leiði af sér raunverulegar breytingar fyrir launafólk. Samtalið verður að leiða til þess að efnahagslegur stöðugleiki kallist á við félagslegan stöðugleika með uppbyggingu á samfélagi með jöfnuðinn að leiðarljósi.

## Ályktanir formannaráðs

Formannaráð BSRB ályktar reglulega um mikilvæg mál sem fjallað er um á fundum ráðsins. frá 44. þingi bandalagsins hefur ráðið sent frá sér alls níu ályktanir.

## Ályktun formannaráðs BSRB um frumvarp til laga um verslun með áfengi og tóbak – 24. febrúar 2016

Formannaráð BSRB hvetur þingmenn til að hafna frumvarpi um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, sem hefur það að markmiði að afnema einkaleyfi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins til sölu á áfengi. Að mati formannaráðsins hafa engin haldbær rök komið fram sem styðja framgang þessa máls. Þá er að engu leyti fjallað um hvaða áhrif slík breyting myndi hafa á áfengisneyslu hér á landi né hvort þróunin yrði jákvæð eða neikvæð til dæmis samanborið við reynslu annarra landa. Markmið frumvarpsins snúa að mestu leyti að frjálsri verslun og samkeppnissjónarmiðum.

Í núgildandi lögum um verslun með áfengi og tóbak er smásölu áfengis markaður skýr lagarammi þar sem meðal annars samfélagsleg ábyrgð, lýðheilsu- og takmörkun og stýring á aðgengi, meðal annars ungs fólks að áfengi er lögð til grundvallar. Markmið laganna er einnig í samræmi við markmið samþykkrar stefnu stjórnvalda í áfengis- og vímuevörnum til ársins 2020.

Með því að leyfa smásölu áfengis í matvöruverslunum yrði unnið gegn þeim góða árangri sem náðst hefur í lýðheilsumálum á Íslandi. Ástæðan er meðal annars sú að ekki er gert ráð fyrir að sambærilegar skyldur verði lagðar á einkaaðila og gilda um ÁTVR að gildandi lögum og ekki virðist gert ráð fyrir að eftirlit verði aukið með sölu áfengis í verslunum.

Verulega hefur dregið úr áfengisneyslu ungmenna á síðustu árum og er þeim árangri stefnt í hættu verði frumvarpið að lögum. Formannaráð BSRB tekur undir umsögn Landlæknis um frumvarpið, þar sem fram kemur að verði það samþykkt séu líkur á aukinni áfengisneyslu og þá sérstaklega meðal ungs fólks. Allar líkur benda til þess að slík aukning myndi jafnframt fela í sér aukinn kostnað vegna velferðarmála sem fellur á ríki og sveitarfélög. Þá er þeirri spurningu ósvarað hver ávinningur frjálsrar smásölu áfengis sé.

## Ályktun formannaráðs BSRB vegna styttingar vinnuvikunnar – 24. febrúar 2016

Vegna umræðu um hagkvæmni styttingar vinnuvikunnar vill formannaráð BSRB áréttta að kostir þess eru fjölmargir. Þannig leggur bandalagið áherslu á að helstu kostirnir eru þeir að starfsfólki á íslenskum vinnumarkaði er auðveldað að samræma fjölskyldu og atvinnulíf.

Áherslur bandalagsins leiða af áralöngum kröfum félagsmanna aðildarfélaga þess um að stytting vinnuvikunnar sé til þess fallin að auðvelda starfsfólki að sinna t.d. umönnun barna, aldraðra eða langveikra aðstandenda.

Heildarvinnuálag íslenskra foreldra er mest hér á landi í samanburði við aðrar Norðurlandþjóðir sé horft til greiddrar vinnu, heimilisstarfa og umönnunar heimilismedlima s.s. barna. Mæður verja 86 stundum á viku en feður 77 tíma á viku til slíkra starfa, samkvæmt niðurstöðu rannsóknar Þóru Kristínar Þórsdóttur, doktorsnema í félagsfræði.

Í nýlegri rannsókn kemur fram að um 40% af þeim sem tóku þátt telji fækkun vinnustunda á viku vænlega leið til að stuðla að auknu jafnvægi atvinnulífs og fjölskyldu. Þá gengur vaktavinnufólki verr að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf en dagvinnufólki.

Reynslan af tilraunaverkefnum um styttingu vinnuvikunnar í Svíþjóð og hér á landi sýnir að það er svigrúm til að bæta skipulag vinnutíma. Reynsla stjórnenda er jákvæð ásamt því að niðurstöðurnar gefa til kynna að stytting vinnuvikunnar auki jafnvægi milli fjölskyldu- og atvinnulífs, sérstaklega fyrir vaktavinnufólk og foreldra ungra barna.

Fjölmargar rannsóknir sýna að íslenskir foreldrar eru að sligast undan álaginu og því er þörf á aðgerðum. Þannig verður landið jafnframt eftirsóknarverður staður til að búa á og færir sig nær öðrum Norðurlöndum varðandi aðbúnað barnafjölskyldna. Það er tæplega tilviljun að flestir brottfluttra Íslendinga fara til Noregs, Svíþjóðar og Danmerkur þar sem kjörin eru heilt yfir betri að teknu tilliti til launa, vinnutíma og aðbúnaði fjölskyldufólks. Það er brýnt samfélagslegt verkefni að auka samþættingu fjölskyldu- og atvinnulífs en lítil sem engin áhersla hefur verið af hálfu stjórnvalda þar um. Í því felst þjóðfélagslegur ávinningur að tryggja vellíðan starfsfólks vegna jafnvægis atvinnulífs og heimilis.

## Ályktun formannaráðs BSRB vegna húsnæðismála – 24. febrúar 2016

Formannaráð BSRB hvetur ríkisstjórn og Alþingi til að samþykkja sem fyrst aðgerðir í húsnæðismálum sem byggja á frumvörpum félags- og húsnæðismálaráðherra sem ætlað er að ráða bót á verulegum vanda á húsnæðismarkaði. BSRB hefur margítrekað bent á að auka þarf framboð öruggs leiguhúsnæðis fyrir fjölskyldur auk þess sem brýn nauðsyn er á að draga verulega úr húsnæðiskostnaði launafólks.

Formannaráð BSRB telur mikilvægt að tekjulágum fjölskyldum sem hingað til hafa ekki átt kost á því sé veittur aðgangur að öruggu leiguhúsnæði á viðráðanlegu leiguverði. Þannig er mikilvægt að verulegum fjármunum verði varið til uppbyggingar á leigumarkaði þannig að hægt sé að mæta mikilli og brýnni eftirspurn. Það er grundvallaratriði að það kerfi sem byggt verður upp verði til lengri tíma sjálfbært og að leiguverð verði viðráðanlegt fyrir efnaminni leigjendur.

Þá telur formannaráð BSRB að samþykkt fyrirliggjandi frumvarps um nýtt húsnæðisbótakerfi feli í sér mikilvægt skref í átt að einu húsnæðisbótakerfi. Formannaráð BSRB bendir þó á að það hefur lengi verið baráttumál BSRB að stuðningur hins opinbera við ólík búsetuform verði jafnaður. Samræmdar húsnæðisbætur í stað vaxta- og leigubóta myndu jafna húsnæðisstuðning milli þeirra sem eiga húsnæði og þeirra sem leigja og stuðla að frekari jöfnuði fólks.

Formannaráð BSRB áréttar að öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði er ekki eingöngu brýnt kjaramál launafólks. Það er einnig lykilatriði í að byggja upp fjölskylduvænt samfélag þar sem þarfir, vellíðan og öryggi launafólks og fjölskyldna þeirra eru lagðar til grundvallar í allri stefnumótun.

## Ályktun formannaráðs BSRB um samfélagslega ábyrgð – 8. september 2016

Formannaráð BSRB bendir á að aldrei verði sátt um það hér á landi að lítil hópur einstaklinga fái háar kaupaukagreiðslur eins og tíðkuðust fyrir bankahrunið 2008. Ráðið skorar á íslensku fyrirtæki að sýna samfélagslega ábyrgð og hverfa ekki aftur til þess verklags sem átti þátt í hversu illa fór fyrir íslensku samfélagi í hruninu.

Bónuskerfi voru meinsemd í íslensku viðskiptalífi í aðdraganda bankahrunsins haustið 2008. Þá tíðkaðist að greiða þeim sem sýsluðu með fjármuni gríðarháa kaupauka sem voru sjaldnast í nokkru samræmi við vinnuframlag, ábyrgð eða áhættu. Það bera fleiri ábyrgð í okkar samfélagi en þeir sem kaupa og selja hlutabréf, til dæmis þeir sem sinna almannaðjónustunni. Þeir hópar eiga ekki síður skilið kjarabót.

Í kjölfar hrunsins lögðust þessi kaupaukakerfi af. Stjórnvöld hafa síðan sett fjármálafyrirtækjum ramma varðandi slíkar bónusgreiðslur. Formannaráð BSRB fagnar því að þar hafi verið sett ákveðin mörk, en telur ramma of víðan. Ráðið telur að fyrirtæki sem ekki falla undir þessi lög ættu engu að síður að sýna samfélagslega ábyrgð með því að líta til þess ramma sem þar er markaður og ganga ekki lengra en þar er gert ráð fyrir í kaupaukagreiðslum. Þannig geta þau sýnt að hér á landi býr ein þjóð sem deilir kjörum, þar sem allir greiða til samfélagsins til að viðhalda því velferðarkerfi sem við viljum öll búa við.

## Ályktun formannaráðs BSRB um einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu – 8. september 2016

Formannaráð BSRB varar eindregið við áframhaldandi einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu og krefst þess að dregið verði verulega úr gjaldtöku fyrir heilbrigðisþjónustu. Ráðið ítrekar að heilbrigðisþjónustu á Íslandi eigi að fjármagna með opinberu fé og að rekstri hennar sé best fyrir komið í höndum hins opinbera enda jafnt aðgengi að allri grunnþjónustu hornsteinn Íslenska heilbrigðiskerfisins.

Könnun Rúnars Vilhjálmssonar prófessors sýnir að afgerandi meirihluti landsmanna, um 81 prósent, vill að rekstur heilbrigðiskerfisins verði fyrst og fremst á forræði hins opinbera. Aðeins 0,5 prósent telja að einkaaðilum sé betur treystandi til þess en hinu opinbera að reka heilbrigðisstofnanir.

Einkarekstur dregur ekki úr kostnaði hins opinbera innan heilbrigðiskerfisins. Engin rök eru fyrir því að fá einkaaðilum það verkefni að reka heilsugæslustöðvar, sjúkrahótel eða aðra þætti heilbrigðisþjónustunnar. Formannaráð BSRB varar eindregið við frekari einkavæðingu á þjónustu með því að bjóða út rekstur ákveðinna verkefna.

Reynslan hefur sýnt að einkavæðing þjónustu með einkarekstri takmarkar yfirsýn og getu stjórnvalda til að móta stefnu og fylgja henni eftir og að forgangsraða innan kerfisins í þágu almannahagsmuna. Þá hefur reynst erfitt að taka skrefið til baka þegar í ljós hefur komið að einkarekstur er ekki sú töfralausn sem vonir stóðu til.

## Ályktun formannaráðs BSRB um stjórnarmyndun – 24. nóvember 2016

Formannaráð BSRB hvetur þá flokka sem mynda munu næstu ríkisstjórn til að standa vörð um grundvallargildi á borð við jöfnuð og félagslegt réttlæti við gerð stjórnarsáttmála og í vinnu sinni á kjörtímabilinu. Ljóst er að mikil þörf er á að byggja upp innviði samfélagsins, eins og flestir stjórnsmálaflakkar voru sammála um í aðdraganda kosninganna. Þar þarf að forgangsraða í þágu heilbrigðis- og menntamála og byggja upp á ný það félagslega öryggisnet sem þarf að vera til staðar í velferðarsamfélagi. Það er grundvallaratriði að þar eigi allir jafnan rétt óháð efnahag og það er stjórnvalda að tryggja að svo sé.

## Ályktun formannaráðs BSRB um frumvarp til laga um LSR – 20. desember 2016

Formannaráð BSRB krefst þess að Alþingi geri nauðsynlegar breytingar á frumvarpi til laga um LSR til samræmis við undirritað samkomulag um breytta skipan lífeyrismála sem undirritað var 19. september síðastliðinn. Lögð er áhersla á að málið sé afgreitt í sátt við heildarsamtök opinberra starfsmanna.

BSRB hefur margítrekað bent á að fyrirliggjandi frumvarp felur í sér að bakábyrgðin sé afnumin af réttindum sjóðfélaga undir 60 ára aldri án bóta. Það er þvert á markmið samkomulagsins um að réttindi núverandi sjóðfélaga í A-deild LSR og Brúar séu jafn verðmæt fyrir og eftir kerfisbreytingar.

Traust milli aðila er lykilforsenda þess að friður ríki á vinnumarkaði. Fari frumvarpið óbreytt í gegn er ljóst að verkefninu er ólokið og mun ótvírætt hafa neikvæð áhrif á samskipti þeirra sem að samkomulaginu stóðu

## Ályktun formannaráðs BSRB um félagslegan stöðugleika – 24. nóvember 2017

Formannaráð BSRB áréttar mikilvægi þess að þeir stjórnálflokkar sem mynda munu nýja ríkisstjórn beiti sér fyrir því að auka félagslegan stöðugleika í samfélaginu. Grundvöllurinn að því er réttlátt skattkerfi þar sem greitt er inn eftir eignum og tekið út eftir þörfum.

Allir verða að hafa jafnt aðgengi að almannajónustunni, óháð efnahag. Forgangsraða þarf í þágu uppbyggingar í velferðar- og menntamálum. Búa þarf launafólki félagslegt öryggi svo það geti eignast börn, komið þaki yfir höfuðið og mætt afleiðingunum af slysum, veikindum og atvinnumissi. Þá þarf að gera bæði öldruðum og öryrkjum kleift að lifa mannsæmandi lífi.

Nýrrar ríkisstjórnar bíða erfiðar áskoranir við að viðhalda stöðugleika á vinnumarkaði. Þar er mikilvægt að einblína ekki aðeins á efnahagslegan stöðugleika, enda verður hann ekki til án þess að félagslegur stöðugleiki sé tryggður.

## Ályktun formannaráðs BSRB um #metoo – 19. mars 2018

Formannaráð BSRB skorar á atvinnurekendur að taka næstu skref í tengslum við #metoo byltinguna. Fyrstu viðbrögð vinnustaða eftir að #metoo byltingin hófst voru að innleiða áætlanir í samræmi við lagaskyldu og er það vel, en það ræðst ekki að rötum þessarar meinsemdar. Þær má rekja til valda og valdaójafnvægis.

Samkvæmt jafnréttislögum skulu atvinnurekendur vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna innan sinna vinnustaða, stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf og leggja sérstaka áherslu á að jafna hlut kynjanna í stjórnunar- og áhrifastöðum. Reynslan sýnir að jöfn staða og jafnir möguleikar kvenna og karla innan vinnustaða koma ekki af sjálfu sér. Það þarf þekkingu, vilja og aðgerðir til að ná fram breytingum á þessu sviði.

Góð stjórnun og markviss samþætting jafnréttissjónarmiða með sérstakri áherslu á að uppræta valdamisræmi í hvers kyns ákvörðunartöku er lykillinn að því að aldrei þurfi nokkur að segja aftur #metoo. Formannaráð BSRB skorar því á atvinnurekendur að taka næsta skref með athugun á vinnumenningu og greiningu á völdum og valdastöðu. Það verða allir að taka þátt, jafnt karlar sem konur, til að ákall #metoo kvenna um bætt samfélag verði að veruleika.

## Ályktanir stjórnar

Stjórn BSRB sendir sjaldan frá sér ályktanir enda er það frekar hlutverk þinga, aðalfunda og funda formannaráðs. Frá 44. þingi bandalagsins hefur stjórnin samþykkt tvær ályktanir.

## Ályktun stjórnar BSRB um inngrip stjórnvalda í kjaradeilu FÍF – 8. júní 2016

Stjórn BSRB mótmælir harðlega áformum stjórnvalda um inngrip í kjaradeilu Félags Íslenskra flugumferðarstjóra (FÍF) og Isavia. Með lagasetningunni er deiluaðilum gefinn frestur til að semja til 24. júní. Náist ekki samningar fyrir þann tíma verður gerðardómur kvaddur til.

Með þessu beina inngripi stjórnvalda í frjálsa samninga stéttarfélags er gengið þvert á rétt launafólks til að semja um kaup og kjör við sína viðsemjendur. Stjórn BSRB telur mikilvægt að gefa deiluaðilum svigrúm til að ná samningum án hótana um þvinganir af hálfu stjórnvalda.

## Ályktun stjórnar BSRB heilbrigðismál – 24. mars 2017

Stjórn BSRB fagnar því að heilbrigðisráðherra hafi ákveðið að heimila ekki rekstur einkarekins sjúkrahúss með yfirlýsingu um að hann ætli að hafna beiðni Klíníkurinnar. Bandalagið hefur ítrekað varað við einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu. Það er því ánægjulegt að heilbrigðisráherra ætli ekki að láta undan þrýstingi þeirra sem vilja hagnast á sjúklingum.

Stjórnin varar jafnframt við því að hér verði til tvöfalt heilbrigðiskerfi. Efla þarf heilbrigðiskerfið verulega og vinna svo um munar á biðlistum í aðgerðir. Þá þurfa stjórnvöld að draga verulega úr kostnaðarþátttöku. Markmiðið á að vera heilbrigðiskerfi sem rekið er fyrir skattfé þar sem sjúklingar fá þá þjónustu sem þeir þurfa án þess að greiða sérstaklega fyrir hana.

# Umsagnir BSRB 2015 til 2018

BSRB fær fjölda þingmála til umsagnar á hverju þingi og veitir umsögn um talsverðan fjölda frumvarpa og þingsályktunartillagna á hverju ári. Í þeim tilvikum sem BSRB vinnur umsögn er almennt um að ræða mál sem hafa með einhverjum hætti áhrif á hagsmuni félagsmanna bandalagsins.

Þá mæta fulltrúar BSRB fyrir þingnefndir þegar þess er óskað til að fylgja eftir umsögnum og gera nánari grein fyrir afstöðu bandalagsins í stærri málum. Þá kemur BSRB sínum



Mynd 12 - BSRB veitir umsagnir um fjölmörg lagafrumvörp á hverju ári.

sjónarmiðum sem varða hagsmuni félagsmanna og launafólks innan almannaþjónustunnar á framfæri með öðrum tiltækum leiðum, bæði formlegum og óformlegum. Þannig hafa ráðuneyti gjarnan samráð við smíði frumvarpa við þá aðila sem lögin munu hafa áhrif á. Þá er gætt að því að hagsmunir félagsmanna séu hafðir í huga meðan mál eru í vinnslu og á meðan þau eru í meðförum þingsins.

Allar umsagnir sem BSRB sendir Alþingi eru jafnóðum settar inn á vef bandalagsins þar sem þær eru öllum aðgengilegar. BSRB hefur veitt umsagnir um 37 þingmál frá 44. þingi bandalagsins.

## Umsagnir 2016

### Umsögn um frumvarp til laga um almennar íbúðir þskj. 643 – 435. mál – 14. janúar 2016

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um almennar íbúðir. Með frumvarpinu er lagt til að ríki og sveitarfélög veiti stofnframlög til að byggja og kaupa svokallaðar almennar íbúðir til að stuðla að því að í boði verði leigubúðir á viðráðanlegu verði fyrir þá sem þurfa á því að halda og eru undir tilgreindum tekju- og eignaviðmiðum.

BSRB hefur lagt til að almennu leigukerfi að norrænni fyrirmynd verði komið á hér á landi til að tryggja öllum húsnæði á viðunandi kjörum. Þannig mætti jafnframt, að mati bandalagsins, tryggja búsetuöryggi leigjenda til lengri tíma.

Þá leggur BSRB áherslu á, í stefnu sinni, að húsnæði verði reist sem miði sérstaklega að þörfum leigjenda. Bandalagið hefur bent á að sérstaklega vanti smærra húsnæði af ódýrari gerðinni víða um land. Hentugt leiguhúsnæði myndi leggja sitt af mörkum við að gera leigumarkaðinn ódýrari valkost en áður hefur verið og þannig stuðla að því að gera leiguformið að raunverulegum valkosti í búsetumálum á Íslandi. Þá verður að auka lánveitingar til bygginga á leiguhúsnæði til muna svo að þetta geti orðið að veruleika.

BSRB bindur miklar vonir við að framboð leiguhúsnæðis fyrir launafólk aukist verulega verði frumvarpið um almennar íbúðir að lögum. Mikilvægt er að tekjulágum fjölskyldum sem hingað til hafa ekki átt kost á því sé veittur aðgangur að öruggu leiguhúsnæði á viðráðanlegu leiguverði. Bandalagið telur mikilvægt að verulegum fjármunum verði varið til uppbyggingar á leigumarkaði þannig að hægt sé að mæta mikilli og brýnni eftirspurn sem fyrst. Jafnframt telur bandalagið grundvallaratriði að það kerfi sem byggt verður upp verði til lengri tíma sjálfbært.

Bandalagið telur meðal brýnustu markmiða sé að tryggja að leiguverð sé viðráðanlegt fyrir efnaminni leigjendur. Bandalagið telur rétt að kveða með skýrum hætti á um það í lagatexta að leiga sé ekki umfram 20-25% af tekjum líkt og fram kemur í almennum athugasemdum

frumvarpsins. Að sama skapi er annað markmið frumvarpsins að auka búsetuöryggi leigjenda. Bandalagið bendir á að ekki er fjallað um það í frumvarpinu, hvorki í einstökum ákvæðum né í athugasemdum, hvernig með skuli fara hækki tekjur leigjenda umfram viðmiðunarfrjárhæðir. Bandalagið telur mikilvægt að það liggi fyrir með skýrum hætti að hækki tekjur leigjenda umfram viðmiðunarfrjárhæðir sé leigjendum ekki gert að fara úr húsnæði enda eitt af markmiðum hins nýja leigukerfis að auka búsetuöryggi fjölskyldna.

Að mati BSRB er brýnt að auka verulega framboð leiguhúsnæðis sem fyrst og hvetur því bandalagið til samþykktar frumvarpsins með vísan til þeirra athugasemda sem hér eru fram settar. Bandalagið áskilur sér jafnframt rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum.

### **Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, lögum um aukatekjur ríkissjóðs, áfengislögum og lögum um gjald á áfengi og tóbaki, með síðari breytingum (smásala áfengis), þskj. 13-13. mál. – 11. febrúar 2016**

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, lögum um aukatekjur ríkissjóðs, áfengislögum og lögum um gjald á áfengi og tóbaki, með síðari breytingum (smásala áfengis).

BSRB vísar til fyrri umsagnar dags. 10. nóvember 2014 og hefur sú afstaða ekki breyst þrátt fyrir smávægilegar breytingar á frumvarpinu.

### **Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku, nr. 88/1971, með síðari breytingum, þskj. 284 – 259. mál. – 12. febrúar 2016**

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku, nr. 88/1971, með síðari breytingum.

BSRB styður framgang þessa máls en bandalagið hefur um árabíl krafist styttingu vinnuvikunnar. Í stefnu bandalagsins um jafnréttismál sem samþykkt var á 44. þingi BSRB í október 2015 er fjallað um fjölskylduvænt samfélag. Þar segir að stytting vinnuvikunnar úr 40 stundum í 36 og stytting vinnutíma vaktavinnufólks séu grundvallarkröfur BSRB og mikilvægur liður í því að búa til fjölskylduvænna samfélag sem grundvallast á samþættingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Styttri vinnuvika leiðir til betri starfsánægju og aukinna afkasta, bættrar heilsu, meiri vellíðunar og stuðlar að auknu jafnrétti kynjanna inni á heimilum.

BSRB telur mikilvægt að skoða fjölbreyttar lausnir varðandi sveigjanlegan vinnutíma. Sveigjanlegur vinnutími leikur að mati BSRB lykilhlutverk við að byggja upp fjölskylduvænt samfélag. Þá segir í ályktun 44. þings BSRB um fjölskylduvænna samfélag að bandalagið krefjist þess að unnið verði markvisst að því að vinnuvika verði stytt í 36 stundir og vinnutími vaktavinnufólks verði jafnframt stytur sérstaklega. Þá er í ályktuninni fagnað framtaki Reykjavíkurborgar og ríkisstjórnar Íslands um samstarf við bandalagið með tilraunaverkefnum um styttingu vinnuvikunnar og aðrir atvinnurekendur hvattir til að taka framtakið sér til fyrirmyndar.

### **Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um embætti umboðsmanns aldraðra, þskj. 14-14. mál. – 12. febrúar 2016**

BSRB hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um embætti umboðsmanns aldraðra.

BSRB styður framgang þessa máls. Mikilvægt er bæði í senn að auka yfirsýn, eftirfylgni og almenna hagsmunagæslu í málefnum aldraðra ásamt því að aldraðir og aðstandendur þeirra geti leitað til þar til bærs aðila varðandi réttindi hinna fyrrnefndu. Bandalagið telur stofnun embættis umboðsmanns aldraðra jafnframt í samræm i við stefnu sína um fjölskylduvænt samfélag bæði í tengslum við réttindi aldraðra einstaklinga sem og aðstandenda þeirra sem

annast þá. Þá verður að telja líklegt að stofnun embættisins hafi jákvæð áhrif á málaflokkinn í heild sinni sem varðar þá jafnframt félagsmenn aðildarféлага BSRB sem starfa í málefnum aldraðra

### **Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum (barnalífeyrir), þskj. 203 – 197. mál. – 22. mars 2016**

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum (barnalífeyrir).

BSRB styður framgang þessa máls.

### **Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999 (réttur til sambúðar á stofnunum), þskj. 452 – 352. mál. – 22. mars 2016**

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um um breytingu á lögum um aldraðra, nr. 125/1999 (réttur til sambúðar á stofnunum).

BSRB styður framgang þessa máls.

### **Umsögn BSRB um tillöguTillaga til þingsályktunar um skilyrðislausa grunnframfærslu (borgaralaun), þskj. 454 – 354. mál. – 22. mars 2016**

BSRB hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um skilyrðislausa grunnframfærslu (borgaralaun).

Samkvæmt skýrslu Rauða krossins á Íslandi, *Hvar þrengir að? Könnun á hvaða hópar í samfélaginu eigi helst undir högg að sækja 2014*, benda niðurstöðurnar til að öryrkjar, aldraðir í fjárhagsvanda, einstæðir og tekjulágir foreldrar, langtíma atvinnulausir, ungir og ómenntaðir karlar, innflytjendur og börn innflytjenda standi bæði félagslega og fjárhagslega verr en aðrir. Samkvæmt *Félagsvísun Hagstofu Íslands: Skortur á efnislegum gæðum 2014*, er langstærstur hópur þeirra sem skortir efnisleg gæði öryrkjar. Hlutfallið var lægra meðal atvinnulausra og enn lægri meðal annarra hópa s.s. námsmanna og þeirra sem voru í fullu starfi. Skortur á efnislegum gæðum er tíðari meðal einstæðra foreldra og barna þeirra en lægst á heimilum með tvo fullorðna en engin börn.

BSRB tekur undir markmið tillögunnar sem felst í baráttunni gegn fátækt en telur vænlegra til árangurs að einfalda og styrkja enn frekar þau kerfi sem nú þegar eru fyrir hendi. Í skýrslu Velferðarvaktarinnar frá 2015: *Tillögur um aðgerðir til að vinna bug á fátækt*, er að finna tillögur til aðgerða sem þjóna a.m.k. að hluta til sama markmiði og tillaga til þingsályktunar um borgaralaun.

Ljóst er að mikið starf hefur verið unnið til að berjast gegn fátækt. Miðað við t.d. tillögur Velferðarvaktarinnar og tillögur starfshóps um endurskoðun almannatryggingakerfisins frá febrúar 2016 liggur t.d. fyrir samstaða um mikilvægi þess að bæði almannatryggingakerfið og bótakerfið sem tekur til barnafjölskyldna verði einfaldað og eflt. Þá hefur verið gerð tillaga um að barnafjölskyldum sé tryggð tiltekin grunnframfærsla óháð því hvaðan tekjur fjölskyldunnar koma. Ein leiðin að því markmiði er að ná fram samstöðu um það að bótakerfið verði einfaldað og gert réttlátara til að styðja vel við börn í tekjulágum fjölskyldum. Það verði gert með því að greiða að grunni til ótekjutengdar barnabætur og að auki að tryggja tilgreinda lágmarksframfærslu í formi barnatryggingar til handa barnafjölskyldum, sbr. fyrrnefndar tillögur Velferðarvaktarinnar frá janúar 2015 og tillögur starfshóps til 2020 um mótun fjölskyldustefnu frá febrúar 2015. Samkvæmt tillögum hins síðarnefnda starfshóps skuli greiðslur vegna barna sem grundvallast á stöðu foreldra, svo sem barnalífeyrir almannatrygginga, viðbót við atvinnuleysisbætur vegna barna og mæðra – feðralaun falla niður þegar teknar verði upp barnatryggingar. Barnatryggingar í skilningi fjölskyldustefnunnar yrðu þá greiðslur með hverju

barni sem býr á heimili með tekjur undir lágtekjumörkum samkvæmt árlegum útreikningum Hagstofu Íslands. Í umræddum tillögum Velferðarvaktarinnar segir jafnframt að stjórnvöld skuli skilgreina lágmarksframfærsluviðmið sem miði að því að einstaklingar og fjölskyldur búi ekki við fátækt. Í fyrrnefndum samstarfshópi um barnatryggingar eigi sæti hagsmunaaðilar, m.a. ríki og sveitarfélög sem yfirfari forsendur og útreikninga sem liggja að baki fjárhagsupphæðum til lágmarksframfærslu með framangreint að markmiði.

Þegar er unnið að því markmiði að stjórnvöld tryggi að allir eigi öruggt heimili, sbr. starf og tillögur varðandi húsnæðismál sem eru á forræði félags- og húsnæðismálaráðherra. Hið sama má segja um einföldum almannatryggingarkerfisins sbr. skýrslu nefndar um endurskoðun almannatryggingarkerfisins frá febrúar 2016. Nefndin hefur lagt til breytingar á almannatryggingarkerfinu m.a. þess efnis að almannatryggingar greiði einn lífeyri til elli- og örorkulífeyrisþega sem komi í stað grunnlífeyris, tekjutryggingar og framfærsluuppþótar. Markmið tillagna starfshópsins er jafnframt að einfalda bótakerfi almannatrygginga og festa í sessi þá lágmarksfjárhæð sem framfærsluuppþótin tryggir þeim sem hafa lægstu tekjurnar í dag ásamt því að breyta uppþóttinni frá því að vera félagslegur stuðningur í áunnin réttindi. Þannig verði m.a. komið í veg fyrir svokallaða krónu á móti krónu lækkun framfærsluuppþótar vegna tekna. Þá er rétt að benda á góðan árangur sem fengist hefur af starfsemi VIRK-Starfsendurhæfingarsjóðs en niðurstöður sýna að með aðkomu VIRK hefur verið dregið markvisst úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku með aukinni virkni, eflingu starfsendurhæfingar og öðrum úrræðum. VIRK hefur leitt til þess að dregið hefur verulega úr nýgengi örorku hjá bæði Tryggingastofnun ríkisins og mörgum lífeyrissjóðum enda fara allir sem sækja um örorkulífeyri í fyrsta sinn í viðtal hjá VIRK, þ.e. verulega hefur hægt á fjölgun í hópi öryrkja frá árinu 2010, sbr. einnig upplýsingar Velferðarráðuneytis um þróun örorku sem birtar voru í janúar 2016.

Sem fyrr segir tekur BSRB undir það markmið þingsályktunartillögunar sem hér er til umsagnar um mikilvægi þess að útrýma fátækt. Miðað við það góða starf sem hefur þegar átt sér stað verður að telja að þverpólitísk samstaða sé nú þegar um mikilvægi þessa. BSRB leggur áherslu á að stefna stjórnvalda sé þannig úr garði gerð að hvati sé fyrir hendi til sjálfshjálpar úr fátækt ef aðstæður leyfa. Sem dæmi er því brýnt forgangsmál að breyta reglum um tekjutengingar í almannatryggingarkerfinu og komið verði á starfsgetumati sbr. áður nefndar tillögur starfshóps á vegum Velferðarráðuneytis þar um. Hvað varðar þá einstaklinga sem hafa litla eða enga vinnugetu er mikilvægt að stjórnvöld skilgreini lágmarksframfærsluviðmið. Þá leggur BSRB áherslu á að ákvarðanir um greiðslur til handa einstaklinga frá hinu opinbera sé í höndum aðila sem hefur sérþekkingu á málaflóknum og eftirlitshlutverk sem er mikilvæg forsenda þess að allir búi við viðeigandi stuðning frá stjórnvöldum sem henta aðstæðum þeirra hverju sinni.

Samkvæmt öllu framansögðu leggur því BSRB áherslu á að hafist sé þegar handa við að vinna úr þeim tillögum til úrbóta sem nú þegar eru fram komnar og hafa verið nefndar hér að framan. Þær tillögur byggja á víðtæku samráði allra hagsmunaaðila og því ætti ekkert að standa í vegi þess að þær verði að veruleika strax – það er brýnt forgangsmál svo bæta megi samfélagið og útrýma fátækt.

## **Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, þingskjal 183 – 180. mál. – 30. mars 2016**

BSRB hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

BSRB fagnar framlagningu þessa máls og styður eindregið framgang þess. Bandalagið leggur ríka áherslu á að tryggt sé að allir búi við jafnrétti á vinnumarkaði. Það er ekki eingöngu jafnréttismál heldur einnig þjóðhagslega hagkvæmt. Það er því grundvallaratriði að við stefnumótun og áætlanagerð stjórnvalda að jafnræði sé haft að leiðarljósi og innlend löggjöf tryggi það markmið í reynd.



Fullgilding samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks felur í sér innleiðingu sjálfsagðra mannréttinda í landsrétt og mikilvægt framfaraskref að því að tryggja jafnræði. Aðildarríki Sameinuðu þjóðanna eru 193 en þar af hafa 162 þeirra fullgilt samninginn sem er frá 2006. Þá hafa öll þau ríki sem Ísland ber sig einkum saman við fullgilt samninginn að undanskildu Finnlandi.

BSRB leggur jafnframt áherslu á að tekin verði til umfjöllunar og samþykkt frumvörp til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði og jafna meðferð óháð kynþætti eða þjóðernisuppruna sem byggja á svonefndum mismunatilskipunum, þ.e. tilskipanir 2000/78/EB frá 27. Nóvember 2000, um almennar reglur um jafna meðferð á vinnumarkaði og í atvinnulífi og tilskipun 2000/43/EB frá 29. júní 2000, um framkvæmd meginreglunnar um jafna meðferð manna án tillits til kynþáttar eða þjóðernis. Það er í besta falli sérkennilegt að land sem er meðal þeirra bestu í heimi hvað varðar jafnrétti kynjanna hafi enga almenna löggjöf sem tryggi jafnrétti í hvívetna – óháð því hver ástæða mismununar er. Hér á landi er eina ákvæði laga sem kveður á um jafnrétti allra, fyrir utan hvað varðar jafnrétti kynjanna, að finna í svonefndri jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Þá er að finna í lögum jafnræðisreglu sem gildir fyrir ríki og sveitarfélög, sbr. stjórnsýslulög nr. 37/1993.

Þar sem mismunatilskipanirnar hafa ekki verið innleiddar hér er ljóst að ekki er samræmi í íslenskum rétti gagnvart þeim rétti sem gildir innan Evrópusambandsins og því ekki tryggð einsleitni á innri markaði. Né er Ísland í takt við alþjóðasamfélagið samkvæmt því sem áður segir varðandi fullgildinguna samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

### **Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á ákvæðum ýmissa laga um bann við mismunun (réttindi fatlaðs fólks), þingskjal 144 – 144. mál. – 30. mars 2016**

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á ákvæðum ýmissa laga um bann við mismunun (réttindi fatlaðs fólks).

BSRB styður framgang þessa máls en leggur jafnframt áherslu á að Alþingi samþykki lög um jafna meðferð á vinnumarkaði og jafna meðferð óháð kynþætti eða þjóðernisuppruna sem byggja á svonefndum mismunatilskipunum, þ.e. tilskipanir 2000/78/EB frá 27. Nóvember 2000, um almennar reglur um jafna meðferð á vinnumarkaði og í atvinnulífi og tilskipun 2000/43/EB frá 29. júní 2000, um framkvæmd meginreglunnar um jafna meðferð manna án tillits til kynþáttar eða þjóðernis. Frumvörp að nefndum lögum eru þegar tilbúin en hafa ekki verið lögð fram á Alþingi. Það er forgangsmál hvað varðar tryggingu þess að allir búi við jafnræði, þ.á.m. fatlað fólk.

### **Umsögn BSRB um frumvarp til laga um brottfall laga um helgidagafrið, þingskjal 935 - 575. mál. – 1. apríl 2016**

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um brottfall laga um helgidagafrið.

BSRB leggur áherslu á að tilgreint sé í frumvarpinu að brottfall laganna muni ekki hafa nein áhrif á ákvæði kjarasamninga.

Hér á landi eru í gildi um 200 kjarasamningar og innihald þeirra er að mörgu leyti sambærilegt. Það er hins vegar sá möguleiki fyrir hendi að einhverjir kjarasamningar vísi einfaldlega til laganna um helgidagafrið og laga um 40 stunda vinnuviku í stað þess að talið sé upp hverjir dagar teljist frídagar eða orðalag kjarasamninga sé ekki nægilega skýrt í ljósi þess að nefndir lagabálfar kveða á um frídaga. Að því leytinu til er sérstaklega mikilvægt að tryggja að gangi frumvarpið eftir og verði að lögum mun það ekki hafa nein áhrif ákvæði kjarasamninga. Að öðru leyti tekur bandalagið undir umsögn ASÍ um málið.

## **Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum (hámarksgreiðslur sjúkratryggðra og þjónustustýring), þingskjal 1104 – 676. mál. – 2. maí 2016**

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum (hámarksgreiðslur sjúkratryggðra og þjónustustýring).

BSRB telur tillögur um þak á kostnað almennings vegna heilbrigðisþjónustu jákvæðar. Afstaða bandalagsins er hins vegar sú að heilbrigðisþjónusta eigi að vera gjaldfrjáls og veltir upp þeirri spurningu hvort ekki sé tilefni til að taka til skoðunar hver kostnaður við það myndi verða. Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu kemur fram að starfshópar sem skipaðir hafa verið hafi allir haft það hlutverk að skoða raunverulega hvernig megi minnka þátttöku einstaklinga í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu. Ekki virðist liggja til grundvallar að pólitísk ákvörðun hafi verið tekin um það að skoða skyldi hvort heilbrigðisþjónusta gæti almennt verið gjaldfrjáls eða hvernig fjármögnun kerfisins skyldi vera háttáð. Ítrekað hefur komið fram að vilji almennings stendur til að forgangsraða sé meira í þágu heilbrigðismála en nú er gert.

Bandalagið harmar að frumvarpið geri ekki ráð fyrir aukinni fjárveitingu til kerfisins heldur eingöngu millifærslu kostnaðar milli sjúklinga. Kostnaðarþátttaka sjúklinga í heilbrigðiskerfinu hefur næstum tvöfaldast á síðustu þremur áratugum samkvæmt nýrri skýrslu ASÍ um heilbrigðisþjónustuna. Nú er svo komið að heimilin standa undir um 20% af öllum útgjöldum til heilbrigðismála með beinum greiðslum fyrir heilbrigðisþjónustu.

Rúnar Vilhjálmsson, prófessor í félagsfræði við hjúkrunardeild Háskóla Íslands, vann nýverið könnun á heilsu og lífsháttum Íslendinga. Niðurstöður hennar sýna að þegar útgjöld heimila vegna heilbrigðismála eru skoðuð sem hlutfall af tekjum heimilanna er útgjaldahlutfall hæst á heimilum eldra fólks, atvinnulausra, fólks utan vinnumarkaðar, grunnskólamenntaðra, lágtekju-fólks, langveikra og öryrkja. Ljóst er að ekki eru bein tengsl milli þessara hópa og þeirra sem njóta góðs af tillögum samkvæmt frumvarpinu sem hér er til umsagnar. Þeir sem njóta góðs af því eru hópar sem þurfa á mikilli heilbrigðisþjónustu að halda sem er að sjálfsgöðu fagnaðarefni og mikilvægt framfaraskref. Hins vegar þarf að ganga enn lengra til að tryggja að öllum sem þurfi á aðstoðinni að halda sé tryggt aðgengi, óháð efnahag þeirra.

Jafnframt kemur fram í niðurstöðum könnunar Rúnars að tæp 22% Íslendinga höfðu á síðustu sex mánuðum fyrir framkvæmd hennar frestað því að leita lækni jafnvel þótt fólk teldi sig þurfa á lækniástoð að halda. Af þeim sem höfðu frestað því að leita lækni sögðu tæp 40% hafa gert það vegna kostnaðar við heilbrigðisþjónstuna. Því hærra hlutfall af tekjum heimilanna sem fór í heilbrigðisútgjöld, því algengara væri að fólk frestaði þjónustunni. Af þeim sem eyddu 4% eða meira af tekjum sínum í heilbrigðisþjónustu hafði um þriðjungur frestað því að leita sér aðstoðar. Ekki verður séð að frumvarpið ráði bót á þessu vandamáli heldur þvert á móti gæti lögleiðing þess haft þau áhrif að aukning verði á að einstaklingar fresti því að leita sér aðstoðar.

Loks er rétt að vekja athygli á þeirri þjónustu sem fellur utan gildissvið frumvarpsins. BSRB leggur áherslu á að verulega þurfi að draga úr kostnaðarþátttöku einstaklinga vegna þjónustu sálfræðinga, tannlækna og vegna ferðalaga innanlands fyrir þá sem ekki búa nærri þeim heilbrigðisstofnunum sem þeir þurfa að leita til.

## **Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum fyrir árin 2016–2019, þingskjal 1284—764. mál – 8. júlí 2016**

BSRB hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum fyrir árin 2016-2019. Bandalagið styður þær tillöguna en telur mikilvægt að eftirfarandi verði bætt við áætlunina.

BSRB leggur til að bætt verði við kafla um jafnrétti á vinnumarkaði að svonefndar mismunatilskipanir verði innleiddar með setningu laga um jafna meðferð á vinnumarkaði og jafna meðferð óháð kynþætti eða þjóðernisuppruna sem byggja tilskipunum 2000/78/EB frá 27. nóvember 2000, um almennar reglur um jafna meðferð á vinnumarkaði og í atvinnulífi og tilskipun 2000/43/EB frá 29. júní 2000, um framkvæmd meginreglunnar um jafna meðferð

manna án tillits til kynþáttar eða þjóðernis. Það er löngu tímabært að Ísland leggi áherslu á jafnrétti í víðari skilningu en eingöngu jafnrétti kynjanna ef það vill ganga í takt við alþjóðasamfélagið. Til að tryggja að svo megi verða verður að setja almenna löggjöf um bann við mismunun á grundvelli fleiri ástæðna.

Þá leggur bandalagið til að jafnréttisáætlunin geri ráð fyrir gerð aðgerðaráætlunar til að stemma stigu við kynbundna og kynferðislega áreitni á vinnustöðum. Jafnframt er brýnt að rannsaka kynbundna og kynferðislega áreitni á íslenskum vinnumarkaði. Rannsóknir þar um eru af mjög skornum skammti en þær sem hafa verið framkvæmdar og taka til tiltekinna starfsstétta s.s. starfsfólks í þjónustustörfum gefa tilefni til að ætla að brýn þörf sé á auknum rannsóknum og vitundavakningu. Í rannsókn Steinunnar Rögnvaldsdóttur frá 2015 kemur fram að 41% starfsfólks í þjónustustörfum hafi orðið fyrir kynferðislegri áreitni í starfi. Einnig hefur verið gerð rannsókn á starfsaðstæðum lögreglumanna en um þriðjungur lögreglukvenna höfðu orðið fyrir kynferðislegri áreitni í starfi eða í tengslum við starf sitt, sbr. rannsókn Finnborgar Salóme Steinþórsdóttur frá 2013. Þá upplifa t.d. karlmenn í „kvennastörfum“ og konur í „karlastörfum“ mikla kynbundna og kynferðislega áreitni sem mikilvægt er að uppræta. Nánar má lesa um stöðuna á íslenskum vinnumarkaði hvað þetta varðar í skýrslu um Stöðu kvenna og karla á íslenskum vinnumarkaði – staðreyndir og staða þekkingar sem gerð var fyrir aðgerðarhóp stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins til þess að vinna að launajafnrétti kynjanna.

Jafnframt saknar bandalagið þess að hvergi sé gert ráð fyrir aðgerðum í þágu samþættingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Þar er af nægu að en til úrbóta væri t.d. að velferðarráðuneyti bæri ábyrgð á því að skipa starfshóp sem tæki til umfjöllunar árekstra milli leik- og grunnskóla og atvinnulífs, s.s. vegna sumarlokana, vetrarfría og starfsdaga í skólum. Í starfshópnum ættu sæti hagsmunaaðilar s.s. fulltrúar velferðarráðuneytis, menntamálaráðuneytis, aðilar vinnumarkaðarins, fulltrúar sveitarfélaganna, skóla. Þá væri einnig hægt að veita aukna fræðslu til atvinnurekenda um sveigjanleika og setningu fjölskyldustefnu o.s.frv.

Þá saknar bandalagið þess að ekki sé lögð meiri áhersla á aukna jafnréttisþekkingu kennara og starfsfólks á grunn- og framhaldsskólastigi.

### **Umsögn BSRB um frumvarp til laga um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum o.fl., þingskjal 1346 – 787. mál – 8. júlí 2016**

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum o.fl.

BSRB styður framgang þessa máls við þetta frumvarp.

### **Umsögn BSRB um frumvarp til laga um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð, þingskjal 1538 – 818. mál – 1. september 2016**

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð.

Í greinargerð frumvarpsins segir að markmið þess sé að efla stuðning við kaupendur fyrstu íbúðar og með þeim stuðningi sé séreignastefnu stjórnvalda fylgt. BSRB hefur í stefnu sinni lagt áherslu á að einstaklingar hafi raunverulegt val um hvort hann leigi eða eigi fasteign. Þannig hefur verið lögð áhersla á að stuðningur stjórnvalda við einstaklinga á leigumarkaði og eignamarkaði sé sambærilegur.

BSRB telur að framlögð tillaga um stuðning við kaupendur fyrstu íbúðar muni koma einstaklingum betur áleiðis í söfnun eða aukinni eignarmyndun fyrsta húsnæðis. Úrræðið leysir hins vegar ekki þann bráðavanda sem einstaklingar á húsnæðismarkaði glíma nú við sem er skortur á hagkvæmu leiguhúsnæði og gallað húsnæðislánakerfi með of háum vöxtum.

Þær fjárhæðir sem einstaklingur eða sambúðaraðilar geta safnað eru of lágar til að geta staðið undir 20% útborgun af nokkurri íbúð miðað við núverandi fasteignaverð. Því síður eftir fimm ár í ljósi þróunar á hækkun fasteignaverðs og spám um sambærilegar árlegar hækkanir.

Jafnframt verður að telja að heildstæð tillaga um stuðning allra þeirra sem vilja eignast húsnæði væri fremur til þess fallin að tryggja séreignastefnu stjórnvalda í reynd. Úrræðinu um fyrstu fasteign er mjög þröngur stakkur sniðinn og snýst eingöngu um að styðja fólk við að eignast húsnæði sem hefur ekki átt húsnæði áður. Það eru því fjölmargir sem falla utan úrræðisins, en sem dæmi má nefna einstaklinga sem hafa átt fasteign en misst hana vegna skuldaskila eða selt fasteign sína vegna sambúðarslita eða hjónaskilnaðar. Það er, allir einstaklingar sem hafa átt eina fasteign, en eiga ekki fasteign lengur og hafa ekki efni á útborgun nýrrar fasteignar af hvaða ástæðum sem kunna að vera fyrir hendi, eiga ekki rétt á stuðningi samkvæmt tillögunni. Enn fremur eru erfingjar fasteigna undanskildir úrræðinu óháð því hvert verðmæti eignarhluta fasteignarinnar sem þau erfðu var. Það er því vandséð að jafnræði einstaklinga sem hafa hug á að eignast húsnæði sé tryggt.

Úrræðið sem hér er til umsagnar byggir á því að einstaklingar nýti eigin sparnað til að eignast fyrstu fasteign sína en njóti skattaafsláttar. Í því ljósi er rétt að vekja athygli á að á síðustu árum hefur dregið úr stuðningi stjórnvalda við fasteignaeigendur í formi vaxtabóta sem hafa lækkað verulega. Árið 2011 voru þær tæplega 19 ma. króna en samkvæmt fjárlögum ársins 2016 voru þær áætlaðar um 6.200 milljónir króna vegna ársins 2016. Vaxtabætur hafa því lækkað um sem nemur 70% á fimm árum. Vaxtabætur er sniðnar að þörfum almennings þar sem þeir tekjulægstu fá mest en svo eru bæturnar skertar með hærri tekjum og eignum. Skattaafsláttur á séreignasparnaði snýr hins vegar að stuðningnum við þá tekjuhærri sem fá meiri stuðning en tekjulægri. BSRB mótmælir harðlega þeirri þróun að húsnæðisstuðningur beinist frá þeim tekjulægri til þeirra tekjuhærri.

## **Umsögn BSRB um frumvarp til laga um námslán og námsstyrki, þingskjal 1373 – 794. mál – 5. september 2016**

BSRB telur nauðsynlegt að veita umsögn um frumvarp til laga um námslán og námsstyrki, þingskjal 1373 – 794. mál, þrátt fyrir að hafa ekki fengið frumvarpið sent til umsagnar. Vegna framangreinds verða þó einungis sett fram nokkrar helstu athugasemdir bandalagsins við frumvarpið en ljóst er að fjölmörg önnur atriði er nauðsynlegt að skoða betur og gera breytingar á.

Markmið breytinga á lögnum um Lánasjóð íslenskra námsmanna á m.a. að vera að tryggja jafnan aðgang að námi með fullri framfærslu, skapa aukið réttlæti og gegnsæi við úthlutun styrkja og að skapa fyrirsjáanleika fyrir námsmenn og lánasjóðinn.

Í menntastefnu BSRB sem samþykkt var á 44. þingi bandalagsins er jafnrétti til náms grundvallaratriði og lögð er áhersla á að efla Lánasjóð íslenskra námsmanna. Að mati bandalagsins er jafnframt mikilvægt að tryggja námsmönnum viðunandi framfærslu meðan á námi stendur. Tryggja þarf jafnrétti til náms óháð aldri eða öðrum aðstæðum og bent er á að menntun leiði til jafnari tækifæra, framfara og herra atvinnustigs landsmanna.

BSRB lýsir yfir áhyggjum vegna fyrirliggjandi frumvarps. Verði frumvarpið að lögum er ljóst að dregið verður verulega úr félagslegu jöfnunarhlutverki Lánasjóðsins. Lögð er áhersla á það í frumvarpinu að við endurskoðun námslánakerfisins eigi að hvetja til bættrar námsframvindu nemenda, m.a. með námsstyrkjum sem háðir eru kröfum um námsframvindu. BSRB gerir ekki athugasemdir við það markmið í sjálfu sér að hvetja til góðrar námsframvindu en telur þó að slíkt markmið megi aldrei leiða til þess að dregið sé úr félagslegu hlutverki Lánasjóðsins sem á að vera í forgrunni. Þannig geti jafnframt markmið um aukið gegnsæi og fyrirsjáanleika ekki komið í stað hins mikilvæga jöfnunarhlutverks sem almenn sátt hefur ríkt um að skuli vera lykilaatriði við námslánakerfið.

BSRB gerir alvarlegar athugasemdir við þá grundvallarbreytingu sem gerðar eru á fyrirkomulagi endurgreiðslu samkvæmt frumvarpinu. BSRB bendir á að þar er um grundvallarbreytingu að ræða á fyrirkomulagi sem hefur verið við lýði í fleiri tugi ára og góð sátt hefur ríkt um. Hærri vextir og afnám tekjutengingar við endurgreiðslu mun hafa veruleg áhrif á hið félagslega jöfnunarhlutverk sjóðsins. BSRB telur nauðsynlegt að gera breytingar á frumvarpinu til að tryggja að greiðslubyrði námslána verði byggð á félagslegum forsendum. Þá telur

bandalagið að sú leið sem farin er í frumvarpinu með fyrirkomulagi námsstyrkja leiði til þess að viðkvæmir hópar sem þurfa hærrí framfærslu fái minni hlutfallslega aðstoð en t.d. einhleypir námsmenn sem búa í foreldrahúsum.

Nauðsynlegt er að skoða betur áhrif frumvarpsins fyrir þá nemendur sem fara í starfsnám en ljóst er að nauðsynlegt er að auka verulega aðsókn nemenda í slíkt nám. Þar þarf m.a. að líta til möguleika fólks á að sækja sér nám á háskólastigi til viðbótar við starfsréttindanám með tilliti til námslengdar. BSRB bendir á að þær breytingar sem verið er að gera kunni að draga úr áhuga fólks á að sækja sér verk- og starfsnám sem gengur þvert á markmið um aukna ásókn nemenda í slíkt nám.

Þá gerir bandalagið verulegar athugasemdir, m.a. í ljósi stjórnskipulegs banns við mismunun, við að takmarka námsaðstoð með tilliti til aldurs einstaklinga sbr. m.a. 2. og 9. gr. frumvarpsins. BSRB telur auk þess að sú breyting geti dregið verulega úr möguleikum þeirra sem þurfa einhverra hluta vegna að afla sér nýrrar eða viðbótarmenntunar til að sækja sér nám á miðjum aldri. BSRB leggur því til að fallið verði frá þessari breytingu enda í andstöðu við markmið um aukna og lengri þátttöku fólks á vinnumarkaði.

BSRB hefur hér sett fram helstu sjónarmið bandalagsins vegna fyrirbyggjandi frumvarps og hvetur til þess að frumvarpinu verði breytt í grundvallaratriðum til þess að tryggja hið mikilvæga félagslega hlutverk Lánasjóðsins, tryggt verði að þeir hópar sem sannarlega þurfi mest á að aðstoð LÍN að halda fái hana og áhrif frumvarpsins verði betur metin m.a. með tilliti til eflingar starfs- og verknáms.

## **Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um fjölskyldustefnu fyrir árin 2017-2021 með áherslu á börn og barnafjölskyldur, þingskjal 1502 - 813. mál – 14. september 2016**

BSRB hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um fjölskyldustefnu fyrir árin 2017 – 2021 með áherslu á börn og barnafjölskyldur.

BSRB fagnar því að lögð sé fram opinber fjölskyldustefna með áherslu á börn og barnafjölskyldur. Eitt af helstu áherslumálum BSRB er að hér sé komið á fjölskylduvænu samfélagi sem byggi á jöfnum tækifærum og jafnri stöðu foreldra, sbr. stefnu sem samþykkt var á þingi BSRB í október s.l. til þriggja ára. Enn fremur segir í stefnunni að gera verði fólki kleift að samræma fjölskyldulíf og atvinnu. Samhliða vinnu við að eyða launamun kynjanna verði að jafna stöðu foreldra við uppeldi barna og auka möguleika þeirra til að verja tíma með fjölskyldunni.

Til að svo megi verða telur BSRB nauðsynlegt að lengja fæðingarorlofsrétt foreldra á vinnumarkaði samhliða því sem hámarksgreiðslur eru hækkaðar. Enn fremur að greiðslur frá Fæðingarorlofssjóði verði óskertar upp að 300.000 kr. en 80% eftir það. Þá þarf að tryggja börnum örugga dagvistun strax að loknu fæðingarorlofi foreldra. Sveigjanlegur og fyrirsjáanlegur vinnutími leikur að mati bandalagsins lykilhlutverki við að byggja upp fjölskylduvænt samfélag og hefur stytting vinnuvikunnar verið eitt helsta baráttumál BSRB um árabíl. Það er grundvallarkrafa BSRB og mikilvægur liður í því að búa til fjölskylduvænna samfélag.

BSRB telur nauðsynlegt að taka til skoðunar samspil atvinnulífs, skóla og heimilis með það að leiðarljósi að draga úr árekstrum og álagi á fjölskyldufólk. Fjölskyldufólk þarf að hafa meiri sveigjanleika í starfi til þess að samþætta atvinnu og fjölskyldulíf, t.d. með töku sérstakra frídaga til að koma til móts við vetrarfrí, starfsdaga og lokanir skóla. Samkvæmt stefnu BSRB er mikilvægt að atvinnurekendur axli ábyrgð og stjórnvöld, fulltrúar atvinnulífsins og skóla klári það samtal sem þarf að eiga sér stað til að koma í veg fyrir síendurtekna árekstra vegna vetrarfría, sumarlokana og starfsdaga í skólum. Loks segir í stefnunni að mikilvægt sé að tryggja launafólki rétt til fjarvista frá vinnu vegna alvarlegra langvarandi veikinda barna án skerðingar á launum.

Í stefnunni sem hér er til umsagnar er því komið inn á marga þætti sem bandalagið hefur lagt áherslu á og styður því samþykkt hennar. BSRB gerir eftirfarandi athugasemdir og tillögur til breytinga á stefnunni.

Varðandi lið E.1. um stuðning vegna umönnunar barna fyrstu æviár leggur bandalagið áherslu á að breytingar á fæðingarorlofskerfinu til samræmis við tillögur starfshóps um mótun tillaganna um framtíðarskipan fæðingarorlofsmála verði gerðar tafarlaust. Miðað við núverandi fyrirkomulag um hámark greiðslna er ljóst að kerfið uppfyllir ekki markmið laga um að tryggja börnum samveru með foreldrum sínum og jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Um 40% færri feður fullnýta nú rétt sinn til fæðingarorlofs eftir verulegar skerðingar á hámarksgreiðslum eftir hrunið. Hlutfall tryggingargjalds hefur þar að auki verið lækkað til sjóðsins og hámarkið hefur ekki verið hækkað síðan í ársbyrjun 2014. Ljóst er að svigrúm er nú þegar hjá Fæðingarorlofssjóði til að hækka hámarksgreiðslur þrátt fyrir lækkað tryggingargjald. Ástæðan er lægri fæðingartíðni en sögulega hefur hún aldrei mælst lægri en árið 2015. Fyrir árið 2015 var fæðingartíðni 1,8 barn en til að samfélagið geti staðið undir sér þarf hún að vera 2,2. Þá er mikilvægt að lengja fæðingarorlof þannig að stuðningur stjórnvalda við barnafjölskyldur sé í takt við það sem gerist á hinum Norðurlöndunum ásamt því að það er mikilvægur liður þess að brúa megi umönnunarbilið svonefnda. Fæðingarorlofið er styst hér á landi samanborið við hin Norðurlöndin. BSRB hafnar því alfarið að framkvæmd þessa verkefnis sem fjallað er um í lið E.1. skuli eiga sér stað árið 2017 og gerir kröfu um að hún eigi sér stað tafarlaust. Áhrif núverandi fyrirkomulags tryggja ekki að markmið laganna nái fram að ganga. Kerfið hefur ekki tekið breytingum frá því var komið á árið 2000 en á hinum Norðurlöndunum hafa kerfin þróast frekar í ljósi reynslunnar og stuðningur við foreldra ungra barna aukinn verulega.

Varðandi lið E.2. um réttindi veikra barna til að njóta umönnunar foreldra þá styður bandalagið eindregið að mótaðar verði tillögur til breytinga á núverandi fyrirkomulagi. Hið sama má segja um lið E.3. en BSRB hefur til margra ára barist fyrir styttingu vinnuvikunnar. BSRB telur þó að afmörkunin um að markmiðið taki eingöngu til vinnustunda foreldra ungra barna sé of þröngt. Þrátt fyrir að stefnan leggi áherslu á börn og barnafjölskyldur sýna rannsóknir að álag vegna samþættingar fjölskyldu- og atvinnulífs er bæði vegna barna og aldraðra ættingja. BSRB gerir því tillögu til að markmiðið verði útvíkkað til samræmis þar um.

Í lið E.4 er fjallað um samræmd leyfi í leikskólum og grunnskólum. BSRB telur rétt að unnar verði tillögur að því að auðvelda einstaklingum samspil atvinnulífs, skóla og heimilis með það að leiðarljósi að draga úr árekstrum og álagi á fjölskyldufólk. Taka þurfi til umræðu aukinn sveigjanleika í starfi, t.d. sérstakra frídaga til að koma til móts við vetrarfrí, starfsdaga og lokanir skóla. Enn fremur að tekið verði til endurskoðunar núverandi fyrirkomulag þessara lokana skóla og leikskóla og hvort skipan þeirra geti verið með öðrum hætti þannig að gætt sé að hagsmunum barna, foreldra, launafólks og atvinnurekenda.

BSRB telur því ekki nægilegt að eingöngu verði unnar tillögur sem miða að því að samræma vetrarfrí og starfsdaga milli skólastiga og innan sveitarfélaga.

## **Umsögn BSRB um frumvarp til laga um almannatryggingar o.fl. (einföldun bóttakerfis, breyttur lífeyristökualdur o.fl.), 857. mál – 15. september 2016**

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um almannatryggingar. Bandalagið átti fulltrúa í nefnd um endurskoðun laga um almannatrygginga sem skipuð var af félags- og húsnæðismálaráðherra í nóvember 2013. Bandalagið studdi megin niðurstöður nefndarinnar sem að mestu leyti hafa verið færðar inn í frumvarpið sem nú er til umsagnar, að undanskildu starfsgetumati.

Því styður bandalagið framgang þeirra tillagna sem frumvarpið tekur til en leggur ríka áherslu á að bætt verði við ákvæðum um starfsgetumat í samræmi við tillögur nefndar um endurskoðun almannatryggingarlaga. Samkvæmt stefnu BSRB sem samþykkt var til þriggja ára í október s.l. telur bandalagið að gera þurfi grundvallarbreytingar á almannatryggingarkerfinu þar sem litið er til starfsgetu einstaklinga en ekki örorku þeirra.

Í niðurstöðum nefndar um endurskoðun almannatrygginga er sérstaklega vakin athygli á því að í óbreyttu kerfi er því ljóst að dæmi geta verið um einstaklinga sem hafi fengið 75% örorkumat en eru hins vegar með fulla starfsgetu þrátt fyrir skerðingu eða sjúkdóm, sjá bls. 10-11. Í tengslum við niðurstöðu nefndarinnar lögðu BSRB ásamt ASÍ, BHM, KÍ og SA fram bókun. Þar segir að lögð sé áhersla á að metin sé starfsgeta einstaklinga í stað vangetu þeirra, aukin réttindi fólks sem býr við orkuskerðingu á bilinu 25-50% með því að taka upp kerfi hlutabóta og tryggja endurhæfingarmöguleika í stað núverandi örorkubótakerfis sem festir fólk oft í fátækragildru og dregur úr hvata til starfsendurhæfingar og atvinnuþátttöku.

Ekki náðist samstaða í nefndinni um endurskoðun almannatrygginga um tillögur til breytinga á barnalífeyri almannatrygginga. Í fyrrnefndri bókun samtaka launafólks og atvinnurekenda segir að brýnt sé að félags- og húsnæðismálaráðherra og Alþingi beiti sér fyrir því að gerðar verði breytingar hið fyrsta á barnalífeyri sem tryggi jafnræði í framfærslustuðningi við tekjulágt barnafólk, óháð því hvort það hefur launatekjur á vinnumarkaði eða lífeyristekjur.

### **Umsögn BSRB um frumvarp til laga um kjararáð, 871 mál – 28. september 2016**

BSRB tekur undir meginmarkmið frumvarpsins að fjölga þeim sem taka laun samkvæmt samningum á hefðbundinn hátt og fækka þar með þeim sem falla undir Kjararáð og hins að þeir sem ekki geta samið um laun á venjubundin hátt hafi meiri aðkomu að málum þegar ákvarðanir eru teknar um laun og starfskjör þeirra umfram það sem nú er.

Bandalagið varar þó við að með breyttu fyrirkomulagi sé hætt við enn frekara ógagnsæi í ákvörðun og eftirliti með launaákvörðun þeirra sem teknir eru undan Kjararáði. Mikilvægt er að þær upplýsingar séu teknar saman og birtar a.m.k. árlega með aðgengilegum hætti. Ekki er nægilegt að eingöngu sé vísað til þess hver hlutfallsleg launahækkun hefur orðið heldur skulu þær upplýsingar vera þannig úr garði gerðar að sjá megi heildarlaun og sundurliðun launa. Af þeim ástæðum leggur BSRB til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu, og eftir atvikum enn frekari til að tryggja eftirfarandi:

Lagt er til að í 1. tölul. 8. gr. frumvarpsins um 39. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins verði bætt við d. lið þar sem segir: „Starfseining á ábyrgð fjármála- og efnahagsráðherra skal taka saman og birta árlega sundurliðaðar upplýsingar um heildarlaun þeirra er falla undir kjararáð, forstöðumanna ríkisstofnana sem eftir breytingar fari eftir ákvörðunarvaldi ráðherra eða stjórnar stofnunar, framkvæmdastjóra hlutafélaga og annars konar félaga þeirra einkaréttareðlis sem taka laun samkvæmt ákvörðun stjórnna hlutafélaga og annars konar félaga sem flokkast í A-, B- og C- hluta ríkisreiknings og biskupa, vígslubiskupa, prófasta og presta þjóðkirkjunnar. Framantöldum aðilum er skylt að afhenda starfseiningu umræddar upplýsingar í þessu skyni.“

Samkvæmt framangreindu þarf einnig tillögum til breytinga vegna nefndra sérlaga í frumvarpinu í eftir því sem við á, sbr. 6.-23. tölul. 8. gr. frumvarps. Þar er fjallað um hverjir fari með ákvörðunarvald launa og að jafnaði segir í frumvarpinu þar um: „skv. 39. gr. a laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Um laun og önnur starfskjör formanns og varaformanns nefndarinnar fer skv. 39. gr. a laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.“ Lagt er til að umræddar tillögur til breytinga verði orðaðar svo: „Um laun og önnur starfskjör formanns og varaformanns nefndarinnar ásamt upplýsingaskyldu um ákvörðun launa fer skv. 39. gr. a laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.“

### **Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, 873. mál – 4. október 2016**

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum, varðandi breytingar á A-deild sjóðsins.

Endurskoðun lífeyrismála opinberra starfsmanna hefur staðið yfir í nokkur ár. Upphafið má rekja til þess að við undirritun Stöðugleikasáttmálans, sem undirritaður var af ríki, sveitarfélögum og aðilum vinnumarkaðarins árið 2009, var m.a. ákveðið að þessir aðilar myndu í sameiningu taka lífeyrismál og málefni lífeyrissjóða til umfjöllunar. Í kjölfarið var skipaður vinnuhópur þessara aðila og var meginmarkmið hans að komast að sameiginlegri niðurstöðu um framtíðarskipan lífeyrismála. Þá var skipaður starfshópur um málefni Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (hér eftir LSR) og Brúar en hlutverk hans var m.a. að fara yfir stöðu A- og B-deildar og koma með tillögur að framtíðarlausnum á vanda þeirra þar sem töluvert vantaði upp á að sjóðurinn ætti fyrir framtíðarskuldbindingum. Í hópnum áttu sæti fulltrúar ríkis, sveitarfélaga, Bandalags háskólamanna, BSRB og Kennarasambands Íslands sem undirrituðu samkomulag um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna varðandi A-deild lífeyrissjóðanna þann 19. september 2016 (hér eftir samkomulagið).

Samkomulagið felur í sér stefnumörkun þess að lífeyrisréttindi verði jöfnuð milli almenna og opinberra vinnumarkaðarins þannig að reglur um ávinnslu réttinda og lífeyristökualdur opinberra starfsmanna taki breytingum. Allir búi þá við samræmt fyrirkomulag í lífeyrismálum og geti færst sig milli lífeyrissjóða hvenær sem er starfsævinnar án þess að það hafi áhrif á réttindaávinnslu og unnið verði markvisst að því að jafna launakjör á opinberum og almennum vinnumarkaði. Slíkar breytingar myndu að óbreyttu valda skerðingu á lífeyrisréttindum opinbers starfsfólks. Til að tryggja verði að áunnin lífeyrisréttindi núverandi sjóðfélaga A-deildar LSR og Brúar verði óbreytt og framtíðarávinnsla jöfn því sem annars hefði verið, er m.a. markmið og forsenda samkomulagsins að „réttindi núverandi sjóðfélaga í A-deildum LSR og Brúar verði jafn verðmæt fyrir og eftir þær breytingar á skipan lífeyrismála“ sem fjallað er um í samkomulaginu, sbr. c. lið 1. gr. samkomulags. Í stað jafnrar ávinnslu réttinda yfir starfsævina muni réttindaávinnsla verða aldurstengd. Þá muni almennur lífeyristökualdur hækka úr 65 árum í 67. Hins vegar muni núverandi sjóðfélagar halda óbreyttum réttindum sem þeir hafa nú í LSR og Brú og geti hafið töku lífeyris 65 ára ef þeir svo kjósa.

Við gerð samkomulagsins var skilningur BSRB, BHM og KÍ sá að til að tryggð væru réttindi sjóðfélaga A-deildar LSR myndi ríki leggja LSR til framlag sem myndaði svonefndan lífeyrisaukasjóð. Hlutverk þessa lífeyrisauka væri til að tryggja að áunnin réttindi fram að árslokum 2016 yrðu ekki skert og að framtíðarréttindi yrðu óbreytt. Töldu þessi samtök launafólks að skilningur viðsemjenda væri sá sami enda er enginn halli á sjóðnum miðað við núverandi skuldbindingar hans. Það er hins vegar fyrirséður halli vegna framtíðarskuldbindinga hans og er það meðal ástæðna þess að samtök opinbers launafólks töldu brýnt að brugðist yrði við og undirrituðu umrætt samkomulag. Allir útreikningar um fjárhæð lífeyrisauka miðuðu þannig að því að tryggja væri að framtíðarávinnsla væri jöfn því sem hún annars hefði verið. Lífeyrisaukinn kæmi jafnframt í staðinn fyrir núgildandi ábyrgð launagreiðenda á réttindum hjá LSR sem felst í því að ef A-deild LSR stendur ekki undir sér þá ber stjórn sjóðsins að hækka móttframlag launagreiðenda. Það eru því í raun ekki sjóðfélagar sjálfir sem bera ábyrgð á réttindum heldur launagreiðendur. Lífeyrisaukinn á þannig að tryggja fulla fjármögnun skuldbindinga sjóðsins, núverandi og til framtíðar, fyrir þá sem eiga réttindi og eru að greiða í sjóðinn fram til ársloka 2016 en í staðinn muni ábyrgð launagreiðenda á réttindum vera afnumin.

Þó nokkur fjöldi sjóðfélaga A-deildar LSR starfar á almennum vinnumarkaði. BSRB leggur ríka áherslu á að lögin kveði með skýrum hætti á um að ef sjóðfélagi sem hefur áunnið sér rétt til lífeyrisauka viðhaldi þeim rétti þó hann skipti um starf. Þannig geti einstaklingur sem hefur greitt til A-deildar LSR en unnið á almennum vinnumarkaði skipt um starf og ef það starf veitir honum áframhaldandi aðild að A-deild LSR, skuli réttur til lífeyrisauka vera sá sami enda hafi ekki orðið lengra en 12 mánaða rof á greiðslu iðgjalda, eða eftir atvikum 24 mánaða rof vegna veikinda, náms eða fæðingarorlofs.

Af þessum ástæðum gerir BSRB verulegan fyrirvara við stuðning sinn til framgang þessa þingmáls þar sem framangreindur skilningur á samkomulaginu endurspeglar ekki í frumvarpinu. Athugasemdir BSRB eru efnislega fjórar en samtals eru lagðar til fimm breytingar svo að tryggja megi að markmið samkomulagsins endurspeglar í frumvarpi því sem er til



umsagnar. Bandalagið gerir þá kröfu að ákvæði þess taki eftirfarandi breytingum. Í fyrsta lagi varða athugasemdirnar að áunnin réttindi núverandi sjóðfélaga skuli vera óskert eftir breytingar á skipan lífeyrismála, sbr. athugasemd 1 og 2. Í öðru lagi að skýrt sé kveðið á um að hafi sjóðfélagi áunnið sér rétt til lífeyrisauka viðhaldist sá réttur þó að viðkomandi skipti um starf enda geti hann átt áframhaldandi aðild að A-deild LSR, sbr. athugasemd 3. Í þriðja lagi að tilgreint sé með skýrum hætti hvernig iðgjaldagreiðslur annarra launagreiðenda en ríkis og sveitarfélaga, verði háttáð eftir breytingar núverandi sjóðfélaga sem ekki vinna hjá ríki og sveitarfélögum, sbr. athugasemd 4. Það kemur fram með skýrum hætti í samkomulaginu en af einhverjum ástæðum er það ekki tilgreint í frumvarpinu. Í fjórða og síðasta lagi að skýrar sé kveðið á um að ef varúðasjóður uppfylli ekki hlutverk sitt um að styðja við lífeyrisaukasjóð þá sé það hlutverk opinberra launagreiðenda að bregðast við, sbr. athugasemd 5. Hér á eftir verða gerðar tillögur til breytinga á frumvarpinu, ástæður tillagnanna skýrðar ásamt því að til frekari skýringar eru ákvæðin eins og þau hljóða nú ásamt tillögum BSRB til breytinga sett fram í heild sinni.

### 1) Við a. lið 7. gr. frumvarpsins bætist við 3. málslíður svohljóðandi:

*„Í samþykktunum skal tryggt að ekki verði kveðið á um lakari réttindi hvers og eins sjóðfélaga, sem greitt hafa í A-deild fyrir 31. desember 2016, en lög kváðu á um 1. október 2016.“*

Skýring: Í samræmi við inngang umsagnar þessarar skal tryggt að áunnin réttindi núverandi sjóðfélaga verði óskert. Ákvæði a.liðar 7. gr. frumvarpsins hljóði því svo í heild en breytingartillagan er undirstrikuð:

*„Frá og með 1. janúar 2017 skal A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins starfa á grundvelli laga um skyldutryggingu lífeyrissjóða og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum, laga þessara eftir því sem við á og samþykktu er fyrir sjóðinn gilda. Stjórn sjóðsins skal aðlaga samþykktir sjóðsins ákvæðum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og lögum þessum eftir því sem við á og leggja þær þannig breyttar fyrir ráðherra til staðfestingar, sbr. 28. gr. laga nr. 129/1997, eigi síðar en 1. nóvember 2016. Í samþykktunum skal tryggt að ekki verði kveðið á um lakari réttindi hvers og eins sjóðfélaga, sem greitt hafa í A-deild fyrir 31. desember 2016, en lög kváðu á um 1. október 2016.“*

### 2) Við 1. mgr. b liðar (IX.) 7. gr. frumvarpsins bætist nýr 2. málslíður:

*„Hlutverk lífeyrisauka er að tryggja að áfallnar skuldbindingar og réttindi þeirra sem eru sjóðfélagar við árslok 2016 séu á hverjum tíma óskert og til að framtíðarávinnsla réttinda verði óbreytt.“*

Skýring: Í samræmi við inngang umsagnar þessarar skal tryggt að áunnin réttindi núverandi sjóðfélaga verði óskert. Í samkomulaginu er ávallt vísað til hugtaksins sjóðfélaga og töldu fulltrúar BSRB því skýrt að það tæki til réttinda þeirra sem eru að greiða í sjóðinn eða hafa greitt í sjóðinn, sem og þeirra sem hafa hafið töku lífeyris. Sá skilningur byggir á 2. gr. laga um LSR hljóðar svo: „Sjóðfélagar samkvæmt lögum þessum eru þeir einstaklingar sem greiða iðgjald til sjóðsins, þeir sem njóta elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum og þeir einstaklingar sem með iðgjaldagreiðslum hafa áunnið sér rétt í sjóðnum en greiða ekki lengur iðgjald og hafa ekki hafið töku lífeyris úr sjóðnum.“

Ákvæði 1. mgr. b.liðar 7. gr. frumvarpsins hljóði því í heild svo en breytingartillagan er undirstrikuð:

*„Ríkissjóður skal eigi síðar en 31. desember 2016 greiða 91,279 ma.kr. framlag til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem ætlað er til þess að standa undir lífeyrisauka til sjóðfélaga sem rétt eiga á honum skv. 2. og 3. mgr. Hlutverk lífeyrisauka er að tryggja að áfallnar skuldbindingar og réttindi þeirra sem eru sjóðfélagar við árslok 2016 séu á hverjum tíma óskert og til að framtíðarávinnsla réttinda verði óbreytt. Framlagið er ákvarðað á grundvelli tryggingafræðilegra forsendna í árslok 2015 að öðru leyti en því að miðað er við lífslíkur byggðar á reynslu árána 2010-2014. Greiðsla framlagsins er bundin því skilyrði að tekin verði upp í A-deild aldurstengd réttindaávinnsla og 67 ára lífeyristökualdur.“*

### 3) Við 7. mgr. b liðar (IX.) 7. gr. frumvarpsins bætist við nýr 1. málsliður:

*„Þeir sjóðfélagar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem rétt eiga til lífeyrisauka í A-deild sjóðsins skulu eiga áframhaldandi rétt til lífeyrisauka skipti þeir um starf enda sé starfið hjá ríki, sveitarfélagi eða öðrum atvinnurekendum sem veitir þeim rétt til aðildar að sjóðnum.“*

Skýring: Núverandi sjóðfélagar starfa hjá ríki, sveitarfélögum og ýmsum atvinnurekendum á almennum vinnumarkaði. Mikilvægt er að tryggt sé að allir sjóðfélagar sem eiga rétt til lífeyrisauka njóti hans áfram þó þeir skipti um starf. Miðað við fyrirbyggjandi frumvarp er það eingöngu tryggt ef núverandi sjóðfélagar skipta um starf og færa sig milli ríkis og sveitarfélaga og milli LSR og Brúar. Það verður því að kveða á um það með skýrum hætti að ef sjóðfélagar hafi rétt til lífeyrisaukans þá viðhaldist sá réttur þó þeir skipti um starf að því gefnu að þeir geti átt aðild áfram að A-deild LSR. Þannig geti núverandi sjóðfélagi sem t.d. starfar hjá atvinnurekanda á almennum vinnumarkaði og hefur greitt í LSR haldi jöfnum og óskertum lífeyrisréttindum ef hann skiptir um starf og hefur starf hjá ríki, sveitarfélögum eða öðrum launagreiðendum sem veitir aðild að A-deild LSR. Ákvæði 1. mgr. b.liðar 7. gr. frumvarpsins hljóði því í heild svo en breytingartillagan er undirstrikuð:

*„Þeir sjóðfélagar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem rétt eiga til lífeyrisauka í A-deild sjóðsins skulu eiga áframhaldandi rétt til lífeyrisauka skipti þeir um starf enda sé starfið hjá ríki, sveitarfélagi eða öðrum atvinnurekendum sem veitir þeim rétt til aðildar að sjóðnum. Þeir sjóðfélagar Brúar lífeyrissjóðs sem rétt eiga á lífeyrisauka hjá Brú skulu eiga rétt á lífeyrisauka hjá A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins skipti þeir um starf og verði sjóðfélagar í A-deild, sbr. þó 5. mgr. Tilskilið er að sambærilegt ákvæði sé sett í samþykktir Brúar, að breyttu breytanda, og að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Brú lífeyrissjóður geri með sér samkomulag um kostnað við lífeyrisauka vegna sjóðfélaga sem færast milli sjóðanna.“*

### 4) Við 8. mgr. b liðar (IX.) 7. gr. frumvarpsins bætist við nýr málsliður á eftir 4. málslið:

*„Aðrir launagreiðendur greiða breytilegt iðgjald.“*

Skýring: Eins og áður hefur komið fram er hluti sjóðfélaga starfandi hjá öðrum launagreiðendum en stofnunum og fyrirtækja ríkis og sveitarfélaga. Það er því mikilvægt að lögin endurspegli það og fjalli með sama hætti um hina mismunandi launagreiðendur. Ofangreind tillaga að viðbót við frumvarpið er efnislega sambærilegu ákvæði og er að finna í samkomulaginu í lið 4 d. Hér er því um tillögu að ræða sem af einhverjum ástæðum er ekki hluti frumvarpsins en er hins vegar mjög skýrt kveðið á um í samkomulaginu.

Ákvæði 8. mgr. b.liðar 7. gr. frumvarpsins hljóði því í heild svo en breytingartillagan er undirstrikuð:

*„Launagreiðendur sem ekki eru einkanlega fjármagnaðir með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum eða framlögum skulu greiða ríkissjóði til baka þann hluta af framlagi því sem ríkissjóður greiðir skv. 1. mgr. og fer til þess að greiða lífeyrisauka starfsmanna þessara launagreiðenda. Þessi endurgreiðsla fer fram þannig að launagreiðendur, aðrir en ríkisaðilar í B- og C-hluta ríkisreiknings, greiða sérstakt iðgjald sem standa á undir lífeyrisauka þessara starfsmanna. Iðgjald þetta skal endurskoða árlega í samræmi við tryggingafræðilega athugun og skal ákvörðun um hækkun þess eða lækkun liggja fyrir eigi síðar en 1. október fyrir komandi almanaksár. Ríkisaðilar í B- og C-hluta ríkisreiknings endurgreiða ríkissjóði árlega lífeyrisauka starfsmanna sinna á grundvelli útreiknings Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Aðrir launagreiðendur greiða breytilegt iðgjald.“*

### 5) Breytingar verði gerðar á 3. málslið c liðar 3. mgr. c liðar (X.) 7. gr. frumvarps svohljóðandi:

*„Verði það niðurstaðan skulu ríki og sveitarfélög bregðast við því þannig að markmið um jafn verðmæt réttindi sjóðfélaga séu tryggð.“*

Skýring: Það er skilningur samningsaðila að ef varúðasjóður uppfyllir ekki hlutverk sitt um að styðja við lífeyrisaukasjóð þannig að réttindi sjóðfélaga verði jafn verðmæt eftir breytingar og fyrir þær, skuli launagreiðendur bregðast við. Í því felst að ef núverandi útreikningar standast

ekki skulu gerðir nýir útreikningar að 20 árum liðnum og launagreiðendur greiði til varúðarsjóðs sem nemur þeim mismuni sem kann að vera fyrir hendi. Um mjög þarfa breytingu á frumvarpinu er að ræða þar sem í athugasemdum við 2. tölulið segir „Ekki er gert ráð fyrir frekari greiðslu framlags þótt þær forsendur kunni mögulega að breytast, sbr. þó 3. tölul.“ Það er ekki síst mikilvægt í ljósi þess að c. liður IV liðar viðauka 1 með samkomulaginu, um varúðarsjóð lífeyrisaukasjóðs A-deildar LSR, kom inn á síðari stigum samningaviðræðna og eru litlar sem engar skýringar að finna í frumvarpinu, hvorki í greinargerð né athugasemdum þess annað en það sem kemur fram í ákvæðinu sjálfu.

Ákvæði c liðar 3. mgr. c liðar (X) 7. gr. frumvarpsins hljóði því svo í heild en breytingartillagan er undirstrikuð:

*„Komi í ljós að varúðarsjóðurinn geti ekki staðið við hlutverk sitt, þ.e. ef eign sjóðsins dugir ekki til að styðja þannig við lífeyrisaukasjóð að komist verði hjá skerðingu á greiðslum úr honum, skulu launagreiðendur taka upp viðræður við heildarsamtök opinberra starfsmanna um hvernig við því verði brugðist. Í þeim viðræðum skal lagt mat á hvort þær tryggingafræðilegu forsendur sem byggt er á við ákvörðun á framlagi í lífeyrisaukasjóð, svo sem forsendur varðandi útreikning á lífslíkum, hafi leitt til vanmats á fjárþörf sjóðsins. Verði það niðurstaðan skulu ríki og sveitarfélög bregðast við því þannig að markmið um jafn verðmæt réttindi sjóðfélaga séu tryggð.“*

## **Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, með síðari breytingum (breyting á A-deild sjóðsins), 6. mál – þskj. 6 – 21. desember 2016**

Í ljósi stöðunnar óskar BSRB eftir því að efnahags- og viðskiptanefnd taki aftur til umfjöllunar frumvarp til laga um breytingu á lögum um LSR. Lögð er mikil áhersla á að málinu ljúki í sátt við alla aðila samkomulagsins og vill bandalagið leggja fram neðangreinda tillögu til breytinga. Við teljum hana styrkja stöðu þeirra sem eru undir 60 ára.

### Til frekari skýringar þá tekur frumvarpið í núverandi mynd til eftirfarandi:

A-deildin fer undir almennu lífeyrissjóðalögin sem felur í sér að ávinnsla verður aldurstengd og lífeyristökualdur 67 ára. Enn fremur verða eftirtaldar breytingar:

1. Lífeyrisaukasjóður greiðir mun á annars vegar jafnri réttindaávinnslu og 65 ára lífeyristökualdri og hins vegar aldurstengdri réttindaávinnslu og 67 ára lífeyristökualdri hjá núverandi sjóðfélögum í A-deild.
2. Varúðarsjóðurinn bætir upp stöðu lífeyrisaukasjóðs ef hann getur ekki staðið við hlutverk sitt.
3. 60 ára og eldri er tryggt skaðleysi.
4. Geti varúðarsjóðurinn ekki staðið við hlutverk sitt verða teknar upp viðræður á milli launagreiðenda og heildarsamtaka opinberra starfsmanna um hvernig verði við því brugðist, sbr. c. lið 4. gr. viðauka 1 samkomulags aðila frá 19. september s.l.

Tillaga BSRB felur í sér að efnislega myndi frumvarpið kveða á um eftirfarandi en breytingartillagan er feitletruð:

A-deildin fer undir almennu lífeyrissjóðalögin sem felur í sér að ávinnsla verður aldurstengd og lífeyristökualdur 67 ára. Enn fremur:

1. Lífeyrisaukasjóður greiðir mun á annars vegar jafnri réttindaávinnslu og 65 ára lífeyristökualdri og hins vegar aldurstengdri réttindaávinnslu og 67 ára lífeyristökualdri hjá núverandi sjóðfélögum í A-deild.
2. Varúðarsjóðurinn bætir upp stöðu lífeyrisaukasjóðs ef hann getur ekki staðið við hlutverk sitt **og bætir upp stöðu A-deildar gagnvart núverandi sjóðfélögum ef kemur til skerðinga**. Ef varúðarsjóðurinn tæmist innan 20 ára lýkur þá hlutverki hans og A-deildin sætir aukningu og skerðingu réttinda eins og aðrar deildir í almennu lífeyrissjóðalögunum.
3. 60 ára og eldri er tryggt skaðleysi.

4. Geti varúðarsjóðurinn ekki staðið við hlutverk sitt verða teknar upp viðræður á milli launagreiðenda og heildarsamtaka opinberra starfsmanna um hvernig verði við því brugðist, sbr. c. lið 4. gr. viðauka 1 samkomulags aðila frá 19. september s.l.

Munurinn felst því í að hlutverk lífeyrisaukasjóðs yrði óbreytt í frumvarpinu og samkvæmt skilningi fjármála- og efnahagsráðuneytis en hlutverk varúðarsjóðs tekur breytingum. Miðað við fyrirliggjandi frumvarp takalífeyrisaukasjóður og varúðarsjóður eingöngu til framtíðarréttinda sjóðfélaga en skv. breytingartillögunni mun varúðarsjóðurinn taka á allri A-deildinni varðandi núverandi sjóðfélaga. Varúðarsjóðurinn mun því taka á því sama og bak-ábyrgðin gerir í dag.

Breytingartillagan nær því eingöngu til c. liðar (X.) 7. gr. frumvarps. Lagt er til að bætt sé við nýrri málsgrein á eftir þeirri fyrstu og hún hljóði svo í heild sinni en tillögur að breytingu eru feitletraðar:

c. (X.)

Ríkissjóður skal fyrir 31. desember 2016 leggja til 8,4 ma.kr. í sérstakan varúðarsjóð og skal höfuðstóll hans varðveittur og ávaxtaður af lífeyrissjóðnum. Varúðarsjóður skal aðgreindur frá öðrum fjármunum sem A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fer með og telst ekki með í reiknaðri hreinni eign til greiðslu lífeyris. Árleg ávöxtun varúðarsjóðs er lögð við höfuðstól hans.

**Hlutverk varúðarsjóðs er annars vegar að styðja við lífeyrisaukasjóð og hins vegar að bæta upp stöðu A-deildar ef tryggingafræðileg staða hennar er neikvæð til að tryggja að sjóðfélagar sem aðild eiga að sjóðnum fyrir 1. júní 2017 sæti ekki skerðingu réttinda, sbr. 39. gr. laga 129/1997.**

Ráðherra skal skipa þrjá fulltrúa og BSRB, Bandalag háskólamanna og Kennarasamband Íslands þrjá fulltrúa í matshóp sem yfirfer tryggingafræðilega stöðu og ákveður hvort skilyrði fyrir ráðstöfun fjármuna úr varúðarsjóði eru uppfyllt. Komist matshópur ekki að niðurstöðu um nýtingu varúðarsjóðsins skulu aðilar velja sameiginlegan oddamann sem tekur þá sæti í matshópnum. Leggja skal mat á stöðu lífeyrisaukasjóðs:

- a. Sé tryggingafræðileg staða lífeyrisaukasjóðs samkvæmt árlegu mati neikvæð um 10% eða meira í fimm ár eða hafi hún haldist neikvæð um a.m.k. 5% samfellt í meira en tíu ár skal leggja höfuðstól varúðarsjóðsins í heild eða að hluta við eignir lífeyrisaukasjóðs, í báðum tilvikum þar til að neikvæðu 5% viðmiði er náð, og fjármunirnir nýttir til að mæta skuldbindingum hans.
- b. Að tuttugu árum liðnum frá stofnun varúðarsjóðs skal leggja höfuðstól hans í heild eða að hluta við eignir lífeyrisaukasjóðs að því marki sem þörf er á til að tryggingafræðileg staða hans verði jákvæð um a.m.k. 2,5%. Það sem eftir kann að standa af höfuðstóli varúðarsjóðs skal endurgreiða ríkissjóði nema ríkið telji að sérstök rök séu fyrir því að ráðstafa eftirstöðvunum til lífeyrisaukasjóðs eða A-deildar.
- c. Komi í ljós að varúðarsjóðurinn geti ekki staðið við hlutverk sitt, þ.e. ef eign sjóðsins dugir ekki til að styðja þannig við lífeyrisaukasjóð að komist verði hjá skerðingu á greiðslum úr honum, skulu launagreiðendur taka upp viðræður við heildarsamtök opinberra starfsmanna um hvernig við því verði brugðist. Í þeim viðræðum skal lagt mat á hvort þær tryggingafræðilegu forsendur sem byggð er á við ákvörðun á framlagi í lífeyrisaukasjóð, svo sem forsendur varðandi útreikning á lífslíkum, hafi leitt til vanmats á fjárþörf sjóðsins. Verði það niðurstaðan skal brugðist við því þannig að markmið um jafn verðmæt réttindi sjóðfélaga séu tryggð.

## Umsagnir 2017

### **Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum og lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum. Þingskjal 141 – 84. mál – 21. febrúar 2017**

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum og lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

BSRB fagnar framlagningu þessa þingmáls. Bandalagið átti fulltrúa í starfshópi um framtíðarstefnu fæðingarorlofsmála sem skipaður var af félags- og húsnæðismálaráðherra 2014 og voru tillögur hans afhentar ráðherra í mars 2016. Nú ári síðar eru kröfur BSRB þær sömu og tillögurnar fela í sér, að fæðingarorlof verði 12 mánuðir, greiðslur verði óskertar upp að 300.000 kr. en foreldrar fái 80% af viðmiðunartekjum umfram það og að hámarksgræiðslur verði 600.000 kr.

Samkvæmt útreikningum ASÍ og BSRB, sem sendar voru til allra stjórn málaflakka í aðdraganda kosninga vegna átaks samtakanna um Betra fæðingarorlof, rúmast tillögur starfshópsins eins og þær eru lagðar fram í skýrslunni innan þess tryggingargjalds sem Fæðingarorlofssjóður fékk á árunum 2012-13, þ.e. 1,28% af tryggingargjaldinu. Hlutfall gjaldsins var lækkað um næstum helming árið 2014 og hefur verið óbreytt síðan.

### **Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, lögum um aukatekjur ríkissjóðs, áfengislögum og lögum um gjald á áfengi og tóbaki, með síðari breytingum – 17. mars 2017**

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, lögum um aukatekjur ríkissjóðs, áfengislögum og lögum um gjald á áfengi og tóbaki, með síðari breytingum (smásala áfengis).

Efnislega byggir þetta á frumvarpi sem var fyrst lagt fram árið 2003 en frumvörp sama efnis hafa verið lögð fram í samtals níu skipti frá þeim tíma. Afstaða og umsögn BSRB hefur ekki breyst frá 145. löggjafarþingi þar sem vísað var til umsagnar um málið frá 144. löggjafarþingi, þrátt fyrir smávægilegar breytingar á frumvarpinu og telur að engin haldbær rök hafa komið fram sem styðja framgang þessa máls.

### **Umsögn BSRB um frumvarp til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði, 435. mál og frumvarp til laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna, 436. mál – 10. maí 2017**

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði og jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna.

Bandalagið hefur tekið þátt í undirbúningi þessa máls frá 2006 og fagnar framlagningu þess. BSRB hefur í rúmlega áratug lagt mikla áherslu á að svonefndar mismunatilskipanir verði innleiddar með setningu laga um jafna meðferð á vinnumarkaði og jafna meðferð óháð kynþætti eða þjóðernisuppruna sem byggja tilskipunum 2000/78/EB frá 27. nóvember 2000, um almennar reglur um jafna meðferð á vinnumarkaði og í atvinnulífi og tilskipun 2000/43/EB frá 29. júní 2000, um framkvæmd meginreglunnar um jafna meðferð manna án tillits til kynþáttar eða þjóðernis.

Það er löngu tímabært að Ísland leggi áherslu á og tryggji jafnrétti í víðari skilningi en eingöngu kynjajafnrétti og gangi þannig í takt við alþjóðasamfélagið. Meginforsenda þess er að sett verði almenn löggjöf um bann við mismunun á grundvelli fleiri ástæðna en eingöngu kyns. BSRB hvetur Alþingi eindregið til að samþykkja frumvörpin.

## Umsögn BSRB um frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla (jafnlaunavottun), 437. mál – 10. maí 2017

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla (jafnlaunavottun). Bandalagið styður eindregið framgang þessa máls og hvetur Alþingi til að samþykkja frumvarpið.

Það eru 59 ár síðan að Ísland fullgilti jafnlaunasamþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Með því skuldbundu íslensk stjórnvöld sig til að tryggja jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf með lögum, eða sértækum ráðstöfunum, eða heildarsamningum aðila vinnumarkaðarins eða með þessum mismunandi aðferðum sameiginlega. Um var að ræða fyrstu jafnlaunaregluna hér á landi sem síðar var fylgt enn frekar eftir með lagasetningu 1961. Verði frumvarpið samþykkt væri í fyrsta sinn komið á sértækri aðgerð af hálfu stjórnvalda til að stemma stigu við launamisrétti á vinnustöðum sem að meginstefnu til er algild fyrir vinnumarkaðinn, með þeim fyrirvara þó að byggt er á tilteknu fjöldaviðmiði starfsmanna á vinnustað. Það er mikilvægt skref í rétta átt að jafnri stöðu og jöfnum rétti kvenna og karla og er í samræmi við ábendingar norrænna sérfræðinga í jafnréttismálum sem hafa bent á að stöðnun sé í málaflokknum og mikilvægt sé að grípa til aðgerða til að tryggja jafnrétti kynjanna.

Inntak þeirra jafnlaunaákvæða sem Ísland hefur undirgengist vegna aðildar að alþjóðasamningum og lögfest frá 1958 fela öll í sér að óheimilt sé að mismuna konum og körlum í launum og öðrum kjörum fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Það hafa því verið í gildi ákveðnar takmarkanir á frjálsum heimildum atvinnurekenda til að ákvarða laun í nærri sex áratugi. Hins vegar hefur því ekki verið fylgt eftir með neinum hætti að tryggt sé að atvinnurekendur virði jafnlaunaákvæðið af hálfu stjórnvalda. Málum er skipað með þeim hætti nú að það er á ábyrgð einstaklingsins að fylgja því eftir að hann njóti launajafnréttis, þ.e. á grundvelli ákvæðis jafnréttislaga sem fjallar um bann við mismunun í kjörum. Áður en til þess kemur er ljóst að einstaklingurinn þarf að afla sér upplýsinga um launakjör innan síns vinnustaðar. Telji einstaklingurinn að sér hafi verið mismunað í kjörum á grundvelli kyns þarf hann að leiða líkum að hann og samanburðaraðili njóti mismunandi launakjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Við það varpast sönnunarbyrðin yfir á atvinnurekanda sem skal sýna fram á að ef um launamun er að ræða, skýrist munurinn af öðrum ástæðum en kyni.

Staðan á íslenskum vinnumarkaði er sú að þrátt fyrir að launaleynd hafi verið afnumin með lögum 2008 eru laun almennt ekki rædd á vinnustöðum. Jafnvel þó einstaklingur myndi bera sig eftir upplýsingum er ekki tryggt að samstarfsmenn muni gefa þær upp. Þá liggja að jafnaði ekki fyrir neinar upplýsingar á vinnustöðum um launasetningu starfsmanna. Það er því á brattann að sækja fyrir einstaklinga að fá upplýsingar um launasetningu innan vinnustaða sem er meginforsenda þess að þeir geti metið hvort þeir búi við launajafnrétti. Starfsfólk á opinberum vinnumarkaði er þó betur í stakk búið til að afla sér upplýsinga um föst laun og föst kjör einstakra samstarfsmanna eða annarra starfsmanna ríkis og sveitarfélaga samkvæmt upplýsingalögum.

Mjög fá mál hafa verið lögð fyrir kærunefnd jafnréttismála eða dómstóla varðandi mismunun í launum á grundvelli kyns en eftir því sem næst verður komist liggja engar innlendar rannsóknir fyrir um ástæður þess. Danska mannréttindaskrifstofan gerði rannsókn, „Experiences in equal pay cases – a perspective from Danish complainants“, 2014 um framkvæmd jafnlaunamála vegna þess hve fá mál voru lögð fyrir endurskoðunaraðila þrátt fyrir að launamunur kynjanna mældist 17%. Rætt var við einstaklinga sem höfðu lagt fram kæru eða kvörtun vegna launamismununar. Fæstir einstaklinganna höfðu hugmynd um launasetningu annarra starfsmanna, þær væru almennt ekki aðgengilegar og þegar þeir fengu upplýsingarnar þá var erfitt að lesa úr þeim. Laun voru talin vera tabú sem átti ekki að ræða. Upplýsingar um launamun hafi einkum borist frá einstaklingum sem höfðu slæma samvisku yfir því að fá meira greitt en konurnar. Þegar konurnar voru fullvissar um launamuninn leituðu þær til yfirmanns og óskuðu eftir skýringum á því hverju hann byggðist. Reynslan var almennt sú að þær fengju ekki fullnægjandi svör og þær ættu því þann eina kost í stöðunni að leggja málið fyrir endurskoðunaraðila. Flestar þeirra fengu bakþanka yfir því að vera að kæra yfirmann sinn eða

launagreiðanda. Dæmi voru um starfsmenn voru reknir þegar þeir tilkynntu yfirmanni að þeir ætluðu að leggja málið fyrir endurskoðunaraðila. Einnig sýndi rannsóknin að áhrif slíkrar kvörtunar væru fyrir hendi til margra ára eftir að málinu lauk sem skapaði starfsóryggi ásamt því að hafa slæm áhrif á samband milli yfirmanna og starfsmanns. Loks hefði ákvörðun um að fylgja málinu eftir neikvæð áhrif á persónulegan fjárhag, líðan einstaklingsins og fjölskyldu og starfsframa. Margir einstaklinganna leituðu í önnur störf vegna þessa en þá kom fram að þeim þætti erfitt að vera opinber persóna og væru mjög meðvituð um að ef þau myndu tjá sig um málið með opinberum hætti yrði þau stimpluð þannig að þau væru m.a. að valda vandræðum, sem ótraust starfsfólk og ekki álitlegur starfskostur. Meginniðurstaða þeirra einstaklinga sem rætt var við var að þetta væri ekki þess virði og væri of íþyngjandi, aðrir töldu sig bera ábyrgð á því að berjast fyrir launajafnrétti fyrir hönd annarra.

Reynsla Norðmanna er sambærileg en í skýrslu um launajafnrétti frá umboðsmanni jafnréttismála segir að þrátt fyrir að fjöldi mála kæmi inn á borð embættisins kæmu tiltölulega fá má til kasta dómstóla. Samkvæmt skýrslunni geri það launþegum erfitt fyrir að eiga ekki rétt á upplýsingum um laun samstarfsmanna þar sem það geri þeim erfitt fyrir að bera sig saman við þá til að meta hvort um hugsanlegt launamisrétti sé að ræða. Auk þess valdi það álagi að kæra og litlar líkur á að bera nokkuð úr bótum.

Upplifun BSRB af aðstoð við félagsmenn aðildarfélagana sem telja að sér hafi verið mismunað á grundvelli kyns er sambærileg þeirri sem lýst er í framangreindum rannsóknum. Sem dæmi má nefna nýjasta úrskurð kærunefndar jafnréttismála, nr. 1/2014, sem varðaði félagsmann aðildarfélag BSRB. Málsatvik voru þau að félagsmaðurinn, kona, taldi sig njóta lægri launakjara fyrir sömu störf og karl sem starfaði fyrir sama atvinnurekanda. Konan leitaði til jafnréttisráðgjafa atvinnurekanda og óskaði eftir því að kannað yrði hvort launamisrétti væri við lýði innan þess sviðs eru þau tvö störfuðu. Í áliti jafnréttisráðgjafa kom fram að það væri mat hans að brotið hafi verið gegn ákvæðum jafnréttislaga við ákvörðun um grunnlaun konunnar. Konan fór í kjölfarið ítrekað fram á að atvinnurekandi myndi bregðast við álitinu en án árangurs. Niðurstaða kærunefndarinnar var að atvinnurekanda hefði ekki tekist að sýna fram á að launamunur milli karlsins og konunnar skýrðist af öðru en kyni og hann hefði því brotið gegn ákvæðum jafnréttislaga. Atvinnurekandi ákvað að bregðast við úrskurðinum með því að lækka laun karlsins. Afleiðingar leitar hennar að réttlætis voru þær að laun einstaklings, sem tengdist málinu ekki neitt að öðru leyti en að hafa verið ráðin til að sinna jafnverðmætu starfi, voru lækkuð. Þá er rétt að benda að nær allir þeir sem lagt hafa mál fyrir dómstóla eða kærunefnd jafnréttismála hér á landi starfa á opinberum vinnumarkaði en telja verður að ástæðu þess sé að rekja til mismunandi starfsöryggis á almenna og opinbera vinnumarkaðnum.

Þetta fyrirkomulag er bæði úrelt og fráleitt. Innleiðing jafnlaunastaðalsins tryggir að atvinnurekendur komi sér upp jafnlaunakerfi byggt á faglegum og málefnalegum forsendum og gagnsæi launakerfisins. Samkvæmt frumvarpinu skulu fyrirtæki eða stofnanir jafnframt láta þar til bæra aðila framkvæma úttekt sem staðfestir að jafnlaunakerfið og framkvæmd þess uppfylli kröfur staðalsins ÍST 85. Verði frumvarpið að lögum verða því fyrirtæki og stofnanir, þar sem starfa 25 eða fleiri, að innleiða tæki sem stuðlar að því að ákvarðanir um laun byggji ekki á ómálefnalegum sjónarmiðum, meðvituðum sem ómeðvituðum. Ætla verður að slík innleiðing feli í sér stórauðna þekkingu og skilning á þeim ákvæðum jafnréttislaga sem varða launaákvarðanir en ein helsta tillaga til aðgerða í baráttunni fyrir jafnrétti á vinnumarkaði er aukin fræðsla. Þá eru væntingar BSRB þær að slík lagabreyting myndi einnig leiða til breytinga á viðhorfi þannig að bæði atvinnurekendur og starfsfólk telji það sjálfsagt og eðlilegt réttlætismál að fylgja því eftir að allt starfsfólk njóti launajafnréttis. Það er því í besta falli sérkennilegt að þau meginrök sem hafa verið færð gegn frumvarpinu sem hér er til umsagnar, eru að ekki sé hægt að segja til um hvort kynbundinn launamunur sé fyrir hendi eða ekki vegna aðferðafræði rannsókna. Það er vissulega rétt að launakannanir innan vinnustaða eru fátíðar og almennt taki launarannsóknir til launa karla og kvenna sem ekki starfi á sömu vinnustöðum. Hins vegar sýna nær allar rannsóknir sem framkvæmdar hafa verið fram á að það hallar á konur þegar kemur að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði, hvort heldur sem er í launamálum eða öðrum þáttum. Það eru jafnframt nær eingöngu konur sem leita réttar síns í tengslum við

möguleg brot á jafnréttislögum. Raunin er sú að við höfum í gildi lög um jafna stöðu karla og kvenna þar sem ástæða er til að vinna að því að útrýma ójafnrétti kynjanna. Það gengur hins vegar allt of hægt og ljóst að meira þarf til en eingöngu löggjöf.

Í vinnurétti er algengt að litið til aðstöðumunar atvinnurekenda og launafólks við mat á því hvor aðila eigi að bera hallann af því að ekki hafi verið staðið rétt að málum í hvers kyns aðstæðum hvort heldur sem er vegna aðgerða eða aðgerðaleyfis. Það er gerð rík krafa til atvinnurekenda um að þeir hafi yfirsýn og þekkingu á þeim lögum og reglum sem varða starfsemina og starfsmennina. Enn fremur að þeir hafi sérfræðiþekkingu og yfirsýn til að mynda við uppgjör launa. Fjöldi skyldna hafa verið lagðar á þá sem hafa það að markmiði að lögum sé framfylgt en markmið jafnlaunastaðalsins er að tryggja launajafnrétti kynjanna. Það verður ekki séð að innleiðing hans sé ósanngjörn skylda né úr hófi þar sem kjarni krafanna sem hann gerir er starfaflokkun og launaröðun starfa. Í inngangi staðalsins segir að ákvörðun fyrirtækis um að taka staðalinn upp geti aukið trúverðugleika þess varðandi faglega mannauðsstjórnun, samfélagslega ábyrgð og góða stjórnunarhætti. BSRB telur kröfur staðalsins aftur á móti eðlilegar og sjálfssagðar kröfur í ljósi þróunar mannauðsstjórnunar og stjórnunarháttanna sem fyrirtæki og stofnanir ættu nú þegar að hafa innleitt. Að sama skapi mun það auðvelda innleiðingu jafnlaunastaðalsins ef slík vinna hefur þegar átt sér stað.

Bandalagið tók frá upphafi þátt í gerð jafnlaunastaðalsins og er einn þeirra aðila sem stendur að tilraunaverkefni um innleiðingu hans. BSRB lítur svo á að um mikilvægt tæki sé að ræða til að auka gegnsæi og gæði í launaákvörðunum sem auðveldar atvinnurekendum að viðhalda launajafnrétti kynjanna innan vinnustaða. Um sé að ræða aðgerðir sem atvinnurekendur hafi í raun borið skylda til að framkvæma að einhverju leyti í nærri sex áratugi enda vandséð hvernig hægt sé að tryggja launajafnrétti ef ekki hefur farið fram mat á verðmæti starfa né nokkur yfirsýn er yfir launasetningu á vinnustöðum. Jafnframt er vænting bandalagsins til laganna sú að þau feli í sér viðhorfsbreytingu og ábyrgðin á eftirfylgni þess að launajafnrétti ríki á vinnustöðum sé að meginstefnu færð frá einstaklingum og yfir á atvinnurekanda. Það er því mat bandalagsins að verði frumvarp þetta að lögum sé um mikilvæga aðgerð að ræða í þágu jafnréttis kynjanna á vinnumarkaði.

### **Umsögn BSRB um frumvarp til laga um sjúklingatryggingu (málsmeðferð o.fl.), 433. mál – 10. maí 2017**

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um sjúklingatryggingu (málsmeðferð o.fl.), 433. mál.

Í frumvarpinu er lagt til að mál sem beint hefur verið til Sjúkratrygginga Íslands verði ekki borið undir dómstóla fyrr en stofnunin hefur tekið afstöðu til bótaskyldu, metið umfang tjóns og ákveðið fjárhæð bóta. Röksemdarfærslan fyrir nauðsyn þessarar lagabreytingar byggir einkum á tilvísun til dóms Hæstaréttar nr. 760/2015. Í dómnum hafi komið fram að ekki væru ótvíræð fyrirmæli í lögum nr. 111/2000, um sjúklingatryggingu, að Sjúkratryggingum Íslands beri að taka afstöðu til bótaskyldu og fjárhæðar bóta áður en þær verði bornar undir dómstóla. Þá kemur fram að frumvarpinu sé ætlað að stemma stigu við því að málum sem eru til úrvinnslu hjá stofnunni verði stefnt til dómstóla “sem veldur töfum og samfélagslegum kostnaði.” Vísað er til þess að einn helsti valdur að töfum á afgreiðslu mála hjá Sjúkratryggingum Íslands sé hversu langan tíma það geti tekið að fá afhent nauðsynleg gögn svo ljúka megi afgreiðslu mála. Því sé lagt til í frumvarpinu að þeir aðilar sem gert er að skila inn gögnum við vinnslu máls fái til þess átta vikur og vonir standi til þess að þannig aukist málshraði stofnunarinnar.

Það sem einkennir helst röksemdir frumvarpsins er að þær miða eingöngu að stofnuninni eða kostnaði en að engu leyti er fjallað um hagsmuni sjúklinga. Þá eru staðhæfingar ekki rökstuddar með gögnum né öðrum faglegum forsendum s.s. mat á áhrifum.

Þá segir í greinargerð frumvarpsins að ekki verði séð að þessi breyting gangi gegn 70. gr. stjórnarskrárinnar þar sem sambærilegt ákvæði sé að finna í lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta annars vegar og samkeppnislaga hins vegar. Vandséð er að hægt sé að líkja saman réttindum sjúklinga til bóta sem verða fyrir líkamlegu



eða geðrænu tjóni í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð á heilbrigðisstofnunum við svo ólík réttindi, þ.e. eignarréttindi yfir landssvæðum og samkeppni lögaðila í viðskiptum. Það eitt og sér gefur því tilefni til að ætla að þörf sé á ítarlegri athugun á samræmi frumvarpsins við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Gera verður ríka kröfu til undirbúnings og röksemda fyrir lögum sem skerða réttindi sjúklinga til að leggja mál sín fyrir dómstóla enda stjórnarskrávarinn réttur. Þá er rétt að benda á að í frumvarpinu er í engu kveðið á um málsmeðferðartíma sem snýr að afgreiðslu mála hjá Sjúkratryggingum. Í nefndum dómi Hæstaréttar nr. 760/2015, sem eru meðal helstu raka fyrir lagabreytingunni, var eftir því sem næst verður komist m.a. uppi ágreiningur um lengd málsmeðferðar. Af málavaxtalýsingu héraðsdóms í málinu má sjá að rúmlega 10 mánuðir liðu frá því að stefnandi lagði mál fyrir Sjúkratryggingar Íslands og þar til fyrsta svar frá stofnuninni barst. Þá tóku við bréfaskipti yfir um 8 mánaða tímabil sem einkum varðaði gagnaöflun frá stefnanda. Þá liðu enn 9 mánuðir þar til Sjúkratryggingar höfðu samband við stefnanda. Það bréf kom í kjölfar bréfs frá lögmanni stefnanda til stofnunarinnar um að til íhugunar væri að höfða mál á hendur þeim m.a. vegna óeðlilegs málsmeðferðartíma. Það var því rúmlega tveimur árum eftir að málið var fyrst lagt fyrir Sjúkratryggingar sem ákveðið var að höfða mál fyrir dómstólum. Þar sem málinu var vísað frá héraðsdómi og umræddur Hæstaréttardómur varðar kæru á þeirri frávisun er erfitt að lesa frekar í málavexti né hvort málinu sé lokið.

Það getur falið í sér brot á mannréttindum ef stjórnvöld hraða málsmeðferð sinni ekki nægjanlega. Ekki verður annað séð en að mál sem þessi sem taki a.m.k. tvö ár ef ekki meira sé óeðlilegur málsmeðferðartími óháð því hvort gagnaöflun gangi seinlega eða ekki. Að frumvarpið kveði að engu leyti á um málsmeðferðartíma, að undanskildum a. lið 4. gr. og skortur á faglegum rökstuðningi fyrir staðhæfingu um að flýta megi málsmeðferðartíma, rennir frekari stoðum undir þá ályktun að hagsmunir sjúklinga hafi ekki verið hafðir að leiðarljósi við samningu frumvarpsins. Samkvæmt framansögðu leggur BSRB til að 5. gr. frumvarpsins falli brott.

## **Umsögn BSRB um frumvarp til laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir, 438. mál – 12. maí 2017**

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir, 438. mál. Bandalagið styður framgang málsins og fagnar markmiðum þess.

Hins vegar er rétt að vekja athygli á samspili réttinda fatlaðs fólks sem mun nýta sér notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) og réttinda þeirra starfsmanna. BSRB, líkt og ASÍ, hafa ítrekað komið á framfæri að við frekari þróun NPA bæði í tilraunaverkefninu og undirbúningi lögfestingar þess verði að fjalla einnig um starfsmannahliðina.

Í 5. málsli. 2. gr. frumvarpsins er hugtakið notendasamningur skilgreint en þar segir:

*Notendasamningar: Samningur við sveitarfélag sem felur í sér að notandi stjórnar þeirri aðstoð sem hann fær þannig að hann skipuleggur hana, ákveður hvenær og hvar hún er veitt og velur aðstoðarfólk. Notendasamningar geta verið í formi beingreiðslusamnings, þar sem notandi sér alfarið um starfsmannahald sjálfur, notendastýrðar persónulegrar aðstoðar eða þjónustufyrirkomulags þar sem notandi stýrir sjálfur þjónustu við sig þó að þeir sem aðstoði hann séu starfsmenn sveitarfélags.*

Ákveði notandi samkvæmt þessari heimild að sjá alfarið um starfsmannahald sjálfur felur það í sér að hann ber sömu skyldur og atvinnurekendur gera. Tryggja þarf að þeir sem kjósi að gerast atvinnurekendur í þessum skilningi fái fræðslu um skyldur sínar vegna starfsmanna sinna.

Líkt og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu á NPA sér lengri sögu á hinum Norður-löndunum og stéttarfélög þeirra landa segja starfsumhverfið viðkvæmt fyrir árekstrum enda eru starfsmenn almennt einir við störf. Dæmi um það sem reynt hefur á er að starfsmenn eru látnir lyfta þungum byrðum, samskiptavandamál ýmiskonar, möguleikar til launapróunar eru lélegir og vinnutími sé of sveigjanlegur og samræmist ekki reglum um hvíldartíma svo eitthvað sé

nefnt. Áréttað skal að þetta eru atvik sem geta átt sér stað að meginstefnu hvar sem er á vinnumarkaði en ágætt að hafa það í huga að ráðningarsamband sem byggist á NPA er þar ekki undanskilið. Í ljósi þess að starfsumhverfið er nokkuð óhefðbundið hafa samtök launafólks í þessum löndum unnið að og kallað eftir sérstökum reglum varðandi starfsmenn NPA sem eru mislangt á veg komnar.

Samkvæmt þessu leggur bandalagið mikla áherslu á að settar séu reglur sem taka til starfsmanna fatlaðs fólks sem nýtir þjónustuna. Til dæmis verður að vera fyrir hendi einhver aðili annar en sá sem nýtir þjónustuna, m.ö.o. atvinnurekandinn í þessum skilningi, sem starfsmenn geta leitað til við alvarlegar aðstæður s.s. vegna launamissis, áreitni eða ofbeldis. Við framkvæmd tilraunaverkefnisins kom upp að ábyrgð á laungreiðslum gæti verið óskýr t.d. ef upp komu langtímaveikindi starfsmanns. Það er ekki síður mikilvægt að tryggt sé að nægilegt fjármagn sé lagt til verkefnisins svo að notendur þess hafi ráðrúm til að hafa nægt starfsfólk til að anna þjónustunni og einnig svo að kaup og kjör starfsfólks sé í samræmi við lög, kjarasamninga og ráðningarsamning.

## **Umsögn BSRB um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2018, 1. mál – 20. desember 2017**

BSRB fékk með tölvupósti dags. 12. desember sl. til umsagnar frumvarp til laga um fjárlög 2018, 1. mál. Ekki hefur gefist tími til að yfirfara einstaka liði frumvarpsins á svo skömmum tíma og nær umsögnin því einungis til nokkurra þátta þess.

Eins og BSRB hefur ítrekað bent á verður að búa launafólki félagslegt öryggi svo það geti mætt afleiðingum af slysum og veikindum eða atvinnumissi, eignast börn og komið þaki yfir höfuðið. Þá þarf að tryggja öldruðum og öryrkjum lífeyri sem gerir þeim kleift að lifa mannsæmandi lífi. Grundvöllur þess er réttlátt skattkerfi sem rekið er með því hugarfari að fólk greiði inn eftir eignum en taki út eftir þörfum. Almannaþjónustuna verður að reka á samfélagslegum grunni þar sem allir eiga jafnan rétt, óháð efnahag.

Þetta er allt hluti af því að viðhalda og bæta félagslegan stöðugleika, sem er lykilforsenda fyrir stöðugleika á vinnumarkaði. Ekki dugir að einblína á efnahagslegan stöðugleika, enda verður hann ekki til ef ekki er gætt að félagslegum sjónarmiðum til jafns við þau efnahagslegu.

BSRB fagnar hækkun á framlagi til Fæðingarorlofssjóðs og að hækka eigi hámarks-greiðslur til sjóðsins úr 500 þúsund krónum á mánuði í 520 þúsund krónur, en líta verður svo á að það sé einungis fyrsta skref í þá átt að endurreisa fæðingarorlofskerfið. BSRB tók þátt í starfi starfshóps sem mótaði framtíðarstefnu í fæðingarorlofsmálum sem lagði til að hámarksgreiðslur yrðu 600.000 krónur og tekjur upp að 300.000 yrðu ekki skertar. Starfshópurinn lagði jafnframt til að fæðingarorlofið yrði lengt í 12 mánuði. Bandalagið hvetur því til enn stærris og hraðari skrefa í þá átt að endurreisa fæðingarorlofskerfið og til að markmið fæðingarorlofslaga um að gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf nái fram að ganga. Dregið hefur verulega úr þátttöku feðra í fæðingarorlofi frá 2008 og ljóst er að meira þarf til að endurreisa kerfið en 20 þúsund króna hækkun á hámarksgreiðslum.

Útgjöld til barnabóta dragast saman um rúmar 200 m.kr. að raungildi, eða um 2% frá fjárlögum 2017. Að sama skapi fækkar fjölskyldum sem fá greiddar barnabætur. BSRB hefur í umræðu um félagslegan stöðugleika lagt áherslu á að auka þurfi verulega stuðning við barnafjölskyldur og vinna áfram að því að gera samfélagið fjölskylduvænna. Ekki verður séð að frumvarpið stuðli að því.

BSRB lýsir yfir áhyggjum af þróuninni í vaxtabótakerfinu en samkvæmt fjárlögum lækka framlög til vaxtabóta um 2,1 milljarð króna. Viðmiðunarfjárhæðir haldast óbreyttar á milli ára og hafa haldist óbreyttar allt frá árinu 2010. Fjárhæðirnar hafa því ekki haldið í við breytingar á verðlagi, launum eða fasteignaverði. Vaxtabæturnar skerðast vegna launa og því aukast skerðingarnar á milli ára vegna launahækkana. Hins vegar hefur fasteignaverð hækkað

umfram laun. Þetta bitnar helst á ungu fólki sem þarf að taka hærri fasteignalán til að koma sér upp heimili en fær á sama tíma lægri vaxtabætur.

Áhersla BSRB hefur verið að fjölga þurfi tækifærum fólks sem ekki hefur lokið framhaldsmenntun til að afla sér menntunar sem hentar svo eiginleikar hvers og eins nýttist sem best. Skoðun bandalagins hefur verið að meta þurfi hæfni og þekkingu að verðleikum óháð því hvort hennar er aflað í menntastofnun eða á vinnumarkaði. Til að stuðla að því að svo verði hefur BSRB m.a. tekið þátt í starfi samráðshóps um fagháskólanám. Þá lýsir bandalagið jafnframt yfir vonbrigðum yfir því að fjárframlög til Vinnustaðanámssjóðs lækki að raungildi m.a. í ljósi þess markmiðs ríkisstjórnarinnar að efla verk- og starfsnám.

Þá tekur BSRB undir með Landssambandi lögreglumanna, sem hefur ítrekað bent á að stórauka þurfi fjárframlög til lögreglu. Skortur þar á hefur leitt til verulegrar fækkunar lögreglumanna. Fjöldi lögreglumanna er nú um 660 en samkvæmt mati Ríkislögreglustjóra þurfa þeir að vera 860 að lágmarki. Til samanburðar má benda á að árið 2007 voru þeir 712. Í gegnum árin hefur fjöldi loforða verið gefin um úrbætur t.d. samhliða fjölgun Íslendinga og aukningu ferðamanna sem hingað koma, en ekki hefur verið staðið við þau fyrirheit. Það eru því veruleg vonbrigði að í frumvarpi þessu sem hér er til umsagnar sé ekki gert ráð fyrir viðbótar fjárveitingum til að fjölga lögreglumönnum. Það hefur áhrif á öryggi lögreglumanna og öryggi borgaranna. Enn fremur mætti ætla að í framhaldi af yfirstandandi byltingu og vitundarvakningu um áreitni og kynferðisofbeldi og vilyrða ríkisstjórnarinnar um úrbætur í þeim efnum þurfi enn frekar að auka fjárframlög til málaflokksins.

## **Umsögn BSRB um drög að reglugerð um sveigjanlega töku ellilífeyris og heimilisuppbótar – 20. desember 2017**

Með tölvupósti dags. 15. desember s.l. fékk BSRB til umsagnar reglugerð um sveigjanlega töku ellilífeyris og heimilisuppbótar. Bandalagið gerir ekki efnislegar athugasemdir við drögin en leggur til að komið verði á starfshópi sem hefur það hlutverk að jafna tækifæri og möguleika eldra fólks til þátttöku á vinnumarkaði.

Í athugasemdum með frumvarpi til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar o.fl., þskj. 1624 – 857. mál á 145. löggjafarþingi sem varðaði m.a. breyttan lífeyristökualdur og drög þessi að reglugerð byggir öðrum þræði á, segir að efni frumvarpsins sé í samræmi við þá stefnu stjórnvalda að styðja aldraða til sjálfsbjargar og hvetja til atvinnuþátttöku. Þá segir að markmiðið með frumvarpinu sé ekki síður að bregðast við þeim áskorunum sem samfélagið stendur frammi fyrir vegna hækkaðs hlutfalls eldri borgara af mannfjölda og lengingar meðalævinnar. Því sé lagt til að aukinn verði sveigjanleiki við starfslok og upphaf lífeyristöku og skapaður hvati fyrir aldraða til áframhaldandi atvinnuþátttöku eftir vilja og getu hvers og eins auk þess að lífeyristökualdur verður hækkaður í skrefum um þrjú ár yfir 24 ára tímabil.

BSRB tók þátt í samstarfi um tillögur til breytinga á almannatryggingarlögum og gerir því ekki efnislegar athugasemdir við efni þeirrar reglugerðar sem nú er til umsagnar. Í ljósi hins vegar þessa markmiðs laganna sem reglugerðin á sér stoð í, að hvetja eigi til aukinnar atvinnuþátttöku aldraðra er rétt að vekja athygli á að fjölmargar vísbendingar eru um að vinnustaðamenning og samfélagsleg viðhorf í garð atvinnuþátttöku eldra fólks séu almennt ekki í takt við umrætt markmið. Bandalagið telur samkvæmt þessu nauðsynlegt að samhliða því að innleiddar séu reglur um breytingu á lífeyristökualdri sé einnig unnið að viðhorfsbreytingu í samfélaginu og á vinnumarkaði.

BSRB hefur ítrekað bent á að Ísland er meðal örfárra þróaðra landa sem ekki hefur sett sér almenna löggjöf sem kveður á um bann við mismunun á grundvelli aldurs. Eftir því sem næst verður komist er nánast engin þekking fyrir hendi hérlendis um t.d. birtingarmyndir mismununar og við hvaða tiltekna aldursbil hún hefst. Hvað þetta varðar má benda á bandaríska löggjöf sem tryggir starfsmönnum sem eru 40 ára og eldri sérstaka ráðningarvernd, þ.e. atvinnurekendum eru settar þrengri skorður til uppsagna einstaklinga sem hafa náð þeim aldri. Ástæðan fyrir þeirri löggjöf er byggt á stöðu þekkingar um að við þetta aldursbil byrji að gæta að mismunun á grundvelli aldurs. Þá eru nokkur dæmi eru um íslenska vinnustaði sem hafa

sett sér reglur um að starfslok starfsmanna skuli vera við 67 ára aldur. Hámarksaldur ríkisstarfsmanna er 70 ára samkvæmt lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins en fjölmörg dæmi eru um einstaklinga sem halda áfram störfum eftir þann aldur hjá ríkinu en eru þá ráðnir í tímavinnu og njóta þar af leiðandi ekki sömu réttinda, t.d. veikindaréttar og þeir sem eru ráðnir ótímabundið eða tímabundið. Þetta eru eingöngu örfá dæmi um þær hindranir sem uppræta þarf áður til að tryggð sé raunveruleg hvatning til atvinnuþátttöku eldra fólks á vinnumarkaði.

Samkvæmt framansögðu leggur því bandalagið til að Velferðarráðuneytið komi á fót starfshópi hagsmunaaðila sem hefur það hlutverk að láta framkvæma rannsóknir um stöðu eldra fólks á vinnumarkaði og í kjölfarið leggja til viðeigandi lagabreytingar til að gera eldra fólki kleift að vera á vinnumarkaði, hvort heldur sem er með auknum sveigjanleika eða svo tryggt sé jafnt aðgengi og jafnir möguleikar þeirra til þátttöku á vinnumarkaði á við aðra og að eldra fólk njóti sömu réttinda og aðrir á vinnustaðnum.

## Umsagnir 2018

### Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000 (fæðingarhjálp) – 15. janúar 2018

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000 (fæðingarhjálp).

BSRB styður markmið þessa frumvarps og telur það jákvætt skref í átt að jafnræði meðal einstaklinga sem eiga kost á fæðingarþjónustu í heimabyggð og þeirra sem hafa það ekki. Líkt og ítrekað hefur verið bent á fylgir því gjarnan verulegur aukalegur kostnaður fyrir einstaklinga og fjölskyldur sem þurfa að sækja sér fæðingarþjónustu utan heimabyggðar s.s. vegna húsnæðis. Greiðslur í fæðingarorlofi eru 80% hlutfall af meðallaunum foreldra að ónefndu svokölluðu þaki á greiðslur sem getur falið í sér að hlutfallið er mun lægra en svo.

Núverandi aðstæður verðandi foreldra sem ekki eiga kost á fæðingarþjónustu í heimabyggð er óásættanleg og leiðir til verulegs aðstöðumunar samanborið við þá sem eiga kost á fæðingarþjónustu í heimabyggð. Þá eru ónefnd réttindi barnanna ekki síst með tilliti til öryggis þeirra og heilsu.

BSRB leggur til að skipuð verði nefnd á vegum Velferðarráðuneytis sem hafi það hlutverk að móta tillögu að framtíðarskipan stuðnings við einstaklinga sem ekki eiga kost á fæðingarþjónustu í heimabyggð. Í þeirri nefnd eigi sæti fulltrúar beggja ráðherra innan ráðuneytisins enda um þverfaglegt verkefni að ræða.

### Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um þjóðarsátt um bætt kjör kvennastétta, þskj. 50, 50. mál – 21. febrúar 2018

BSRB styður eindregið markmið þingsályktunartillögunnar og telur mikilvægt að ráðist verði í þá greiningarvinnu sem mælt er fyrir um í tillögunni. Rétturinn til kjarasamningsgerðar liggur hjá stéttarfélögum en ekki heildarsamtökum og getur bandalagið eingöngu komið að kjarasamningstengdri vinnu að fengnu umboði aðildarfélaganna til þess.

Um 70% félagsmanna aðildarféлага BSRB eru konur sem starfa hjá ríki og sveitarfélögum. Bandalagið hefur lagt áherslu á að það eigi að vera forgangsverkefni stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins að uppræta launamun kynjanna og grípa þurfi til markvissra aðgerða til að svo megi verða.

Hagstofa Íslands birti í nóvember 2016 upplýsingar fyrir árið 2015 um laun í einstökum störfum fyrir launamenn á almennum og opinberum vinnumarkaði byggða á launarannsókn sinni sem nær til rúmlega 70 þúsund launamanna. Þar kemur fram að heildarlaun voru lægst í störfum við barnagæslu, þar með talin störf ófaglærðra við uppeldi og menntun barna í leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum, eða 318 þúsund krónur á mánuði. Þrátt fyrir að starfsmat

sé fyrir hendi hjá sveitarfélögunum um þessi störf verður að telja ljóst að bæði sögulegir og menningarlegir þættir hafi verulega neikvæð áhrif á verðmætamatið sem leiða til þess að störf í þágu barna sem einkum er sinnt af konum raðist til lægstu launa samfélagsins. Sömu sjónarmið eiga við um önnur störf sem félagsmenn aðildarféлага BSRB sinna fyrir ríki og sveitarfélög og því löngu tímabært að verðmætamat starfa verði tekið til heildarendurskoðunar.

### **Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 (jafnréttisstefna lífeyrissjóða), 23. mál – 28. febrúar 2018**

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Bandalagið tekur undir markmið tillögunnar. Almenn þegar markmið lagasetningar varðar samþættingu jafnréttissjónarmiða í stefnumótun og/eða ákvörðunartöku tekur gildissviðið til allra þeirra sem málið getur varðað. Samkvæmt þessu telur bandalagið að tillaga til lagabreytingar líkt og hér er til umsagnar eigi að taka til allra stofnanafjárfesta svo jafnræðis sé gætt.

### **Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum (hækkun starfslokaaldurs) – 3. apríl 2018**

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996 (hér eftir nefnt stml.) varðandi hækkun starfslokaaldurs úr 70 ára í 73 ára. Bandalagið tekur undir með flutningsmönnum frumvarpsins um að mikilvægt sé að embættismönnum og almennum starfsmönnum ríkisins verði gert kleift að starfa lengur en til 70 ára aldurs ef þeir svo kjósa.

BSRB átti fulltrúa í nefnd um endurskoðun laga um almannatryggingar nr. 100/2007 sem birti skýrslu sína í febrúar 2016. Í 4. kafla skýrslunnar er fjallað um sveigjanleg starfslok og starfslokaaldur og þar er fjallað um opinbera starfsmenn. Nefndin lagði til að endurskoðað verði ákvæði stml. „með það í huga að opinberum starfsmönnum verði heimilað að vinna allt að 75 ára aldurs. Haft verði samráð við viðkomandi heildarsamtök opinberra starfsmanna.“

Einnig er fjallað um 70 ára starfslokaaldur í kjarasamningum aðildarféлага BSRB við Samband íslenskra sveitarféлага og Reykjavíkurborg. Þrátt fyrir að bandalagið styðji markmið þessa frumvarps er lögð áhersla á að endurskoðun starfslokaaldurs fari fram í samráði við heildarsamtök opinberra starfsmanna og unnið sé að því að breyta kjarasamningum við sveitarfélögin samhliða breytingum á lögum varðandi starfsmenn ríkisins.

### **Umsögn BSRB um frumvarp til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði 394. mál og jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna, 393. mál – 11. apríl 2018**

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði og jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna og vísar til fyrri umsagnar sinnar til nefndarinnar fyrir tæplega ári síðan. Þar kemur eftirfarandi fram.

Bandalagið hefur tekið þátt í undirbúningi þessa máls frá 2006 og fagnar framlagningu þess. BSRB hefur í rúmlega áratug lagt mikla áherslu á að svonefndar mismunatilskipanir verði innleiddar með setningu laga um jafna meðferð á vinnumarkaði og jafna meðferð óháð kynþætti eða þjóðernisuppruna sem byggja tilskipunum 2000/78/EB frá 27. nóvember 2000, um almennar reglur um jafna meðferð á vinnumarkaði og í atvinnulífi og tilskipun 2000/43/EB frá 29. júní 2000, um framkvæmd meginreglunnar um jafna meðferð manna án tillits til kynþáttar eða þjóðernis.

Það er löngu tímabært að Ísland leggi áherslu á jafnrétti í víðari skilningi en eingöngu jafnrétti kynjanna og gangi þannig í takt við alþjóðasamfélagið. Til að tryggja að svo megi verða verður að setja almenna löggjöf um bann við mismunun á grundvelli fleiri ástæðna en eingöngu kyns. BSRB hvetur Alþingi eindregið til að samþykkja frumvörpin.

## **Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, með síðari breytingum (hálfur lífeyrir), þingskjal 652 – 453. mál – 24. apríl 2018**

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, með síðari breytingum (hálfur lífeyrir).

BSRB styður framgang þessa máls.

## **Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra og fleiri lögum (vernd réttinda á vinnumarkaði, EES-mál). Þingskjal 674 – 468. mál – 2. maí 2018**

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um um breytingu á lögum um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra og fleiri lögum (vernd réttinda á vinnumarkaði, EES-mál).

BSRB styður eindregið markmið og framgang þessa máls. Frumvarpið var unnið með samráði Velferðarráðuneytis við fulltrúa aðila vinnumarkaðarins, Vinnueftirlitsins og Vinnumála-stofnunar. Bandalagið hvetur til samþykktar þess á yfirstandandi þingi.

## **Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum (stefnumótun á sviði húsnæðismála, hlutverk Íbúðalánasjóðs), þingskjal 675 – 469. mál – 4. maí 2018**

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál nr. 44/1998, með síðari breytingum (stefnumótun á sviði húsnæðismála, hlutverk Íbúðalánasjóðs).

BSRB styður eindregið markmið og framgang þessa máls. Eitt af meginstefnumálum bandalagsins er að allir hafi öruggt húskjól, hvort sem um er að ræða leiguhúsnæði eða eign. Það er einn af hornsteinum almennrar velferðar og því verður að bregðast við brýnni stöðu á húsnæðismarkaði sem allra fyrst til að tryggja öllum húsnæði á viðunandi kjörum til framtíðar.

Liður í því að tryggja stöðugleika á húsnæðismarkaði og að leiguhúsnæði sé raunverulegur valkostur er að gerð sé langtímastefnumótun líkt og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Til að svo megi verða verður að tryggja að sá aðili sem framkvæmir húsnæðisstefnu stjórnvalda hafi heimild til að safna gögnum sem þarf til að greina markaðinn.

Þá tekur bandalagið undir umsögn ASÍ varðandi úthlutun almennra íbúða. Að teknu tilliti til stöðu á húsnæðismarkaði verður að leggja sérstaka áherslu á tekjulága leigjendur á vinnu-markaði og að 65% stofnframlags sem úthluta skal fari til uppbyggingar á húsnæði fyrir þann hóp.

## **Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2019 – 2023, þingskjal 716 — 494. mál – 4. maí 2018**

BSRB hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun 2019-2022, 494. mál.

### **Skattkerfisbreytingar**

Eitt helsta baráttumál bandalagsins er að Ísland sé réttlátt samfélag sem byggir á jöfnuði. Ítrekað hefur verið bent á að ójöfnuður hafi aukist hér á landi undanfarin ár, m.a. vegna aukinna fjármagnstekna og hækkandi eignaverðs. Þá hefur heildarskattbyrði tekjulægstu hópa launa-fólks aukist langmest samanborið við aðra hópa.

Í tillögu að fjármálaáætlun er gert ráð fyrir skattalækkun sem samsvarar 1% flatrí lækkun á tekjuskattsprósentu. BSRB leggst gegn því að skattar verði lækkaðir fyrir hátekjufólk. Þrátt fyrir

mikla áherslu á lægstu laun í undanförunum kjarasamningum hefur ríkið tekið til sín þær hækkanir með aukinni skattbyrði og lækkun bóta. Brýnt er að snúa þeirri þróun við. Ef lækka á tekjuskatt þarf það að vera útfært með þeim hætti að lækkunin gagnist helst þeim sem eru á lægstu laununum og barnafjölskyldum.

Þá telur bandalagið brýnt að heimild til samsköttunar milli hjóna/sambúðarfólks verði felld niður. Líkt og fram kemur í tillögunni þar sem haft er eftir fræðilega úttekt, hefur verið mælt með því að horfið verði frá samnýtingu persónuafsláttar og skattþrepa. Það væri gert með það að leiðarljósi að koma í veg fyrir bjagaða hvata, s.s. núverandi hvata til minni atvinnuþátttöku tekjulægri maka í samsköttun.

Í kynningu fjármálaráðuneytis á tillögu til fjármálaáætlunar sem lögð var fram á síðasta ári kom fram að í kringum 93% af þeirri ívilnun af samsköttuninni sem hlýst hækkar ráðstöfunartekjur karla en einungis 7% tilvika hækkar ráðstöfunartekjur kvenna. Þrátt fyrir þessa staðreynd er ekki gert ráð fyrir neinum breytingum á þessu fyrirkomulagi í núverandi tillögu til fjármálaáætlunar og telur bandalagið brýnt að úr því verði bætt.

Einnig þarf að leggja aukna áherslu á mikilvægi barnabóta og húsnæðisstuðnings sem á að vera almennur stuðningur við fjölskyldur líkt og á öðrum Norðurlöndum en ekki eingöngu fyrir þá tekjulægstu líkt og reyndin hefur verið hér á landi undanfarin ár. BSRB lýsir sig reiðubúið í samstarfsverkefni við stjórnvöld um útfærslu á slíkri breytingu.

### **Jafnréttismál**

Í tillögunni hafa tvö markmið verið skilgreind þegar kemur að jafnréttismálum. Annars vegar að launajafnrétti verði náð og hins vegar að dregið verði markvisst úr ofbeldi í nánnum samböndum, kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi, með auknu og efldu samstarfi milli menntakerfisins, réttarvörslukerfisins og velferðarkerfisins.

Þegar kemur að útfærslu á því hvernig markmiðinu um að launajafnrétti verði náð er áherslan eingöngu á eftirfylgni jafnlaunastaðals sem felur í sér áherslu um að launamun innan vinnustaða verði útrýmt. BSRB hefur ítrekað bent á að megináskorunin þegar kemur að launamun kynjanna er mun fjölþættari og því þarf einnig að vinna í öðrum orsökum launamunar kynjanna.

Ein meginástæðan er kynskiptur vinnumarkaður, sbr. m.a. skýrslu um stöðu kvenna og karla á íslenskum vinnumarkaði sem unnin var fyrir aðgerðarhóp stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um launajafnrétti á Íslandi <sup>(1)</sup>. Aðrar ástæður eru t.d. staðalímyndir, völd og áhrif kynjanna, möguleikar til samræmingar fjölskyldu og atvinnulífs og hlutastörf. Norrænir sérfræðingar í jafnréttismálum hafa ítrekað bent á að það verði að grípa til aðgerða til að ráðast að rótum hvernar ástæðu fyrir sig til að jafna megi stöðu kynjanna. Ekki er fjallað um nein af þessum atriðum í tillögunni og brýnt að bæta úr því.

Nær engin umfjöllun er um aðgerðir í tengslum við #metoo umræðuna í tillögunni. Rétt er að benda á að kjarni þeirrar byltingar varðar ofbeldi og áreitni gagnvart konum á vinnustöðum. Þegar þetta er ritað hefur ríkisstjórnin ekki tekið nein skref til að stuðla megi að því að útrýma þessum vanda á vinnustöðum fyrir utan skipan starfshóps sem á að meta umfang hans. Reynslusögur þeirra hugrökku kvenna sem hafa stigið fram hafa varpað skýru ljósi á vandann og flest allir #metoo hópar kvenna hafa gert kröfur til stjórnvalda um úrbætur <sup>(2)</sup>.

Eitt af fyrstu skrefunum hlýtur að fela í sér aukin framlög til fræðslu, að virt sé lagaskylda um að nemendur hljóti jafnréttisfræðslu á öllum skólastigum og aukið fjármagn verði lagt í eftirlit hjá Vinnueftirlitinu sem og Jafnréttisstofu.

### **Fjölskyldumál**

Í tillögunni er fjallað um aukið framlag til Fæðingarorlofssjóðs til að hækka hámarksgreiðslur í fæðingarorlofi í 600.000 kr. á mánuði. Þá segir að stefnt sé að lengingu fæðingarorlofs en ekki kemur fram hvenær er lagt til að það komi til framkvæmda.

BSRB leggur áherslu á að niðurstaða meirihluta starfshóps sem skipaður var af félags- og húsnæðismálaráðherra verði fylgt eftir. Þær voru að greiðslur í fæðingarorlofi verði óskertar upp að 300.000 kr. og fæðingarorlof verði 12 mánuðir. Niðurstöðurnar lágu fyrir í mars 2016 en allir fulltrúar í hópnum studdu tillögu um hækkun hámarksgreiðslna í 600.000 kr. mánaðarlega <sup>(3)</sup>. Uppreiknað er sú fjárhæð 645.000 kr. árið 2018 og telur bandalagið að miða eigi við þá upphæð þegar þakið verður hækkað. BSRB leggst alfarið gegn lækkun tryggingargjalds sé það á kostnað framangreindra breytinga á fæðingarorlofskerfinu.

Umönnunarbilið, tímabilið frá því að fæðingarorlofi lýkur þar til barn kemst í tryggt dagvistunarræði, hefur neikvæð áhrif á tekjumöguleika fjölskyldna og hefur verulega neikvæð áhrif á stöðu kvenna á vinnumarkaði. Samkvæmt skýrslu BSRB um dagvistunarræði eru það að meginstefnu til mæður sem axla ábyrgð á umönnun barna sinna á þessu tímabili og má áætla að þær séu að meðaltali fjórfalt til fimmfalt lengur frá vinnumarkaði í kjölfar barneigna en feður <sup>(4)</sup>.

Það er því ekki síður brýnt að brúa umönnunarbilið svo ekki taki við að loknu fæðingarorlofi tímabil sem grefur verulega undan jafnrétti kynjanna og afkomu fjölskyldna með ung börn. Enn fremur má benda á að bilið milli kynjanna eykst á þessu aldurskeiði, þegar barneignir hefjast. Með öðrum orðum þá hefur þessi lengri fjarvera kvenna frá vinnumarkaði áhrif á launamun kynjanna og starfsframamöguleika.

Ljóst er að verulegur kostnaður fylgir því að tryggja öllum börnum dagvistunarræði að loknu fæðingarorlofi. Ítrekað hefur verið bent á í fjölmiðlum að neyðarástand ríki víða um landið þegar kemur að dagvistunarmálum. Þetta er samfélagslegt vandamál og leggur BSRB því áherslu á að ríkið styðji við sveitarfélögin þegar kemur að því að tryggja öllum börnum aðgengi að leikskóla að loknu fæðingarorlofi <sup>(5)</sup>.

Bandalagið fagnar áherslu ríkisstjórnarinnar um innleiðingu starfsgetumats og einföldun bótakerfis almannatrygginga. Starfsgetumat hefur verið til umræðu í rúmlega áratug og mikilvægt hefjast handa sem fyrst.

BSRB hefur ásamt aðilum vinnumarkaðarins átt í samstarfi og samráði við Mennta- og menningarmálaráðuneyti vegna fagháskólanáms á undanförunum árum. Hvergi er minnst á slíkt nám í tillögnum og leggur BSRB áherslu á að úr því verði bætt.

1. Dr. Katrín Ólafsdóttir og Steinunn Rögnvaldsdóttir (2015), [https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/rit-og-skyrslur-2015/Stada\\_karla\\_og\\_kvanna\\_29052015.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/rit-og-skyrslur-2015/Stada_karla_og_kvanna_29052015.pdf)
2. Nálgast má frekari upplýsingar um kröfur #metoo kvenna frá þjóðfundi sem heildarsamtök launafólks og Kvenréttindafélags Íslands stóðu fyrir hér: [https://www.bsrb.is/static/files/Utgefid\\_efni/samtal-vid-\\_metoo-konur-hvad-getum-vid-gert.pdf](https://www.bsrb.is/static/files/Utgefid_efni/samtal-vid-_metoo-konur-hvad-getum-vid-gert.pdf)
3. Tillögurnar má nálgast hér: [https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/skyrslur2016/11032016\\_Framtidarstefna\\_i\\_daedingarorlofsmalum.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/skyrslur2016/11032016_Framtidarstefna_i_daedingarorlofsmalum.pdf)
4. Skýrslu BSRB um dagvistunarræði má finna hér: [https://www.bsrb.is/static/files/Utgefid\\_efni/skyrsla-bsrb-um-dagvistunarurraedi-mai-2017.pdf](https://www.bsrb.is/static/files/Utgefid_efni/skyrsla-bsrb-um-dagvistunarurraedi-mai-2017.pdf)
5. Lesa má frekar um kostnað í skýrslu starfshóps Menntamálaráðuneytis um leikskóla að loknu fæðingarorlofi: [https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/frettir2015/Skyrsla-Starfshops-um-leikskola-ad-loknu-faedingarorlofi\\_-med-fylgiskjolum.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/frettir2015/Skyrsla-Starfshops-um-leikskola-ad-loknu-faedingarorlofi_-med-fylgiskjolum.pdf)



# Verkefni BSRB

Hlutverk BSRB er að fara með forystu í hagsmuna- og réttindabaráttu starfsmanna í almannabjónustu hjá ríki, sveitarfélögum og á almennum vinnumarkaði gagnvart atvinnurekendum og stjórnvöldum og stuðla að bættu velferðarsamfélagi. Bandalagið fer með samningsrétt í sameiginlegum málum félaganna og þeim sem því er falið hverju sinni.

BSRB styður og eflir aðildarfélögin við gerð kjarasamninga og hagsmunagæslu félagsmanna. Þá vinnur bandalagið að samstöðu meðal aðildarfélaga og stuðlar að jafnræði þeirra í framkvæmd bjónustu til félagsmanna. Bandalagið vinnur jafnframt að fræðslu- upplýsinga- og menningarstarfsemi og jafnri meðferð einstaklinga á vinnumarkaði.

Þá vinnur BSRB að aukinni samstöðu, samstarfi og tengslum í stéttarfélagsmálefnum innanlands og erlendis.

Starfsmenn og kjörnir fulltrúar BSRB sinna fjölmörgum verkefnum, stórum og smáum, á hverju ári. Hér verður fjallað um þau verkefni sem hæst hefur borið frá síðasta aðalfundi bandalagsins.

## Átaksverkefni

BSRB tekur af og til þátt í átaksverkefnum til að vekja sérstaka athygli á ákveðnum málum og þyngja umræðuna um þau, til dæmis í aðdraganda kosninga.

### Betra fæðingarorlof

BSRB réðist í átaksverkefni í samstarfi við ASÍ til að þrýsta á að breytingar verði gerðar á fæðingarorlofskerfinu. Átakið hófst í byrjun september 2016 og stóð fram að þingkosningum síðar um haustið, enda eitt af markmiðum verkefnisins að gera málið áberandi í kosningabaráttunni.

Átakið fór að mestu fram á samfélagsmiðlum. Stofnuð var Facebook-síða fyrir átakið og var fólk hvatt til að nota samfélagsmiðla til að segja sína sögu með myllumerkinu #betrafaedingarorlof. Þá voru framleidd myndbönd þar sem fólk sagði sínar reynslusögur sem náðu mikilli athygli, enda voru öll myndböndin frumsýnd á vefmiðlum, hjá MBL, DV og Nútímanum. Þá fóru fulltrúar BSRB og ASÍ í viðtöl við fjölmiðla til að vekja athygli á átakinu.

Alls fylgja tæplega sjö þúsund manns átaksverkefninu á Facebook. Samkvæmt fjölmiðlum hefur félags- og jafnréttismálaráðherra látið vinna að frumvarpi um breytingar á fæðingarorlofi, en ákveðið hefur verið að leggja það ekki fram fyrr en á haustþingi. Því er fullt tilefni til að halda þrýstingi á stjórnvöld áfram.

Í átakinu var lögð áhersla á að farið verði eftir þeirri stefnumótun sem unnin var fyrir málaflökkinn af starfshópi um framtíðarstefnu í fæðingarorlofsmálum, þar sem BSRB átti fulltrúa. Helstu tillögur starfshópsins voru þær að hámarksgreiðslur til foreldra verði 600 þúsund krónur á mánuði, að tekjur að 300 þúsund krónum á mánuði skerðist ekki, og að orlofið lengdist í 12 mánuði.

Félagsmálaráðherra lét vinna frumvarp byggt á tillögunum, en þegar til kom reyndist lítill áhugi hjá þáverandi ríkisstjórn á því að bæta fæðingarorlofskerfið og frumvarpið var aldrei lagt fram. Ráðherrann notaði þó heimild til að hækka þak á greiðslur í 500 þúsund krónur með reglugerð.

Markmið fæðingarorlofslaga er að börnum sé tryggð samvera við báða foreldra og að konum og körlum sé kleift að samræma fjölskyldu og atvinnulíf. Rannsóknir sýna að núverandi kerfi



Mynd 13 - Unnin voru myndbönd sem dreift var á samfélagsmiðlum fyrir átaksverkefnið Betra fæðingarorlof.

tryggir ekki að þetta markmið nái fram að ganga. Til dæmis hefur þátttaka feðra minnkað um 40% frá því fyrir hrun, 26% feðra taka ekkert fæðingarorlof og fæðingartíðni er í sögulegu lágmarki. Þá hefur hámarksupphæð lækkað verulega á undanförunum árum, á meðan verðlag á húsnæði og nauðsynjavörum hefur hækkað. Staða þeirra foreldra sem fara í fæðingarorlof er allt annað en öfundsverð.

Það er forgangsmál að endurskoðun eigi sér stað og horft verði til framtíðar. Þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar um nauðsyn endurskoðunar og að breytinga sé þörf hefur ekki verið brugðist við.

## Áherslur fyrir alþingiskosningar 2017

Unnin var sérstakur kosningavefur sem settur var upp á vef BSRB fyrir þingkosningarnar haustið 2017. Þar var farið var yfir helstu áherslur bandalagsins í málaflókum sem mikilvægt var að halda á lofti í aðdraganda kosninganna. Málaflökkarnir og stutt útlitun á áherslum bandalagsins í hverjum og einum er eftirfarandi.



Mynd 14 - Kosningavefur BSRB var settur í loftið fyrir þingkosningarnar 2017.

### Félagslegur stöðugleiki

Áhersla á efnahagslegan stöðugleika án tillits til félagslegs stöðugleika mun ekki skila árangri. Styrkja þarf velferðarþjónustuna verulega og búa almenningi félagslegt öryggi. Grundvöllurinn fyrir félagslegum stöðugleika er réttlátt skattkerfi sem stuðar að auknum jöfnuði.

### Fjölskylduvænt samfélag

Vinna þarf að því að gera samfélagið fjölskylduvænna, til dæmis með því að stytta vinnuvikuna í 36 stundir og auka sveigjanleika í starfi. Þá þarf að hækka persónuafslátt, barnabætur, aðstoð við húsnæðis kaupendur og leigjendur og lengja fæðingarorlofið.

### Heilbrigðismálin

Hækka þarf verulega fjárframlög til heilbrigðiskerfisins og draga úr kostnaði sjúklinga. Tryggja verður að heilbrigðisþjónustan verði rekin af hinu opinbera, ekki einkaaðilum, í samræmi við kröfu yfirgnæfandi meirihluta landsmanna.

### Vinumarkaðurinn

Kynbundinn launamunur er algerlega óásættanlegur og honum verður að eyða tafarlaust. Gera þarf átak gegn kynskiptum vinnumarkaði og ljúka vinnu við jöfnun launa á milli opinbera og almenna vinnumarkaðarins.

### Húsnæðismál

Halda verður áfram með þær breytingar sem gerðar voru á húsnæðiskerfinu með uppbyggingu leigufélaga fyrir tekjulága. Taka verður næsta skref án tafar og hefja uppbyggingu almennra leigufélaga svo leiga sé raunverulegur valkostur við séreignastefnuna.


## Átak fyrir 1. maí

BSRB hefur tekið þátt í árlegu átaki til að minna á mikilvægi 1. maí frá árinu 2017 ásamt öðrum heildarsamtökum launafólks og aðildarfélögum þeirra. Stofnuð var sérstök Facebook-síða þar sem sett eru inn myndbönd, myndir og fréttir til að hvetja til góðrar þátttöku í hátíðarhöldum á baráttudegi verkalyðsins.

Um 2.600 manns fylgja Facebook-síðunni „1. maí Ísland“, en efni sem sett er inn í aðdraganda baráttudags verkalyðsins nær augum margfalt fleiri með kostun á efni sem þar fer inn.

## Félagslegur stöðugleiki

Áherslan á félagslegan stöðugleika hefur verið eitt af stærstu baráttumálum BSRB. Bandalagið hefur lagt þunga áherslu á það undanfarin ár að stöðugleiki á vinnumarkaði verði ekki tryggður með því að einblína á efnahagslegan stöðugleika. Einnig verði að tryggja launafólki félagslegan stöðugleika.



Mynd 15 - BSRB leggur mikla áherslu á félagslegan stöðugleika.

Stöðugleiki á vinnumarkaði kemur bæði launafólki og launagreiðendum til góða. Ein af forsendunum fyrir stöðugleika á vinnumarkaði er styrk stjórn í landsmálunum þar sem áherslan er á félagslegan stöðugleika ekki síður en hinn efnahagslega, enda verður annað ekki til án hins. Stjórn BSRB vann að því á árinu 2017 að skilgreina nánar þetta verkefni til að auka skilning í samfélaginu á mikilvægi þess.

Búa þarf launafólki félagslegt öryggi svo það geti mætt afleiðingunum af slysum og veikindum eða atvinnumissi, eignast börn og komið þaki yfir höfuðið. Þá þarf að tryggja öldruðum og öryrkjum lífeyri sem gerir þeim kleift að lifa mannsæmandi lífi. Grundvöllurinn að slíku kerfi er réttlátt skattkerfi sem rekið er með því hugarfari að fólk greiði inn eftir efnunum en taki út eftir þörfum. Almannaþjónustuna verður að reka á samfélagslegum grunni þar sem allir eiga jafnan rétt, óháð efnahag.

Skipta má félagslegum stöðugleika í átta grunnstoðir sem allar þurfa að vera til staðar eigi stöðugleiki að ríkja í samfélaginu.

### ▪ Fjölskyldan

Auka þarf verulega stuðning við barnafjölskyldur og vinna áfram að því að gera samfélagið fjölskylduvænna. Styttu þarf vinnuvikuna og auðvelda foreldrum að samræma atvinnuþáttöku og fjölskyldulíf. Skoða þarf samspil atvinnulífsins, skóla og heimilanna með það að leiðarljósi að draga úr árekstrum og álagi á fjölskyldufólk. Endurskoða þarf fyrirkomulag barnabóta og hækka greiðslur til barnafólks. Fæðingarorlofskerfið þarfnast verulegra úrbóta með hærri greiðslum fyrir þá sem hafa lægstar tekjur, hærra þaki og

lengingu á orlofinu svo að sem flestir sjái sér fært að taka fæðingarorlof. Einnig þarf að festa í lög kröfur um að sveitarfélög bjóði upp á dagvistunarræði fyrir öll börn um leið og fæðingarorlofi foreldra lýkur.

- **Heilbrigðiskerfið**

Heilbrigðiskerfið þarf að reka á félagslegum forsendum af hinu opinbera. Til að auka á félagslegan stöðugleika þarf að lækka verulega kostnað þeirra sem þurfa að leita sér lækninga og helst afnema með öllu. Þá þurfa sjúklingar að geta fengið lyf án íþyngjandi kostnaðar. Tryggja verður jafnt aðgengi fyrir alla að heilbrigðiskerfinu. Þar á hvorki efnahagur, búseta eða annað að skipta máli.

- **Jafnrétti**

Jafna þarf hlut kynjanna á vinnumarkaði, uppræta kynbundið náms- og starfsval, og eyða algerlega kynbundnum launamuni. Tryggja verður jafnrétti og jöfn tækifæri karla og kvenna á öllum sviðum samfélagsins.

- **Húsnæði**

Til að auka félagslegan stöðugleika verður að tryggja að fólk geti fengið öruggt húskjól, hvort sem er á leigumarkaði eða með því að kaupa fasteign við hæfi. Það er einn af hornsteinum almennrar velferðar að almenningur geti fengið húsnæði á viðráðanlegum kjörum. Þetta á ekki síður við um aldraða og öryrkja, sem í sumum tilvikum þurfa á sérhæfðu húsnæði að halda. Byggja verður upp búsetuúrræði fyrir þessa hópa.

- **Atvinna**

Halda verður uppi öfluggu atvinnulífi með háu atvinnustigi og litlu atvinnuleysi, enda er það forsendan fyrir því að hægt sé að halda uppi öfluggu velferðarkerfi. Hækka verður lágmarks-laun svo þau séu nægilega há til að lifa mannsæmandi lífi. Þá verður að hlúa að þeim sem detta út af vinnumarkaði og tryggja að atvinnuleysisbætur fylgi launaþróun. Þá verður að leggja áherslu á að sporna við því að fólk sé án atvinnu í langan tíma.

- **Almannatryggingar**

Úrbætur á almannatryggingakerfinu eru afar mikilvægur þáttur í því að auka félagslegan stöðugleika. Tryggja þarf bæði öldruðum og öryrkjum lífeyri sem gerir þeim kleift að lifa mannsæmandi lífi og gæta að því að lífeyririnn fylgi launaþróun í landinu. Gera þarf breytingar á örorkukerfinu þannig að litið sé til starfsgetu einstaklinga en ekki örorku þeirra. Þá þarf að hverfa frá hvers konar tekjutengingu bóta og lífeyrisgreiðslna og auka sveigjanleika til lífeyristöku.

- **Menntamál**

Menntun er mikilvæg undirstaða félagslegs stöðugleika og er leið til jafnari tækifæra, framfara og herra atvinnustigs. Þjóða verður upp á fjölbreytt nám sem mætir hæfileikum og þörfum hvers og eins á jafnréttisgrundvelli, óháð aldri, efnahagslegum aðstæðum og fyrri menntun. Fjölga þarf tækifærum fólks sem ekki hefur lokið framhaldsmenntun til að afla sér menntunar sem hentar svo eiginleikar hvers og eins nýtist sem best. Þá þarf að meta hæfni og þekkingu að verðleikum óháð því hvort hennar er aflað í menntastofnun eða á vinnumarkaði.

- **Öryggi**

Eitt mikilvægasta hlutverk hins opinbera er að tryggja öryggi þjóðarinnar. Það er hluti af því að viðhalda félagslegum stöðugleika að íbúar hafi trú á því að sanngirni gæti í samfélaginu. Viðbragðsaðilar verða að vera í stakk búnir til að sinna sínu hlutverki og bregðast hratt við fari eitthvað úrskeiðis.

## Fræðslu- og menntamál

Fræðslumál og menntun félagsmanna aðildarfélaga BSRB er einn af hornsteinum starfsemi bandalagsins og hefur Menntanefnd BSRB það hlutverk að sinna þessum málaflokki milli 44. þings bandalagsins og 45. þings.

Á tímabilinu hafa verið tekin nokkuð markviss skref til uppbyggingar á fagháskólanámi. Sérstakur verkefnishópur um fagháskólanám skilaði niðurstöðu sinni og setti fram tillögur til mennta- og menningarmálaráðherra um fagháskólanám í september 2016. Fulltrúi BSRB í hópnum var Birna Ólafsdóttir frá Sjúkraliðafélagi Íslands.

Það var tillaga hópsins að sett yrði á laggirnar þróunarverkefni og að minnsta kosti fimm mismunandi námsleiðir yrðu skilgreindar til þróunar og innleiðingar og var þeim ætlað að verða fyrirmynd almenns fagháskólanáms varðandi form náms og innihald.

Þá var lagt til að ráðherra skipaði formlegan samráðsvettvang; samstarfsráð um háskólanám sem hefði það að markmiðið að skilgreina frekar markmið með þróunarverkefnum, leggja fram tillögu um kostnað og fjármögnun fagháskólanáms til framtíðar, leggja fram tillögur um hvaða nám verði fagháskólanám geti farið af stað árið 2017 og 2018 á grundvelli greiningar og forgangsröðunar atvinnulífsins í samráði við háskóla framhaldsskóla og aðrar menntaveitur og að vinna að skilgreiningu á raunfærnimati á háskólastigi og gera tillögu að innleiðingu þess.

Þá var að lokum lagt til og undirrituð viljayfirlýsing þess efnis að ríkið og atvinnulíf (BSRB, ASÍ og SA) stofni sameiginlegan þróunarsjóð til að fjármagna þróunarverkefnin en um væri að ræða einskiptisaðgerð.

Ráðherra skipaði samstarfsráð um fagháskólanám en vinna þess fór ekki af stað með fullnægjandi hætti vegna ágreinings um verkefni samstarfsráð og þess að mennta- og menningarmálaráðuneytið taldi sig ekki hafa heimild til að stofan þróunarsjóð líkt og ráð var fyrir gert.

Skemmst er frá því að segja, að mennta- og menningarmálaráðuneytið ákvað, í trássi við orðalag viljayfirlýsingar, að úthluta þeim 100 milljónum króna sem áttu að vera framlag ráðuneytisins í þróunarsjóð til allra háskóla á landinu.

Þannig gafst þeim tækifæri til að sækja um styrk um þróunarverkefni sem unnin yrðu í samstarfi við fagfélög. Það varð úr að SLFÍ sótti um styrk ásamt Háskólanum á Akureyri um styrk til þróunar fagháskólanáms í öldrunarhjúkrun og félag lækna ritara sem er fagfélag í SFR sótti um styrk ásamt Háskóla Íslands til þróunar fagháskólanáms í heilbrigðisgagnafræði.

Mennta – og menningarmálaráðherra boðaði til fundar í maí 2018 með fulltrúum atvinnulífs, allra háskóla og annarra sem hafa komið að vinnu við fagháskólanám. Þar lagði mennta- og menningarmála ráðherra fram minnisblað þar sem eftirfarandi var lagt til:

- a. Samstarfsráð lagt niður en nýtt skipað þar sem meginverkefnið verði að nýta þróunarverkefni til að þróa frekara starfsnám í háskóla.
- b. Skipuð verði 3-5 manna verkefnastjórn sem vinni tillögur varðandi framtíðarfyrirkomulag starfsnáms á háskólastigi, móti tillögur og skoða raunfærnimat.
- c. Óskað verði eftir uppfærðri áætlun um þróunarverkefni.
- d. Veitt verði sérstöku fjármagni til að flýta fyrir samstarfi háskóla um raunfærnimat fyrir háskólastigið.

Ásamt framangreindu er rétt að fram komi að SFR hefur í samstarfi við Starfsmennt og Háskólann á Bifröst þróað fagháskólanám fyrir starfsfólk í stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga sem er kallað diplómanám í opinberri stjórnsýslu.

### **Raunfærnimat**

Til þess að auðvelda Menntanefnd BSRB við að ná utan um raunfærnimat, framkvæmd og virkni þess fundaði nefndin með helstu aðilum sem þekkja til framkvæmdar raunfærnimats. Vigdís Þyri Ásmundsdóttir framkvæmdastjóri Framvegis kom til fundar við nefndina og þá mætti Guðfinna Harðardóttir sem er framkvæmdastjóri Starfsmenntar á fundinn.

Jafnframt hitti nefndin Hauk Harðarson og Fjólu Maríu Lárusdóttur frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Fyrir liggur að raunfærnimat verður ekki framkvæmt án fjármagns úr Fræðslusjóði og

vilja atvinnurekenda en framkvæmd raunfærnimats í opinbera geiranum er nánast á byrjunarreit að mati þessara aðila.

Menntanefnd átti einnig fundi með skólastjóra Félagsmálaskóla alþýðu á tímabilinu til að efla og auka samtal BSRB við þessa mikilvægu fræðslustofnun. Í framhaldinu var sú ósk sett fram að hálfu BSRB að leitað yrði aukins samstarfs meðal annars um árlegt námskeiðsframboð.

Menntanefnd sendi skólastjóra Félagsmálaskólans tillögur að námskeiðum til að kenna veturinn 2017-2018 en því miður voru þau svo ekki kennd, en tillögur að námskeiðum veturinn 2018-2018 voru send Félagsmálaskólanum.

Þá endurskoðaði menntanefnd handbók trúnaðarmanna en taldi rétt að hún yrði endurskoðið að fullu m.a. vegna nýrra persónuverndarlaga og nýrrar námskrár trúnaðarmanna. Að beiðni stjórnar BSRB tók menntanefnd svo saman skýrslu um starfsemi Félagsmálaskólans með tilliti til BSRB.



Mynd 16 - Fyrsti menntadagur BSRB var haldin í mars 2018.

## Menntadagur

Menntanefnd stóð fyrir fyrsta menntadegi BSRB þann 20. mars 2018. Þar fjallaði Runólfur Ágústsson um fagháskólanám m.a. með tilliti til BSRB og aðildarfélaga þess. Þrjú þróunarverkefni um fagháskólanám sem aðildarfélög BSRB standa að voru kynnt; þróunarverkefni um fagháskólanám í öldrunarhjúkrun, þróunarverkefni um nám í heilbrigðisgagnafræði og stjórnsýsluskólinn.

Haukur Harðarson frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Sólborg Alda Pétursdóttir frá Starfsmennt fjölluðu um raunfærnimat og hvöttu aðildarfélög BSRB til að setja raunfærnimatsverkefni á dagskrá.

Þá var í lokin unnið á borðum þar sem leitast var við að svara því hver væru mikilvægustu verkefni BSRB og aðildarfélaga í menntamálum. Nokkuð góð þátttaka var á menntadeginum en þó hefðu fleiri aðildarfélög mátt senda fulltrúa til þátttöku.

## Samráðshópur mennta- og menningarmálaráðuneytis um nám fullorðinna

Karl Rúnar Þórsson, formaður menntanefndar, og Dalla Ólafsdóttir, starfsmaður nefndarinnar, voru skipuð í samráðshóp um nám fullorðinna sem er ætlað að endurskoða lög um framhaldsfræðslu. Þá situr Karl Rúnar í sérstökum vinnuhópi um málefni framhaldsfræðslu. Vegna þessa var boðað til samráðsfundar með þeim aðilum sem tengjast BSRB til að fara yfir helstu áherslur vegna þeirrar vinnu.

BSRB var tilkynnt að settur hefði verið verkefnastjóri til að endurskoða stjórnáætlun starfsmenntunar af hálfu mennta- og menningarmálaráðherra. Í tilefni þess var haldinn fundur með verkefnastjóranum til að fara sérstaklega yfir áherslur BSRB.

Vinnu við gerð íslensks hæfniramma lauk haustið 2016. Í yfirlýsingu þeirra aðila sem komu að þeirri vinnu, m.a. BSRB, kom fram að aðilar lýstu yfir vilja til vinna saman að innleiðingu rammans. Meðal verkefna yrði að þróa aðferðir við að skilgreina námslok og tengja óformlegt nám við hæfniprep rammans og verður skipuð samstarfsnefnd aðila vegna þessa.

### Fræðslufundir vegna starfsloka

BSRB hefur staðið reglulega fyrir starfslokanámskeiðum sem er einkum ætlað þeim sem eru að nálgast starfslok eða eru nýlega hættir störfum. Námskeiðin hafa verið opið öllum félagsmönnum aðildarfélaganna bandalagsins og hafa verið vel sótt. Á námskeiðunum hafa fulltrúar lífeyrissjóða farið yfir lífeyrismálin auk þess sem fulltrúar Tryggingastofnunar ríkisins hafa kynnt störf stofnunarinnar og samspil lífeyrisgreiðslna og almannatrygginga.

Nokkuð hlé hefur verið á námskeiðunum á árinu 2018 þar sem Tryggingarstofnun og lífeyrissjóðir opinberra starfsmanna hafa sinnt þessari fræðslu af miklum myndugleik.

### Genfarskólinn

Genfarskólinn er félagsmálaskóli á vegum norrænu verkalýðshreyfingarinnar sem hefur það hlutverk að kynna starfsemi Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar (ILO) og árlegt vinnuálagning sem haldið er í Genf í Sviss. Önnur meginmarkmið skólans frá upphafi hafa verið að auka þekkingu og skilning á starfi Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar og almennri stöðu vinnuálagningarmála í heiminum og um leið að efla norræna samvinnu, þekkingu á norrænu verkalýðshreyfingunum og vinnuálagningu ásamt því að auka kunnáttu á skandinavísku tungumáli.

Aðild að Genfarskólanum eiga MFA samböndin í Svíþjóð, Noregi, Danmörku, Finnlandi og Íslandi. Árlega stunda um 35 nemendur nám við skólann. Genfarskólinn er ætlaður félagsmönnum innan aðildarfélaganna ASÍ og BSRB sem eru talsmenn verkalýðshreyfingarinnar, þ.e. kjörnir fulltrúar eða starfsmenn. Íslenskir þátttakendur eru tveir á hverju ári, einn frá ASÍ og annar frá BSRB.

Genfarskólinn fer fram í þremur lotum. Fyrst hittast nemendur skólans í einni lotu þar sem farið er yfir námsefni skólans og fyrirkomulag. Kynnt er norrænt samstarf innan Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar og nemendur velja sér verkefnahópa. Fyrirkomulag fornámskeiðs eru fyrirlestrar, umræður og hópavinna. Önnur lotan fer fram í fjarnámi þar sem verkefnahóparnir vinna saman að nánari undirbúningi þess málefni sem hópurnir ætla að fylgja eftir á þinginu. Þriðja lotan er svo þriggja vikna dvöl í Sviss.

Dvölin í Sviss skiptist í tvo áfanga. Tvær fyrstu vikurnar er fylgst með ILC – alþjóðlega vinnuálagningunni í Genf, þar sitja verkefnahóparnir nefndarfundir hjá fulltrúum launafólks og vinna að undirbúningi skýrslu sem gerir grein fyrir því málefni sem hópurnir valdi að vinna að. Genfarskólinn hefur aðsetur í höfuðstöðvum ILO, þar sem fram fara fundir og einnig í Þjóðarhöllinni þar sem Sameinuðu þjóðirnar eru til húsa, þar sem flestir fundir fara fram.

Seinni áfanginn í Sviss er nokkra daga dvöl í Rolle, þorpi við bakka Genfarvatnsins þar sem hóparnir vinna lokaskýrslur, bera saman bækur sínar og kynna niðurstöður.

Fulltrúi BSRB í Genfarskólanum árið 2016 var Jakobína Rut Daníelsdóttir frá Sjúkraliðafélagi Íslands. Fulltrúi bandalagsins árið 2017 var Svanhildur Sigurbjörnsdóttir og árið 2018 var Rut Ragnarsdóttir frá Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar fulltrúi BSRB.

## Húsnæðismál

BSRB samþykkti ítarlega stefnu í húsnæðismálum á 44. þingi bandalagsins og hefur unnið samkvæmt henni síðan. Húsnæðismál hafa verið í kastljósinu síðustu ár vegna síhækkandi húsnæðisverðs og leiguverðs sem venjulegt launafólk getur vart staðið undir.

Í stefnu sem mótuð var á síðasta þingi er lögð áhersla á að almennu leigukerfi að norrænni fyrirmynd verði komið á laggirnar hér á landi til að tryggja öllum húsnæði á viðunandi kjörum. Stórt skref í þá átt var stofnun Bjargs íbúðafélags í samvinnu við Alþýðusamband Íslands.

### Bjarg íbúðafélag

Bjarg íbúðafélag var stofnað árið haustið 2016 af BSRB og Alþýðusambandi Íslands. Félaginu er ætlað að skapa tekjulægri hópum öruggt og gott húsnæði. Bjarg er húsnæðissjálfsseignastofnun sem rekin er án hagnaðarmarkmiða og er ætlað að tryggja tekjulágum fjölskyldum á vinnumarkaði aðgengi að hagkvæmu, öruggu og vönduðu íbúðarhúsnæði í langtímaleigu. Um er að ræða leiguheimili að danskri fyrirmynd sem standa munu til boða þeim félagsmönnum aðildarfélaganna ASÍ og BSRB sem eru undir ákveðnum tekju- og eignamörkum, skilgreindum í lögum um almennar íbúðir.

Stjórn BSRB samþykkti um miðjan maí 2016 að leggja það fyrir aðalfund bandalagsins í lok maí að BSRB verði stofnfélagi íbúðafélagsins ásamt ASÍ með 20% hlut. Aðalfundur bandalagsins samþykkti tillöguna og í kjölfarið greiddi BSRB tvær milljónir króna af tíu milljón króna stofnframlagi á mótí átta milljónum króna frá ASÍ. Eftir að félagið hafði verið stofnað formlega samþykkti Alþingi húsnæðisfrumvörp félags- og húsnæðismálaráðherra eftir talsverðar tafir á framgangi þeirra.

Íbúðafélagið var svo stofnað formlega haustið 2016 og haldin samkeppni um nafn félagsins. Það nafn sem varð fyrir valinu var Bjarg íbúðafélag.

Bjarg hefur þegar samið um uppbyggingu íbúða í Reykjavík, á Akranesi, Akureyri, Selfossi og í Þorlákshöfn. Einnig var samið við Hafnarfjarðarbæ en fallið var frá því að byggja á lóð sem félagið fékk úthlutað af bænum. Ástæðurnar eru einkum þær að gerðar voru kröfur um hönnun og efni sem ekki rúmuðust innan kostnaðaráætlunar félagsins.

Eftir mikla vinnu við skipulag og hönnun á húsnæði var fyrsta skóflustungan að fyrsta íbúðakjarna Bjargs íbúðafélags tekin föstudaginn 23. febrúar 2018. Það var sannkölluð breiðfylking úr verkalyðshreyfingunni sem tók fyrstu skóflustungunna að íbúðakjarna við Móaveg í Spönginni í Grafarvogi. Alls verða 155 íbúðir reistar á reitnum. Vinna við grunn bygginganna tók við í beinu framhaldi og er reiknað með að fyrstu íbúðirnar verði afhentar í júní 2019.

Þá var tekin fyrsta skóflustungan að íbúðarhúsnæði Bjargs við Urðarbrunn í Úlfarsárdal 24. apríl 2018 þar sem reisa á 83 íbúðir.

Bjarg áformar umfangsmikla uppbyggingu á leiguíbúðum fyrir tekjulægstu félagsmenn BSRB og ASÍ á næstu árum. Reiknað er með að um 450 íbúðir verði komnar í byggingu hjá félaginu í lok árs 2018 og rúmlega 1.000 til viðbótar á næstu þremur til fjórum árum.



Mynd 17 - Merki Bjargs íbúðafélags



Í maí 2018 var opnað fyrir skráningu á biðlista eftir íbúðum hjá Bjargi. Alls bárust 818 umsóknir fyrir lok júlí 2018 og voru þær settar í pott og dregið um röð umsækjenda á biðlista. Þeim umsóknum sem borist hafa eftir þau tímamörk hefur verið raðað á biðlistann í þeirri röð sem þær berast.

## Jafnréttismál og fjölskylduvænna samfélag

BSRB hefur í gegnum árin unnið ötullega að því að færa upp á yfirborðið umræðu um kynbundna áreitni, kynferðislega áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. Frá 44. þingi bandalagsins hefur málaflökkurinn heyrt undir Nefnd um fjölskylduvænna samfélag og jafnréttismál.

Hlutverk nefndarinnar hefur verið að fylgja eftir stefnu BSRB í jafnréttismálum sem var samþykkt á 44. þingi bandalagsins ásamt því að vera leiðbeinandi fyrir stjórn BSRB um jafnréttismál. Verkefni nefndarinnar voru að útfæra stefnuna, fylgjast með umræðu og þróun jafnréttismála, fá fræðslu um jafnréttismál frá sérfræðingum á sviðinu og gera tillögur að fræðslu og fræðsluefni fyrir starfsemi bandalagsins

Á fundum sínum fjallaði nefndin meðal annars um og fylgdist með þróun tilraunaverkefna BSRB um styttingu vinnuvikunnar hjá annars vegar Reykjavíkurborg og hins vegar ríkinu, en nánar er fjallað um verkefnið á öðrum stað í þessari skýrslu.

Þá hefur nefndin komið að undirbúningi hádegisverðafunda 2016 og 2017 í tengslum við 8. mars – alþjóðlegs baráttudags kvenna þar sem umfjöllunarefnið var kynferðisleg áreitni og kynbundið náms- og starfsval.

Enn fremur hefur nefndin fylgst með starfi aðgerðarhóps aðila vinnumarkaðarins um kynbundinn launamun og kom að undirbúningi facebook átaksins um Betra fæðingarorlof.

Þá var farið í heimsókn til Bjarkarhlíðar – miðstöðvar fyrir þolendur ofbeldis og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir prófessor í félagsfræði kom á fund nefndarinnar og fjallaði um kynskiptan vinnu- markað og rannsóknir sínar þar um.

Nefndin hefur tekið þátt í því að halda opna fundi þar sem fjallað er um málaflökkinn út frá ýmsum sjónarhornum. Þá hefur hún beitt sér fyrir því að bandalagið tæki þátt í útgáfu bæklinga um kynbundna og kynferðislega áreitni og ofbeldi á vinnustöðum í samvinnu við önnur heildarsamtök á vinnumarkaði, Jafnréttisstofu og Jafnréttisráð.

Nefndin tók einnig virkan þátt í undirbúningi og skipulagningu baráttufundar og kvennafrís 24. október 2016 undir yfirskriftinni „Kjarajafnrétti strax“.

### #metoo byltingin

Á síðari hluta ársins 2017 hófst #metoo byltingin sem kom verulegri hreyfingu á þennan málaflökk í samfélaginu öllu. BSRB hefur tekið virkan þátt í vinnu í tengslum við #metoo. Mikil áhersla hefur verið lögð á að fyrsta skrefið í áttina að breytingum sé að allir atvinnurekendur innleiði hjá sér vinnubrögð í samræmi við lög og reglur. Í lok nóvember 2017 sendu BSRB ásamt ASÍ, BHM og KÍ frá sér sameiginlega yfirlýsingu þar sem kom fram að bandalögin standa með þolendum. Þá voru áréttáðar ríkar skyldur atvinnurekenda í þessum efnum.

Til að fylgja yfirlýsingunni eftir sendi formaður BSRB bréf til trúnaðarmanna



Mynd 18 - Fjallað hefur verið um #metoo byltinguna á fjölda funda BSRB.

aðildarfélaganna bandalagsins í gegnum félögin um hlutverk bandalagsins og aðildarfélaganna í þessari baráttu. Leggjja verður ríka áherslu á þennan þátt og halda þessu samtali áfram við trúnaðarmenn vinnustaða. Reglur um forvarnir og viðbrögð hafa lítið að segja nema starfsfólk bæði þekki og skilji hvað þær fela í sér.

Fjallað hefur verið um #metoo byltinguna á þeim fundum formannaráðs BSRB sem haldnir hafa verið síðan byltingin hófst, m.a. með innleggi Einars Gylfa Jónssonar sálfræðings hjá Líf og Sál. Formannaráðið sendi þá frá sér ályktun þann 19. mars 2018 þar sem skorað er á atvinnurekendur að taka næstu skref í tengslum við #metoo byltinguna. Þar segir meðal annars að góð stjórnun og markviss samþætting jafnréttissjónarmiða með sérstakri áherslu á að uppræta valdamisræmi í hvers kyns ákvörðunartöku er lykillinn að því að aldrei þurfi nokkur að segja aftur #metoo. Formannaráð BSRB skorar því á atvinnurekendur að taka næsta skref með athugun á vinnumenningu og greiningu á völdum og valdastöðu. Ályktunina má lesa í heild í umfjöllun um formannaráð í þessari skýrslu.

Bandalagið hefur jafnframt aukið fræðslu um jafnrétti á vinnumarkaði, áreitni og annað ofbeldi á vinnustöðum, til dæmis með erindum hjá þeim aðildarfélögum sem óskað hafa eftir því og námskeiði í forystufræðslu Félagsmálaskóla Alþýðu. Þá hefur fræðslubæklingur um áreitni og ofbeldi verið þýddur á ensku og pólsku. Formaður BSRB flutti erindi á fundi Vinnueftirlitsins, Áreitni á vinnustöðum – NEI TAKK! þar sem undirrituð var viljayfirlýsing um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. Þá hafa fulltrúar BSRB verið í viðtölum við fjölmiðla vegna umræðunnar bæði í fréttum og dægurmálabáttum.

Heildarsamtökin fjögur ásamt Kvenréttindafélagi Íslands hafa jafnframt unnið mikið saman vegna #metoo umræðunnar bæði vegna innra starfs samtakanna sem og vegna hagsmunagæslu launafólks.

Dæmi um það samstarf er þjóðfundur þar sem #metoo konum var boðið til samtals um næstu skref byltingarinnar 10. febrúar 2018. Fundurinn hófst á innleggi Þórunnar Sveinbjarnadóttur formanns BHM, undir yfirskriftinni Loksins! og fræðsluerindi Sonju Ýrar Þorbergsdóttur, lögfræðings hjá BSRB, undir yfirskriftinni „Hver er þinn réttur?“ Þá tóku við borðumræður með þjóðfundarsniði undir stjórn Eyrúnar B. Valsdóttur, deildarstjóra fræðsludeildar ASÍ þar sem málin voru rædd í smærri hópum til að tryggja að allir hefðu tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum að í umræðunni.

Fundurinn mótaði tillögur að næstu skrefum og aðgerðum stéttarfélaganna og heildarsamtaka launafólks vegna #metoo byltingarinnar í innra starfi þeirra sem og áherslum og samstarfi við atvinnurekendur, stjórnvöld og samfélagið allt. Niðurstöður fundarins hafa verið teknar saman í skýrslu sem má nálgast á vef BSRB. Ráðgert er að halda sambærilega fundi utan höfuðborgarsvæðisins. Þá tók Sonja þátt í pallborðsumræðum á fundi sem skipulagður var af ASÍ-UNG um áhrif #metoo byltingarinnar innan vinnumarkaðarins og aðgerðir stéttarfélaganna í þeim málum.

Vorið 2018 skipaði félags- og jafnréttismálaráðherra tvo starfshópa sem fulltrúi BSRB ásamt öðrum aðilum vinnumarkaðarins, Vinnueftirlits, Jafnréttisstofu og Félagi kvenna í atvinnulífinu eiga sæti í. Verkefni annars hópsins er að meta umfang kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni eða ofbeldis auk eineltis á íslenskum vinnumarkaði og aðgerðir atvinnurekenda í tengslum við slík mál á vinnustöðum og gert er ráð fyrir að hópurinn standi fyrir þrjúþættu rannsókn í þessum tilgangi. Hins vegar er um að ræða aðgerðarhóp sem ætlað er að vinna gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.

Í upphafi sumars 2018 bauð BSRB ásamt Alþýðusambandi Íslands, Félagi kvenna í atvinnulífinu og Kvenréttindafélagi Íslands og Félagi kvenna í atvinnulífinu öðrum samtökun og stofnunum sem vinna að #metoo tengdum málefnum til samráðsfundar um næstu skref. Ákveðið var að aðilar myndu hefja með sér samstarf um aðgerðir þar sem lögð verður áhersla á úrbætur sem geta nýst sem flestum á vinnumarkaði, til dæmis með gerð fræðsluefnis, og með því að vinna leiðbeiningar um hvernig eigi að bregðast við áreitni og ofbeldi á vinnumarkaði.

Þeir sem taka þátt í samstarfinu eru Alþýðusamband Íslands, Bandalag háskólamanna, Bjarkarhlíð – miðstöð þolenda ofbeldis, BSRB, Félag forstöðumanna ríkisins, Félag kvenna í atvinnulífinu, Jafnréttisstofa, Kennarasamband Íslands, Kjara- og mannauðssýsla ríkisins, Kvenréttindafélag Íslands, Mannauður – félag mannauðsfólks, Samband Íslenskra sveitarfélaga, Samtök atvinnulífsins, Sálfræðingafélag Íslands, Vinnueftirlit ríkisins og VIRK starfsendurhæfingarsjóður.



Mynd 19 - Mikill munur er á dagvistunarúrræðum milli sveitarfélaga.

## Skýrsla um dagvistunarmál

Nefnd um fjölskylduvænna samfélag og jafnréttismál aflaði upplýsinga um stöðu dagvistunarmála að loknu fæðingarorlofi hjá sveitarfélögum í landinu og gaf út skýrslu með helstu niðurstöðum í lok maí 2017. Markmiðið var að varpa ljósi á hvaða stuðning hið opinbera veitir, enda ítrekað verið bent á þau vandamál sem leiða af því bili sem er á milli fæðingarorlofs foreldra og þess aldurs þegar börnum er tryggt leikskólaláss.

Í skýrslunni kemur fram að mikill munur er á þeim dagvistunarúrræðum sem foreldrar njóta milli sveitarfélaga og ekki ríkir jafnræði í þjónustu við foreldra barna að loknu fæðingarorlofi. Börn á Íslandi eru að jafnaði um 20 mánaða gömul þegar þau komast inn á leikskóla en samanlagt

fæðingarorlof beggja foreldra er níu mánuðir.

Almennt nýta foreldrar sér dagforeldrakerfið til að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla, þar sem það er í boði. Það byggir á framboði einkaaðila og sveitarfélögum ber hvorki skylda til að tryggja framboð dagforeldra né til að niðurgreiða þjónustu þeirra. Athugunin sýnir að dagforeldrar eru aðeins starfandi í 21 af 74 sveitarfélögum í landinu, en í þeim búa um 88% íbúa landsins.

Sveitarfélögum í landinu er í sjálfsvald sett við hvaða aldur börn eiga rétt á dagvistunarúrræðum. Ísland sker sig frá öðrum Norðurlöndum þar sem lög segja til um við hvaða aldur börnum skuli boðið upp á dagvistun. Sá réttur helst í hendur við rétt foreldra til fæðingarorlofs þannig að þegar orlofinu sleppir eiga börn lögbundinn rétt á dagvistun.

Í skýrslunni kemur jafnframt fram að um helmingur landsmanna býr í sveitarfélögum þar sem inntökualdur barna á leikskóla er 24 mánaða. Tæpur fimmtungur, 18,4%, býr í sveitarfélögum sem tryggja leikskólavist fyrir börn 12 mánaða eða yngri. Álykta má út frá svörum sveitarfélagana að flest stefni þau á að bjóða upp á pláss á leikskóla frá 12 mánaða aldri. Ljóst er að þau eru komin misjafnlega langt í áttina að því markmiði enda um átta af hverjum tíu landsmönnum búsettir í sveitarfélögum þar sem inntökualdurinn er hærri.

Samkvæmt tölum frá Hagstofunni má áætla að börn komist að meðaltali í einhverja dagvistun, til dæmis leikskóla eða til dagforeldra, á bilinu 12 til 15 mánaða. Fæðingarorlof beggja foreldra er samanlagt níu mánuðir. Það bil sem flestir foreldrar þurfa að brúa með einhverjum hætti er því að jafnaði þrjú til sex mánuðir.

Tölur Hagstofunnar sýna jafnframt að langflest börn yngri en 12 mánaða eru hvorki hjá dagforeldrum né á leikskólum. Það sama á við tæplega fjórðung eins árs barna. Það bendir til þess að þau séu heima hjá foreldrum sínum eða ættingjum. Rannsóknir sýna að mæður axla almennt mestan þunga af því að brúa þetta bil.

Niðurstöður skýrslunnar eru að núverandi fyrirkomulag tryggi að litlu eða engu leyti að báðir foreldrar fái jafna möguleika til þátttöku á vinnumarkaði að loknu fæðingarorlofi. Ekki verði séð að jafnræði ríki um þjónustu við börn að loknu fæðingarorlofi.

## Kjaramál

Flest aðildarfélög BSRB undirrituðu kjarasamninga stuttu fyrir 44. þing bandalagsins í október 2015 og gilda þeir samningar fram til loka mars 2019.

Kjarasamningur Félags íslenskra flugumferðarstjóra rann út snemma árs 2016 og gengu samningaviðræður við samninganefnd Isavia hægt til að byrja með. Félagið beitti yfirvinnu- og þjálfunarbanni til að leggja áherslu á kröfur sínar í kjaradeilunni. Yfirvinnubannið hafði umtalsverð áhrif á flugumferð til og frá landinu á álagstímum á þeim rúmu tveimur mánuðum sem það stóð yfir, enda hafði um fimmta hver vinnustund flugumferðarstjóra verið í yfirvinnu sökum manneklu í stéttinni.

Greinilegt var að þetta vopn flugumferðarstjóra beit vel því í júní settu stjórnvöld lög á aðgerðirnar með vísan í að yfirvinnubann flugumferðarstjóra ógnaði almannahagsmunum. Deiluaðilum var gefinn frestur til að semja, ella yrði gerðardómur skipaður til að ákvarða kjör flugumferðarstjóra. Bæði Félag íslenskra flugumferðarstjóra og BSRB mótmæltu þessari niðurstöðu harðlega.

Undir þessum þrýstingi tókst að semja á síðustu stundu, en félagsmenn felldu samninginn í atkvæðagreiðslu. Því kom til kasta gerðardómsins sem úrskurðaði um kjör félagsmanna. Félag íslenskra flugumferðarstjóra höfðaði í kjölfarið dómsmál gegn íslenska ríkinu þar sem félagið taldi lög á yfirvinnubann brjóta gegn ákvæðum stjórnarskrár og að kjör félagsmanna yrði ekki afráðin með ákvörðun gerðardóms samkvæmt lögum sem sett voru með sömu lögum. Þegar héraðsdómur felldi dóm sinn í málinu gerðu deiluaðilar með sér sátt til að ljúka gerðarmeðferðinni. Þegar niðurstöðu héraðsdóms var áfrýjað til Hæstaréttar vísaði rétturinn málinu frá í nóvember 2016. Niðurstaðan byggði á þeim rökum að félagið hefði ekki lengur lögvarða hagsmuni af því að fá úrlausn um dómkröfur sínar þar sem deiluaðilar hefðu gert kjarasamning og bundið endi á deiluna.

Bæði SFR og Félag flugmálastarfsmanna (FFR) ríkisins skrifuðu undir kjarasamninga við Isavia vorið 2017. Kosið var um samningana meðal félagsmanna og samþykktu félagar í FFR samningana en félagar í SFR felldu samninginn með miklum meirihluta í lok apríl. Nýir samningar voru undirritaðir í byrjun júní og samþykktir í atkvæðagreiðslu í kjölfarið.

Þá var talsvert um vinnu við stofnanasamninga hjá sumum af aðildarfélögum en bandalagið kom ekki að þeirri vinnu.

Rætt var innan ASÍ um hvort segja ætti upp kjarasamningum á almennum vinnumarkaði í lok febrúar 2017 og aftur á sama tíma árið 2018. Í samningum aðildarfélaganna BSRB eru ákvæði um að bandalagið hafi heimild til að segja upp kjarasamningum taki ASÍ ákvörðun um uppsögn á almennum vinnumarkaði. Bæði árin varð það niðurstaða formannafundar ASÍ að segja ekki upp samningum svo uppsagnarákvæði BSRB virkjaðist ekki.

Samningar flestra aðildarfélaganna BSRB renna út í lok mars 2019 og vinna við kröfugerð og undirbúning fyrir kjarasamningsgerð því að komast á fullan skrið hjá aðildarfélögum.

Á vegum BSRB starfar nefnd um vinnumarkað, kjaramál og lífeyrismál. Hún hefur hist reglulega frá síðasta þingi til að fara yfir mál tengd fyrrgreindum atriðum. Nefndin stóð að gerð rannsókna á störfum trúnaðarmanna. Rannsóknin fólst í því að spurningalisti var sendur á alla trúnaðarmenn varðandi umfang og eðli starfa þeirra sem trúnaðarmenn. Í kjölfarið var haldin námsstefna í heilan dag þar sem yfir 100 trúnaðarmönnum var boðið. Dagurinn hófst á fræðsluerindum en svo var haldin málstofa eftir hádegi. Niðurstöðurnar voru settar saman í skýrslu til stjórnar BSRB.

Frá síðasta þingi hafa tvö verkefni tekið mestan tíma á fundum nefndarinnar. Samræming lífeyriskerfa er annað þeirra. Í grófum dráttum halda núverandi sjóðsfélagar opinberu sjóðanna óbreyttum réttindum en nýir fara í kerfi sem er uppbyggt með sama hætti fyrir starfsfólk á almennum og opinberum vinnumarkaði. Hitt stóra verkefnið er í launaskriðstryggingin. Í rammasamkomulaginu frá árinu 2015 var samið um launaskriðstryggingu opinberra starfsmanna. Hún kom til framkvæmda síðasta vetur og fengu þá ríkisstarfsmenn innan BSRB

1,3% launahækkun og þeir félagsmenn BSRB sem starfa hjá sveitarfélögum fengu 1,4% launahækkun. Nánar er fjallað um þessi verkefni í öðrum hlutum skýrslunnar.

## Kynningarmál

Unnið hefur verið markvisst að kynningarmálum BSRB frá því sú nýbreytni var tekin upp í mars 2016 að vinna sérstaka kynningaráætlun. Áætlunin er gerð upp og kynnt í stjórn bandalagsins í byrjun hvers árs og í kjölfarið endurskoðuð og uppfærð ef þurfa þykir.

Í kynningaráætluninni eru sett mælanleg markmið um sýnileika og virkni í kynningarmálum. Áætlunin hefur þróast nokkuð frá því sem var í mars 2016 en er að stofninum til sú sama.

Í þeirri áætlun sem er í gildi fyrir árið 2018 eru eftirfarandi markmið útlistuð:

- **Fréttir á vef BSRB:** Að jafnaði eru skrifaðar tvær fréttir sem birtast á vef bandalagsins í hverri viku.
- **Skoðanapistlar á vef BSRB:** Pistlar eru uppfærðir sjaldnar en fréttir og er miðað við að einn nýr pistill sé birtur í hverjum mánuði.
- **Fréttir í fjölmiðlum:** BSRB vekur athygli fjölmiðla á verkefnum bandalagsins og áherslum með það að markmiði að fréttir birtist um tvö aðskilin málefni tengd bandalaginu í hverjum mánuði.
- **Viðtöl við forsvarsmenn:** Fjölmiðlum eru boðin viðtöl við forsvarsmenn BSRB um þau mál sem bandalagið vinnur að hverju sinni og er miðað við að í það minnsta eitt viðtal birtist í hverjum mánuði.
- **Aðsent efni í fjölmiðlum:** BSRB kemur skoðunum sínum og áherslum á framfæri með reglulegum skrifum í dagblöð og vefmiðla og er miðað við eina grein í mánuði.
- **Rafrænt fréttabréf:** Sent er rafrænt fréttabréf á póstlista BSRB, sem nær til fjölda félagsmanna aðildarféлага, þingmenn, fjölmiðla og fleiri, í lok hvers mánaðar.
- **Fundir og ráðstefnur:** Haldnir eru fundir, málstofur og ráðstefnur um málefni sem BSRB vill koma í umræðuna, eftir því sem tilefni gefast til og miðað við að bandalagið standi fyrir eða taki þátt í fjórum fundum eða ráðstefnum á ári.

Með mælanlegum markmiðum er auðvelt að meta árangurinn af kynningarstarfi bandalagsins. Frá því byrjað var að vinna út frá kynningaráætlun í mars 2016 hafa öll markmið sem sett eru í áætlununum staðist. Tíðnin hefur í flestum tilvikum verið talsvert yfir settum markmiðum. Afleiðingarnar eru þær að bandalagið hefur verið mun sýnilegra í umræðunni og í fjölmiðlum síðustu árin en árin þar á undan og sjónarmiðum bandalagsins komið betur á framfæri við almenning, þingmenn, sveitarstjórnarmenn og fjölmiðla en áður.

## Nýr vefur BSRB

Vinna við nýjan vef hófst í júní 2016 þegar stjórn bandalagsins samþykkti að hefja vinnu við þarfagreiningu fyrir nýjan vef. Leitað var tilboða hjá þremur ráðgjafafyrirtækjum. Lægsta tilboðinu var tekið og samið við ráðgjafafyrirtækið Fúnksjón um að hafa yfirumsjón með þarfagreiningu fyrir nýjan vef. Stofnaður var stýrihópur innan BSRB til að vinna með Fúnksjón.

Í þarfagreiningavinnunni var unnið sérfræðimat á sambærilegum vefsíðum, innlendum jafnt sem erlendum, tekin viðtöl þar sem fjallað var um vefinn, notkun á honum og væntingar til nýs vefs. Þá var gerð notendakönnun sem send var á póstlista BSRB sem skilaði ríflega 900 svörum og unnin flokkunaræfing þar sem efni á síðu var endurraðað.

Markmiðið var að nýr vefur yrði kominn í gagnid fyrir 1. maí. Vefurinn átti að vera bjartur og fallegur, nútímalegur og aðgengilegur. Niðurstöður greiningarvinnu voru meðal annars þær að aðildarfélag bandalagsins væru ekki nægilega sýnileg á gömlu síðunni. Þá þótti skorta upp á að auðvelt væri að sjá hver skoðun bandalagsins á ákveðnum málaflokkum er. Þá þótti skorta talsvert upp á að síðan væri vel skipulögð og uppfærð. Úr þessu átti að bæta á nýjum vef.

Að loknu undirbúningsferli vann Fúnksjón tilboðsgögn og mælti með fjórum vefstofum. Óskað var eftir bindandi tilboðum frá vefstofunum fjórum. Við yfirferð á tilboðum kom í ljós að vefstofan Stefna hafði skilað inn lægsta tilboðinu. Þá leiddi mat á tilboðunum í ljós að fyrirtækið fékk hæstu einkunn fyrir þjónustu og gæði tilboðs og háa einkunn fyrir hönnun. Tilboðið var metið hagstætt og gengið til samninga við Stefnu um vinnu á nýjum vef.

Vinna við hönnun á nýjum vef ásamt efnisvinnslu fór í gang í janúar 2017. Í byrjun mars var grunnur að síðu tilbúinn og hægt að byrja að setja inn efni og sjá hvað þyrfti að klára áður en vefurinn færi í loftið. Unnið var að því í mars og apríl. Vefurinn var tilbúinn í lok apríl og var formlega tekinn í notkun þann 26. apríl 2017, stuttu áður en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Öll vinna við hönnun og uppsetningu á vefnum var mjög markviss og auðveld sökum þess hversu mikið og gott starf var unnið við þarfagreiningu áður en farið var í hönnun. Þá stóðst kostnaðaráætlun fyrir vefinn fullkomlega og var greitt samkvæmt tilboðinu fyrir vefvinnu Stefnu.

Nýr vefur BSRB uppfyllir þau markmið sem lagt var upp með. Hann er nútímalegur og fallegur og þess eðlis að hægt er á auðveldan hátt að uppfæra hann að kröfum framtíðarinnar í stað þess að hanna nýjan vef frá grunni.

## BSRB í fjölmiðlum

BSRB hefur sett sér metnaðarfull markmið um að hvetja til umfjöllunar fjölmiðla um bandalagið og sjónarmið þess. Markmið í kynningaráætlun gera ráð fyrir því að haft sé frumkvæði að umfjöllun um tvö aðskilin mál í fjölmiðlum í hverjum mánuði. Það frumkvæði skilar almennt talsverðum fjölda fréttu.

Frá mars 2016 til upphafs september 2018 hefur bandalagið haft frumkvæði að umfjöllun fjölmiðla um 81 mál sem bandalagið hefur unnið að, sem er rúmlega þriðjungur meira en áætlað var í kynningaráætlun. Alls hafa fjölmiðlar unnið 298 einstakar fréttir sem bandalagið hefur haft frumkvæði að, eða um fjórar fréttir um hvert mál að meðaltali.


## Fréttabréf BSRB

BSRB hóf útsendingu á rafrænu fréttabréfi í apríl 2016 og hefur sent út fréttabréf í lok hvers mánaðar síðan. Í fréttabréfunum er farið yfir helstu mál sem fjallað hefur verið um í fréttum á vef bandalagsins.

Fréttabréfin eru send á póstlista um 10.000 félagsmanna, þingmanna, fjölmiðlafólks og fleiri. Hægt er að skrá sig á póstlistann á forsíðu vefs BSRB. Hægt er að skoða öll rafrænu fréttabréfin á vef BSRB undir „Útgefið efni“.

## BSRB á samfélagsmiðlum

BSRB heldur úti síðu á Facebook en er ekki virkt á öðrum samfélagsmiðlum. Bandalagið býður upp á samskipti við félagsmenn og aðra áhugasama í gegnum Facebook-síðuna auk þess sem settar eru inn fréttir að jafnaði tvisvar í viku. Þá er síðan notuð til að taka þátt í átaksverkefnum og stofna viðburði þegar þurfa þykir.



Mynd 20 - Nýr vefur BSRB var tekinn í notkun í lok apríl 2017.

Fylgjendum síðunnar hefur fjölgað jafnt og þétt. Í júlí 2016 voru þeir tæplega 1.200 talsins en í byrjun september 2018 voru þeir tæplega 1.800 talsins.

## Lífeyrismál

BSRB tók þátt í vinnu við að samræma lífeyrisréttindi á almenna markaðnum og hinum opinbera allt frá árinu 2009 þegar aðilar á vinnumarkaði og stjórnvöld gerðu með sér stöðugleikasáttmála. Í kjölfarið var málið verið tekið upp á fundum með formönnunum og á þingum bandalagsins þar sem rætt var um allar hliðar málsins og fjallað um helstu vendingar hverju sinni. Niðurstaðan var alltaf sú sama; forystu bandalagsins var falið að halda viðræðum áfram og gæta hagsmuna okkar félagsmanna

Stjórnvöld þurftu að gera breytingar á lífeyriskerfinu, enda stóðu opinberu lífeyrissjóðirnir ekki undir framtíðarskuldbindingum sínum. Ójafnvægi var milli eigna og skuldbindinga hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og Brú lífeyrissjóði. A-deildir beggja sjóða höfðu verið utan vikmarka laga í nokkur ár. Því þurfti á hverju ári að setja bráðabirgðarlög. Uppsöfnuð iðgjaldþörf var því orðin um 20-21% á hvern sjóðfélaga. Það er það iðgjald sem hefði þurft til að sjóðurinn stæði undir framtíðarskuldbindingum sínum. Ef viðhalda hefði átt óbreyttu kerfi hefði þurft að hækka iðgjald launagreiðenda úr 11,5% í um það bil 17% og heildariðgjaldið færi þannig í um það bil 21% af launum. Þannig hefði heildarlaunakostnaður launagreiðanda vegna starfsmanna hækkað um um það bil 5,5%.



Mynd 21 - Samkomulag um lífeyrismál var undirritað í september 2016.

### Samkomulag undirritað

Staðreyndin var því sú að það var búið að ákveða að gera breytingar á kerfinu hvort sem BSRB tæki þátt í ferlinu eða ekki. Val bandalagsins stóð því á milli þess að reyna að hafa áhrif á niðurstöðuna, félagsmönnum til hagsbóta, eða standa utan við ferlið vitandi að stjórnvöld myndu setja einhliða lög um lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna. Ákveðið var að velja fyrri

leiðina. Markmið BSRB í viðræðunum var að tryggja að áunnin réttindi myndu ekki skerðast og að hagsmunum framtíðarfélaganna í sjóðunum yrði gætt.

Eftir margra ára vinnu var komið að tímamótum haustið 2016 þegar unnið var að samkomulagi milli bandalaga opinberra starfsmanna annars vegar og ríkis og sveitarfélaga hins vegar. Tilboðið sem var til umræðu fól í sér að núverandi sjóðfélagar myndu halda jafn verðmætum réttindum fyrir og eftir breytingar. Það yrði tryggt með fjárframlagi til svonefndra lífeyrisaukasjóða og varúðasjóða. Jafnframt yrði launamunur milli opinbera og almenna vinnumarkaðarins jafnaður á næstu 6-10 árum.

Málið var rætt á tveggja daga fundi formannaráðs BSRB í september 2016. Eftir ítarlega yfirferð var ljóst að ekki næðist samstaða innan bandalagsins í málinu og því ákveðið að greiða atkvæði um framhald málsins. Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar varð sú að 21 formenn greiddu atkvæði með því að skrifa undir samkomulagið en formenn fjögurra félaga greiddu atkvæði gegn því. Þar með hafði formannaráð BSRB falið formanni bandalagsins að skrifa undir samkomulagið.

Það var síðar staðfest með lögfræðilíti sem Gestur Jónsson hæstaréttarlögmaður vann fyrir bandalagið að formanni BSRB var skylt að undirrita samkomulagið í samræmi við þennan skýra vilja stórs meirihluta formannaráðs bandalagsins.

### **Frumvarpið endurspeglar ekki samkomulagið**

Í kjölfar undirritunar samkomulagsins fór af stað vinna í fjármálaráðuneytinu við frumvarp sem byggja átti á innihaldi þess. Þegar frumvarpið leit dagsins ljós kom í ljós að það endurspeglar ekki að öllu leyti innihald samkomulagsins. Það var samhljóma álit BSRB, BHM og KÍ, en því mótmæltu bæði stjórnvöld og fulltrúar sveitarfélaganna. Ábendingar um hvernig laga mætti frumvarpið svo það endurspeglar samkomulagið voru að engu hafðar, bæði af fjármálaráðherra og Alþingi, þrátt fyrir að fulltrúar BSRB mættu á fundi þingnefndar til að fara yfir málið.



*Mynd 22 - Fulltrúar opinberra starfsmanna fjölmenntu á þingvallana þegar málið var til umræðu á Alþingi til að sýna óánægju með frumvarp sem byggja átti á samkomulaginu.*

Frumvarpið varð að lögum á Þorláksmessu 2016 en flest ákvæði laganna tóku gildi 1. júní 2017. Ástæðan fyrir því að þau tóku ekki gildi strax, eða um áramótin 2016-2017, er sú að lífeyrissjóðirnir þurftu tíma til að breyta samþykktum sínum.

Breytingarnar sem leiða af lögnum eru þær að A-deildirnar starfa eftir lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Þannig gilda sömu reglur um lágmarksréttindi og starfsemi sjóðanna á almennum og opinberum vinnumarkaði varðandi A-deildir þeirra. Breytingarnar hafa engin áhrif á B-deildir sjóðanna né V-deild Brúar lífeyrissjóðs.



Núverandi sjóðfélagar eiga eftir breytingar enn rétt til jafnrar ávinnslu réttinda og viðmiðunaraldur lífeyristöku er 65 ára. Allir nýir sjóðfélagar sem koma inn í sjóðinn 1. júní 2017 eða síðar fara í nýtt kerfi þar sem ávinnslan er aldurstengd og viðmiðunaraldur lífeyristöku er 67 ár.

Ríki og sveitarfélög lögðu fram alls 164,7 milljarða króna til að tryggja að núverandi sjóðfélagar haldi jafn verðmætum réttindum. Óbein bakábyrgð launagreiðenda á A-deildum var jafnframt afnumin fyrir alla sjóðfélaga sem eru yngri en 60 ára þann 1. júní 2017. Þeir sem eru 60 ára eða eldri á þeim tímapunkti njóta bakábyrgðar ríkisins á réttindum sínum. Þá verður sú sérregla sem gildir um lögreglumenn óbreytt. Öllum lögreglumönnum sem eru leystir frá embætti sínu við 65 ára aldur skal reiknaður ellilífeyrir eins og þeir hefðu starfað til 70 ára aldurs

Í lögum eru settar þær lágmarkskröfur sem lífeyrissjóðir þurfa að uppfylla, en þeim er jafnframt heimilt að ganga lengra og veita sínum félagsmönnum meiri réttindi. Ef þeir gera það er kveðið á um það í samþykktum sjóðanna, sem eru þær reglur sem kveða á um meðal annars réttindi sjóðfélaga. BSRB hafði aðkomu að þeirri vinnu og fékk Gest Jónsson hæstaréttarlögmann til að fara yfir samþykktirnar fyrir samþykkt þeirra til að tryggja að þær væru í samræmi við lög. Fjármálaráðherra þarf að staðfesta samþykktir sjóðanna, að fenginni umsögn frá Fjármálaeftirlitinu.

### **Áunnin réttindi átti ekki að skerða**

Frá upphafi var gengið út frá því í samningaviðræðum bandalaga opinberra starfsmanna við ríki og sveitarfélög að réttindi þeirra sem greitt hafi í opinberu lífeyrissjóðina yrðu jafn verðmæt eftir breytingarnar og þau voru fyrir. Það varð niðurstaðan og skýrt kveðið á um það í því samkomulagi sem undirritað var í september 2016.

Það sem útaf stóð eftir lagabreytingar voru réttindi sjóðfélaga sem byggja á óbeinni bakábyrgð. Sú ábyrgð var afnumin með lögnum, en hún er einn af þremur meginþáttum sem réttindi núverandi sjóðfélaga byggja á. Þar af leiðandi hefði átt að bæta það að hún var felld niður með einhverjum hætti til að samkomulag um að réttindin yrðu jafn verðmæt fyrir og eftir breytinguna væri virt. Í lögnum er skýrt að bakábyrgð þeirra sem eru 60 ára og eldri haldi sér. Þeir sem yngri eru missa því bakábyrgðina án þess að það sé bætt á nokkurn hátt.

Þetta þýðir ekki að þessi hópur muni verða fyrir tjóni. Til að það gerist þurfa lífeyrissjóðirnir að verða fyrir stóru áfalli. Lögum samkvæmt skulu lífeyrissjóðir lækka réttindi ef rekstur sjóðsins er neikvæður um 10% í eitt ár, eða um 5% samfleytt fimm ár í röð. Þá kemur á móti sú staðreynd að ef ávöxtun lífeyrissjóðanna er góð getur þessi hópur fengið aukin réttindi.

Þau svik af hálfu stjórnvalda og Alþingis sem BSRB upplifði í þessu mikilvæga máli settu samskipti bandalagsins við stjórnvöld í fullkomið uppnám. Bandalögin þrjú sem undirrituðu samkomulagið ákváðu að kanna lögsmæti lagasetningarinnar og hafa aflað sér lögfræðialits um helstu álitæfni.

## **Réttindamál**

Skrifstofa BSRB svarar á hverju ári fjölda fyrirspurna frá aðildarfélögum bandalagsins er varða lögfræðileg álitæfni. Tveir lögfræðingar starfa á skrifstofu BSRB og sinna lögfræði- og réttindamálum fyrir bandalagið. Annars vegar Sonja Ýr Þorbergsdóttir sem hefur starfað hjá bandalaginu frá árinu 2008 og Hrannar Már Gunnarsson sem hóf störf í ágúst 2018. Dalla Ólafsdóttir starfaði sem lögfræðingur BSRB samhliða Sonju frá árinu 2014 en hún lét af störfum í júní 2018.

Frá síðasta þingi hafa lögfræðingum bandalagsins borist 472 skrifleg erindi frá aðildarfélögum þar sem óskað er aðstoðar og ráðgjafar vegna málefna félagsmanna. Auk þessa hafa fjölmörg erindi borist símleiðis en sú breyting var gerð að í stað þess að hafa fasta símatíma hafa aðildarfélögin tækifæri til að hringja beint í lögfræðing alla daga vikunnar nema föstudaga.

Réttindanefnd BSRB er ein af fimm starfsnefndum bandalagsins sem starfað hefur frá 44. þingi bandalagsins. Hlutverk nefndarinnar að taka til skoðunar erindi sem stjórn eða einstök aðildarfélög vísa til hennar og eru niðurstöður nefndarinnar ráðgefandi.

Mörg og margvísleg erindi frá aðildarfélögum hafa verið til umfjöllunar þar sem óskað hefur verið álits nefndarinnar á hinum ýmsu ágreiningsefnum. Þá hefur réttindanefnd jafnframt tekið til skoðunar mál sem varða aðildarfélög BSRB sameiginlega, svo sem samninga um orlofslaun og túlkun hugtaksins bakvaktir á grundvelli dóms Evrópudómstólsins þar sem fjallað var til túlkun vinnutímatilskipunar. Nefndin hefur jafnframt fjallað um áhugaverða dóma sem fallið hafa hjá innlendum dómstólum eða á vettvangi Evrópuríkja. Þá bærust á tímabilinu óskir um styrki vegna þriggja mála en réttindanefnd lagði til að stjórn BSRB myndi veita þeim aðildarfélögum styrk vegna reksturs mála.

Réttindanefnd tók upp þá nýbreytni að halda starfs- og vinnufundi fyrir starfsfólk aðildarfélaga bandalagsins. Á fyrsta starfsdegi réttindanefndar, þann 23. nóvember 2016, fjallaði Trausti Fannar Valsson dósent við lagadeild HÍ um helstu meginreglur stjórnarsýsluréttar vegna ákvarðana í starfsmannamálum, Sonja Ýr fjallaði um málsmeðferð og hlutverk stéttarfélaga vegna kvörtunar um áreitni eða ofbeldi og Arngrímur Angantýsson frá Fjársýslu ríkisins fjallaði um hvíldartímareglur. Var almenn ánægja með þennan viðburð og ákveðið að gera hann að árlegum þætt í starfi réttindanefndar.

Á öðrum starfsdegi sem haldinn var í nóvember 2017 fjallaði lögfræðingur hjá Umboðsmanni Alþingis um réttmætisreglu stjórnarsýsluréttar, Sonja Ýr fjallaði um málsmeðferð vegna áminninga og uppsagna og Arna Jakobína formaður réttindanefndar BSRB og Kjalar fjallaði um talningu vinnuskyldu. Þá voru haldnir sérstakir vinnufundir þar sem m.a. var fjallað um kjarasamninga starfsfólk hjá stofnunum í svokölluðum þriðja geira og opinberum hlutafélögum, um málefni vaktavinnufólks og um veikindaréttarkafli kjarasamninga. Auk þessara funda var haldinn sérstakur fundur með fulltrúum Fjársýslu ríkisins til að fara yfir framkvæmd Vinnustundar. Þá gaf réttindanefnd út fréttabréf þar sem farið var yfir starf nefndarinnar.

Þá hefur réttindanefnd sent stjórn bandalagsins erindum um að kanna hvort rétt sé að taka til skoðunar ákvæði kjarasamninga, m.a. um trúnaðarlækna, í ljós nýrra persónuverndarlaga.

## Salek-samkomulagið

Skrifað var undir rammasamkomulag aðila vinnumarkaðarins um samstarf um launaupplýsingar og efnahagsforsendur kjarasamninga í lok október 2015. Samkomulagið var afrakstur vinnu sem hófst árið 2011 með það að markmiði að bæta umgjörð við gerð kjarasamninga.

Myndaður var starfshópur stærstu samningsaðila á almennum og opinberum vinnumarkaði en formlegu samstarfi var komið á í júní 2013 þegar skrifað var undir samkomulag um að setja á stofn „Samstarfsnefnd um launaupplýsingar og efnahagsforsendur kjarasamninga“ sem er betur þekkt sem Salek nefndin. Salek nefndin undirritaði svo fyrrnefnt rammasamkomulag haustið 2015 en markmið þess var að tryggja varanlega aukningu kaupmáttar hér á landi með lágri verðbólgu, stöðugt gengi krónunnar og lága vexti. Samkomulagið átti að tryggja aukna sátt á vinnumarkaði, aukið samstarf milli aðila og minni átök, auk efnahagslegs- og félagslegs stöðugleika í landinu.

Meðal þess sem fjallað var um í rammasamkomulaginu var sameiginleg launastefna til loka árs 2018 með samræmdri kostnaðarvísitölu og kostnaðarramma. Þá var kveðið á um að opinberum starfsmönnum sem voru aðilar að samkomulaginu yrði tryggt það launaskrið sem yrði á almennum vinnumarkaði til ársins 2018, að því gefnu að samkomulag myndi nást um jöfnun lífeyrisréttinda á opinberum og almennum vinnumarkaði.

Þá ætluðu aðilar að Salek-samkomulaginu einnig að vinna að breytingu á kjarasamningalíkaninu með því að færa það nær því besta sem þekktist á hinum Norðurlöndunum, með aðlögun að íslenskum aðstæðum. Til að vinna að því markmiði var einn helsti sérfræðingur

Noregs í kjarasamningamálum, Steinar Holden, prófessor við Oslóarháskóla, fenginn til að vinna með hópnum.

Samstarfið gekk ekki snurðulaust fyrir sig. Til stóð að halda um 600 manna fund í þjóðfundarstíl laugardaginn 7. maí 2016 sem átti meðal annars að vera innlegg í starf Steinars Holden. Ákveðið var að falla frá þeim fundi á síðustu stundu þar sem ekki náðist samkomulag um hvaða málum þyrfti að ljúka fyrir fundinn. Þess í stað var ákveðið að halda mun smærri fund, með sama sniði, þann 23. maí 2016. Stjórn BSRB og nokkrir af sérfræðingum bandalagsins voru fulltrúar BSRB á fundinum. Dr. Steinar Holden, prófessor við Oslóarháskóla, kom með innlegg á fundinum og vann í kjölfarið skýrslu með niðurstöðum sínum um íslenska kjarasamningslíkanið.

Í skýrslu Holden voru settar fram ýmsar hugmyndir um hvernig bæta má vinnubrögð við gerð kjarasamninga. Markmiðið með skýrslunni var að hvetja til umræðna, til dæmis með því að kynna þau lykilateiri sem gott samningalíkan þarf að uppfylla. Þá var farið yfir reynslu og lausnir frá hinum Norðurlöndunum og bent á þau úrlausnarefni sem Íslendingar standa frammi fyrir í tengslum við upptöku nýs samningalíkans.

Í skýrslunni segir Holden gagnlegt að taka upp nýtt samningalíkan hér á landi til að tryggja sjálfbæra launaþróun. Tillögur hans byggja á fyrirkomulagi samningamála á Norðurlöndunum. Fyrirkomulagið er nokkuð ólíkt milli landa en tillögur hans byggja einkum á norska kerfinu. Þá hafði hann til hliðsjónar ábendingar frá fundarmönnum á fundinum í maí.

Salek hópurinn leit á tillögur Holden sem hlaðborð hugmynda um hvernig betrubæta megi kjarasamningsgerðina. Hópurinn áformaði að kynna þessar hugmyndir meðal aðila vinnumarkaðarins og taka þær til umræðu og frekari úrvinnslu.

Stuttu eftir að skýrsla Holden var kynnt var ákveðið að setja frekari vinnu Salek hópsins á ís og hætta í bili umræðu um nýtt kjarasamningslíkan. Fyrir því eru ýmsar ástæður. Hvað BSRB varðar er það einkum svik stjórnvalda í lífeyrismálinu sem ollu því að ekki reyndist traust á milli aðila til að fara í þessar breytingar. Þá höfðu ítrekaðir úrskurðir kjararáðs um launahækkanir kjörinna fulltrúa og æðstu embættismanna útilokað áframhaldandi vinnu við Salek. Hækkanirnar voru langt umfram það sem ríkið samþykkti í sameiginlegri launastefnu sem kveðið er á um í rannsamkomulagi aðila vinnumarkaðarins frá 27. október 2015. Þrátt fyrir það brugðust stjórnvöld og Alþingi ekki við með því að beita sér fyrir því að kjararáð endurskoðaði þessar ákvarðanir.

Staðan er því sú að engin vinna tengd Salek hefur verið í gangi frá árinu 2017 og ekki fyrrséð að sú vinna verði tekin upp á næstunni.

## Stytting vinnuvikunnar

Eitt af stærstu baráttumálum BSRB er að gera íslenskt samfélag fjölskylduvænna. Hluti af því viðamikla verkefni er að stytta vinnuvikuna, án þess að laun skerðist á móti. Íslendingar vinna mun lengri vinnudag en þær þjóðir sem við viljum bera okkur saman við og geta því ekki notið samveru með fjölskyldu og vinum eins mikið og til dæmis aðrar Norðurlandþjóðir.

Stefna BSRB er að stytta vinnuvikuna úr 40 stundum í 36. Rannsóknir sýna að styttri vinnuvika leiðir til aukinnar ánægju í starfi og aukinna afkasta. Þá mun heilsa og vellíðan landsmanna batna með styttri vinnudegi og jafnrétti kynjanna aukast.

Til að vinna að framgöngu þessa baráttumáls hefur bandalagið meðal annars beitt sér fyrir því að stofnað verði til tilraunaverkefna svo hægt sé að meta árangurinn af slíkri styttingu hér á landi. Tilraunaverkefni BSRB og Reykjavíkurborgar hefur staðið frá árinu 2015 en tilraunaverkefni BSRB og ríkisins hófst í byrjun apríl 2017.

Í síðustu kjarakönnun sem BSRB gerði kom skýrt fram að talsverður fjöldi vill vinna minna en hann gerir í dag. Jafnframt að vinnan hefði neikvæð áhrif á samverustundir með fjölskyldu, fólk upplifði meiri þreytu í störfum sínum og talsvert meira álag. Áhrifin séu þau að veikindadagar

verða fleiri, langvarandi fjarvistir frá vinnu vegna álagstengdra veikinda hafa aukist og of margir sjá sér ekki fært að snúa aftur til vinnu.

Í því ljósi er afar mikilvægt að leita leiða til að stytta vinnudaginn til að auka lífsgæði launafólks. Stytting vinnuvikunnar hefur verið ein helsta krafa BSRB allt frá árinu 2004. Líkt og aðrar kröfur kemur hún beint frá grasrótinni og færast sífellt ofar á forgangslista yfir kjarabætur félagsmanna.

## Tilraunaverkefni BSRB og Reykjavíkurborgar

Undirbúningur fyrir fyrsta tilraunaverkefnið sem sett var á fót hér á landi fór af stað árið 2015 hjá Reykjavíkurborg. Fyrsta árið náði tilraunaverkefnið til tveggja starfsstöðva borgarinnar og var útfærslan örlítið mismunandi milli þessara tveggja staða. Þannig lokaði Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts klukkustund fyrr á daginn á meðan Barnavernd Reykjavíkur lokaði á hádegi á föstudögum.

Niðurstöður eftir fyrsta árið benda til þess að árangurinn af verkefninu sé afar jákvæður. Mælingar sýna marktækt betri líðan, aukna starfsánægju og minni veikindi. Á móti má ekki merkja að breyting sé á afköstum starfsmanna þó yfirvinna hjá Barnavernd hafi aukist vegna bakvakta á föstudögum. Lesa má nánar um niðurstöðurnar í skýrslu um verkefnið sem gefin var út eftir fyrsta árið.

Í ljósi þess hve vel tókst til lagði stýrihópurinn til að verkefninu yrði haldið áfram á vinnustöðunum tveimur þar sem mikilvægt sé að mæla áhrifin til lengri tíma en eins árs. Jafnframt lagði stýrihópurinn til að fleiri vinnustöðum yrði bætt við í tilraunaverkefnið. Þá lagði hópurinn til að farið verði í samstarf við háskólasamfélagið um frekari rannsóknir á áhrifum á heimilishald og fjölskylduáðstæður.

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti í kjölfarið að framlengja tilraunaverkefnið um eitt ár ásamt því að bæta við fleiri vinnustöðum. Fyrst bættust hverfa- og verkþækistöðvar umhverfis- og skipulagssviðs við. Í kjölfarið fylgdu Laugardalslaug, leikskólinn Hof og félagsleg heimaþjónusta og heimahjúkrun í efri byggð fyrir Breiðholt, Árbæ, Grafarvog og Grafarholt sem stýrt er frá þjónustumiðstöðinni í Árbæ. Á öðru árinu náði því tilraunaverkefni BSRB og Reykjavíkurborgar til sex vinnustaða með alls ellefu starfsstöðvar og um 300 starfsmanna.

Í nóvember 2017 samþykkti borgarráð að framlengja verkefnið og víkka það út með því að gefa öllum starfsstöðvum borgarinnar tækifæri til að sækja um að taka þátt í tilraunaverkefninu. Annar fasi verkefnisins hófst í febrúar 2018. Mikill fjöldi vinnustaða borgarinnar sótti um að taka þátt. Sett voru skilyrði um að styttingin yrði útfærð á hverjum vinnustað. Í kjölfarið var samþykkt að stytta vinnuvikuna hjá um 2.200 starfsmönnum, um fjórðungi af þeim 8.500 sem vinna hjá borginni.

Á málþingi sem haldið var 7. febrúar 2018 kynnti formaður stýrihóps um styttingu vinnuvikunnar helstu niðurstöður úr fyrsta fasa tilraunaverkefnisins. Þar kom fram að starfsánægja hafi aukist og skammtímaveikindi dregist saman, þó auðvitað hafi verið sveiflur þar, eins og við mátti búast. Þá kom fram að framleiðni hafi haldist óbreytt þrátt fyrir styttri vinnutíma

Lokaskýrsla fyrsta fasa tilraunaverkefnisins kom svo út í apríl 2018. Þar kemur fram að árangurinn af tilraunaverkefninu sé almennt jákvæður. Niðurstöður viðhorfskönnunar meðal starfsmanna bendi til jákvæðra áhrifa þó þau birtist með ólíkum hætti eftir starfsstöðvum. Mælingar sýna að dregið hefur úr andlegum og líkamlegum einkennum álags auk þess sem starfsánægja jókst á öllum starfsstöðum utan við einn. Áhrif styttingarinnar voru jákvæðari en væntingar stóðu til í upphafi verkefnisins.

Niðurstöður úttektar á tilraunaverkefninu sýna einnig að ekki dró úr hreyfingum í málaskrárm hjá vinnustöðum. Afköstin héldust því óbreytt þó vinnutíminn styttist. Verulega dró úr skammtímaveikindum á öllum vinnustöðunum í upphafi en á tveimur þeirra jukust þær aftur síðar á tímabilinu.

## Tilraunaverkefni BSRB og ríkisins

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, afhenti Elínu Björgu Jónsdóttur, formanni BSRB, viljayfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um tilraunaverkefni um styttingu vinnutíma á síðasta þingi bandalagsins, haustið 2015. Félags- og húsnæðismálaráðherra skipaði starfshóp um tilraunaverkefni um styttingu vinnutíma til að halda utan um tilraunaverkefnið í lok apríl 2016.

Markmið verkefnisins er að kanna áhrif þess að stytta vinnuvikuna úr 40 stundum í 36 með gagnkvæmum ávinningi fyrir starfsmenn og þeirra stofnana sem verða fyrir valinu til að taka þátt í verkefninu. Sérstaklega á að skoða hvernig útfæra má styttinguna hjá ólíkum tegundum stofnana, þar með talið á stofnunum þar sem unnin er vaktavinna.

Fjórir vinnustaðir voru valdir til að taka þátt í tilraunaverkefninu í mars 2017. Mikill áhugi var á að taka þátt í verkefninu en niðurstaðan varð sú að þeir vinnustaðir sem hófu tilraunina þann 1. apríl 2017 voru Lögreglustjórinn á Vestfjörðum, Ríkisskattstjóri, Útlendingastofnun og Þjóðskrá.

Tilraunaverkefnið á að standa í eitt ár, frá 1. apríl 2017. Vinnustundum starfsmanna var fækkað úr 40 á viku niður í 36 stundir án þess að til launaskerðingar kæmi. Rannsakað er hver áhrif styttingar vinnutímans eru á gæði og hagkvæmni þjónustu sem vinnustaðirnir veita, auk áhrifa á vellíðan starfsmanna og starfsanda. Sambærilegar mælingar voru gerðar á vinnustöðum þar sem vinnuvikan var höfð óbreytt til að fá samanburð.

Af þeim fjórum stofnunum sem hófu þátttöku í verkefninu í apríl 2017 er einn vaktavinnustaður. Í framhaldinu var ákveðið að vinna á því að bæta öðrum vaktavinnustað inn í verkefnið til að niðurstöður þess endurspegli fjölbreytni starfa hjá ríkinu.

Fjallað var um fyrstu niðurstöður úr tilraunaverkefninu í grein félags- og jafnréttismálaráðherra í Fréttablaðinu í febrúar 2018. Þar kom fram að niðurstöður tveggja kannanna og rýnihópa bendi til þess að tilraunaverkefnið sé að skila mælanlegum árangri. Starfsánægja hefur aukist, líðan á vinnustað batnað, lífsgæði aukist og auðveldara er fyrir starfsfólkið að samræma vinnu og einkalíf.

Ákveðið var í mars 2018 að framlengja verkefnið í eitt ár hjá þeim stöðum sem þegar höfðu verið valdir. Í kjölfarið var auglýst eftir vaktavinnustað til að bæta inn í verkefnið. Í byrjun júlí var tilkynnt að fimmta vinnustaðnum, Lyflækningadeild Heilbrigðisstofnunar Vesturlands á Akranesi, hafi verið bætt í tilraunaverkefni BSRB og ríkisins. Ástæðan fyrir því að bætt var við vinnustað var einkum til að fá betri mælingu á áhrifum styttingar vinnuvikuna á vaktavinnuhópa.

Fyrir var einn vaktavinnustaður, Lögreglustjórinn á Vestfjörðum, en þar sem mikill fjöldi opinberra starfsmanna vinnur vaktavinnu innan heilbrigðisþjónustunnar var talið mikilvægt fyrir tilraunaverkefnið að fá góða mælingu á áhrifum styttingar vinnuvikunnar á þann hóp.

## Velferðarmál

BSRB hefur frá upphafi beitt sér fyrir aukinni áherslu á velferðarmál, bættu almannþjónustu, heilbrigðisþjónustu, almannatryggingar og fleira. Frá 44. þingi BSRB hefur nefnd um velferðarmál fjallað um þennan málaflokk. Hlutverk nefndarinnar var að fylgja eftir stefnu BSRB í velferðarmálum, almannþjónustu, heilbrigðismálum, almannatryggingum og húsnæðismálum sem var samþykkt á þinginu.

Helstu verkefni nefndarinnar voru að útfæra nefnda þætti stefnu BSRB í starfsemi bandalagsins, fylgjast með umræðu og þróun ofantalinna málaflokka og fá fræðslu um málefni frá sérfræðingum á sviðinu og koma þekkingunni á framfæri innan bandalagsins

Nefndin hefur á starfstímabilinu fengið til sín fjölda góðra gesta og komið viðeigandi upplýsingum á framfæri á vef BSRB. Fjallað hefur verið um endurskoðun almannatrygginga, hugmyndir um gjaldfrjálst heilbrigðiskerfi, undirbúningi breytinga á húsnæðismálum,

rannsóknir prófessor Rúnars Vilhjálmssonar um afstöðu til ólíkra rekstrarforma í heilbrigðis-kerfinu, lyfjamisnotkun, VIRK, verkefnið Spítalinn okkar og greiðsluþátttöku vegna lyfjakaupa en fengnir voru sérfræðingar á sérhverju sviði til að halda erindi fyrir nefndina.

Dæmi um aðra gesti sem nefndin fékk til sín eru Guðrún I. Gylfadóttir, formaður Lyfjagreiðslunefndar, sem fjallaði um greiðsluþátttöku vegna lyfjakaupa og Birgir Jakobsson, þáverandi landlæknir, sem sagði frá sinni sýn á stöðu og framtíð heilbrigðiskerfisins. Jafnframt komu Hermann Jónasson, forstjóri Íbúðalánasjóðs, Hrafnhildur Sif Hrafnadóttir markaðstjóri sjóðsins og Una Jónsdóttir hagfræðingur sjóðsins. Þau fjölluðu um um breytt hlutverk Íbúðalánasjóðs, greiningu á húsnæðisþörfinni og um almennar íbúðir og stofnframlögin. Loks fjallaði Henný Hinz hagfræðingur ASÍ um greiðsluþátttöku sjúklinga í heilbrigðiskerfinu.



Mynd 23 - Kröfugangan í Reykjavík 1. maí 2016 gekk fylktu liði frá Hlemmi niður á Ingólfstorg.

## Viðburðir, opnir fundir og málþing

BSRB stendur reglulega fyrir opnum fundum, málþingum og annars konar samkomum þar sem er fjallað um málefni sem snerta hagsmuni launafólks í víðtækum skilningi. Þeir fundir sem bandalagið hefur haldið eitt og sér eða í samstarfi við aðra frá 44. þingi bandalagsins eru eftirfarandi.

### Baráttudagur verkalýðsins 1. maí

#### 1. maí 2016

Mikið var um að vera á baráttudegi verkalýðsins þann 1. maí 2016. BSRB tók þátt í kröfugöngu í Reykjavík ásamt aðildarfélögum og bauð að fundarhöldum loknum til baráttukaffis í félagamiðstöðinni við Grettisgötu eins og hefðbundið er orðið.

Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, tók þátt í kröfugöngu í Hafnarfirði, og hélt ræðu á baráttufundi að göngu lokinni. Þar fjallaði hún meðal annars um stöðu heilbrigðismála, skattaskjól, arð af auðlindum landsins og fjölskylduvænt samfélag.

Kristín Á. Guðmundsdóttir, stjórnarmaður í BSRB og formaður Sjúkraliðafélags Íslands, ávarpaði baráttufund á Ingólfstorgi. Þá hélt Garðar Hilmarsson, 2. varaformaður BSRB og formaður Starfsmannafélags Reykjavíkur, ávarp á baráttufundi í Búðardal.

## Ræða formanns BSRB í Hafnarfirði 1. maí 2016

Kæru félagar, til hamingju með daginn!

Það er mér mikill heiður að fá að vera hér með ykkur hér í Hafnarfirði í dag á baráttudegi verkalýðsins.

Fyrsta kröfugangan og útifundurinn í tilefni af 1. maí sem haldin var hér í Hafnarfirði, var á lýðveldisárinu 1944. Bjartsýni og kraftur var yfir um allt, dagur íslenskrar alþýðu var háður á dögum nýrrar aldar. Öld verkamannsins var að renna upp!

Íslendingar voru þá við það að endurheimta frelsi sitt að fullu og alþýða þess tíma var ákveðin í að láta það ekki verða frelsi fámennrar auðstéttar til að græða á striti almúgans, heldur frelsi starfandi þjóðar til að byggja upp nýtt og betra Ísland.

Sagan sýnir að samstaða launafólks og kröfur þeirra hafa skilað samfélaginu félagslegu réttlæti og jöfnuði. Ábyrgðin er okkar – að halda fram á veginn. Breiðfylkingin sem sameinast um kröfur og lætur ekki deigan síga – fyrr en takmarkinu er náð. Það er ekki síst mikilvægt að hafa það í huga í ljósi þeirra áskorana sem íslenskt samfélag stendur frammi fyrir.

### Skattaleynd og undanskot óásættanleg

Við höfum að undanfögnu fengið upplýsingar um að fólk, sem hefur viljað láta til sín taka í íslensku samfélagi, eigi miklar eignir í skattaskjólum – þar sem megintilgangurinn er að fela eignarhald og komast undan því að greiða skatta til samfélagsins.

Við sættum okkur ekki við að þeir sem mest hafa geti ráðið því sjálfir hvort þeir ætla að greiða skatta til velferðarsamfélagsins, með okkur hinum, eða fela fjármuni sína í skattaskjólum á sólríkum Suðurhafseyjum. Við sýndum það svo sannarlega í verki – 22.000 manns mættu til mótmæla á Austurvelli. Krafan um breytingar gekk eftir, að einhverju leyti, þökk sé samstöðunni. En betur má ef duga skal.

Fréttir af skattaleynd og undanskotum eru ekki til þess fallnar að auka traust okkar á ráðmönnum. Afleiðingar efnahagshrunsins eru okkur enn í fersku minni og hörð verkfallsátök eru að verða veruleikinn sem við búum við.

### Bætt vinnubrögð við gerð kjarasamninga

Síðustu tvö ár hefur verið unnið að því markvisst að bæta umgjörð við gerð kjarasamninga. Það var að frumkvæði BSRB sem sú vinna fór af stað og samhliða gerð nýrra samninga síðastliðið haust var undirritað samkomulag um að vinna að því að koma á nýjum og bættum vinnubrögðum með það að markmiði að auka hér kaupmátt og koma á efnahagslegum og félagslegum stöðugleika. Þetta samkomulag hefur í daglegu tali verið kallað Salek-samkomulagið.

Þó tekist hafi að gera nýja kjarasamninga til lengri tíma á síðasta ári og unnið sé að nýju vinnumarkaðsmódeli, eru fjölmörg önnur krefjandi verkefni sem bíða okkar. Þar á meðal er vinna við samræmingu lífeyrisréttinda milli opinbera og almenna vinnumarkaðarins ásamt því að samræma laun milli þessara markaða.

Það er skýr krafa að uppsveiflan skili sér í aukinni velferð fyrir alla. Velferðarkerfi þar sem öllum er tryggður aðgangur að framúrskarandi þjónustu án tillits til greiðslugetu. Markmiðið er að allir eigi þess kost að hafa öruggt og gott húsnæði, og geti lifað af launum sínum. Að elli- og örorkulífeyrir fylgi launahækkunum og verulegur aukinn stuðningur verði við barnafjölskyldur. Samanborið við önnur Norðurlönd eru framlög Íslands til velferðarmála minnst. Hagtölur þessara landa sýna svart á hvítu að þótt útgjöld til velferðarmála séu þar há, skila þeir fjármunir sér margfalt til baka.



Við þurfum að komast enn nær þeim lífsgæðum, og við getum vel komist þangað. En til þess þarf að breyta áherslunum. Þannig tekst okkur að byggja réttlátara samfélag, jafnari og farsælli framtíð sem byggir á samfélagslegri ábyrgð, öllum til hagsbóta.

Til þess að það markmið náist er ein meginkrafa okkar að skattkerfið sé nýtt sem jöfnunartæki. Arður auðlindanna á að nýtast þjóðinni allri, til að styrkja innviðina. Reka á skattkerfið, og um leið velferðarkerfið, með því hugarfari að fólk greiði inn eftir eignum en taki út eftir þörfum.

En það þarf meira til. Við verðum að gera kröfu um að fyrirtæki og félög sem hafa svigrúm til að hækka verulega arðgreiðslur skili einnig sköttum til samfélagsins í takt við stærð sína. Það er grundvallarkrafa að þeir efnameiri leggi meira til samfélagsins og sýni samfélagslega ábyrgð.

### **Alvarlegt ástand í heilbrigðismálum**

Á sama tíma og skattur á þá efnameiri var lækkaður verulega hefur greiðslupátttaka í heilbrigðiskerfinu aukist og ástandið í heilbrigðismálum er almennt grafalvarlegt. Umgjörð kerfisins hefur ekki tekið breytingum í áratugi og heilsugæslan er afar veikburða enda búið við langvarandi fjársvelli, svo ekki sé talað um Landspítalann – þjóðarsjúkrahúsið okkar.

Ný rannsókn prófessors Rúnars Vilhjálmssonar á heilsu og lífsháttum Íslendinga gefur sterkar vísbendingar um að gjaldtakan í heilbrigðiskerfinu hefti aðgengi tiltekinna hópa að þjónustunni. Niðurstöður hans sýna að of stór hópur Íslendinga frestar því að leita sér læknilaust, jafnvel þótt hann telji sig þurfa á slíkri þjónustu að halda. Stöðugt fleiri nefna kostnað sem ástæðu þess að þeir leita ekki til læknis. Við slíkt ástand verður ekki unað.

Sem svar við þessu hafa stjórnvöld boðað tvennar breytingar varðandi heilbrigðismál, annars vegar þak á greiðslur sem felur í sér aukna gjaldtöku af stórum hluta þjóðarinnar, og hins vegar opnun þriggja nýrra einkarekinna heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu.

En ég hef ekki orðið vör við að fólk í landinu sé að biðja um aukna einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu, og því síður að það óski eftir að greiða meira fyrir lækniþjónustuna.

Þvert á móti kom fram í rannsókn Rúnars að rúmlega 80% svarenda töldu að hið opinbera eigi fyrst og fremst að sjá um rekstur helstu þátta heilbrigðisþjónustunnar en aðeins 1% taldi að einkaaðilar ættu þar að vera umsvifamestir.

Alþjóðlegar samanburðarrannsóknir sýna að félagsleg heilbrigðiskerfi eru skilvirkari en önnur heilbrigðiskerfi. Þau skila, með öðrum orðum, almenningi betri lýðheilsu fyrir lægri heildarkostnað.

Þessar niðurstöður segja okkur að stjórnvöld eru á rangri braut. Gjaldfrjáls aðgangur allra að grunnþjónustunni verður að vera tryggður og það er eitt mikilvægasta verkefni framtíðarinnar að sjá til þess að svo verði.

### **Áherslan á fjölskylduvænt samfélag**

BSRB hefur í öllum störfum sínum lagt áherslu á að komið verði á fjölskylduvænna samfélagi. Krafan felur í sér bætt fæðingarorlofskerfi og samfellu í dagvistun barna að loknu fæðingarorlofi, styttingu vinnuvikunnar og aukinn sveigjanleika á vinnumarkaði miðað við þarfir einstaklinganna og síðast en ekki síst, er krafan að fjölskyldur búi við öryggi í húsnæðismálum.

Fjölmargar rannsóknir sýna að íslenskir foreldrar eru að sligast undan álaginu af samþættingu fjölskyldu- og atvinnulífs og því er þörf á breytingum.

Krafa BSRB um styttingu vinnuvikunnar er mikilvægur liður í því að búa til fjölskylduvænna samfélag, sem grundvallast á samþættingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Stytttri vinnuvika án launaskerðingar leiðir til meiri starfsánægju og aukinna afkasta, bættrar heilsu, meiri vellíðunar og stuðlar að auknu jafnrétti kynjanna á heimilum.

Mikilvægur áfangi náðist á síðasta ári þegar fjármálaráðherra og félagsmálaráðherra undirrituðu yfirlýsingu þess efnis að farið yrði af stað með tilraunaverkefni til þess að stytta

vinnutíma starfsfólks hjá ríkinu. BSRB tekur þegar þátt í vinnu starfshóps sem hefur útfært slíkt verkefni innan Reykjavíkurborgar.

Stytting vinnuvikunnar virðist samkvæmt rannsóknum vera fjarlægur draumur flestra foreldra sem keppast við að samþætta fjölskyldu- og atvinnulíf. Draumurinn færist hins vegar nær okkur með tilraunaverkefnum sem þessum.

Íslenskir foreldrar hafa mun lakari réttindi í fæðingarorlofi en foreldrar á Norðurlöndunum hvort sem rætt er um upphæð greiðslna eða lengd orlofsins.

Fyrirkomulag kerfisins hefur ekki tekið breytingum frá því það var fyrst sett á, fyrir utan ítrekaða lækkun á hámarksgreiðslum. Það hefur haft þau alvarlegu áhrif að þátttaka feðra í fæðingarorlofi hefur minnkað verulega, og gengur það þvert gegn markmiðum laganna. Tillögur okkar eru að fæðingarorlofið verði lengt úr níu mánuðum í tólf, að hámarksgreiðslur verði hækkaðar, og að þær verði óskertar upp að 300.000 þúsund krónum.

Eigi íslenskt samfélag að færast nær þeim norrænu velferðarsamfélögum sem við viljum bera okkur saman við, verðum við einnig að huga að því að móta heildstæða stefnu um dagvistun sem tekur við af fæðingarorlofi loknu, og að sú þjónusta sé á vegum hins opinbera.

Krafan byggir ekki eingöngu á réttindum barna til dagvistunarúrræða heldur einnig möguleikum foreldra til atvinnuþátttöku og jafnréttis á vinnumarkaði. Það er því nauðsynlegt að taka til skoðunar samspil atvinnulífs og mismunandi þarfir fjölskyldna með því að innleiða meiri sveigjanleika í starfi.

### **Kallað eftir húsnæðisöryggi**

Að lokum vil ég áréttu kröfuna um að fjölskyldur búi við öryggi í húsnæðismálum. BSRB og ASÍ hafa hvatt stjórnvöld til að taka á brýnum vanda á leigumarkaði, vanda sem snertir einkum tekjulágar fjölskyldur. Það hefur verið grundvallaratriði í okkar huga að leigumarkaður verði raunverulegur valkostur heimilanna þannig að leiguverð sé hóflegt og búsetuöryggi sé tryggt – þá sérstaklega fyrir barnafjölskyldur.

ASÍ hefur nú tilkynnt áform um að koma á fót almennu leigufélagi, og BSRB er að skoða alvarlega að taka þátt í því verkefni. Leigufélagið yrði rekið án hagnaðarsjónarmiða til að tryggja þeim tekjulægri leiguhúsnæði á viðráðanlegu verði. Forsenda þess að hægt verði að koma á fót slíku leigufélagi er að húsnæðisfrumvörp félags- og húsnæðismálaráðherra verði að lögum.

Látum baráttuanda og árangur forfeðra og formæðra okkar sem söfnuðust hér saman í fyrsta sinn fyrir 72 árum, blása okkur kraft og von í brjóst. Öld verkafólksins – almennings – er ekki lokið. Við, rétt eins og þau, viljum skila komandi kynslóðum betra búi en við tókum við. Við viljum lifa í vissu um að við og okkar nánustu, búi í samfélagi þar sem allir búa við jöfn lífsskilyrði.

Það er okkar að fylkja liði og knýja fram breytingar. Breytingar sem skila okkur bættu samfélagi. Samfélagi sem byggir á jöfnuði. Samfélagi réttlætis.

Kæru félagar, til hamingju með daginn.

### **1. maí 2017**

BSRB tók þátt í kröfugöngu og baráttufundi þann 1. maí 2017 ásamt aðildarfélögum bandalagsins sem eru með starfsemi í Reykjavík. Að lokinni göngu og fundi bauð BSRB til baráttukaffis í félagamiðstöðinni við Grettisgötu. Fjölmargir mættu til að taka þátt og njóta veitinga og ræða málefni vinnandi fólks.

Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, fjallaði um meðal annars um jöfnuðinn og aukna mismunun í samfélaginu í pistli sem birtur var á vef bandalagsins að morgni 1. maí. Hún sagði þar jöfnuð eina helstu forsendu stöðugleika, því meiri sem misskiptingin verði því harðari verði þau átök sem einkennt hafi samfélagið undanfarið.

Elín Björg fjallaði einnig um slæma stöðu á húsnæðismarkaði og hvernig verkalýðshreyfingin sé að bregðast við því með stofnun Bjargs íbúðafélags. Þá varaði hún við einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu, fjallaði um fjölskylduvænna samfélag og tilraunaverkefni um styttingu vinnuvikunnar.

Garðar Hilmarsson, formaður Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og 2. varaformaður BSRB, hélt ræðu á Ingólfstorgi í Reykjavík að lokinni kröfugöngu niður Laugavegin. Hann brýndi þar verkalýðshreyfinguna til að standa saman enda hagsmunir launafólks í grunninn þeir sömu.

Arna Jakóbína Björnsdóttir, formaður Kjalar – stéttarfélags í almannapágu, ávarpaði baráttufund í Borgarnesi. Rauði þráðurinn í ávarpinu var það ranglæti sem fólgir er í launamuni kynjanna. Hún sagði þörf á viðhorfsbreytingu og kallaði eftir samvinnu stjórnvalda og stéttarfélaganna til að vinna bug á þessari meinsemd í íslensku samfélagi.

Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, ávarpaði baráttufund á Selfossi. Hún fjallaði meðal annars um mikilvægi jafnaðarhugsjónarinnar og benti á að ekki hafi allir sömu tækifæri í lífinu. Kristín gagnrýndi harðlega einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu og sagði að grafið hafi verið undan heilbrigðiskerfinu, og velferðarþjónustunni í heild sinni.

Karl Rúnar Þórsson, formaður Starfsmannafélags Hafnarfjarðar, flutti ávarp á baráttufundi verkalýðsfélaganna í Hafnarfirði. Hann sagði mikilvægt að búa í samfélagi réttlætis þar sem norræn grunngildi á borð við menntun, velferð og öryggi óháð efnahag séu í hávegum höfð. Hann sagði alla vilja búa í samfélagi þar sem konur séu hvattar til að fara út á vinnumarkaðinn, karlar séu hvattir til að taka fæðingarorlof og greidd séu sömu laun, óháð kynferði.



Mynd 24 - Garðar Hilmarsson, 2. varaformaður BSRB, flutti ræðu á Ingólfstorgi á 1. maí 2017.

## Pistill formanns BSRB 1. maí 2017

Kæru félagar

Til hamingju með daginn!

Íslendingar hrósuðu sér lengi af því að stéttskiptingin í samfélaginu væri lítil sem engin. Hafi það einhverntíman verið satt, sem sannarlega eru veruleg áhöld um, er það augljóslega ekki staðan í dag. Þvert á móti hefur misskiptingin í samfélaginu aukist jafnt og þétt á undanföllum árum.

Þeir sem tala hvað hæst fyrir mikilvægi efnahagslegs stöðugleika, en átta sig ekki á mikilvægi þess að koma á félagslegum stöðugleika, ættu að líta til þessa. Jöfnuður í samfélaginu er ein helsta forsenda stöðugleika. Á meðan sumir eiga varla til hnífs og skeiðar og horfa á aðra greiða sjálfum sér margföld árslaun venjulegs launafólks í bónusa eða arð verður engin sátt og enginn stöðugleiki. Eftir því sem misskiptingin í samfélaginu verður meiri munu þau átök sem einkennt hafa samfélag okkar undanfarið harðna.

Ef stjórnámálamönnum og öðrum sem tala um stöðugleika er einhver alvara verður að byrja á því að tryggja launafólki og almenningi öllum mannsæmandi líf skjör og draga úr misskiptingunni frekar en að halda áfram að auka ójöfnuð.

Markmið okkar allra á að vera að auka lífsgæði í landinu og koma á velferðarkerfi að norrænni fyrirmynd sem við getum öll verið stolt af.

### **Húsnæðismálin brenna á**

Undanfarið hefur verið mikið fjallað um erfiða stöðu á húsnæðismarkaði. Húsnæðisverð og leiguverð hafa hækkað gríðarlega, meðal annars vegna uppkaupa fjársterkra húsnæðisfélaga og útleigu á íbúðum til ferðamanna.

Það eru grundvallarhagsmunir almennings að hafa örugga búsetu. Þar hefur verkalýðshreyfingin þurft að grípa til beinna aðgerða. BSRB og ASÍ hafa tekið höndum saman um stofnun Bjargs íbúðafélags. Félagið mun byggja að lágmarki 1.150 íbúðir á næstu fjórum árum og leigja þær tekjuminni félagsmönnum. En það þarf meira til. Stjórnvöld og sveitarfélögin þurfa að taka höndum saman strax um að leysa vandann svo allir geti keypt eða leigt húsnæði á eðlilegum kjörum.

### **Stytting vinnuvikunnar lofar góðu**

BSRB hefur á undanförunum árum lagt þunga áherslu á að gera íslenskt samfélag fjölskylduvænna. Það er alltaf að koma betur og betur í ljós hversu mikilvægt það er að byggja upp samfélag sem gerir fólki kleift að samræma fjölskyldulíf og atvinnu í anda norræna velferðarsamfélagsins.

BSRB tekur þátt í tveimur tilraunaverkefnum um styttingu vinnuvikunnar án launalækkunar. Það hefur lengi verið stefna bandalagsins að stytta vinnuvikuna úr 40 stundum í 36 og tilraunaverkefnið eru mikilvægt skref í þá átt.

Tilraunaverkefni BSRB og Reykjavíkurborgar hefur nú verið í gangi í tvö ár. Í vor fór svo í gang tilraunaverkefni á stofnunum ríkisins sem afar spennandi verður að fylgjast með. Fyrstu niðurstöður úr verkefni Reykjavíkurborgar lofa góðu. Mælingar sýna marktækt betri líðan starfsmanna, aukna starfsánægju og minni veikindi. Á móti má ekki merkja að breyting sé á afköstum starfsmanna.

Ef ætlunin er að byggja upp norrænt velferðarsamfélag sem stendur undir nafni er einnig nauðsynlegt að skoða samspil atvinnulífs, skóla og heimila. Markmiðið verður að vera að draga úr árekstrum og álagi á fjölskyldufólk. Auka þarf sveigjanleika í starfi svo starfsmenn geti sinnt börnum í skóla og öðrum aðstæðum sem geta komið upp í einkalífinu.

Fæðingarorlofið er mikilvægur þáttur í velferðarsamfélaginu. Íslenska fæðingarorlofskerfið hefur farið frá því að vera fyrirmynd annarra þjóða í að standa varla undir nafni. Ljóst er að gera þarf miklar úrbætur á kerfinu svo það skili markmiðum sínum um samvistir barns við báða foreldra og jafnrétti á vinnumarkaði.

### **Átök um rekstrarform í heilbrigðiskerfinu**

En átakalínurnar í samfélaginu eru víðar. Um þessar mundir eiga sér stað harðvítug átök um framtíð íslenska heilbrigðiskerfisins, sem hefur verið látið drabbast niður á undanförunum árum og áratugum.

Það er þekkt aðferð þeirra sem vilja koma starfsemi sem best ætti heima hjá hinu opinbera í hendur einkaaðila að fjársvelta opinberan rekstur í þeim tilgangi að veikja hann. Þegar óánægjan er orðin hávær er svo gripið til töframeðalsins, einkavæðingarinnar. Þetta sjáum við í allri umræðu um heilbrigðiskerfið í dag. Þar vilja sumir meina að eina leiðin til að bæta kerfið sé að auka enn við einkarekstur í því. Miklu skiptir að almenningur standi vörð um heilbrigðiskerfið og mótmæli slíkum áformum. Þar, eins og annarsstaðar, er verkalýðshreyfingin málsvari launafólks.

Rannsóknir Rúnars Vilhjálmssonar prófessors sýna að rúmlega fjórir af hverjum fimm landsmönnum vilja að heilbrigðiskerfið sé rekið fyrst og fremst af hinu opinbera. Eins og landlæknir benti á nýlega eiga stjórnvöld afar erfitt með að stýra því fjármagni sem fer í einkarekinn hluta heilbrigðiskerfisins. Það þýðir að ef skera þarf niður í kerfinu er auðveldast að skera niður grunnþjónustu á borð við þá sem er veitt á Landspítalanum. Enda hefur það verið gert miskunnarlaust síðustu ár. Þessari þróun verðum við að snúa við.

### **Víðtækt hlutverk verkalyðshreyfingarinnar**

Þær raddir heyrast stundum að verkalyðshreyfingin sé að verða úrelt fyrirbæri. Að við séum búin að tryggja þau réttindi sem þurfi að tryggja og nú væri best að láta einstaklingunum eftir að semja sjálfum um kaup og kjör við sína vinnuveitendur. Það er gríðarlegt vanmat á verkefnum hreyfingarinnar.

Þó enginn skyldi vanmeta mikilvægi þess að tryggja lágmarksréttindi launafólks er hlutverk verkalyðshreyfingarinnar miklu víðtækara. Það er enginn annar að taka upp hanskann fyrir launafólk, almenning í landinu. Það er hins vegar enginn skortur á þeim sem myndu gjarnan vilja geta farið sínu fram án þess að launafólk hafi málsvara sem berst fyrir réttindum þess.

Þó mikið hafi áunnist frá því í árdaga verkalyðshreyfingarinnar hafa grundvallarþarfirnar ekki breyst. Öll þurfum við að hafa í okkur og á. Öll þurfum við að hafa einhverstaðar höfði að halla. Öll þurfum við að búa við öryggi. Það eru grundvallarþarfirnar.

Við þurfum líka að búa í samfélagi sem við erum sátt við. Samfélagi þar sem félagslegt réttlæti ríkir, þar sem allir búa við mannsæmandi lífskjör. Til að svo megi verða þurfum við að vinna gegn sívaxandi misskiptingu í samfélaginu. Við þurfum að halda áfram baráttunni fyrir því að auka jöfnuð.

### **1. maí 2018**

BSRB tók þátt í kröfugöngu og baráttu- og samstöðufundi þann 1. maí 2018 í Reykjavík ásamt aðildarfélögum bandalagsins sem eru með starfsemi í borginni. Eftir fundinn var boðið til baráttukaffis í félagamiðstöðinni við Grettisgötu. Afar góð mæting var, bæði á fundinum og í kaffinu eftir fundinn.

Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, flutti ávarp á fundi stéttarfélaganna á Suðurnesjum í Stapanum. Þar fjallaði hún meðal annars um stöðuna í verkalyðshreyfingunni og mikilvægi samstöðunnar.

„Við vitum vel hverju við getum áorkað með samstöðunni en við vitum líka að við erum veikari gagnvart viðsemjendum og stjórnvöldum þegar við erum sundruð. Við verðum að vera nægilega stór til að vinna saman og nýta fjölbreytnina og ólíkar skoðanir í stað þess að takast á,“ sagði Elín Björg.

Hún sagði að þolinmæðin gagnvart ofurlaunum sé nú endanlega þrotin og kallaði eftir breytingum á skattkerfinu fyrir tekjulægstu hópana.

Elín Björg ræddi einnig um jafnréttismál og baráttuna gegn launamuni kynjanna. Þá fjallaði hún einnig um #metoo byltinguna. „Við verðum að ráðast að rótum vandans. Þar gegna stéttarfélög lykilhlutverki. Við eigum öll rétt á því að geta sinnt okkar starfi án þess að verða fyrir kynferðislegri áreitni eða ofbeldi. Um þann rétt verða stéttarfélögin að standa vörð. Við þurfum að berjast við hlið þeirra kvenna sem hafa stigið fram. Við þurfum að veita þeim stuðning til að vinna úr sinni reynslu og fá aðstoð hjá viðeigandi aðilum til að koma sínum málum í réttan farveg. Það höfum við gert og það munum við halda áfram að gera.“



Mynd 25 - Fjöldi fólks mætti í kröfugöngu og á baráttufund á Ingólfstorgi 1. maí 2018.

## Ræða formanns BSRB í Stapa, Reykjanesbæ 1. maí 2018

Kæru félagar, til hamingju með daginn!

Við finnum öll spennuna í samfélaginu, spennu sem virðist aukast frekar en hitt hvort sem okkur líkar það betur eða verr. Spennu sem leiðir af sér rifrildi í stað samtals, átök í stað samvinnu. Þetta á við innan verkalyðshreyfingarinnar, í stjórnmalunum, í viðskiptalífinu og hvar sem er annarsstaðar sem okkur ber niður.

Við verðum líka öll vör við hvernig samfélagið breytist og þróast. Allir þurfa að hlaupa hraðar, fylgjast með öllu, tengdir í gegnum síma og tölvupóst og til taks allan sólarhringinn. Er ekki kominn tími til að staldra við og spyrja okkur hvort þetta sé virkilega það sem við viljum? Erum við á rétttri leið? Og ef ekki, hvernig ætlum við að breyta samfélaginu til hins betra?

### Styttum vinnuvíkuna

Við hjá BSRB teljum algerlega nauðsynlegt að við byggjum upp fjölskylduvænt samfélag þar sem launafólki er gert kleift að samræma einkalíf og atvinnu. Samfélag sem byggir á jöfnum tækifærum og jafnri stöðu foreldra. Þar er af mörgu að taka. Þar getum við nefnt baráttuna fyrir styttingu vinnuvíkkunnar. Það er liðin tæp hálf öld frá því ákveðið var að vinnuvíkan skuli vera 40 stundir. Við sjáum öll hvílíkar breytingar hafa orðið á vinnumarkaðinum og samfélaginu öllu á hálfri öld.

Hvers vegna ættum við að vinna eftir næstum fimmtíu ára gömlu vinnufyrirkomulagi? Og hvaða afleiðingar hefur það fyrir okkur að gera það? Fyrir fjölskyldur okkar, börnin okkar og vinnuna?

Við sjáum afleiðingarnar alla daga. Við þekkjum streituna og álagið, könnumst við veikindin og aukna örorku. Við vitum líka að leikskóladagurinn er lengri hjá íslenskum börnum en á hinum Norðurlöndunum. Er þetta það sem við viljum?

Það eru aðallega konur sem axla þungann af ólaunuðum störfum við heimilis- og umönnunarstörf. Það skilar sér í lægri tekjum og minni starfsþróunarmöguleikum þeirra á vinnumarkaði.

Góðu fréttirnar eru að eftir áralanga baráttu eru sífellt fleiri farnir að taka undir með okkur og framsýnir stjórnendur farnir að prófa sig áfram með styttingu vinnuvikunnar.

Við getum stytth vinnudaginn og dregið með því úr álagi, streitu og veikindum án þess að hafa áhrif á afköst starfsmanna. Við sjáum líka að við það að stytta vinnuvikuna eykst starfsánægjan og það auðveldar fólki að samþætta vinnu og einkalíf.

Þá getur styttri vinnuvika stuðlað að auknu jafnrétti bæði á heimilum og á vinnumarkaði. Ef körlum er gert kleift að taka þátt með sama hætti og konum við umönnun barna sinna og í rekstri heimilisins minnka líkurnar á því að konur sæki í hlutastörf og vinnuþátttaka þeirra mun aukast.

Það græða allir á styttingu vinnuvikunnar. Það sjá framsýnir stjórnendur. Sumir hafa þegar stytth vinnutíma starfsmanna sinna. Aðrir eru að undirbúa það.

### **Útrýmum kynbundnum launamun**

En það er fleira sem við þurfum að gera til að samfélagið okkar verði fjölskylduvænna. Ef við ætlum að byggja upp réttlátt samfélag gengur ekki að konur og karlar fái ekki sömu laun fyrir sömu vinnu.

Hluti af vandanum er kynskiptur vinnumarkaður þar sem mál hafa þróast með þeim hætti að þær stéttir þar sem konur eru í meirihluta fá ekki eðlileg laun fyrir ábyrgðarmikil störf. Við viljum að þeir sem sinna mikilvægum umönnunarstörfum fái greitt í samræmi við ábyrgð. Það er skakkt gildismat samfélagsins að borga þeim sem sýsla með peninga á tölvuskjá margföld laun umönnunarstétta.

Lykilatriði í því að jafna launamun kynjanna er réttlátt og gott fæðingarorlofskerfi. Í því verkefni hafa ASÍ og BSRB staðið þétt saman, meðal annars með herferðinni Betra fæðingarorlof. Það sýndi sig vel á árunum fyrir hrun að okkur varð vel ágengt í því að fá feður til að taka fæðingarorlof. En því miður hefur sá góði árangur nú að miklu leyti gengið til baka.

Þá þarf að tryggja öruggt dagvistunarúrræði að loknu fæðingarorlofi. Það er óásættanlegt að foreldrar búi við þá óvissu og fjárhagserfiðleika sem umönnunarbilið skapar. Það er sjálfsögð krafa að sveitarfélögin tryggi foreldrum og börnum sambærilega þjónustu yfir landið allt óháð aldri barna.

### **Enginn á að þurfa að segja #metoo**

Jafnréttismál hafa verið ofarlega í huga okkar undanfarið. Með #metoo byltingunni fengu þolendur kynferðisofbeldis og áreitni, sterka rödd sem eftir var tekið. Þær hugrökku konur sem þar stigu fram hafa sýnt okkur svart á hvítu hver staðan er. Og það er okkar allra að breyta henni.

Nú hafa #metoo konur skilað skömminni og við eigum öll að hlusta. En það dugir ekki að hlusta, kinka kolla og halda áfram með óbreyttum hætti. Við verðum að bregðast við. Það er einfaldlega engin þolinmæði fyrir þessari hegðun lengur.

Við verðum að ráðast að rótum vandans. Þar gegna stéttarfélög lykilhlutverki. Við eigum öll rétt á því að geta sinnt okkar starfi án þess að verða fyrir kynferðislegri áreitni eða ofbeldi. Um þann rétt verða stéttarfélögin að standa vörð. Við þurfum að berjast við hlið þeirra kvenna sem hafa stigið fram. Við þurfum að veita þeim stuðning til að vinna úr sinni reynslu og fá aðstoð

hjá viðeigandi aðilum til að koma sínum málum í réttan farveg. Það höfum við gert og það munum við halda áfram að gera.

Þá þurfum við ekki síst að beina spjótum okkar að atvinnurekendum. Lögin eru skýr. Atvinnurekendur eiga að tryggja að allir séu öruggir á vinnustaðnum. Það eiga þeir að gera með fræðslu, áhættumati og áætlun um fyrirbyggjandi aðgerðir og hvernig eigi að bregðast við þegar slík mál koma upp. Því miður eru enn fjölmargir atvinnurekendur sem ekki uppfylla þessa skyldur.

Við þurfum einnig að þrýsta á stjórnvöld um breytingar. Það verður að vera eftirlit með vinnustöðum og heimildir til að sekta vinnustaði sem ekki fara að lögum þegar kemur að kynbundinni áreitni, kynferðislegri áreitni og öðru ofbeldi.

Ég vil trúá því að #metoo byltingin muni leiða til nauðsynlegra og löngu tímabærra breytinga á samfélaginu. Samtök launafólks munu fylgja því fast eftir. Markmiðið er einfalt. Við viljum tryggja að í framtíðinni þurfi enginn að segja #metoo.

### **Polinmæði gagnvart ofurlaunum er þrotin**

Óréttlætið í samfélaginu blasir við launafólki hvert sem litið er. Á meðan forstjórar og stjórnendur fyrirtækja og stofnana fá tuga prósentu launahækkanir á milli ára eiga aðrir launamenn að sætta sig við hóflegar hækkanir í nafni stöðugleika.

Það er alltaf sama fólk sem á að bera ábyrgð á þessum stöðugleika. Einhvern veginn virðist það alltaf vera þeir sem eru á lægstu töxtunum sem eiga að sætta sig við lág laun áfram á meðan aðrir taka til sín sífelld stærri sneið af kökunni.

Og á meðan forstjórar og stjórnendur fá verulegar launahækkanir finnst þeim sjálfsgott að tala um það á aðalfundum að það sé ekkert svigrúm til að hækka laun annars starfsfólks. Ekki til peningar til að hækka þá sem lægst hafa launin. Hræsnin verður varla meiri.

Það er engin tilviljun að hagsældin er mest í þeim samfélögum þar sem minnstur munur er á milli þeirra sem hafa lægstu launin og þeirra hæst launuðustu. Stjórnendur fyrirtækja verða að kunna sér hof í launakröfum. Það er engin ástæða til að greiða þeim sem sýsla með peninga eða vinna við að stýra fyrirtækjum gríðarháa bónusa fyrir það eitt að mæta í vinnuna sína.

Ofurlaun stjórnenda eru ekki nýtt vandamál en þolinmæðin gegn þeim er endanlega þrotin. Okkur blöskrar öllum þegar við sjáum ofurlaun stjórnenda stórra fyrirtækja. Okkur blöskraði líka þegar Kjararáð hækkaði laun ráðherra, þingmanna og stjórnendur ríkisfyrirtækja, oft í nafni þess að leiðrétta hafi þurft laun þeirra. Á meðan talar verkalýðshreyfingin fyrir daufum eyrum þegar talað er fyrir leiðréttingu á launum heilu stéttanna sem dregist hafa aftur úr í launum. Trúir því einhver hér, að það sé tilviljun að þar sé oft um kvennastéttir að ræða?

### **Laga þarf skattkerfið til að bæta kjör þeirra tekjulægstu**

Í kjarasamningum síðustu ára hafa verkalýðsfélög unnið ötullega að því að hækka lægstu launin og bæta kjör þeirra lægst launuðustu. Það hefur meðal annars verið gert með sérstökum krónutöluhækkunum. Enda þekkjum við það öll hvernig það er með prósentuhækkanirnar og lægstu launin.

Auðvitað má alltaf gera betur og það er augljóst öllum sem vilja sjá að lægstu launin eru allt of lág. Það verður verkefni í komandi kjarasamningum. En hvers vegna finnur fólk það ekki í heimilisbókhaldinu að launin hafi hækkað?

Skýringin er einföld. Á sama tíma og verkalýðshreyfingin hefur beitt sér mjög fyrir því að bæta kjör lægst launuðustu hópanna hafa stjórnvöld verið á allt annarri vegferð.

Skattbyrðin hefur aukist lang mest hjá tekjulægstu hópunum. Stjórnvöld hafa dregið jafnt og þétt úr tekjujöfnunarhlutverki skattkerfisins. Persónuafsláttur hefur ekki fylgt launaþróun, vaxtabætur og barnabætur hafa verið skertar verulega og húsnæðisbætur sömuleiðis.



Kaupmáttaraukningin nær sem sagt ekki til þeirra sem verst hafa kjörin. Þetta er óréttlæti sem má ekki viðgangast. Stjórnvöld verða að snúa þessari þróun við og laga skattkerfið með það fyrir augum að bæta kjör þeirra tekjulægstu verulega.

### **Eðlilegt að tekist sé á innan verkalýðshreyfingarinnar**

Það er augljóst öllum sem vilja sjá að það hafa verið átök innan verkalýðshreyfingarinnar undanfarið. Það er fullkomlega eðlilegt að þar sé tekist á um hugmyndafræði og aðferðir. Þannig hefur það alltaf verið innan hreyfingarinnar og þannig verður það vonandi um ókomna tíð.

En við verðum að vera nægilega stór til að stíga yfir þessa erfiðleika og nota samtakamáttinn til að ná okkar markmiðum, launafólki til heilla. Við vitum vel hverju við getum áorkað með samstöðunni en við vitum líka að við erum veikari gagnvart viðsemjendum og stjórnvöldum þegar við erum sundruð. Við verðum að vera nægilega stór til að vinna saman og nýta fjölbreytnina og ólíkar skoðanir í stað þess að takast á.

Sameiginlegir hagsmunir verkalýðshreyfingarinnar eru til að mynda í baráttunni fyrir því að launafólk búi við félagslegt öryggi. Launafólk verður að geta mætt afleiðingunum af slysum og veikindum eða atvinnumissi, eignast börn og komið þaki yfir höfuðið. Einnig þarf að tryggja öldruðum og öryrkjum lífeyri sem gerir þeim kleift að lifa mannsæmandi lífi.

Það er brýnt að taka strax á húsnæðisvandannum. Þar þarf samstillt átak til að tryggja aukið framboð á öruggu húsnæði á viðráðanlegu verði. Við því brugðust ASÍ og BSRB með stofnun Bjargs íbúðafélags árið 2016. Félaginu er ætlað að byggja hagkvæmt húsnæði fyrir tekjulægri hópa á vinnumarkaði. Nú eru framkvæmdir hafnar við fyrstu íbúðirnar og vonandi geta fyrstu íbúarnir flutt inn strax á næsta ári.

Beina verður húsnæðisstuðningi til þeirra sem þurfa mest á honum að halda og tryggja stöðugleika í framboði húsnæðis. Það leiðir til lægri húsnæðiskostnaðar einstaklinga og að þeir hafi raunverulegt val um að eiga eða leigja húsnæði, hvar sem þeir búa á landinu. Staðan á húsnæðismarkaði er algerlega óásættanleg og þörf á auknum þrýstingi á sveitarfélögin til að útrýma vandanum.

Þá verður að reka almannatjónustuna á samfélagslegum grunni þar sem allir eiga jafnan rétt, óháð efnahag. Það á enginn að þurfa að búa við það að þurfa að fresta læknisheimsókn vegna kostnaðar. Það á enginn að þurfa að glíma við heilsubrest án þess að geta leitað sér hjálpar.

Skattbyrði á ekki að vera hlutfallslega mest hjá þeim lægst launuðu. Það er enginn vafi í okkar huga að þeir efnameiri eiga að bera hlutfallslega mestu skattbyrðina. Þá verður að stórauка stuðninginn við barnafjölskyldur og tekjulægri einstaklinga. Kaupmáttaraukningin í þessari uppsveiflu á að skila sér til allra!

### **Stöndum saman gegn ójöfnuði**

Við skulum horfa fram á veginn á þessum alþjóðlega baráttudegi. Sagan sýnir með skýrum hætti hverju samtök launafólks hafa áorkað með samstöðunni. Stöndum saman gegn auknum ójöfnuði í samfélaginu, stöndum saman í baráttunni fyrir félagslegu réttlæti.

Við skulum einsetja okkur að byggja upp samfélag sem við getum verið stolt af að eftirláta börnunum okkar. Byggjum upp samfélag velferðar, jöfnuðar og samhygðar. Við erum sterkari saman.

Kæru félagar, til hamingju með daginn.

## **Morgunverðarfundur um TiSA-viðræðurnar**

BSRB stóð fyrir opnum morgunverðarfundum um TiSA samningsviðræðurnar 11. febrúar 2016. Bergþór Magnússon lögfræðingur á viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins var með erindi þar sem hann skýrði frá efni og gangi samningaviðræðnanna.

TISA-viðræðurnar eru samningaviðræður 50 ríkja sem eiga aðild að WTO um aukið frelsi í viðskiptum með þjónustu milli ríkja. Efni TISA viðræðnanna er svo tvíþætt, annars vegar skuldbindingar einstakra ríkja um aðgang erlendra aðila að innlendum markaði og um jafnræði milli innlendra og erlendra aðila (skuldbindingaskrár) og hins vegar almenn ákvæði samningstexta (meginmál samnings auk viðauka við samninginn). Að sögn Bergþórs er í tilboði Íslands byggt á þeim skuldbindingum sem Ísland hefur nú þegar undirgengist skv. GATS samningnum og feli að langmestu leyti í sér sömu skuldbindingar. Þá sé byggt á því að núverandi laga- og reglugerðarumhverfi taki ekki neinum breytingum né að breytingar verði á núverandi viðskiptaumhverfi. Þá er sérstaklega undanskilið hvers kyns skuldbindingar vegna t.d. heilbrigðistengdrar þjónustu, félagslegrar þjónustu, menntunarþjónustu og útvarps- og sjónvarpsþjónustu. Opinber þjónusta sé jafnframt undanskilið frá bæði GATS og TISA.

## **Málþing um kynbundna og kynferðislega áreitni og ofbeldi á vinnustöðum**

Fjallað var um mismunandi hliðar á kynbundinni og kynferðislegri áreitni og ofbeldi á vinnustað á málþingi sem bar yfirskriftina „Örugg í vinnunni“ þann 8. mars 2016. BSRB stóð að fundinum ásamt ASÍ, BHM, Kennarasambandi Íslands, Jafnréttisstofu og Jafnréttisráði.

Þrjú fróðleg erindi um mismunandi hliðar á kynbundinni og kynferðislegri áreitni og ofbeldi á vinnustað voru flutt á málþinginu, sem fór fram á alþjóðlegum baráttudegi kvenna.

Sonja Ýr Þorbergsdóttir, lögfræðingur BSRB, fjallaði í erindi sínu um nýjar reglur sem gilda um málaflökkinn. Þær skylda til dæmis vinnuveitendur til að vernda starfsmenn fyrir áreitni af hendi þriðja aðila, til dæmis viðskiptavina. Einnig er komið inn nýtt ákvæði sem skyldar vinnuveitendur til að bregðast við til að tryggja góða líðan starfsmanna í kjölfar kvörtunar yfir áreiti, hvort sem niðurstaða athugunar er sú að um áreiti hafi verið að ræða eða ekki.

Drífa Snædal, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambands Íslands, fjallaði í erindi sínu meðal annars um áhrif kynferðislegrar áreitni á öryggistilfinningu þolenda. Hún vitnaði í rannsókn sem sýnir að áhrifin á kvenkyns þolendur eru mun meiri en á karlkyns þolendur.

Finnborg Salome Steinþórsdóttir, doktorsnemi í kynjafræði við stjórn málafræðideild Háskóla Íslands, ræddi hvort kynferðisleg áreitni sé óhjákvæmileg. Hún vitnaði í eigin rannsókn, þar sem fram kom að um helmingur þeirra lögreglumanna sem orðið hafa fyrir kynferðislegri áreitni í starfi eða í tengslum við starf sitt hafi ekki tilkynnt um það því þeir hafi ekki talið árásina nægilega alvarlega.

Á fundinum var kynntur nýr netbæklingur. Þar er farið yfir skilgreiningu kynbundinnar áreitni, kynferðislegrar áreitni og ofbeldis. Þar má finna dæmi um þá hegðun sem fellur undir þessar skilgreiningar og skyldur atvinnurekenda vegna slíkrar hegðunar. Þá er einnig farið yfir úrræði fyrir einstaklinga sem telja sig hafa orðið fyrir slíkrri hegðun.

## **Málþing um einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu**

BSRB og ASÍ stóðu fyrir málþingi um einkarekstur í heilbrigðiskerfinu 3. maí 2016. Yfirskrift málþingsins var: „Er einkarekstur í heilbrigðisþjónustu almannahagur?“ Þar héldu þrjú sérfræðingar erindi, auk þess sem boðið var upp á pallborðsumræður með spurningum úr sal.

Við upphaf fundarins fluttu Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB og Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, stutt ávörp. Að þeim loknum fjallaði Rúnar Vilhjálmsson, prófessor í félagsfræði við hjúkrunarfræðideild HÍ, um félagslega heilbrigðiskerfið, einkavæðinguna og hagsmuni sjúklinga. Þá flutti Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir, lektor í opinberri stjórnsýslu við Háskóla Íslands, erindi um helstu einkenni og langtímaáhrif aukins einkareksturs á heilbrigðisþjónustu í opinberum kerfum. Að lokum flutti Þórarinn Ingólfsson, formaður Félags íslenskra heimilislækna erindi um aðgengi jöfnuð og ábyrgð í heilsugæslunni.

Að loknum erindum framsögumanna fóru fram líflegar pallborðsumræður þar sem framsögumenn sátu fyrir svörum auk Sigríðar Ingibjargar Ingadóttur, formanns velferðarnefndar Alþingis, og Ragnheiðar Ríkharðsdóttur, þingmanns Sjálfstæðisflokks sem sæti á í velferðarnefnd.

## Málþing um tilraunaverkefni um styttingu vinnuvikunnar



Mynd 26 - Sonja Ýr Þorbergsdóttir, lögfræðingur BSRB, flutti erindi á síðara málþinginu.

BSRB og Reykjavíkurborg stóðu sameiginlega að tveimur málþingum þar sem niðurstöður tilraunaverkefnis Reykjavíkurborgar um styttingu vinnuvikunnar voru kynntar. Fyrri málþingið fór fram þann 12. maí 2016 í Ráðhúsi Reykjavíkur en það síðara 7. febrúar 2018 á sama stað.

Á fyrri málþinginu kynnti Sóley Tómasdóttir, þáverandi formaður borgarráðs, helstu niðurstöður rannsóknar sem gerð hefur verið á árangrinum af tilraunaverkefni sem staðið hefur yfir í rúmt ár á tveimur vinnustöðum borgarinnar. Meðal niðurstaðna var að starfsmenn upplifðu bættu andlega og líkamlega

líðan, aukna starfsánægju og skammtímaveikindi voru minni. Þrátt fyrir styttri vinnutíma náði starfsfólk að sinna verkefnum sínum til fulls.

Tilraunaverkefnið náði til tveggja starfsstöðva borgarinnar og var útfærslan örlítið mismunandi milli þessara tveggja staða. Þannig lokaði Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts klukkustund fyrr á daginn á meðan Barnavernd Reykjavíkur lokaði á hádegi á föstudögum.

Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, hélt erindi um sýn verkalýðshreyfingarinnar á styttingu vinnuvikunnar. Þar rakti hún hvernig félagsmenn bandalagsins hafa sett kröfur um styttingu á oddinn frá árinu 2004.

Á málþinginu fjölluðu einnig starfsmenn frá vinnustöðum sem tóku þátt í verkefninu um hvernig þeir upplifðu áhrif styttingar vinnuvikunnar, og voru þeir almennt á því að þeir gætu afkastað sömu verkefnum á styttri tíma með því að auka skipulag.

Á síðara málþinginu var áfram fjallað um niðurstöðurnar úr tilraunaverkefninu og framhald þess. Niðurstöðurnar eru almennt jákvæðar. Á flestum stöðum þar sem vinnuvikan var stytt hefur framleiðni haldist óbreytt þrátt fyrir færri vinnustundir. Skammtímaveikindi hafa dregist saman og starfsánægja aukist.

Á fundinum var kynnt framhald verkefnisins þar sem öllum vinnustöðum borgarinnar gafst kostur á að sækja um að taka þátt í tilraunaverkefninu með því að stytta vinnuvikuna um eina til þrjár klukkustundir á viku. Fjöldi vinnustaða sótti um að taka þátt og var vinnuvikan í kjölfarið stytt hjá um 2.200 af 8.500 starfsmönnum Reykjavíkurborgar.



Mynd 27 - Ellefu fulltrúar BSRB tóku þátt í fundi með þjóðfundarsniði þar sem rætt var um Salek.

## Fundur með þjóðfundarsniði vegna Salek

Fulltrúar BSRB voru meðal um 70 þátttakenda á stórum fundi með þjóðfundarsniði sem haldinn var 24. maí 2016. Þar ræddu fulltrúar vinnumarkaðarins um hugmyndir að nýju kjarasamningslíkani og komu fram með ábendingar sem munu nýtast við vinnu Salek hópsins.

Fulltrúar BSRB á fundinum voru alls ellefu talsins; stjórn bandalagsins, framkvæmdastjóri og hagfræðingur BSRB. Fundarmönnum var skipt á níu borð. Á hverju borði fóru fram umræður og hugmyndavinna þar sem markmiðið var að fá fram hugmyndir og skoðanir á vinnu við nýtt kjarasamningslíkan.

Eftir hádegishlé flutti Dr. Steinar Holden, prófessor við Oslóarháskóla, erindi þar sem hann fjallaði um hvernig kjaraviðræður á Íslandi eru frábrugðnar því sem þekktist á hinum Norðurlöndunum. Hann fór yfir hvernig vinnumarkaðurinn í Noregi, Danmörku og Svíþjóð ákvað á tíunda áratug síðustu aldar að stefna að samningum sem hefðu í för með sér litla verðbólgu og litlar verðhækkanir. Þá ræddi hann þær áskoranir sem gætu fylgt því að reyna að búa til nýtt kerfi hér á landi sem að einhverju leyti er byggt á norrænni fyrirmynd.

Eftir erindi Holden fjölluðu fundarmenn um þrjár mismunandi spurningar sem sprottnar voru upp úr vinnu hans. Ætlunin var að niðurstöðurnar nýttust Holden, sem í framhaldinu vann

skýrslu sem nota átti sem innlegg í vinnuna hér á landi. Þannig hefur Bryndís Hlökkversdóttir ríkissáttasemjari kynnt niðurstöður Holden á fundi formannaráðs BSRB, eins og fram kom hér að framan. Hún hefur einnig kynnt niðurstöðurnar á fundum þeirra aðildarfélaganna bandalagsins sem eftir því hafa leitað.



Mynd 28 - Áætlað er að 15-20 þúsund hafi tekið þátt í samstöðufundi kvenna á Austurvelli.

## Kvennafrí 2016

BSRB tók þátt í skipulagningu baráttufundar á Austurvelli þann 24. október 2016 undir yfirskriftinni „Kjarajafnrétti strax“ ásamt öðrum samtökum launafólks og samtökum kvenna. Þá voru samstöðufundir haldnir á alls nítján stöðum á landinu. Þetta var í fimmta skipti sem konur á Íslandi mótmæltu kjaramun kynjanna með þessum hætti, en fyrsta kvennafríið var boðað árið 1975.

Konur voru hvattar til að leggja niður vinnu klukkan 14:38 og mótmæla með því kjaramuni kynjanna á Íslandi. Tímasetningin var reiknuð út frá tölum frá Hagstofu Íslands um kjaramun kynjanna. Miðað við þá útreikninga höfðu konur unnið fyrir laununum sínum klukkan 14:38. Áætlað er að á bilinu 15 til 20 þúsund hafi sótt baráttufundinn á Austurvelli.

## Yfirlýsing baráttufundar kvenna á Austurvelli 24. október 2016

### Kjarajafnrétti STRAX!

Þann 24. október árið 1975 lögðu konur um allt land niður vinnu til að sýna fram á mikilvægi vinnuframlags kvenna fyrir þjóðfélagið. Kvænnafrídagurinn vakti verðskuldaða athygli um allan heim.

Árið 1985 var haldið upp á kvænnafrídaginn í annað sinn og aftur lögðu 25.000 konur niður vinnu.

Árið 2005 héldum við upp á kvænnafrídaginn í þriðja sinn, og konur gengu í tugþúsundatali út af vinnustað á þeirri mínútu þegar þær hættu að fá borgað fyrir störf sín miðað við karla, kl. 14:08.

Árið 2010 gengu konur út kl. 14:25. Nú ganga konur út kl. 14:38. Við höfum þokast áfram um hálf tíma á ellefu árum. Tæplega þrjár mínútur á hverju ári. Með þessu áframhaldi þurfum við að bíða í 52 ár eftir að konur fái sömu laun og sömu kjör og karlar. Það er óþolandi!

Atvinnutekjur kvenna eru að meðaltali 70,3% af atvinnutekjum karla. Störf kvenna eru gróflega vanmetin, vinnu- markaðurinn er kynskiptur, kvænna- stéttir eru lágt launaðar og launa- misrétti fyrirfinnst víða. Konur eru enn í minnihluta í sveitarstjórnum og á Alþingi. Það á líka við í flestum nefndum og ráðum á vegum hins opinbera. Karlar ráða ferðinni í stjórn- um flestra fyrirtækja í atvinnulífinu og minnihluti framkvæmdastjóra eru konur.

Konur mæta margs konar fordómum á vinnumarkaði. Þær eru hlutgerðar og kynferðisleg áreitni viðgengst of víða. Sífelld ber meira á aldursfordómum í garð kvenna. Konur eru líklegri til að vinna hlutastörf, taka langt fæðingarorlof eða hverfa af vinnumarkaði til að sinna ólaunuðum umönnunarstörfum.

Mörg ný málefni hafa komist á dagskrá í jafnréttisbaráttunni, svo sem ofbeldi gegn konum og samtönnun misréttis. Margvísleg lög hafa verið sett til að tryggja jafnrétti kynjanna, en lagasetningin ein dugar ekki til að breyta þeirri menningu sem ríkir í samfélaginu. Enn er því verk að vinna.

Á slíkum tímum er samstaða sterkasta vopnið. Konur og karlar sem styðja og vinna að jafnrétti kynjanna þurfa að halda vöku sinni, standa saman og sækja fram. Við verðum að útrýma launamisrétti og tryggja jafnrétti kvenna og karla til starfa. Við þurfum að tryggja stöðu og bæta kjör kvenna í hvívetna óháð fötlun, aldri, búsetu, uppruna, litarhætti, kynhneigð, kynvitund og lífsskoðun. Við þurfum að lengja og bæta



Mynd 29 - Mikill baráttuhugur var í þátttakendum á samstöðufundinum.

*fæðingarorlofið, vinna gegn kynskiptu náms- og starfsvali og breyta heftandi staðalmyndum kynjanna. Við verðum að auka völd kvenna í atvinnulífinu og í stjórnmálum og fjölga konum í Hæstarétti. Við þurfum að uppræta ofbeldi gegn konum, sem hefur hamlandi áhrif á samfélagsþátttöku kvenna. Við þurfum að tryggja kjarajafnrétti strax!*

**Kröfur okkar eru:**

- Jöfn kjör og jöfn laun STRAX
- Tryggjum stöðu kvenna og bætum kjör kvenna í hvívetna óháð fötlun, aldri, búsetu, uppruna, litarhætti, kynhneigð, kynvitund og lífsskoðun
- Lengjum og bætum fæðingarorlofskerfið
- Upprætum staðalmyndir kynjanna og kynskiptingu vinnumarkaðar
- Aukum völd kvenna í atvinnulífinu og í stjórnmálum og fjölgum konum í Hæstarétti
- Upprætum ofbeldi gegn konum

## Morgunverðarfundur um alþjóðasamninga

Togstreitan á milli fjármagns og lýðræðis var rauði þráðurinn í erindi Ögmundar Jónassonar, fyrrverandi þingmanns, ráðherra og formanns BSRB, á morgunverðarfundum um alþjóðaviðskiptasamninga á vegum BSRB og BHM 23. febrúar 2017.

Á fundinum fjallaði Ögmundur um þá samninga sem þá voru í pípunum og úr hvaða umhverfi þeir eru sprotnir. Þá fór hann yfir áhrif þeirra á lýðræðislegan rétt þjóðríkja til að taka ákvarðanir um mikilvæg mál.

Í TiSA-samningunum sem nú er unnið að eru helstu átakaefnin opinber þjónusta, umhverfismál, lyfjamál og heilbrigðismál, sagði Ögmundur. Hann sagði mikilvægt að kynna sér vel hvað væri verið að semja um og gera allt sem hægt er til að hafa áhrif á samningana.

„Við eigum að gera lýðræði og góð vinubrögð að leiðarljósi okkar í samningum við umheiminn. En framar öllu öðru, semjum ekki sofandi,“ sagði Ögmundur meðal annars á fundinum.

## Hádegisverðarfundur á alþjóðlegum baráttudegi kvenna

Konur sem eiga það sameiginlegt að vinna á vinnustöðum þar sem karlar eru í miklum meirihluta voru í sviðsljósinu á hádegisverðarfundum sem haldinn var 8. mars 2017, á alþjóðlegum baráttudegi kvenna. BSRB stóð að fundinum ásamt ASÍ, BHM, KÍ, Jafnréttisstofu, Kvenréttindafélagi Íslands og Samtökum starfsmanna fjármálafyrirtækja. Yfirskrift fundarins var „Öll störf eru kvennastörf – brjótum upp kynbundið náms- og starfsval.“

Tilfni yfirskriftar fundarins má rekja til þess að íslenskur vinnumarkaður er mjög kynskiptur. Kynbundið náms- og starfsval er talin vera ein helsta skýring þess hve illa gengur að vinna gegn launamun kynjanna. Kvinnastarfsstéttir hafa almennt lægri tekjur en starfsstéttir þar sem karlar eru í meirihluta. Þá getur kynbundið náms- og starfsval haft áhrif á val einstaklinga og þrengt valmöguleika þar sem tiltekna starfsstéttir eru útilokaðar þegar engar eða fáar fyrirmyndir eru af sama kyni. Innlendir sem erlendir rannsóknir sýna fram á að engin aðgerð er jafn líkleg til að hafa áhrif á launamun kynjanna og uppbrot hins kynskipta vinnumarkaðar.

Á fundinum sögðu konurnar frá sinni reynslu af vinnustöðunum og þeim aðstæðum sem þær hafa lent í sem karlar í sömu stöðu hefðu trúlega ekki upplifað. Þannig sagði kona sem var menntaður húsasmiður frá því að hún hafi alltaf verið spurð hvort hún ætti börn þegar hún sótti um vinnu. Karlkyns kollegar hafi ekki kannast við að fá þá spurningu. Þá sagði slökkviliðsmaður frá heimsókn sinni á leikskóla, sem endaði á því að fimm ára drengur spurði hana hvenær slökkviliðsmaðurinn kæmi eiginlega.

## Kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna

Fulltrúar BSRB sátu árlega fundin Kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna bæði árið 2017 og 2018.

Árlegur fundur kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna (Commission on the Status of Women) fór fram 13.-24. mars 2017 í New York. Gestir fundarins eru fulltrúar í sendinefnd hinna 193 aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna ásamt fulltrúum fjölmargra frjálsra félagsamtaka.

Meginþema fundarins var efnahagsleg valdefling kvenna í breytilegum heimi vinnumarkaðar (Women's economic empowerment in the changing world of work).

Fjölmargir Íslendingar tóku þátt í fyrri viku fundarins en þar á meðal voru fulltrúar BSRB og SFR, Sonja Ýr Þorbergsdóttir og Sólveig Jónasdóttir ásamt fulltrúum ASÍ, BHM, RSÍ, Jafnréttisstofu, Kvenréttindafélags Íslands, Landsnefndar UN Women á Íslandi, Kvenfélagsambands Íslands, Jafnréttisháskóla Sameinuðu Þjóðanna, Soroptimistasambands Íslands, þrír þingmenn ásamt félags- og jafnréttismálaráðherra og aðstoðarmönnum hans og loks starfsfólk Velferðarráðuneytis og Utanríkisráðuneytis.

Á þessu tveggja vikna tímabili eru fjölmargir fundir um jafnrétti á vinnumarkaði og er um þrjár fullskiplagðar dagskrár að ræða, þ.e. formlega fundi Kvennanefndarinnar og þá hliðarviðburðir sem annars vegar eru skipulagðir af stjórnvöldum og hins vegar frjálsum félagasamtökum. Aðgerðarhópur stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins stóð fyrir hliðarviðburði þar sem fjallað var m.a. um Kvennafríð og jafnlaunastaðalinn. Þá stóð Ísland fyrir eða kom að fjölda viðburða svo sem um framtíðarsýn norrænu ráðherranna til jafnréttismála, fyrirmyndarverkefni í jafnlaunamálum, vændi, ólaunuð umönnunarstörf og Barbershop.

Elín Björg Jónsdóttir formaður BSRB og Sonja Ýr Þorbergsdóttir lögfræðingur BSRB tóku þátt í 62. fundi kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna aðra vikuna í mars 2018. Meginþema fundarins voru áskoranir og tækifæri við vinnu að auknu kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna í dreifbýli ásamt framkvæmd fyrirliggjandi skuldbindinga sem byggjast á samkomulagi frá 47. kvennanefndarfundum SP árið 2003 um þátttöku og aðgengi kvenna að fjölmiðlum og upplýsingatækni sem og áhrifum upplýsinga- og tæknimiðla á valdeflingu kvenna.

Fundurinn er haldinn árlega í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York en gestir fundarins eru fulltrúar í sendinefnd hinna 193 aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna ásamt fulltrúum fjölmargra sjálfbóðaliðasamtaka (NGO's).

Í raun eru um þrjár mismunandi dagskrár að ræða formlegir fundir Kvennanefndarinnar, hliðarviðburðir við formlegu fundina og fundir sjálfbóðaliðasamtaka. Svo á hverjum tíma þarf yfirleitt að velja á milli þriggja mismunandi áhugaverðra funda til að sækja. Umfjöllunarefni fundanna sem fulltrúar BSRB sátu vörðuðu stöðu kvenna í viðtækum skilningi, helstu aðgerðir sem gripið hefur verið til, verkfæri í baráttunni og umræðu um helstu áskoranir og tillögur til aðgerða. Fjölmargt sem nýta má í jafnréttisbaráttunni hér á landi, svo sem gagnagrunnar, fræðsluherferðir, heimasíður, átaksverkefni og fleira.

Ísland stóð fyrir tveimur viðburðum auk þess að standa fyrir tveimur til viðbótar með Norrænu ráðherranefndinni. Þá kom Ísland að fleiri viðburðum og tók þátt í enn fleiri. Sonja stýrði hliðarviðburði á vegum norrænna kvenréttindasamtaka um norrænan femínisma, stöðuna í löndunum fimm og helstu áskoranirnar.



Mynd 30 - Sonja Ýr Þorbergsdóttir, lögfræðingur BSRB, sat árlegan fund Kvennanefndar SP fyrir hönd BSRB árið 2017.



Þá stóð fastaráð öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) fyrir hliðarviðburði ásamt fleiri stofnunum undir yfirskriftinni #metoo segja polendur: Manréttindi, kyn og mansal en þar var meðal annarra Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, framkvæmdastjóri Lýðræðis- og mannréttinda-stofnunar ÖSE, í pallborði ásamt framkvæmdastýru UN Women, Miru Sorvino leikkonu og polendum mansals.

Þá stóð norræna ráðherraráðið fyrir pallborðsumræðum með jafnréttismálaráðherrum Norðurlandanna en þemað var kynjajafnrétti í dreifbýli og kyn og frjósemisheilbrigði. Á þeim fundi fjallaði Ásmundur Einar Daðason, félags- og jafnréttismálaráðherra, um árangur Íslands og helstu áskoranir. Hann fjallaði jafnframt um nýja byltingu sem snýr að skaðlegum staðalímyndum karlmannna og felur í sér að karlmenn eru hvattir til þess deila sögum sínum á samfélagsmiðlum undir myllumerkinu #karlmennskan. Forsprakki byltingarinnar er Þorsteinn V. Einarsson, stjórnarmaður í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar, sem jafnframt situr í nefnd BSRB um fjölskylduvænna samfélag og jafnréttismál.



## Starfsdagur réttindanefndar

Réttindanefnd BSRB stendur árlega fyrir starfsdögum þar sem fjallað er um ýmis málefni sem snúa að opinberum starfsmönnum

Á starfsdegi réttindanefndar í nóvember 2016 var meðal annars fjallað um hlutverk stéttarfélaga vegna kvartana um ofbeldi eða áreitni og hvíldartímareglur. Þá fjallaði Trausti Fannar Valsson, dósent við lagadeild Háskóla Íslands, um helstu meginreglur stjórnsýsluréttar vegna ákvarðana í starfsmannamálum. Í umfjöllun hans fór hann meðal annars yfir hvernig umsækjendur um störf hjá ríki og sveitarfélögum sem fá ekki starfið þrátt fyrir að þeir séu hæfustu umsækjendurnir eigi mjög erfitt með að sækja rétt sinn.

Mynd 31 - Trausti Fannar Valsson fór yfir meginreglur stjórnsýsluréttar á starfsdegi réttindanefndar í nóvember 2016.

Á opnum vinnufundi réttindanefndar í mars 2017 var fjallað um málefni vaktavinnufólks. Bára Hildur Jóhannsdóttir, verkefnisstjóri mannauðsmála hjá Landspítalanum, fjallaði um skipulag á vöktum og hversu illa gangi víða að tryggja að ákvæði kjarasamninga um hvíldartíma vaktavinnufólks séu virt.

Á starfsdegi réttindanefndar í nóvember 2018 var fjallað um réttmætisregluna eða regluna um að málefnaleg sjónarmið skuli liggja til grundvallar ákvörðunum en erindið flutti Sigurður Kári Árnason lögfræðingur hjá umboðsmanni Alþingis í fjarveru Tryggva Gunnarssonar umboðsmanns. Á fundinum fjallaði Sonja Ýr Þorbergsdóttir, lögfræðingur BSRB, um málsmeðferð við áminningar og uppsagnar. Að lokum fjallaði formaður réttindanefndar, Arna Jakobína Björnsdóttir, um talningu vinnuskyldu hjá vaktavinnufólki en ljóst er að mikilvægt er að ræða sérstaklega margvísleg álitamál um stöðu og réttindi vaktavinnufólks.

## Hádegisfundur um heilbrigðismál

BSRB stóð fyrir hádegisfundum um heilbrigðismál þann 22. maí 2017. Á fundinum gerði Rúnar Vilhjálmsson, prófessor í félagsfræði við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands, grein fyrir niðurstöðum nýrrar rannsóknar á viðhorfum landsmanna til ólíkra rekstrarforma í heilbrigðis-kerfinu. Rannsóknin var gerð í samstarfi við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og kostaði BSRB gerð hennar.

Þar kom fram að yfirgnæfandi meirihluti landsmanna er andvígur einkarekstri í heilbrigðis-kerfinu og að andstaðan hefur aukist verulega á undanförunum árum. Alls eru 86% landsmanna

þeirrar skoðunar að rekstur sjúkrahúsa eigi fyrst og fremst að vera á hendi hins opinbera. Aðeins 1,3% telja að sjúkrahús eigi fyrst og fremst að vera rekin af einkaaðilum. Hlutfall þeirra sem vilja að ríkið sjái um rekstur sjúkrahúsa hefur aukist verulega á undanförunum árum. Alls voru 80,7% þeirrar skoðunar í sambærilegri könnun sem gerð var árið 2006 og 83,2% í könnun sem gerð var árið 2015.

Mikill meirihluti vill einnig að það sé fyrst og fremst hið opinbera sem reki heilsugæslustöðvar, alls 78,7%. Aðeins 2,2% vilja að rekstur heilsugæslustöðva sé fyrst og fremst á hendi einkaaðila. Þá vill stór hluti þjóðarinnar, 67,5%, að hið opinbera reki hjúkrunarheimili en aðeins 3,1% vilja fyrst og fremst fela einkaaðilum rekstur þeirra.

Í rannsókninni var einnig spurt um afstöðu fólks til þess hvort leggja ætti meira eða minna fé í heilbrigðisþjónustuna. Yfirgnæfandi meirihluti landsmanna, 91,9%, vill að hið opinbera leggi meira fé í heilbrigðisþjónustuna. Aðeins 1% vill draga úr framlögum til málaflokksins.

Hlutfall þeirra sem vill auka útgjöld í heilbrigðisþjónustuna hefur aukist á undanförunum árum. Árið 2006 töldu 81,5% rétt að auka útgjöldin. Hlutfallið var komið upp í 90,9% í sambærilegri könnun árið 2015 og er nú komið í 91,9%.

## Morgunverðarfundur um Bjarg íbúðafélag

BSRB stóð fyrir morgunverðarfundum um Bjarg íbúðafélag 13. september 2017. Markmiðið með fundinum var að kynna fyrir félagsmönnum þá uppbyggingu sem fyrirhuguð er hjá félaginu, hönnun á íbúðum og fleira.

Á fundinum fjallaði Björn Traustason, framkvæmdastjóri Bjargs íbúðafélags, um verkefni félagsins og framtíðarsýn. Bjarg ætlar að reisa um 1.150 íbúðir á næstu árum. Félagið var stofnað af BSRB og ASÍ til að bregðast við ófremdarástandi á húsnæðismarkaði. Félagið, sem er rekið án hagnaðarsjónarmiða, mun tryggja tekjulágum fjölskyldum á vinnumarkaði aðgengi að ódýru, öruggu og vönduðu íbúðarhúsnæði.

Bjarg mun leigja tekjulágu fólki og vera valkostur fyrir þá sem ekki falla inn í félagslega húsnæðiskerfið en geta ekki með góðu móti leigt eða keypt íbúðir á almenna markaðinum. Leiguverðið á ekki að verða hærra en 25% af tekjum leigjenda, en þó verður rekstur íbúðanna að vera sjálfbær.

Til að þetta sé mögulegt verður dregið úr kostnaði eins og mögulegt er, með því að hafa færri og betur nýtt fermetra, með því að fækka bílastæðum og fleiru í þeim dúr, sagði Björn. Hann nefndi sem dæmi að mögulega verði hægt að vera með aðgengi að bílaleigubíl í skammtímaleigu, sem íbúar geti bókað í stuttan tíma í einu, og þannig komist hjá því að vera á bíl, eða að minnsta kosti sloppið við að eiga fleiri en einn.

Björn sagði hugmyndina þá að vera með blandaða byggð í þeim húsum sem félagið reisi. Þar verði bæði íbúðir í útleigu Bjargs, félagslegar íbúðir og jafnvel íbúðir leigðar í almenna kerfinu. Áherslan verði á fjölbreytni einstaklinga og fjölskyldugerða á ólíkum lífsskeiðum með ólíkan bakgrunn.

Þá fjallaði Emma Hildur Helgadóttir, arkitekt frá THG arkitektum um útlit og hönnun íbúða fyrir Bjarg. Þar ræddi hún sérstaklega um hús sem verða reist við Skarðshlíð í Hafnarfirði, en aðrir arkitektar hafa hannað aðra íbúðakjarna Bjargs. Áherslan verður á að nýta hvern fermetra á sem bestan hátt og hafa íbúðirnar bjartar og fallegar.

## Hádegisfundur um einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu

BSRB stóð fyrir opnum hádegisfundi um einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu 9. október 2017, í aðdraganda þingkosninga. Birgir Jakobsson, þáverandi landlæknir, ávarpaði fundinn, en að því loknu fór Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar og áhugamaður um heilbrigðiskerfið, yfir sína sýn á rekstarform í heilbrigðisþjónustunni.

Í ávarpi sínu sagði Birgir að einkavæðing í heilbrigðiskerfinu hafi verið nánast stjórnlaus í skjóli samnings Sjúkratrygginga Íslands við lækna. Hann gagnrýndi harðlega þá þróun sem orðið hefur í heilbrigðiskerfinu á undanförunum árum og áratugum.

Birgir gagnrýndi mismunandi fjármögnun opinbera heilbrigðiskerfisins og þess hluta sem er í einkarekstri. Hið opinbera kerfi sé fjármagnað á fjárlögum með fastri upphæð, óháð verkefnum, en í einkageiranum sé greitt fyrir unnin verk. Hann sagði þetta greiðslukerfi mjög hvetjandi fyrir einkarekna þjónustu til að gera sem mest en um leið letjandi fyrir opinberu heilbrigðisþjónustuna. Þetta kerfi hafi leitt til þess að afköstin hafi ekki verið nægilega mikil.

Þá vísaði landlæknir til nýlegrar rannsóknar embættisins þar sem í ljós komu sterkar vísbendingar um oflækningar hjá einkareknum heilbrigðisfyrirtækjum. Hann sagði kerfið hvetja til oflækninga, það sjáist bæði á fjölda aðgerða og lyfjaneyslu þegar borið sé saman við nágrannalöndin.

Kári Stefánsson var ómyrkur í máli og sagði einkarekin heilbrigðisfyrirtæki vega að gæðum íslenskrar heilbrigðisþjónustu. Hann benti á að engin heildarstefna væri til fyrir heilbrigðiskerfið. Hér hafi átt sér stað nokkurn veginn stjórnlaus einkavæðing. Í raun hafi Sjúkra-tryggingar Íslands fengið að stýra allt of miklu.

Hann sagði það alveg skýrt í sínum huga að einkarekin heilbrigðisfyrirtæki á borð við Klíníkina í Armúlanum vegi að gæðum íslenskrar heilbrigðisþjónustu á margan hátt. Hann nefndi sem dæmi að þar starfi engir lyflæknar og ef vandamál komi upp í svæfingu, til að mynda ef sjúklingur fer í hjartastopp, sé ekkert til ráða annað en að senda hann á bráðamóttöku Landspítalans. Sama gildi þegar sýkingar komi upp eftir aðgerðir hjá einkastofunum.

Kári benti einnig á að erfitt geti verið í jafn smáum samfélagi og á Íslandi að viðhalda þekkingu og getu heilbrigðisstarfsfólks og þjálfna nýtt. Starfsmenn þurfi að viðhalda sinni kunnáttu með því að gera ákveðinn fjölda aðgerða og með því að dreifa þeim á marga staði sé verið að draga úr möguleikum starfsmanna til að halda sinni þjálfun. Þá þurfi að mennta næstu kynslóð heilbrigðisstarfsmanna á því háskólasjúkrahúsi sem Landspítalinn er, það verði ekki gert á einkareknum stofum úti í bæ.

## Ráðstefna um hlutverk karla í jafnréttisbaráttu

Brjánn Jónasson, kynningafulltrúi BSRB, sat ráðstefnu um hlutverk karla í jafnréttisbaráttu í Kaupmannahöfn í október 2017. Þar var fjallað um jafnréttismál út frá sjónarhorni beggja kynja og áhersla lögð á að fá fram sjónarmið karla um hvernig hægt sé að vinna að því að jafna hlut



Mynd 32 - Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, var ómyrkur í máli á fundi um heilbrigðismál.

kynjanna á vinnumarkaði og í samfélaginu í heild. Ráðstefnan var haldin með svokölluðu rakarastofusniði (e. barbershop) sem gengur út á að búa til umhverfi og aðstæður sem hvetja karla til að taka þátt í umræðum um jafnrétti kynjanna.

Á ráðstefnunni fjallaði fjöldi fyrirlesara um málefnið út frá ýmsum sjónarhornum. Þá var þátttakendum skipt í umræðuhópa til að fjalla um eigin upplifanir og setja þær í samhengi við það sem fram hafði komið í fyrirlestrunum. Í lok ráðstefnunnar voru þátttakendur hvattir til að setja sér markmið um hvernig þeir ætluðu að breiða út boðskapinn og vinna að jafnréttismálum innan sinna samtaka eða síns vinnustaðar.

## Verkalýðshreyfingin og #metoo

Heildarsamtök launafólks ásamt Kvenréttindafélagi Íslands stóðu sameiginlega að samráðsfundi með #metoo konum 10. febrúar 2018. Á fundinum, sem var haldinn með þjóðfundarsniði, voru mótaðar tillögur að næstu skrefum og aðgerðum stéttarféлага og heildarsamtaka launafólks vegna #metoo byltingarinnar.

Á fundinum var rætt um hvað þarf að gera til að breyta vinnumenningu á Íslandi og tryggja öruggt starfsumhverfi. Megináherslan var á forvarnir, hvernig stjórnvöld, vinnustaðir og stéttarfélag geti stuðlað að þeim. Þá var einnig fjallað um sérstakar aðgerðir sem gæti þurft að grípa til innan einstakra starfsgreina, sér í lagi þeirra þar sem karlar eru í meirihluta.

Einnig var fjallað um hvernig hægt er að tryggja að sanngirni sé gætt þegar kynbundin og kynferðisleg áreitni og annað ofbeldi á sér stað á vinnustöðum. Þar var meðal annars rætt um farveg fyrir þolendur, hvernig fyrirbyggja má endurtekin brot og viðbrögð gagnvart gerendum.

Að lokum var rætt um þær aðgerðir sem nauðsynlegt er að grípa til, til að fylgja eftir #metoo byltingunni. Þar var áherslan á að móta aðgerðaráætlun sem hægt verður að fylgja eftir gagnvart stjórnvöldum, fulltrúum atvinnurekenda og innan stéttarféлага og heildarsamtaka launafólks.

Miklar og góðar umræður spunnust um þessi atriði og fjölmargar góðar ábendingar og hugmyndir komu fram. Í kjölfarið var unnið úr ábendingunum og leitað leiða til að hrinda þeim í framkvæmd.

## Menntadagur BSRB

Fyrsti menntadagur BSRB var haldinn 20. mars 2018. Á fundinum voru menntamál eins og þau snúa við aðildarfélögum bandalagsins til umfjöllunar. Fjallað var um fagháskólanám, raunfærnimat og hverjar áherslur BSRB eigi að vera í menntamálum.

Meðal gesta voru Runólfur Ágústsson frá Ráðgjöf og verkefnastjórnun sem fór yfir fagháskólanámið, aðdraganda þess að ráðist var í verkefnið, undirbúningur og árangur fram að þessu. Að loknu erindi Runólfs fóru þau Birna Ólafsdóttir frá Sjúkraliðafélagi Íslands, Róbert H. Haraldsson, prófessor við Háskóla Íslands, og Þórarinn Eyfjörð frá SFR yfir árangurinn af verkefnum sem þegar eru í vinnslu.

Að lokinni umfjöllun um fagháskólanámið var fjallað um raunfærnimat. Þau Haukur Harðarson frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Sólborg Alda Pétursdóttir frá Starfsmennt fjölluðu um hvernig gengið hefur á þeim tíu árum sem raunfærnimatið hefur verið í gangi og hvernig BSRB og aðildarfélög bandalagsins geta beitt sér.

Að lokum var þátttakendum skipt í hópa sem fjölluðu um mikilvægustu verkefni BSRB og aðildarfélaganna í menntamálum. Þar var ýmsum sjónarmiðum komið á framfæri sem eflaust munu nýtast vel í starfi menntanefndar BSRB og á næsta þingi bandalagsins hausti 2018 þar sem umræðu um menntamál verður haldið áfram.

# Vinnuhópar og nefndir á vegum stjórnvalda

BSRB skipar á hverju ári fjölda fulltrúa á sínum vegum í hinar ýmsu nefndir, ráð og samstarfshópa á vegum ríkis og sveitarfélaga. Má þar nefna nefnd um endurskoðun almannatrygginga, starfshóp um mótun tillögu um framtíðarstefnu í fæðingarorlofsmálum, starfshóp um tilraunaverkefni um styttingu vinnuvikunnar, aðgerðarhóp um launajafnrétti, jöfnun launa á milli markaða og fleira.

Fulltrúar BSRB í hinum ýmsu nefndum, ráðum og samstarfshópum eru taldir upp aftast í þessari skýrslu. Hér á eftir er farið yfir störf nokkurra þeirra nefnda og starfshópa sem fulltrúar BSRB hafa starfað hvað mest að frá 44. þingi bandalagsins.

## Aðgerðahópur um launajafnrétti

Sonja Ýr Þorbergsdóttir, lögfræðingur BSRB, hefur átt sæti í aðgerðarhópi stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um launajafnrétti á vegum velferðarráðuneytisins frá því honum var komið á fót í desember 2012.

Hópurinn hefur sinnt fjölbreyttum verkefnum. Frá október 2015 hefur megináhersla hópsins verið á innleiðingu jafnlaunastaðals sem felur m.a. í sér eftirfylgni með tilraunaverkefni þar um. Á síðasta ári lét aðgerðarhópurinn vinna tvær umfangsmiklar rannsóknir, annars vegar launarannsókn og hins vegar um stöðu karla og kvenna á vinnumarkaði. Í kjölfarið hefur svo verið unnið úr niðurstöðum þeirra skýrslna.

Einkum hefur verið lögð áhersla á hvernig megi leiða til breytinga á afar kynskiptum vinnumarkaði hér á landi, svo sem með athugun kynbundins náms- og starfsvals. Ástæðan er sú að niðurstöður fyrrnefndra rannsókna er að kynskiptur vinnumarkaður er ein meginorsök launamunar kynjanna.

Af öðrum verkefnum má nefna undirbúning árlægs jafnlaunadags, fræðslusíðu um jafnlaunastaðallinn og hvernig megi leiða til aukinnar samþættingu fjölskyldu og atvinnulífs.

Á árunum 2017 og 2018 vann aðgerðarhópurinn meðal annars að undirbúningi rannsókna um hlutastörf á íslenskum vinnumarkaði í samstarfi við Hagstofu Íslands og Guðbjörgu Lindu Rafnsdóttur prófessor í félagsfræði. Meginmarkmið rannsóknarinnar er að kanna nánar ástæður þess að fleiri konur en karlar vinna hlutastörf og hvort konum bjóðist síður en körlum að gegna fullu starfi á íslenskum vinnumarkaði og verða niðurstöðurnar nýttar við mótun tillagna um hvernig draga megi úr kynjamun hvað hlutastörf varðar.

Þá hefur aðgerðarhópurinn unnið áfram að verkefninu Stelpur og tækni í samstarfi við Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Háskólann í Reykjavík. Markmið verkefnisins er að fjölga konum í verk- og raunvísindum en í ár er sérstök áhersla lögð á stúlkur á landsbyggðinni. Þá var endurtekin rannsókn á launamun karla og kvenna nú fyrir árin 2014 til 2017 og voru helstu niðurstöður birtar í Hagtíðindum 8. mars 2018 og á Jafnréttisþingi sama dag sem hópurinn tók þátt í undirbúningi á.

Megináhersla í starfi aðgerðarhópsins hefur þó verið á undirbúning lögfestingu jafnlaunavottunar og þeirra reglugerða sem tengjast vottuninni. Samtal um eftirlit samtaka aðila vinnumarkaðarins er þegar komið af stað með jafnlaunavottuninni. Tilraunaverkefni um innleiðingu jafnlaunastaðals sem hófst 2013 er jafnframt formlega lokið nú en um 15 stofnanir fyrirtæki og stofnanir sem tóku þátt fengu vottun.

## Endurskoðun almannatrygginga

Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, átti sæti í nefnd um endurskoðun almannatryggingakerfisins sem lauk störfum og skilaði félags- og húsnæðismálaráðherra niðurstöðum sínum þann 1. mars 2016. Nefndin var skipuð í nóvember 2013 með það að markmiði að gera drög að frumvarpi til nýrra laga um lífeyristryggingar almannatrygginga.

Verkefni nefndarinnar var tvískipt. Annars vegar átti hún að fjalla um starfsgetumat sem komi í stað gildandi örorkumats og sveigjanleg starfslok. Hins vegar var henni falið að fjalla um fjárhæð lífeyrisgreiðslna til aldraðra og öryrkja þar sem byggja átti að miklu leyti á þeirri vinnu sem þegar hafði verið unnin í tengslum við heildarendurskoðun almannatryggingakerfisins.

Í skýrslu nefndarinnar er lagt til að bótakerfið verði einfaldað verulega og að möguleikarnir á sveigjanlegum starfslokum og starfslokaaldri verði auknir. Þá var lagt til að lífeyrisaldur hækki í skrefum úr 67 ára til 70 ára aldurs. Nefndin lagði einnig til leiðir til að afnema víxlverkanir í samspili almannatrygginga og lífeyrissjóða. Þá lagði hún til að tekið verði upp starfsgetumat í stað núgildandi læknisfræðilegs mats á örorku.

Í kjölfarið setti félags- og húsnæðismálaráðherra á fót samráðshóp um almannatryggingar sem er falið að hafa samráð um gerð frumvarps til laga byggt á tillögum nefndarinnar. Hópurinn tók til starfa í byrjun apríl 2016. Fulltrúi BSRB í nefndinni er Sonja Ýr Þorbergsdóttir lögfræðingur BSRB.

## Endurskoðun fæðingarorlofs

Félags- og húsnæðismálaráðherra skipaði í desember 2014 starfshóp sem móta átti tillögu að framtíðarstefnu í fæðingarorlofsmálum. Sonja Ýr Þorbergsdóttir, lögfræðingur BSRB, var fulltrúi BSRB í hópnum, sem skilaði ráðherra niðurstöðu sinni 11. mars 2016.

Helstu niðurstöður meirihluta starfshópsins, sem BSRB tekur undir, voru þær að tekjur allt að 300 þúsund krónum skerðist ekki í fæðingarorlofi og að hámarksgreiðslur á mánuði hækki í 600 þúsund krónum. Þá að fæðingarorlofið verði lengt úr níu mánuðum í tólf í áföngum og að hvort foreldri um sig fái fimm mánaða orlof, auk tveggja mánaða sem foreldrarnir geta deilt sín á milli.

Þá telur starfshópurinn mikilvægt fyrir jafnrétti kynjanna að hægt verði að bjóða börnum dvöl á leikskóla eftir að fæðingarorlofi foreldra lýkur. Lagt er til að stofnuð verði verkefnisstjórn með fulltrúum ríkis og sveitarfélaga sem vinni þarfagreiningu og aðgerðaáætlun um leiðir, þar með talið fjármögnun, sem gerir mögulegt að bjóða öllum börnum dvöl á leikskóla við tólf mánaða aldur frá 1. janúar 2021.

Í hópnum áttu sæti fulltrúar frá BSRB, Alpýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólamanna, fjármála- og efnahagsráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Samtökum atvinnulífsins. Formaður hópsins var Birkir Jón Jónsson alþingismaður. Allir fulltrúarnir standa að baki skýrslu hópsins en ekki náðist samstaða um allar tillögurnar, líkt og fram kemur í fyrirvörum með lokaskýrslu.

## Jöfnun launa milli markaða

Forsenda þess að samkomulag náðist varðandi samræmingu lífeyrisréttinda haustið 2016 var að launakjör á almenna og opinbera markaðinum yrðu samræmd. Skýrt er kveðið á um þetta í 7. grein samkomulags sem BSRB, BHM og KÍ gerðu við ríki og sveitarfélög um breytingar á lífeyrismálum sem undirritað var í september 2016.

Áður en eiginleg vinna gat hafist þurftu þeir sem að henni munu koma að ná saman um forsendur og aðferðafræði. Stofnaður var vinnuhópur sem Kristinn Bjarnason, hagfræðingur BSRB, sat í fyrir hönd bandalagsins sem vann grunnvinnu sem vinna eiginlegs starfshóps mun byggja á.

Starfshópurinn var skipaður vorið 2018 en honum er ætlað að vinna að útfærslu á jöfnun launa milli markaða. Árni Stefán Jónsson, 1. varaformaður BSRB, er fulltrúi bandalagsins í hópnum en Kristinn Bjarnason, hagfræðingur BSRB, er varamaður.

Samkvæmt samkomulaginu á að útfæra jöfnun launa í kjarasamningum svo mikilvægt er að vinna hratt. Samningar flestra aðildarfélaga BSRB losna á næsta ári og er líklegt að gerð verði krafa um að áætlun liggja fyrir um hvernig staðið verði að jöfnun launa milli markaða.

## Launaþróunartryggingin

Ekkert framhald hefur orðið á vinnu við að þróa nýtt kjarasamningslíkan að norrænni fyrirmynd frá miðju ári 2016, eins og rakið hefur verið hér að framan.

Eitt af því sem það samtal leiddi þó af sér var rammksamkomulag aðila vinnumarkaðarins sem BSRB, ASÍ, ríki og sveitarfélögin undirrituðu árið 2015. Þar er meðal annars kveðið á um sérstaka launaþróunartryggingu sem gengur út á að opinberum starfsmönnum verði bætt launaskrið sem verður á almennum markaði umfram þann opinbera á árabílinu 2015 til 2019.

Talsverð vinna var lögð í aðferðafræði við útreikninga og mælingar á launaskriði á almenna og opinbera markaðinum en þegar sátt hafði verið náð um aðferðafræðina tók við vinna við að mæla launaskriðið. Gerðar verða þrjár mælingar á tímabilinu.

Niðurstaða fyrstu mælingarinnar var sú að félagar BSRB sem starfa hjá ríkinu höfðu dregist aftur úr almenna markaðinum á árabílinu 2013 til 2016. Því voru laun þeirra hækkuð um 1,3 prósent umfram hækkanir í kjarasamningum í febrúar 2018, afturvirkir frá 1. janúar 2017. Laun starfsmanna hjá sveitarfélögum tóku ekki breytingu vegna fyrstu mælingarinnar.

Önnur mæling var gerð í nóvember 2017 og tók til ársins 2017. Hún leiddi í ljós að laun starfsmanna sveitarfélaga höfðu setið eftir og voru þau því hækkuð um 1,4 prósent, afturvirkir frá 1. janúar 2018. Laun starfsmanna hjá ríkinu hækkuðu ekki vegna þessarar mælingar.

Þriðja og síðasta mælingin verður gerð í nóvember 2018 vegna ársins 2018. Ekki er ljóst hvort launaþróunartryggingin verði notuð eftir það, en samningar flestra aðildarfélaga BSRB renna út í lok mars 2019. Aðildarfélög bandalagsins geta í þeim samningum byggt á þeirri vinnu sem unnin hefur verið við mat á launaskriði og samið um launaþróunartryggingu við sína viðsemjendur.

## Nýtt vinnumarkaðslíkan

Ákveðið var að stofna samstarfsnefnd um launaupplýsingar og efnahagsforsendur kjarasamninga, betur þekktá sem Salek-starfshópurinn, í júní 2013. Salek-hópurinn undirritaði rammksamkomulag aðila vinnumarkaðarins um samstarf um launaupplýsingar og efnahagsforsendur kjarasamninga í lok október 2015, en þar var meðal annars fjallað um sameiginlega launastefnu til loka árs 2018.

Salek-hópurinn starfaði áfram og vann að breytingu á kjarasamningslíkaninu. Fenginn var erlendur sérfræðingur til að aðstoða hópurinn og haldinn fundur til að fá fram sjónarmið aðila vinnumarkaðarins.

Eins og fjallað er um í sérstökum kafla um Salek-samkomulagið hér að framan slitnaði upp úr samstarfi Salek-hópsins í lok árs 2016 og hefur hann ekki komið saman síðan þá.

## Ráðgjafarnefnd Landspítalans

Heilbrigðisráðherra skipaði Landspítalanum ráðgjafarnefnd til fjögurra ára 25. júní 2018 og tók Helga Jónsdóttir, framkvæmdastjóri BSRB, sæti í nefndinni.

Nefndin á að vera forstjóra og framkvæmdastjórn spítalans til ráðgjafar og álits um þjónustu, starfsemi og rekstur spítalans. Þá á nefndin að fjalla um árlegar starfs- og fjárhagsáætlanir spítalans og langtímaþefnu hans. Tilgangurinn með starfsemi nefndarinnar er einkum sá að efla tengsl Landspítalans við þjóðfélagið og gefa notendum þjónustunnar tækifæri til að hafa áhrif á starfsemi og þjónustu spítalans, eins og segir í erindisbréfi til nefndarmanna.

## Samráðshópur um aukna hagsæld

Samráðsvettvangur um aukna hagsæld á Íslandi var þverpólítískur og þverfaglegur vettvangur sem ætlað var að stuðla að heildstæðri og málefnalegri umræðu um leiðir til að tryggja hagsæld Íslendinga til lengri tíma litið.

Þar áttu sæti formenn allra stjórnmalaflokka sem sæti áttu á Alþingi, helstu hagsmunasamtök launafólks og atvinnurekenda, fulltrúar háskólasamfélagsins, sveitarfélaga og stjórnendur fyrirtækja úr ýmsum atvinnugreinum. Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, átti sæti í hópnum fyrir hönd bandalagsins.

Samráðsvettvanginum var ætlað að stuðla að heildstæðri og uppbyggilegri umræðu um leiðir til að tryggja hagsæld Íslendinga til lengri tíma litið og skapa þverpólítískan umræðuvettvang fyrir framsýna og málefnaþrífna umræðu um viðfangsefnið. Einnig að móta heildstætt óháð yfirlit yfir aðgerðir sem geta stuðlað að langtímahagvexti og efnahagslegum stöðugleika. Að auki var fjallað um þau skilyrði og ákvarðanir sem þörf er á til að hægt sé að hrinda viðkomandi aðgerðum í framkvæmd.

Langt hlé varð á starfsemi hópsins frá því skömmu fyrir kosningar haustið 2016 og þar til haustið 2018. Ástæðan var sú ákvörðun meirihluta hópsins að láta sérstakan undirhóp vinna tillögur að skattabreytingum. BSRB, eins og aðrir aðilar hópsins úr verkalýðshreyfingunni, töldu sjónarhornið á verkefnið allt of þröngt og ákváðu að taka ekki þátt í störfum samráðsvettvangsins eftir að tillögurnar voru kynntar.

Forsætisráðherra endurvakti hópin haustið 2018 og breytti skipulagi hans nokkuð. Samráðshópurinn var felldur inn í vinnu við að móta stefnu fyrir framtíð Íslands í ljósi mikilla breytinga sem heimurinn mun ganga í gegnum á næstu árum og áratugum.

Samráðsvettvanignum var falið að gera aðgerðaráætlun um áhrif fjórðu iðnbyltingarinnar á íslenskt atvinnulíf og vinnumarkað, ásamt því að koma með tillögu um hvernig atvinnulífið ætlaði að koma að kolefnalausum Íslandi árið 2040. Til hliðar við samráðsvettvanginn starfaði Vísinda- og tækniráð, sem horfir til menntunar, grunnrannsókna og nýsköpunar, og Framtíðarnefnd þingmanna sem horfa á til þróun löggjafar og fleira.

## Samráðshópur um endurskoðun búvörusamninga

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipaði samráðshóp um endurskoðun búvörusamninga í samræmi við ákvæði bráðabirgða við búvörulög sem voru samþykkt á Alþingi í september 2016. Hlutverk hópsins var að undirbúa endurskoðun á búvörusamningum og framkvæmd landbúnaðarstefnunnar og átti starfshópurinn að ljúka störfum fyrir lok árs 2018.

Formannaráð BSRB ákvað á fundi sínum í byrjun september 2016 að bandalagið myndi taka þátt í vinnu samráðshópsins en auk fulltrúa frá BSRB áttu sæti í hópnum fjölmargir aðilar frá hagsmunaaðilum, launþegahreyfingunni, samtökum bænda, samtökum atvinnurekenda, stjórnvöldum og neytendum.

Fulltrúi BSRB í samráðshópnum var Helga Jónsdóttir framkvæmdastjóri bandalagsins. Hópurinn hóf vinnu við að kynna sér landbúnaðarkerfið í heild og fundaði nokkuð þétt til að byrja með. Eftir stjórnarskipti í lok árs 2017 tók nýr landbúnaðarráðherra ákvörðun um að endurskipa í hópin og fækka fulltrúum. Hann bauð BSRB og ASÍ að skipa sameiginlega einn fulltrúa. Því var hafnað og skipuðu því hvorki ASÍ né BSRB fulltrúa í hópin.

## Samtalið við stjórnvöld og Þjóðhagsráð

Ný ríkisstjórn sem tók við völdum eftir kosningar haustið 2017 lagði mikið upp úr samtali við aðila vinnumarkaðarins. Fundað var stíft frá byrjun desember út febrúar um ýmis málefni sem skipta BSRB og samfélagið máli. Þá hefur formaður bandalagsins ásamt 1. varaformanni eða



framkvæmdastjóra fundað með einstökum ráðherrum um áherslur BSRB í þeim málaflokkum sem undir þá heyrja.

Fyrsta stóra málið sem var tekið fyrir á fundum ríkisstjórnarinnar með aðilum vinnumarkaðarins var Kjararáð. Ákveðið var að setja á laggirnar vinnuhóp sem kortleggja átti stöðu þeirra hópa sem heyrja undir ráðið og koma með tillögur að breytingum. Helga Jónsdóttir, framkvæmdastjóri BSRB, var fulltrúi opinberu félaganna í hópnum.

BSRB og önnur heildarsamtök launafólks lögðu mikla áherslu á að fjallað yrði um mikilvægi félagslegs stöðugleika á fundum með ríkisstjórninni. Í kjölfar umræðu boðaði forsætisráðherra breytingu á Þjóðhagsráði þannig að ráðið fjalli bæði um efnahagslegan og félagslegan stöðugleika, eins og samtök launafólks höfðu krafist. Í kjölfarið samþykkti stjórn BSRB að taka þátt í starfsemi ráðsins. Miðstjórn ASÍ hafnaði því hins vegar að fulltrúar sambandsins tækju sæti í ráðinu.

Á fundum með ráðherrum var einnig fjallað um launatölfræði og skipaðir tveir starfshópar til að undirbúa upptöku launaupplýsinga og undirbúa úrbætur á úrvinnslu og nýtingu tölfræðiupplýsinga. Helga Jónsdóttir, framkvæmdastjóri BSRB, er fulltrúi bandalagsins í hópnum. Þá var fjallað um vinnumarkaðssjóði, menntamál og efnahagsmál, svo eitthvað sé nefnt.

Fundirnir með stjórnvöldum héldu áfram fram á vor. Í ágúst var boðað til fundar til að kynna skýrslu Gylfa Zoega um stöðu efnahagsmála í aðdraganda kjarasamninga en ekki var ljóst þegar skýrslan fór í prentun hvort fleiri fundir yrðu haldnir í bili.

## **Stytting vinnuvikunnar**

BSRB hefur barist fyrir styttingu vinnuvikunnar lengi en á undanförunum árum hafa áherslur bandalagsins náð betur í gegn en áður. Settir voru á laggirnar tveir starfshópar um tilraunaverkefni um styttingu vinnuvikunnar. Annar var með fulltrúum BSRB og Reykjavíkurborgar en hinn með fulltrúum BSRB og ríkisins. Nánar er fjallað um styttingu vinnuvikunnar og tilraunaverkefnin tvö í öðrum kafla þessarar skýrslu.

## **Viðræður um jöfnun lífeyrisréttinda**

Viðræður um jöfnun lífeyrisréttinda á almenna og opinbera vinnumarkaðinum stóðu yfir frá árinu 2009 allt til september 2016 þegar skrifað var undir samkomulag um breytingar. Kveikjan að þessari vinnu var erfið staða opinberu lífeyrissjóðanna sem voru komnir í þá stöðu að standa ekki undir framtíðarskuldbindingum sínum.

Eftir að skrifað var undir samkomulag um samræmingu lífeyrisréttinda setti Alþingi lög sem byggja áttu á samkomulaginu. BSRB og önnur heildarsamtök sem að því stóðu töldu lögina ekki endurspeglja samkomulagið. Nánar er fjallað um málið hér að framan í sérstökum kafla um lífeyrismál.

# Kynjabókhald BSRB

Í stefnu BSRB um jafnréttismál sem samþykkt var á 44. þingi bandalagsins í október 2015 er kveðið á um að starfsemi aðildarfélaganna BSRB og skrifstofa bandalagsins skuli endurspeglar að unnið sé í samræmi við jafnréttislög. Þá er eitt af hlutverkum BSRB að vinna að auknu jafnrétti skv. 2. gr. laga BSRB.

Litlar breytingar hafa orðið á kynjahlutföllum á meðal félagsmanna BSRB, í stjórn og í formannaráði milli þinga og frá því fyrsta kynjabókhaldið var tekið saman árið 2010. Körlum fjölga orlitið meðal félaga í aðildarfélagum bandalagsins, og eru nú 34 prósent félagsmanna en ekki 33 prósent eins og árið 2015. Aðrar breytingar eru sambærilegar eða minni.


Kynjahlutföll í stjórn BSRB eru eins jöfn og mögulegt er, en þar sitja fimm konur og fjórir karlar sem aðalfulltrúar. Hlutföllin eru jöfn á meðal varamanna, þar sem tvær konur og tveir karlar eiga sæti.

Í formannaráði BSRB, þar sem sæti eiga formenn allra aðildarfélaganna bandalagsins, auk formanns BSRB, eru karlar í meirihluta. Alls eru karlarnir 16 talsins, eða um 59 prósent, en konur eru 11, eða um 41 prósent.


Kynjahlutföllin í starfsnefndum BSRB eru svipuð og þau voru árið 2015. Þegar starfandi fulltrúar í nefndunum eru taldir saman eru konur um 58 prósent nefndarfólks en karlar 42 prósent.

Nákvæmar upplýsingar um stöðuna í einstökum nefndum, stjórnnum aðildarfélaganna og víðar má lesa úr myndunum hér að neðan.

Þegar kemur að starfsemi bandalagsins almennt er mikil áhersla lögð á að gæta að því að kynjahlutföll séu sem jöfnust, til dæmis þegar kemur að vali á ræðumönnum á fundum og málstofum, gestum nefnda og annarsstaðar.




### Formannaráð BSRB




■ Karlur ■ Konur

### Stjórnir aðildarfélaganna BSRB



■ Karlur ■ Konur

### Starfsnefndir BSRB



# Samstarf heildarsamtaka á vinnumarkaði

Hluti af verkefnum BSRB er samstarf við önnur samtök launafólks, fyrst og fremst hér á landi en einnig erlendis. Bandalagið vinnur náið með Bandalagi háskólamanna (BHM) og Kennarasambandi Íslands (KÍ) í ýmsum málum, sér í lagi þegar kemur að lífeyrismálum opinberra starfsmanna. Haldnir eru reglulegir samráðsfundir til að unnið sé með markvissum hætti að hagsmunum félagsmanna.

BSRB vinnur einnig reglulega með Alþýðusambandi Íslands (ASÍ) vegna sameiginlegra hagsmunamála. Frá 44. þingi BSRB hefur samstarfið meðal annars snúist um stofnun og rekstur Bjargs íbúðafélags og sameiginlegt málþing um einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu 3. maí 2016. Þá hefur BSRB unnið með öðrum heildarsamtökum launafólks um bætt vinnubrögð við gerð kjarasamninga, viðbrögð við #metoo, útgáfu bæklinga um kynbundna og kynferðislega áreitni og öðru ofbeldi á vinnustöðum á íslensku, ensku og pólsku.

## Erlent samstarf

BSRB er aðili að Alþjóðasambandi verkalýðsfélaga, ITUC, Evrópusambandi verkalýðsfélaga, ETUC, og Norræna verkalýðssambandinu, NFS. Þing sambandanna sem haldin eru á fjögurra ára fresti eru sótt, auk þess sem fylgst er með málum sambandanna annars vegar beint og hins vegar í gegnum NFS.

Eins og áður hefur megin þungi í samskiptum BSRB við erlend samtök launafólks verið í gegnum Norræna verkalýðssambandið, NFS. Fulltrúi bandalagsins situr jafnan tvo stjórnarfundir NFS á hverju ári.

Þá hefur Helga Jónsdóttir, framkvæmdastjóri BSRB, tekið þátt í samstarfi framkvæmdastjóra innan NFS (Strategigruppen). Markmiðið með því samstarfi er aukið samráð milli skrifstofu NFS og félaganna á milli funda og fara fundir hópsins yfirleitt fram í gegnum fjarfundarbúnað. BSRB hefur einnig tekið þátt í samstarfi félaga opinberra starfsmanna innan NFS, (Nordiske tjenestamenn), og sótt fundi í því samstarfi einu sinni á ári.

BSRB hefur einnig verið aðili að Alþjóðlegum heildarsamtökum opinberra starfsmanna, PSI, Evrópskum heildarsamtökum opinberra starfsmanna, EPSU, og Norrænum heildarsamtökum opinberra starfsmanna, NOFS.

Á árinu 2017 fór fram umræða bæði í stjórn BSRB og á fundum formannaráðs um tilhögun erlends samstarfs BSRB. Hugmyndir eru uppi um að aðildarfélög bandalagsins taki alfarið yfir þátttöku og samhliða því kostnað við starfsemi PSI, EPSU og NOFS, ásamt undirnefndum EPSU. SFR hefur þegar tekið að sér að sinna fundum NOFS og skipað fulltrúa í undirnefnd EPSU um ríkisstarfsmenn. Þá hefur Sjúkraliðafélag Íslands skipað fulltrúa í undirnefnd EPSU um heilbrigðismál.

Reiknað er með að tekin verði ákvörðun um framtíðartilhögun samstarfsins haustið 2018.

# Fulltrúar BSRB í nefndum og ráðum

Fulltrúar BSRB eiga sæti í ýmsum nefndum og ráðum hérlendis og erlendis, þar sem þeir gæta hagsmuna félagsmanna aðildarfélaga bandalagsins.

## Innlendar nefndir og ráð

BSRB skipar fulltrúa í ýmsar nefndir, ráð, stjórnir, stýrihópa og annað sem fellur að starfsemi bandalagsins. Listi yfir þær nefndir og þau ráð, ásamt þeim fulltrúum bandalagsins sem í þeim sitja, fer hér á eftir.

### Félagamiðstöðin

Aðal: Helga Jónsdóttir formaður, Elísabet Þórolfsdóttir, Ása Clausen, Þórarinn Eyfjörð, Snorri Magnússon

Vara: Elín Björg Jónsdóttir, Garðar Hilmarsson, Árni Stefán Jónsson, Jón Ingi Cesarsson, Guðlaug Hreinsdóttir

### Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, LSR

Aðal: Árni Stefán Jónsson, Þórveig Þormóðsdóttir

Vara: Guðrún Árnadóttir, Kristín Á. Guðmundsdóttir

### Starfsnefnd LSR

Helga Jónsdóttir

### Brú lífeyrissjóður

Aðal: Elín Björg Jónsdóttir, Garðar Hilmarsson

Vara: Sverrir Björn Björnsson, Ingibjörg Kristleifsdóttir

### Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda

Aðal: Reynir Þorsteinsson

Vara: Sonja Ýr Þorbergsdóttir

### Félagsmálaskóli alþýðu skólanefnd

Aðal: Karl Rúnar Þórsson

Vara: Þórveig Þormóðsdóttir

### Starfsgreinaráð heilbrigðis-, félags- og uppeldisgreina

Aðal: Þórarinn Eyfjörð, Birna Ólafsdóttir, Jakobína Þórðardóttir

Vara: Hermann Óli Davíðsson, Magnús Gísli Sveinsson, Edda Ragna Davíðsdóttir

### Starfsgreinaráð skrifstofu- og verslunargreina

Aðal: Jófríður Hanna Sigfúsdóttir

Vara: Halla Reynisdóttir

**Starfsgreinaráð umhverfis- og landbúnaðargreina**

Aðal: Védís Guðjónsdóttir

Vara: Garðar Hilmarsson

**Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf.**

Aðal: Karl Rúnar Þórsson

Vara: Þórveig Þormóðsdóttir

**Stjórn Fræðslusjóðs**

Aðal: Garðar Hilmarsson

Vara: Birna Ólafsdóttir

**Stjórn Virk**

Aðal: Elín Björg Jónsdóttir

Vara: Kristín Á. Guðmundsdóttir

**Samráðshópur um fagháskólanám**

Dalla Ólafsdóttir

**Samráðshópur um nám fullorðinna**

Aðal: Dalla Ólafsdóttir

Vara: Karl Rúnar Þórsson

**Vinnueftirlit ríkisins, stjórn**

Aðal: Sverrir Björn Björnsson

Vara: Bryndís Theódórsdóttir

**Vinnumálastofnun, stjórn**

Aðal: Arna Jakobína Björnsdóttir

Vara: Páll Svavarsson

**Vinnumarkaðsráð höfuðborgarsvæðisins**

Aðal: Páll Svavarsson

Vara: Jófríður Hanna Sigfúsdóttir

**Vinnumarkaðsráð Vesturlands**

Aðal: Helga Hafsteinsdóttir

Vara: Ingveldur Jónsdóttir

**Vinnumarkaðsráð Vestfjarða**

Aðal: Gabriela Aðalbjörnsdóttir

Vara: Helga Rebekka Stígisdóttir

**Vinnumarkaðsráð Norðurlands vestra**

Aðal: Árni Egilsson

Vara: Vernharð Guðnason

**Vinnumarkaðsráð Norðurlands eystra**

Aðal: Anna Rósa Magnúsdóttir

Vara: Reynir Stefánsson

**Vinnumarkaðsráð Austurlands**

Aðal: Baldur Baldursson

Vara: Hafsteinn Ólason

**Vinnumarkaðsráð Suðurlands**

Aðal: Stefanía Geirsdóttir

Vara: Unnur Sigmarsdóttir

**Vinnumarkaðsráð Suðurnesja**

Aðal: Stefán B. Ólafsson

Vara: Ingvar Georg Georgsson

**Nefnd um vinnustaðanámssjóð**

Aðal: Birna Ólafsdóttir

Vara: Karl Rúnar Þórsson

**Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta**

Ína Halldóra Jónasdóttir, Garðar Hilmarsson

**Ferðakostnaðarnefnd**

Guðmundur F. Guðmundsson

**Félagsdómur**

Bergþóra Ingólfssdóttir

**Jafnréttisráð**

Aðal: Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Maríanna Traustadóttir

Vara: Hlöðver Sigurðsson, Jóhann R. Sigursson

**Kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna**

Elín Björg Jónsdóttir, Helga Jónsdóttir, Kristinn Bjarnason

**Samráðsnefnd um veikindarétt**

Dalla Ólafsdóttir

**Stýrihópur um velferðarvakt**

Aðal: Garðar Hilmarsson

Vara: Edda Davíðsdóttir

**Nefnd skv. 27. grein starfsmannalaga**

Dalla Ólafsdóttir

**Stýrihópur um tilraunaverkefni um styttingu vinnudags án launaskerðingar hjá Reykjavíkurborg**

Helga Jónsdóttir (hætti í stýrihópnum á árinu), Sonja Ýr Þorbergsdóttir

**Samráðshópur um launatölfræði vegna samanburðar launa á opinberum og almennum markaði**

Aðal: Árni Stefán Jónsson

Vara: Kristinn Bjarnason

**Nefnd um leiðir til að sporna gegn sjálfvirkum vísitöluhækkunum ýmissa samninga á markaði**

Aðal: Kristinn Bjarnason

Vara: Helga Jónsdóttir

**Aðgerðahópur stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um launajafnrétti**

Aðal: Sonja Ýr Þorbergsdóttir

Vara: Kristinn Bjarnason

**Starfshópur um tilraunaverkefni um styttingu vinnutíma hjá ríkinu**

Aðal: Sonja Ýr Þorbergsdóttir

Vara: Kristinn Bjarnason

**Starfshópur vegna ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 127/2016**

Aðal: Kristín Á. Guðmundsdóttir

Vara: Ársæll Ársælsson

**Bakhópur BSRB um lægri lífeyristökualdur**

Kristín Á. Guðmundsdóttir, Snorri Magnússon, Magnús Smári Smárason, Birna Friðfinnsdóttir, Arna Jakobína Björnsdóttir, Árni Stefán Jónsson, Garðar Hilmarsson, Kári Örn Óskarsson



## **Óformlegar viðræður við stjórnvöld**

Elín Björg Jónsdóttir, Árni Stefán Jónsson

## **Stjórn húsnæðismálasjóðs**

Vara: Helga Jónsdóttir

## **Samráðsnefnd til undirbúnings ráðstefnu í tilefni aldarafmælis Alþjóðavinnu- stofnunarinnar (ILO) árið 2019**

Aðal: Sonja Ýr Þorbergsdóttir

Vara: Kristinn Bjarnason

## **Bjarg íbúðafélag, stjórn**

Aðal: Elín Björg Jónsdóttir, Árni Stefán Jónsson

Vara: Garðar Hilmarsson

## **Fulltrúaráð Bjargs íbúðafélags**

Aðal: Sandra B. Franks, Arna Jakobína Björnsdóttir, Karl Rúnar Þórsson, Ásbjörn Sigurðsson, Þórarinn Eyfjörð, Jakobína Þórðardóttir

## **Nefnd sem metur umfang kynferðislegrar áreitni o.fl.**

Aðal: Sonja Ýr Þorbergsdóttir

Vara: Þorsteinn V. Einarsson

## **Nefnd um kjararáð**

Helga Jónsdóttir

## **Samráðshópur um endurskoðun búvörusamninga**

Helga Jónsdóttir (féll út þegar endurskipað var í hópinn)

## **Nefnd um umbætur á úrvinnslu og nýtingu launatölfræðiupplýsinga**

Aðal: Helga Jónsdóttir

Vara: Kristinn Bjarnason

## **Nefnd félags- og jafnréttismálaráðherra í því skyni að bregðast við athugasemdum CRECO varðandi skipan dómara í Félagsdóm**

Aðal: Sonja Ýr Þorbergsdóttir

Dalla Ólafsdóttir var upphaflega skipuð sem aðalfulltrúi en Sonja tók við áður en nefndarstarf hófst.

## **Óformlegur vinnuhópur um forvarnir og snemmtæk inngrip**

Guðmundur Freyr Sveinsson

**Samráðshópur um undirbúning ráðstefnu um vinnumarkað**

Brjánn Jónasson

**Ráðgjafarnefnd Landspítalans**

Helga Jónsdóttir

## **Fulltrúar BSRB í erlendu samstarfi**

Fulltrúar BSRB taka þátt í samstarfi með ýmsum erlendum samtökum. Listi yfir samtök og fulltrúa bandalagsins fer hér á eftir.

### **NFS**

Aðal: Elín Björg Jónsdóttir

Vara: Árni Stefán Jónsson

### **ETUC**

Aðal: Elín Björg Jónsdóttir

Vara: Árni Stefán Jónsson

### **NOFS**

Aðal: Elín Björg Jónsdóttir

Vara: Árni Stefán Jónsson

### **EPSU**

Aðal: Elín Björg Jónsdóttir

Vara: Árni Stefán Jónsson

### **EPSU nefnd um heilbrigðis- og velferðarmál**

Kristín Á. Guðmundsdóttir

### **EPSU nefnd um ríkisrekstur**

Árni Stefán Jónsson

### **PSI**

Aðal: Elín Björg Jónsdóttir

Vara: Árni Stefán Jónsson

### **Ráðgjafanefnd EFTA**

Helga Jónsdóttir

# Félagatal BSRB í janúar 2018

| <i>Heiti aðildarfélags</i>                        | <i>Fjöldi félagsmanna</i> | <i>Konur</i>  | <i>Karlar</i> |
|---|---------------------------|---------------|---------------|
| Félag flugmálastarfsmanna ríkisins                | 439                       | 129           | 310           |
| Félag íslenskra flugumferðarstjóra                | 144                       | 39            | 105           |
| Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi         | 179                       | 134           | 45            |
| FOSS- stéttarfélag í almannþjónustu               | 911                       | 730           | 181           |
| Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum         | 280                       | 196           | 84            |
| Félag starfsmanna stjórnarráðsins                 | 206                       | 156           | 50            |
| Kjörlur-stéttarfélag starfsmanna í almannþjónustu | 974                       | 680           | 294           |
| Landssamband lögreglumanna                        | 722                       | 148           | 574           |
| Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna | 319                       | 20            | 299           |
| Póstmannafélag Íslands                            | 1.010                     | 491           | 519           |
| SFR-stéttarfélag í almannþjónustu                 | 5.756                     | 3.818         | 1.938         |
| Sjúkraliðafélag Íslands                           | 2.009                     | 1.954         | 55            |
| Starfsmannafélag Dala- og Snæfellsnessýslu        | 362                       | 286           | 76            |
| Starfsmannafélag Fjallabyggðar                    | 80                        | 64            | 16            |
| Starfsmannafélag Fjarðabyggðar                    | 59                        | 35            | 24            |
| Starfsmannafélag Garðabæjar                       | 544                       | 412           | 132           |
| Starfsmannafélag Hafnarfjarðar                    | 593                       | 393           | 200           |
| Starfsmannafélag Húsavíkur                        | 94                        | 63            | 31            |
| Starfsmannafélag Kópavogs                         | 980                       | 739           | 241           |
| Starfsmannafélag Mosfellsbæjar                    | 347                       | 254           | 93            |
| Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar                | 4.546                     | 2.834         | 1.712         |
| Starfsmannafélag Ríkisútvarpsins (í tölu SFR)     |                           |               |               |
| Starfsmannafélag Suðurnesja                       | 656                       | 476           | 180           |
| Starfsmannafélag Vestmannaeyjabæjar               | 237                       | 169           | 68            |
| Tollvarðafélag Íslands                            | 122                       | 32            | 90            |
| <b>Samtals</b>                                    | <b>21.569</b>             | <b>14.252</b> | <b>7.317</b>  |



